AÐALSKRÁNING FORNMINJA Í SKORRADAL:

NIÐURDALUR



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir

Reykjavík 2019
FS721-16012

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumyndin er af seljatóftum BO-132:010 í Einiberjahvammi í landi Neðri-Hrepps.

©Fornleifastofnun Íslands 2019
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT....4
SUMMARY....4
1. INNGANGUR....5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF....7
3. SKRÁNINGARAÐFERÐIR....9
4. FORNLEIFASKRÁ....11
BO-127 Indriðastaðir....11
BO-128 Mófellsstaðir....39
BO-129 Mófellsstaðakot....56
BO-130 Horn....68
BO-131 Efrihreppur....81
BO-132 Neðrihreppur....98
BO-133 Hálsar....113
BO-134 Grund....126
BO-135 Vatnsendi....145
BO-147 Stóra-Drageyri....155
BO-148 Litla-Drageyri....166
BO-651 Fornleifar á fl. en einni jörð....175
5. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR....183
Byggðasaga niðurdalsins....183
Minjaflokkar....188
Bæjarhólar og bæjarstæði....188
Kirkjur og legstaðir....190
Útihús, kálgarðar og túngarðar....191
Kvíar og stekkir....192
Beitarhús og sel....194
Minjar um eldsneytisöflun....195
Samgönguminjar....196
Laugar og heitaruppsprettur....196
Landamerki....197
6. VERNDUN OG KYNNING MINJA....198
HEIMILDIR....201
VIÐAUKI I – HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI (ISN93)....206
VIÐAUKI II – MINJAKORT....211

Samantekt

Sumarið 2017 fór fram fornleifaskráning í niðurdal Skorradals. Skráningin er seinni áfangi af tveimur í aðalskráningu fornminja í Skorradalshreppi í Borgarfjarðarsýslu. Þegar verkefnið hófst hafði Fornleifastofnun skráð fornleifar í landi Litlu-Drageyrar og birtast upplýsingar um þær minjar einnig í skýrslunni sem hér fer á eftir. Í þessum áfanga voru 286 minjastaðir skráðir en í skýrslunni birtast upplýsingar um 304 fornleifar. Indriðastaðir eru meðal þeirra jarða sem skráðar voru 2017 en árið 1933 fannst þar ein elsta þekkta rúnaáletrun á Íslandi á viðarreku sem talin er vera frá 12. öld.

Lykilorð: Fornleifafræði, aðalskráning fornleifa, Skorradalur, Skorradalshreppur, Vesturland, Indriðastaðarekan, rúnaristur

Summary

In the summer of 2017 a general archaeological survey was carried out in the western part of Skorradalur valley in West-Iceland. The eastern part of the valley was surveyed in 2016 so the entire municipality of Skorradalshreppur in Borgarfjarðarsýsla has now been suveyed. This report presents data for 304 archaeological sites in the western part of Skorradalur followed by discussions and conclusions. The survey area includes the farm Indriðastaðir where a wooden shovel with a 12th century runic inscription– one of the earliest known in Iceland – was found in a bog in 1933.

Keywords: Archaeology, general survey, Skorradalur, Skorradalshreppur, West-Iceland, runic inscription

1. Inngangur

Snemma árs 2016 gerðu Skorradalshreppur og Fornleifastofnun Íslands ses með sér samning um aðalskráningu allra fornminja í hreppnum. Þá hafði Fornleifastofnun þegar unnið aðalskráningu fornminja á tveimur jörðum í hreppnum, Dagverðarnesi í framdalnum (2003)[1] og Litlu-Drageyri í niðurdalnum (2014),[2] auk þess sem ítarleg skráning var gerð í heimatúnum sex jarða í framdalnum árið 2010.[3] Aðalskráningin byggir á svæðisskráningu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands árið 1996.[4]

Fyrri áfangi aðalskráningar var unninn sumarið 2016. Í skýrslu um þann áfanga eru upplýsingar um fornminjar á jörðum í framdalnum sem tilheyrðu Fitjasókn (Hvammur, Dagverðarnes, Stálpastaðir, Háafell, Fitjar, Bakkakot, Sarpur, Efstibær Vatnshorn, Svangi/Hagi).[5] Í síðari áfanga aðalskráningar í Skorradalshreppi sem fram fór sumarið 2017 voru fornleifar skráðar á þeim jörðum sem eru í niðurdalnum[6] og tilheyrðu Hvanneyrarsókn (Indriðastaðir, Mófellsstaðir, Mófellsstaðakot, Horn, Efrihreppur, Neðrihreppur, Hálsar, Grund, Vatnsendi og Stóra-Drageyri[7]). Í þessari skýrslu birtast upplýsingar um fornminjar á öllum jörðum í niðurdalnum, að Litlu-Drageyri meðtalinni. Í skýrslunni eru upplýsingar um 304 fornleifar, þar af 17 sem skráðar voru árið 2014 á Litlu-Drageyri og ein alfaraleið sem skráð var að hluta í framdalnum 2016.


Skorradalshreppur er mjög skýrt afmarkaður landfræðilega en Skorradalur er syðstur Borgarfjarðardala, norðan Skarðsheiðar. Dalurinn er um það bil 28 km á lengd og í honum er Skorradalsvatn, 16 km á lengd. Lítið sem ekkert undirlendi er í Skorradal fyrir utan svæðin neðst og efst í dalnum, við enda vatnsins. Talsverður náttúrulegur birkiskógur er enn í dalnum en áður fyrr var hann allur viði vaxinn. Skógræktin á eða hefur umsjón með mörgum jörðum í Skorradal sem flestar eru í framdalnum og hefur ræktað skóg á þeim frá því á 6. áratug 20. aldar. Sumarhúsabyggð er víða í Skorradal en hefðbundinn landbúnaður er enn stundaður á mörgum jörðum í niðurdalnum.

Allar jarðirnar í niðurdalnum sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu eru enn í byggð fyrir utan Stóru-Drageyri sem fór í eyði árið 1966. Umsvif í landbúnaði hafa heldur dregist saman þó að hefðbundinn búskapur sé enn stundaður á flestum jörðunum en margir íbúar á svæðinu sinna öðrum störfum meðfram bústörfum. Mikil sumarhúsabyggð er í landi Indriðastaða þar sem ekki er lengur heilsársbúseta og einnig er talsverð sumarhúsabyggð í landi Vatnsenda og Hálsa. Lítið er um sumarhús í landi Stóru-Drageyrar og Litlu-Drageyrar.

Í þessari skýrslu koma fram upplýsingar um allar skráðar fornleifar í niðurdalnum auk fornleifa sem ná yfir fleiri en eina jörð á svæðinu. Alls eru það 304 fornleifar og af þeim voru 286 minjar skráðar sumarið 2017. Heildarfjöldi fornminja sem Fornleifastofnun hefur skráð í Skorradalshreppi er 673. Fornleifaskráningin sem unnin var 2014 í landi

1 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003.
2 Birna Lárusdóttir, 2014.
3 Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri), 2010.
4 Orri Vésteinsson, 1996.
5 Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri), 2017.
6 Niðurdalur er gamalt nafn á vesturhluta Skorradals en það er almennt ekki lengur notað (Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, munnleg heimild).
7 Fornminjar á Stóru-Drageyri voru flestar skráðar sumarið 2016.

Litlu-Drageyrar birtist í þessari skýrslu án breytinga. Áður en vettvangsskráning hófst voru svæðisskráðar 135 fornleifar í niðurdalnum og var því 125% aukning í fjölda minja á milli svæðisskráningarstigs og aðalskráningarstigs. Aukningin er mun meiri en algengt er og skýrist það af ýmsu. Heimildamenn áttu stóran þátt í því að miklu var bætt við af fornleifum. Einnig var farið í gegnum landamerkjabækur fyrir hreppinn frá því í kringum 1920 og þar fengust upplýsingar um fjölda landamerkjavarða sem ekki höfðu verið skráðar á svæðisskráningarstigi.



Kort sem sýnir skráningarsvæðið í Skorradal 2017. Kortagrunnur Gísli Pálsson.

Drög að fornleifaskránni voru birt á heimasíðu sveitarfélagsins í desember 2018 og áhugasömum og kunnugum gefinn kostur á að senda inn viðbætur og athugasemdir. Engar athugasemdir bárust. Vettvangsvinnu unnu Kristborg Þórsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir, fornleifafræðingar. Birna Lárusdóttir sá um skráningu minja í landi Litlu-Drageyrar 2014 og Elín Ósk Hreiðarsdóttir skráði minjar í bænhúsaskráningu 2003. Kristborg ritaði skýrslu þessa og sá um uppsetningu og kortagerð.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar hafa verið í niðurdal Skorradals. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og minjakort sem sýnir staðsetningu minjanna.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir


staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (BO, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali.


Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

BO-127 Indriðastaðir



Minjar í heimatúni Indriðastaða BO-127. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu, og leiðir með svartri brotalínu.

40 hdr. 1707. JÁM IV, 159. Skv Harðar sögu bjó Indriði sonur Þorgrímu smiðkonu í Hvammi og Þorvalds í Vatnshorni, á Indriðastöðum, mágur Harðar ÍF XIII. Helgafellsklausturjörð átti að hálfu en seldi Narfa Jónssyni 1352-79 - DI III 138. Engi var lagt frá Indriðastöðum við stofnun Grundar BO-134 á 17. öld - JÁM IV, 159. Hvanneyrarkirkja átti selför í Indriðastaðaland (sjá 028) - Jarðabréf, 127. Pálsbær, húsmennskubýli var í bænum í byrjun 20. aldar. Selsskógur, 50 ha, í austanverðu landinu hefur verið seldur Skógræktinni. Austast í landinu hefur einnig talsvert svæði verið verið selt undir sumarhúsahverfi.

1918: 58.250 m2 = 18 1/2 dagsl. 1/3 þýft. Garðar 1184 m2. "...skóglendi gott og silungsveiði í Skorradalsvatni. ... Með vatninu sunnanverðu, upp til Skarðsheiðar, er skógarkjarr með mýrar- og móateygingum á milli ... Undirlendið vestan vatnsins var grasivaxið votlendi, Indriðastaðaflói, sem hefur verið ræstur fram, en undirhlíðar vaxnar vallendis og móagróðri." BB II, 233

BO-127:001 *Indriðastaðir* bæjarhóll bústaður A 373991 N 450015

Bærinn á Indriðastöðum er á flatlendi norðan undir austanverðri Skarðsheiði og sunnan við vesturenda Skorradalsvatns. Fast sunnan við bæjarhólinn er skurður þar sem mýrarlækurinn Prettur rann áður (sjá 034) og upp af honum er há og brött brekka sem er hluti af gamla heimatúninu. Steinsteypt íbúðarhús stendur nú (2017) á Illugastöðum ásamt bílskúr. Það íbúðarhús sem var á bænum næst á undan því var byggt 1927 og stóð fast vestan við það. Það hús



Bæjarhóll Indriðastaða BO-127:001, horft til norðausturs

var steinsteypt en hefur verið rifið. Ekki er nákvæmlega vitað hvar eldri bæjarhús stóðu. Þó er víst að þau voru á svipuðum slóðum, á bæjarhól, e.t.v. rétt vestan við núverandi íbúðarhús. Á túnakorti frá 1918 er sýndur kálgarður fast norðan við bæjarhúsin. Hann var á bæjarhólnum og er skráður með honum. Engin ummerki um hann sjást lengur. Í örnefnaskrá eftir Kristján Guðmund Guðmundsson segir: "Við norðurbrún hlaðsins var heygarður og fjósið við suðaustur horn hans en norðaustur af hlaðinu. Hefur það að líkindum staðið að einhverju leyti á þeim stað er kirkjugarðurinn var, þegar kirkja [002] var á Indriðastöðum.» Fjós það og heygarður sem nefnd eru í örnefnaskrá voru á bæjarhólnum og skráð með honum. Af lýsingunni að dæma voru þessi mannvirki á sama eða svipuðum stað og kálgarðurinn áður sbr. túnakort. Jörðin er ekki lengur í fastri ábúð.

Tún virðast í rækt en landið er ekki beitt og golfvöllur sem er að hluta í gamla heimatúninu er kominn í órækt og sennilega orðinn ónýtur.

Bæjarhóllinn er um 50x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann virðist allt að 2 m á hæð. Austurjaðar bæjarhóls sést ekki vegna fyllingar en þar hefur mikið af jarðvegi verið bætt við hólinn til að mynda flatan stall undir bílskúr og malarplan. Skýrar útlínur hólsins sjást sunnan við mitt íbúðarhús og austur fyrir það. Bæjarhóllinn er flatur að ofan og nokkuð bratt fram af honum til suðurs (SSV) en meira aflíðandi halli til vesturs og norðurs. Suðvestast á honum vex rabarbari. Engin mannvirki sjást á bæjarhólnum fyrir utan íbúðarhús og bílskúr. Út frá bæjarhólnum gengur afgerandi hryggur til norðvesturs en það er varnargarður sem Sveinn Sigurðsson fyrrverandi ábúandi gerði fyrir fáum árum til að varna flóðum inn í fjárhús sem eru 60 m norðvestan við bæinn.



Gripur úr rauðum steini sem fannst á bæjarhólnum

Þegar skráningarmenn ræddu við Svein sýndi hann þeim allmerkan grip sem hann fann í róti sunnarlega á bæjarhólnum. Gripurinn er úr rauðum steini, um 5 sm á lengd, 2-3 sm á breidd og 1 sm á þykkt. Á framhlið hans hafa tveir krossar verið greyptir og á milli þeirra er grunn, kringlótt hola. Út frá botni hennar liggja línur með reglulegu millibili. Bakhliðin er slétt en á henni má sjá fjórar grunnar og mjóar holur sem mynda ferhyrning, líklega eftir einhvers konar festingu. Einnig má sjá grunnar, reglulegar dældir á fjórum stöðum á bakhliðinni. Næsta víst er að um einhvers konar mót er að ræða og er þetta nokkuð sérstæður gripur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:002 heimild um útkirkja A 374004 N 450023

Hálfkirkja var á Indriðastöðum fram yfir miðja 17. öld.

1397: Kirkia a Eindridastodumm er halfkirkia.

Skal syngia annan hvorn dag helgann oc lvka presti ij merkur.

Skal þar takast heima tiunder oc lysitollar wistarmanna; Máld DI IV 192.

1707: Hálfkirkja hefur hjer verið að fornu innan 40 ára, og tíðir veittar fimm sinnum á ári hverju, þá heimamenn voru til sakramentis. - JÁM IV, 158.

Í örnefnaskrá eftir Kristján Guðmund Guðmundsson segir: «Við norðurbrún hlaðsins var heygarður og fjósið [sjá 001] við suðaustur horn hans en norðaustur af hlaðinu. Hefur það að líkindum staðið að einhverju leyti á þeim stað er kirkjugarðurinn var, þegar kirkja var á Indriðastöðum. Árið 1930 var grafið fyrir súrheystóft við norðausturhorn hlaðsins og var þá komið niður á beinagrind. Ekki hafði þar verið jarðað í kistu og ekki einu sinni á fjöl, heldur hafði líkinu verið búinn beður úr torfi. Formin af gróðrinum í torfinu sáust greinilega í moldinni einkum í litlum kodda, sem gjörður hafði verið undir höfuðið. Beinin voru úr lítilli konu. Hún hafði haft nokkuð mikið hár ... Tennur voru allar, 32 og þær heilar, en slitflötur var á framtönnum. Einhver líkklæði höfðu verið notuð.» Súrheysturninn var skammt frá norðausturhorni íbúðarhússins á Indriðastöðum, í norðurjaðri bæjarhóls 001. Þar komu í ljós bein úr kirkjugarðinum á Indriðastöðum. Heygarðurinn sem nefndur er í örnefnaskrá var líklega á sama stað og kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 og skráður er með bæjarhóli 001.

Malarplan er þar sem súrheysturninn var. Þar framan við til norðurs er óræktarblettur í aflíðandi halla til norðurs, njóli og skriðsóley, á milli heimreiðar og vegar að fjárhúsum.

Engin ummerki um kirkju og kirkjugarð sjást lengur vegna sléttunar, bygginga og vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:DI IV, 192; JÁM IV, 158; Ö-Indriðastaðir KGG, 4-5

BO-127:003 heimild um útihús A 374033 N 449873

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var stórt útihús, líklega fjárhús, um 160 sunnan við bæ 001 og 40 m SSA við útihús 006.

Túnið sunnan við bæ er í brattri brekku mót norðri og er sléttað. Golfvöllur er á hluta túnsins en hann og túnið allt er komið í órækt. Útihúsið var ofarlega í túninu.

Engin ummerki um útihúsið sjást í túninu vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:004 heimild um útihús A 373995 N 449868

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 160 m norðan við bæ 001, efst í brekku, uppi á

efstu brún.

Túnið sunnan við bæ er í brattri brekku mót norðri og er sléttað. Golfflöt sem komin er í órækt er fast sunnan við það.

Lítil sem engin ummerki sjást um útihúsið sem hefur verið sléttað í tún. Þó er grunn lægð þar sem gefur staðsetninguna tili kynna og mögulega hefur eitthvað af minjunum varðveist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:005 heimild um útihús A 373942 N 449923

Á túnakort frá 1918 er merkt stór tóft (ekki hús) í túnjaðri um 100 m SSV við bæ 001 og 100 m vestan við útihús 006. Ætla má að það hafi verið útihús sem komið var úr notkun þegar túnakortið var gert.

Tóftin var í sléttuðu túni í aflíðandi halla til norðurs. Þar er golfflöt sem komin er í órækt. Mikill skurður er þvert í gegnum túnið austan við golfflötina.

Óljós grunn lægð er í túninu þar sem ætla má að tóftin/útihúsið hafi verið. Hún er 10x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Stallur er í túninu norðan og vestan við lægðina. Ekki er hægt að útiloka að lægðin hafi myndast þegar golfvöllurinn var gerður og því óvíst að þarna séu leifar af tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:006 heimild um útihús A 374027 N 449913

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var stórt útihús, líklega fjárhús, í túni um 120 m NNA við bæ 001 og 40 m NNV við útihús 003.

Túnið sunnan við bæ er í brattri brekku mót norðri og er sléttað. Golfvöllur er á hluta túnsins en hann og túnið allt er komið í órækt.

Búið er að rífa útihúsið sem hér stóð og/eða slétta yfir rústir þess. Stallur er í brekkunni þar sem útihúsið var. Þar er smáþýft í túninu og skriðsóley vex þar. Önnur ummerki eru ekki sýnileg á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:007 *Erlingskofi* heimild um fjárhús A 374151 N 449857

“Austan við tún og ofan við Aurinn er Erlingskofi,” segir í örnefnaskrá AG. “Á litlum bala austan við Fjórðunginn er lítil rúst, sem heitir Erlingskofi. Erlingur Jóhannsson, sonur Jóhanns Torfasonar, er bjó á Indriðastöðum síðast á 19. öld, byggði sér þarna lítinn kindakofa,” segir

í örnefnaskrá KGG. Erlingskofi var líklega um 200 m suðaustur af bæ. Ekki sést til fornleifa.

Neðri (norður) hluta svæðisins austur af bæ 001 hefur verið breytt í tún og síðar golfvöll, en ofan (sunnan) við er lítið mýrlent stykki sem lækur rennur um. Þar ofan við eru grasivaxnar brekkur. Gisið birki- og víðikjarr er á svæðinu. Malarvegur frá bæ í stefnu NNV-SSA liggur vestan við svæðið.

Nákvæm staðsetning Erlingskofa er ekki þekkt en í brekkunni ofan við tún er stallur, um 1-1,5 m hár. Hann er gróinn elftingu og aðeins grænni en umhverfið. Engin skýr merki um fornleifar sjást en hugsanlegt er að kofinn hafi staðið á þessum stalli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 3; Ö-Indriðastaðir KGG, 9

BO-127:008 *Mógrafabörð* náma mógrafir A 374424 N 449787



Ummerki um mógrafir BO-127:008, horft til norðurs

"Upp af Mómýri, fyrir ofan Húsalæk, eru Mógrafabörð," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru um 500 m suðaustur af bæ 001.

Grafirnar eru í mýrarsundi sem liggur norðaustur-suðvestur. Holt eru sitthvoru megin sundsins, það vestara lítið gróið en það eystra kjarri vaxið og hafa sumarbústaðir verið byggðir austarlega á því. Gisið birkikjarr vex í sundinu og í gröfunum.

Mógrafirnar snúa norðaustur-suðvestur og ná yfir svæði sem er 60 x 40 m stórt. Bakkar grafanna eru á bilinu 0,3-1 m á hæð. Í gröfunum eru 10-12 aflöng hólf, um 1,5-2,5 m á breidd, sem liggja eftir svæðinu endilöngu en í suðvestur enda eru hólf, um 2 x 2 m upp í 5 x 6 m að stærð. Í gröfunum vex mýrargróður og eru þær hálfblautar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 4

BO-127:009 *Grafarsund* náma mógrafir A 374096 N 449592

"Vestur af þessum mel [Kúamel] liggur mýrarsund sunnan við Skeiðhólinn. Það heitir Grafarsund. Þar var mótekja. Mórinn var þurkaður á austasta enda Skeiðhólsins, og heitir hann Móholt," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru í Grafarsundi um 430 m suður af bæ 001.

Mógrafirnar eru í mýrarsundi sem liggur austur-vestur milli fjallshlíðar til suðurs og holts til norðurs. Golfvöllur í órækt er á holtinu norðan við en birkikjarr og sumarbústaðaland í hlíðinni sunnan við.

Mógrafirnar skiptast í tvö svæði sem bæði snúa austur-vestur. Stærra svæðið (A) er norðar og er um 45 x 30 m að stærð. Syðra svæðið (B) er um 40 x 20 m að stærð. Um 5 m eru milli svæðanna.

Bakkar grafa A eru á bilinu 0,3-0,6 m háir en bakkar grafa B 0,2-0,4 m. Í báðum gröfunum vex mýrargróður og eru þær hálfblautar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 9




Mógrafir BO-127:009, horft til austurs

BO-127:010 tóft óþekkt A 375351 N 449625



Tóft BO-127:010, horft til norðausturs á ljósmynd



“Hugsanlegt er, að einnig séu tættur í tungunni milli Djúpalækjar og Skálalækjar, en Guðmundur [Guðmundsson] vill ekkert fullyrða um það,” segir í örnefnaskrá. Að öllum líkindum eru þær tættur sem nefndar eru í örnefnaskrá þær sömu og Bjarni F. Einarsson skráði árið 2003 sem sel og taldi vera við Sellæk (sjá 011). Þær eru fast austan við Skálalæk (sem er austan við Djúpalæk) en ekki á milli Djúpalækjar og Skálalækjar. Þessir tveir lækir sameinast litlu norðan við tóftirnar og heitir lækurinn Djúpilækur þaðan og út í Skorradalsvatn. Á þessum stað er ein tvískipt tóft innan sumarhúsahverfis um 1,4 km ASA við bæ 001 og 700 m vestan við sel 011. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og er það ekki augljóst af lögun hennar en líklegt er að þarna hafi verið beitarhús. Selflatir eru um 300 m sunnan við tóftina og gæti það nafn bent til þess að þarna hafi verið sel en örnefnið gæti einnig tengst seli 011 sem er litlu austar.

Tóftin er í rjóðri við Skálalæk þar sem mikið vex af klóelftingu. Allt í kringum rjóðrið er

nokkuð þéttur birkiskógur sem minjunum stafar hætta af.

Tóftin er sigin og gengin í þúfur. Utanmál hennar er þó enn nokkuð skýrt. Minjarnar eru ekki ungar en heldur ekki mjög fornar. Tóftin virðist að mestu hlaðin úr torfi en einnig finnst fyrir grjóti í veggjum undir sverði norðvestanvert í hólfi I. Tóftin er á lágum rústahól og er 15x5,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda er hólf I sem er um 6,5x1,5 m að innanmáli. Innri brún á suðaustur-langvegg er mjög skýr en ytri brún hans er óljós og gæti hún verið grafin að hluta inn í rústahólinn eða hæðina sem tóftin er á. Talsvert hrun virðist vera úr norðvestur-langvegg inn í hólfið og er innri brún hans óskýr. Ekki er greinilegt hvar op var á hólfinu. Hólf II er suðvestan við hólf I en er hliðrað til norðvesturs um 1 m. Það er um 1x3 m að innanmáli. Op er á því suðvestarlega á norðvesturhlið. Veggir tóftarinnar eru 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 5; BFE Sultartangalína 3, nr. 18:1-18:2

BO-127:011 *Sellág* tóftir sel A 376055 N 449627



Seltóftir BO-127:011, horft til norðurs á ljósmynd



“Milli Djúpalækjar og Sellækjar er ekkert fyrr en
Selflatir, vestast upp við fjallið, og Sellág. Þar austast úr henni kemur Sellækurinn, og í lágina kemur hann úr Seldal. Niður af Sellág er Sellágarás. Neðan við hann eru tættur, sem trúlega eru eftir selið,” segir í örnefnaskrá. Selið er á milli Sellækjar í vestri og Drageyrargils í austri, um 2 km sunnan við bæ 001 og 700 m austan við tóft 010.

Selið er á vesturbakka Sellækjar í þýfðum móa og mikil skógrækt er allt í kring. Sérstaklega stafar minjunum hætta af greni- og furuskógi sem er fast austan við þær. Til norðurs er grasi vaxin tunga sem er slétt og hefur líklega verið tún en búið er að plægja rásir í það allt og planta trjám.

Tvær sýnilegar tóftir eru á svæðinu, vaxnar grasi, mosa og klóelftingu. Þær virðast ekki mjög fornar en a.m.k. önnur tóftin virðist byggð ofan í eldri mannvirki. Tóftirnar eru á svæði sem er um 12x14 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft B er suðaustast á svæðinu. Hún er um 3,5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og er op á norðurgafli hennar. Veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir að miklu leyti og eru þeir 0,5 m á hæð og farnir að ganga í þúfur. Um 6 m norðvestar er tóft A sem er 6x4 m að stærð og snýr austur-

vestur. Op er austast á norðurvegg. Veggir eru 0,5-0,6 m á hæð og eru þeir að mestu hlaðnir úr


torfi. Vestan við hana sést hluti af eldri tóft sem er um 7 m á lengd og 3-4 m á breidd. Í henni sést innanmál eins hólfs en það er mjög sigið og norðurendi þess er óljós. Mesta hæð veggja eldri tóftar er 0,4 m í suðurenda.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 5

BO-127:012 tóft+garðlag óþekkt A 373628 N 450589





Tóft og garðlag BO-127:012, horft til norðausturs á ljósmynd

Tóft og garðlag eru á flatlendi norðan og vestan við Mófellsstaðaveg (507), fast norðaustan við skurð sem er á mörkum Hestaréttarmóa 016 og engja Indriðastaða. Minjarnar eru 20 m norðan við tóft 013 og 680 m norðvestan við bæ 001.

Minjarnar eru á mörkum mólendis og engja, á grasi grónu flatlendi. Deiglent er umhverfis þær þó að svæðið hafi verið framræst og þurrkað að miklu leyti með skurðgreftri.


Minjarnar eru á svæði sem er 62x21 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er á miðju svæðinu en garður B liggur í sveig framan (norðan) við hana frá vestri til suðausturs. Tóftin virðist torfhlaðin og tvískipt. Veggir eru útflattir og gengnir í þúfur. Tóftin er röskuð í suðurenda vegna skurðarins og uppmokstri úr honum. Einnig er hún röskuð í norðurenda vegna rofs. Tóftin er um 18x10 m að stærð og snýr norður-suður eins og bæði hólfin. Hólf í suðurenda er um 2,5x4 m að innanmáli. Óljóst op er úr því til norðurs inn í hólf sem er 8x3 m að innanmáli. Það breikkar eftir því sem lengra dregur til norðurs. Gróið rof er í veggjum sem eru 0,3 m á hæð. Garður B er 77 m á lengd og liggur sem fyrr segir í sveig framan við tóftina. Ætla má að garðurinn hafi myndað hring í kringum hana en suðvesturhluti gerðisins sést ekki vegna skurðarins sem sker í gegnum minjarnar. Garðurinn er útflattur, 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hann er ógreinilegur í vesturhluta þar sem hann er þýfður. Austast sjást ummerki um ristu beggja vegna við garðinn. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

BO-127:013 tóft óþekkt A 373627 N 450556



Tóft BO-127:013, horft til vesturs



Ferköntuð, einföld tóft er nyrst í Hestaréttarmóa 016, suðvestan við skurð sem skilur á milli mólendis og engja. Tóftin er 23 m sunnan við tóft 012A og 30 m norðaustan við gryfju 047 en 650 m norðvestan við bæ 001.

Tóftin er á milli skurðar og túns á grasi grónu flatlendi.

Tóftin er 10x10 m að stærð og virðist að mestu leyti torfhlaðin. Í henni er eitt hólf sem er 4x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Mögulegt op er í suðausturhorni. Mesta hæð veggja er 1,1 m. Veggur á austurhlið tóftarinnar er lægstur og mjóstur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en helst kemur til greina einhvers konar skepnuhús.

Hættumat: engin hætta

BO-127:014 *Brunnhóll* gryfja brunnur A 374054 N 450022



Grunn gryfja er í Brunnhóli BO-127:014, horft til austurs

"... norðan við [Húsagötu 029] var Haugflöt og Brunnhóll, og meðfram honum lá Brunnstígur [031] úr fjósinu [sjá 001] í brunninn," segir í örnefnaskrá AG.

"Norðaustur af Haugflötinni og beint í austur frá gamla heygarðsstæðinu er ávalur bali, sem heitir Brunnhóll. Þar mun hafa verið brunnur og brunnhús. Sást aðeins móta fyrir brunnhúsinu í ungdæmi mínu. [...] Gamall maður, Kristján Sæmundsson, sem oft var á Indriðastöðum, þegar ég var lítill, sagði mér, að þessi brunnur hefði verið aflagður vegna þess, að köttur hefði drukknað í honum. Ekki veit ég um heimildir hans að því," segir í örnefnaskrá KGG. Nokkuð afgerandi hóll er í túni um 60 m austan við bæ 001. Í honum er greinileg dæld þar sem brunnurinn var.

Sléttaður hóll í túni. Malarslóði er á milli hans og bæjarhóls. Mýrlent til norðausturs.

Hóllinn er 21x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann lækkar og mjókkar til vesturs. Hæstur

er hann í austurhluta þar sem hann er um 0,8 m á hæð. Lægðin austast í hólnum, þar sem ætla má að brunnurinn sé undir sverði, er um 2x1 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Hún er 0,1-0,2 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG; Ö-Indriðastaðir KGG, 5

BO-127:015 *Peningaþúfa* álagablettur A 373840 N 450024

"En ofarlega, vestast í túninu, er þúfa, sem nefnd er Peningaþúfa. Sagt er, að ef grafið væri í hana, mundi bærinn standa í björtu báli." Að sögn Sveins Sigurðssonar, heimildamanns, var Peningaþúfa smáþúfa suðvestan við stór fjárhús sem eru ung að árum og undir þaki, um 100 m frá vesturhorni þeirra og 150 m vestan við bæ 001. Var það eina staka þúfan í túninu sem Sveinn gætti alltaf að væri ekki slegin. Allt túnið sem þúfan var í var gengið án þess að hún fyndist. Líklegt verður að teljast að hún sé of lítil til að sjást eða að hún hafi verið jöfnuð um og sléttuð í tún eftir að Sveinn flutti frá Indriðastöðum.

Túnið er sléttað og flatlent en þó eru í því mishæðir hér og hvar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 1

BO-127:016 *Hestaréttarmói* heimild um rétt A 373483 N 450247

"Grundir eru sléttar eyrar út að Kaldá, niður með ánni upp að Réttarkasti (gljúfrunum) [sjá 017]. Norður og niður af Grundunum, með ánni er Hestaréttarmói ... í móanum er einkennileg rúst, eins og grafin inn í bakkann ...," segir í örnefnaskrá AG. "[Hestaréttarmóa] hefur nú verið breytt í tún. Í þessum móa var rúst, sem líklega hefur verið leifar af hrossaborg, er gerð hefur verið handa útigangshestum til að leita þar afdreps fyrir veðrum," segir í örnefnaskrá KGG. Ekki er vitað nákvæmlega hvar þesi rúst var en samkvæmt Sveini Sigurðssyni, heimildamanni, var mannvirki sem líktist rétt á merkjum á milli Indriðastaða og Mófellsstaða um 560 m norðvestan við bæ og 330 m SSV við tóft 013. Mikið grjót var þar í og kom í ljós þegar svæðið var sléttað í tún.

Í móanum er slétt tún og flatlent en lágar brúnir eru í því suðvestanverðu þar sem gamlir og grónir kvíslarfarvegir Kaldár eru.

Ekki sjást nein ummerki um réttina á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 1; Ö-Indriðastaðir KGG, 6

BO-127:017 heimild um rétt A 373428 N 449396

"Grundir eru sléttar eyrar út að Kaldá, niður með ánni upp að Réttarkasti (gljúfrunum). ... Þar fyrir ofan var lengi rétt í gljúfrunum," segir í örnefnaskrá.

Bjarni F. Einarsson skráði réttina árið 2005: "Við mynni árgljúfurs (Réttarkasts) Kaldár. [...]

Ekkert sést nú á staðnum sem bendir til þess að þarna hafi verið fjárrétt. Þó er dálítil hleðsla, um 2 m á lengd, frá ánni að stórum steini. Þetta gæti verið fyrirstaða fyrir fé inn í gljúfrið." Réttin var um 830 m suðvestur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Við Réttarkast er afgirt sumarbústaðarlóð upp við brekku austan við Kaldá. Ofan (sunnan) við girðinguna er lítil grjótskriða við gljúfurkjaftinn. Gras vex þar neðan við en við taka svo gljúfrin: grýtt og brött, um 10 m há.

Ekki sjást merki um rétt í Réttarkasti. Hleðsla sú sem Bjarni F. Einarsson lýsti sést ekki og er mögulegt að áin hafa brotið hana, en virkt landbrot sést á stöku stað við árbakkann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir, 4; BFE Sultartangalína 3, 24:1

BO-127:018 heimild um legstað A 373424 N 449417

"Þarna hjá [Réttarkasti] er dys gömul, en hún átti að vera smaladys," segir í örnefnaskrá AG. " Á bala við gljúfurmynnið var aflöng grjóthrúga, sem talin var dys. Hún er nú horfin. Maður sem byggði sumarbústað á balanum, hefur tekið svo til allt grjót úr dysinni í undirstöður undir kofann. Enginn hörgull var þarna á öðru grjóti eins góðu," segir í örnefnaskrá KGG.

Bjarni F. Einarsson skráði dysina árið 2005: "Við mynni árgljúfurs (Réttarkasts) Kaldár. Um 20 m SSV af sumarbústað er meint. dys. [...] Hin meinta dys er um 10 m austan við Kaldá. Hefur skriða trúlega fallið yfir hana að hluta. [...] Ekki er víst að þetta sé hin meinta dys [...]." Dysin var um 820 m SV af bæ 001. Ekki sést til fornleifa og ekki er ljóst hvar dysin var nákvæmlega.

Sumarbústaðurinn sem grjótið úr dysinni hvílir á er á lítilli grasflöt upp við brekku rétt neðan við gljúfurkjaftinn austan við Kaldá. Trjám (birki, greni og víði) hefur verið plantað við bústaðinn. Girðing afmarkar land sumarbústaðarins. Frá girðingu eru 10-15 m að grýttum bökkum Kaldár. Ofan (sunnan) við girðinguna er lítil grjótskriða við gljúfurkjaftinn. Gras vex þar neðan (vestan) við en við taka svo gljúfrin: grýtt og brött, um 10 m há.

Ekki sjást merki um dysina. Óljóst er hvað á þessu svæði er hin meinta dys sem Bjarni F. Einarsson lýsir.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 4; Ö-Indriðastaðir KGG, 12; BFE Sultartangalína 3, 24:1


BO-127:019 *Stórarúst* tóft heygarður A 373704 N 451393

"Neðan við Langafen og austan við Grundarengi er rúst, sem heitir Stórarúst. Hún er geysistór og auðséð að þar hefur verið borið upp hey í mörg hundruð ár," segir í örnefnaskrá. Stórarúst er um 340 m norðvestan við Litlurúst 020 og um 1,4 km NNV við bæ 001.

Tóftin er í grösugu þýfi á þurrum bökkum á milli Grundarengis og engja Indriðastaða. Norðvestan við hana er talsverð lægð, líklega Langafen.

Rústin er stórþýfð, um 11,5 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Innanmál er greinanlegt í suðausturhluta en annarsstaðar óljóst vegna þýfis. Í rústinni er eitt rými sem er um 6,5 m í þvermál innanmáls. Veggir eru rúmir 2 m á breidd og er hún að öllum líkindum að mestu





Stórarúst BO-127:019, horft til NNA á ljósmynd

torfhlaðin. Ekki sést skýrt op á tóftinni og óvíst að það hafi verið.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 2

BO-127:020 *Litlarúst* tóft heygarður A 373968 N 451179

"Upp af Torfhyl er girtur túnblettur, nýr og nafnlaus. Skammt þar upp af er Litlarúst ...," segir í





Litlarúst BO-127:020, horft til norðurs á ljósmynd

örnefnaskrá. Litlarúst er í smáþýfðu flatlendi um 1,2 m norðan við bæ 001 og 340 m suðaustan við Stórurúst 019. Líklegt er að hún sé leifar af stóru heystæði sem hlaðið var utan um.

Tóftin og umhverfi hennar er grasi vaxið en fjær tekur við víði vaxið svæði á gömlum engjum sem eru deiglendar.

Litlarúst er stórþýfð og útflött og er innanmál hennar ekki skýrt. Tóftin er 15x20 m að stærð og snýr norður-suður. Áætlað innanmál er 6x7,5 m. Tóftin er torfhlaðin og er mesta veggjahæð utanmáls um 0,5 m. Talsvert rof er í veggjum, sér í lagi í austanverðri tóftinni, en það hefur gróið aftur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir, 2

BO-127:021 *Húsás* tóftir fjárhús A 374591 N 450019

Austan við túnið "í mýrarstykki, sem heitir Aur, sem nær austur að Ás, öðru nafni Húsás [...].



Fjárhústóft BO-127:021 B á Húsási, horft til NNA




Fjárhústóft BO-127:021 C á Húsási, horft til SSV

Upp af Votasundi er svo Húsatún. Það er á Húsaás, sem fyrr var nefndur. En hann er austan við Aurinn. Norðvestur af gömlu fjárhúsunum á ásnum er Grænalaut," segir í örnefnaskrá AG.

"Nafn sitt dregur [Húsalækur] af því, að lengi voru fjárhús við hann neðanverðan. Þau stóðu eitthvað fram á þessa öld og blöstu við frá bænum. [...] Um það bil á honum [Húsás] miðjum voru fjárhús fram á fyrsta tug þessarar aldar og heitir þar Húsatún," segir í örnefnaskrá KGG. Þrjár tóftir eru á Húsás, um 600 m austur af bæ 001.

Húsás liggur norðaustur-suðvestur. Suðvesturhluti ássins er grýttur og hálfgróinn mosa og lyngi. Norðvesturhluti ássins er grasi vaxinn og þýfður. Milli þessara tveggja hluta er lítil lægð og rennur um hana mýrarlækur norðvestur-suðaustur.



Fjárhústóftir BO-127:021 á Húsási

Á Húsatúni eru 3 tóftir sem fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Þær eru á svæði sem er um 57 x 20 m og snýr ANA-VSV. Allar tóftirnar snúa NNV-SSA. Lýsingin hefst vestast: Tóft A er einföld, 8,5 x 5 m. Hún er grasi vaxin, óljós og mjög hlaupin í þúfur. Breidd veggja er 1,5-2 m og hæð um 0,4 m. Tóft B er um 4 m frá tóft A. Hún er alls 16,5 x 10 m að stærð og er gróið yfir grjót í hleðslum. Í tóftinni eru tvö hólf (I og II), hvort um 9,5 x 2 m að innanmáli, sem snúa NNV-SSA með op á NNV-hlið. Garði liggur út frá SSA-vegg í vestsuðvestasta hólfinu (I). Hann er 7,5 m á lengd, 1,2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Mögulega mótar fyrir þriðja hólfinu

(III) SSA við hólf I og II, um 8 x 2,5 m að innanmáli, með útgang til ANA. Hæð veggja er allt að 1,2 m en ANA-hlið er lægri, um 0,5 m. Breidd veggja er víðast 2 m. Tóft C er rúmum 11 m frá tóft B og er alls 14 x 16 m að stærð. Í henni eru tvö hólf (I og II), 8 x 2 m að innanmáli, með görðum sem snúa NNV-SSA. Op er á báðum hólfum á NNV-hlið. Garðarnir eru báðir 6 m langir og 1 m breiðir, 0,3 m á hæð. Líkt og í tóft B liggja garðarnir út frá SSA-vegg. SSA við hólf I og II markar mögulega fyrir hólfi III, 7 x 2,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Op á hólfi III er ekki greinilegt. Gerði IV er út frá tóftinni að ANA-verðu, 9 x 5 m að innanmáli, með opi á NNV-hlið. Hæð veggja í tóftinni er 0,5-0,6 m, breidd á bilinu 1,5-2,5 m. Veggir gerðisins eru mjórri, 1-1,2 m. Tóftin er öll grasi gróin en í görðum glittir í grjót á stöku stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 3; Ö-Indriðastaðir KGG, 3, 8-9

BO-127:022 *Indriðaleiði* heimild um legstað

Austan við túnið er "mýrarstykki, sem heitir Aur, sem nær austur að Ás, ... Neðst í Aur og nærri túni er Indriðaklöpp eða Indriðaleiði. Þar á hann [Indriði Þorvaldsson] að vera heygður," segir í örnefnaskrá. Ekki sést til fornleifa og er ekki vitað nákvæmlega hvar leiðið var.

Þar sem mýrarstykkið Aur var hefur verið gert tún og var golfvöllur síðar gerður úr öllum suðurhluta túnsins. Golfvöllurinn er fallinn í órækt og er víða erfitt að átta sig á hvaða þættir landslagsins eru komnir til vegna framkvæmda við gerð golfvallar.


Svæðið frá Aur norður að Dyrholti var gengið en engin merki fundust um Indriðaleiði. Engin klöpp er sjáanleg á svæðinu. Líklegt er að leiðinu hafi verið raskað þegar golfvöllur var gerður á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 3

BO-127:023 þúst óþekkt A 374218 N 450378

"Á Dyrholtinu er rúst eftir eitthvað, en holtið sjálft er klapparholt," segi í örnefnaskrá AG. Tvær þústir og gerði eru á Dyrholti, um 430 m norðaustur af bæ 001.



Gerði BO-127:023C á Dyrholti

Dyrholt er lágt aflangt holt sem snýr suðvestur-norðaustur. Það er hálfgróið mosa og lyngi auk þess sem gisið birkikjarr er á holtinu. Suðaustan undir holtinu hafa verið byggðir fjórir sumarbústaðir en þar suðaustan við er framræstur flói. Norðvestan við holtið er röð af aspartrjám og grasflöt/tjaldstæði.

Tvær þústir og gerði eru á svæði sem er 56 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Þau fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Þúst A er í miðju, skammt norðan við miðju holtsins. Hún er u.þ.b. hringlaga, 9-10 m í þvermál og rís hæst um 0,3 m. Ekki er hægt að greina innanmál hólfs í henni. Þúst B er um 7 m sunnan við þúst A. Hún er 2,5-3 m í þvermál og óreglulegri



Horft yfir minjasvæði á Dyrholti til NNA. Í forgrunni er þúst BO-127:023B



Gerði BO-127.023C, horft til NNV

að lögun en þúst A. Gróið rof er í hliðum þústarinnar sem rís hæst um 0,4 m. Lág fuglaþúfa er u.þ.b. á miðri þústinni. Bæði þúst A og B eru grónar grasi og lyngi. Um 25 m norður af þúst A í aflíðandi brekku við norðausturhlið holtsins er gerði C. Gerðið er 5 x 4 m að innanmáli og snýr u.þ.b. norður-suður, grasi og mosa vaxið. Breidd veggja er um 1,8-2 m en suður og austur hliðar eru grafnar inn í brekkuna. Hæð veggja er um 0,3-0,5 m að innanverðu. Op er vestast á norðurhlið. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en ekki er ólíklegt að þær hafi gegnt hlutverki fjárskýla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 3

BO-127:024 varða óþekkt A 374496 N 449943



Vörðubrot BO-127:024 á Húsási, horft til suðvesturs

Vörðubrot er á Húsás um 510 m austur af bæ 001 og um 140 m norðaustur af vörðubroti 046.

Húsás liggur suðvestur-norðaustur með mýrarsund vestan við en golfvöll í órækt austan við. Smáklettar eru efst á ásnum sem er hálfgróinn lyngi og mosa. Norðausturhluti ássins er grasi gróinn og eru þar fjárhústóftir 021.

Vörðubrotið er á mosagróinni klöpp og er gróið í botn. Það er um 1 x 0,5 m að grunnfleti (norðaustur-

suðvestur) og 0,3 m á hæð, 1-2 umför sjást í hleðslum. Grjót í vörðunni er skófum vaxið.

Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

BO-127:025 þúst óþekkt A 374572 N 450669



Þúst BO-127:025, horft til austurs

"Ofan (sunnan) við Horblöðkutjörn er dálítið barð, sem heitir Horblöðkutjarnarbörð. Þar upp af til suðurs var slægjustykki, sem í daglegu tali var ásamt Horblöðkutjarnarbörðum einu nafnað kallað Börð. ... Þjóðvegurinn liggur nú í sveig gegnum þetta land, sem við það hefur þornað talsvert, og gróðurfar þar með breyst nokkuð. Svo virðist sem rústaleifar séu í Horblöðkutjarnarbörðum. Má vel vera, að þar hafi verið sett upp hey líkt og kann að hafa verið í 'Rústunum' [sjá 019 og 020] vestur í flóanum," segir í örnefnaskrá. Þúst er á Horblöðkutjarnarbörðum um 870 m norðaustur af bæ 001, neðan (norðan) Dragavegar (520).

Þústin er í þýfðu graslendi með gisnu birki- og víðikjarri. Stararmýrapollur er suðvestan þústarinnar en lúpínubreiða handan hans við bakka Skorradalsvatns. Tóftin er á lágum hrygg sem liggur u.þ.b. norður-suður á mörkum grasmóa til vesturs en mýrlendis til austurs.

Þústin er hringlaga, 14-15 m í þvermál. Hún er grasi gróin og mjög hlaupin í þúfur. Ekki er hægt að greina innri brún veggja. Hæð þústarinnar er 0,6-0,8 m. Hugsanlega má sjá marka fyrir óljósum görðum frá þústinni til norðurs og suðvesturs sem eru 1-2,5 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Líklega eru þessir garðar þó frekar náttúrulegur hluti af hryggnum sem þústin er á. Hlutverk mannvirkisins er ekki þekkt en eins og bent er á í örnefnalýsingu gæti hún verið leifar af heystæði en einnig er mögulegt að þarna hafi verið fjárskýli. Miklar slægjur eru á þessu svæði. Bjarni F. Einarsson skráði sömu þúst árið 2005 en að auki skráði hann tvær "rústir" sem skrásetjara þóttu ekki sannfærandi og skráði því ekki.

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 8; BFE Sultartangalína 3, nr. 27:1, 28:1, 29:1

BO-127:026 heimild um óþekkt A 373500 N 447889

"Þegar ég [K. Guðmundur Guðmundsson] var strákur, var rúst úr grjóti á grjótbala við Kaldá niður undan Háumýri. Það var aflöng kró og lítil tótt á bak við ... Nú er hún svo hrunin og mosavaxin að örðugt er að finna hana. Trúlegast þykir mér, að þarna hafi verið ætlunin að hafa beitarhús fyrir sauði, og að setja þar upp hey, sem aflað væri á Háumýri. En líklega hefur verkið aldrei komist lengra en það að byggja veggina, því að engin merki þess sjást á gróðri þar í kring, að skepnur hafi verið við þessa tótt, « segir í örnefnaskrá. Mjög lítið undirlendi er við austanverða Kaldá þegar komið er inn fyrir Illagil og ekki margir staðir sem koma til greina þar sem grjótrústina gæti verið að finna. Líklegur staður er um 2,2 km SSV af bæ 001 og 290 m suðvestan við sel 028 en þar sjást engar minjar. Tilgáta Guðmundar í örnefnaskrá um hlutverk tóftarinnar er ekki sérlega líklegt vegna þess gera má ráð fyrir að mikil snjóþyngsli séu þarna inn með Kaldánni og því hætt við að húsin myndu fenna fljótt í kaf. Ekki er því ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu.

Mosavaxin grjóteyri er þar við Kaldá neðan (norðvestan) við Háumýri. Grýtt, lynggróin brekka er ofan við eyrina til austurs.

Miðað við lýsingu örnefnaskrár er grjóteyrin líklegust staðsetning rústarinnar en þar er ekki hægt að greina merki um fornleifar. Grjóthlaðin tóft BO-128:016 er í landi Mófellsstaða enn lengra upp með ánni og vestan við hana. Ólíklegt er að átt sé við hana í örnefnalýsingu en þó ekki útilokað.

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 12

BO-127:027 varða landamerki A 373578 N 451506



Leifar af torfhlaðinni vörðu BO-127:027, horft til norðurs yfir Andakílsá

"[Kaldá] ræður merkjum ofan í hin neðstu gljúfur og úr þeim bein lína í gegnum torfvörðu sem stendur á barðinu ofanvert við Silungapoll og í pollinn," segir í landamerkjaskrá frá 1922. Torfvarðan sést enn á barðinu á merkjum Indriðastaða og Grundar, í beinni línu frá skurðenda við Silungapoll. Varðan er 1,5 km NNV við bæ 001 og 170 m norðvestan við Stórurúst 019.

Grasi gróið er umhverfis vörðuna en talsvert traðk og rof næst henni að norðvestanverðu eftir hesta sem eru á beit á svæðinu.

Varðan er gróin þúst, um 2 m í þvermál og 0,4-0,5 m á hæð. Ekki sést í grjót í henni enda ekki mikið af því í nágrenninu.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 125

BO-127:028 tóft sel A 373632 N 448141



Seltóft BO-127:028, horft til suðausturs á ljósmynd



Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um selstöður í Hvanneyrar- og Bæjarþingi 1840: «Selstöður veit eg ei til að aðrir bæir eigi en Hvanneyri í Kaldárdal í Indriðastaðalandi sem orðin er óbrúkanleg af skriðum og fönnum [...].” Í máldaga Hvanneyrarkirkju frá 1257 kemur fram að kirkjan átti selför í land Indriðastaða.

“Önnur rúst [en 026] er á grasbala við ána norðan við Illagil við mynni þess. Það er selrúst. Ari Gíslason telur, að Hvanneyrarkirkja hafi átt selstöðu á Kaldadal. Ekki virðist þetta sel hafa staðið lengi. Engin upphleðsla er þar svo sem algengt er, þar sem torfhús hafa oft verið byggð upp á sama stað eins og til dæmis selið við Sellækinn [011]. Ekki sjást þess heldur merki nú á gróðri, að búsmali hafi verið þar að staðaldri. En vel var sel sett þarna bæði með tilliti til beitilands og vatns. Og blasað hefur við frá Hvanneyri, þegar reykur kom upp í selinu,” segir í örnefnaskrá. Seltóftin er um 1,9 km suður af bæ 001.

Selið er sunnarlega á grasflöt austan við Kaldá. Brött brekka, hálfgróin lyngi afmarkar flötina til austurs.

Tóftin er í aflíðandi halla um 5 m frá rótum brattri brekku. Hún er einföld, 8,5 x 3,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er grafin inn í brekkuna að ASA með inngang á NNV hlið. Hún er úr torfi og grjóti en gróið hefur yfir hleðslur og sker tóftin sig ekki úr umhverfi í kring hvað gróður varðar. Einn steinn er inni í tóftinni miðri. Hæð veggja er 0,6-0,7 m að innan en lægri að utan, breidd veggja 1,2-1,5 m. Fast SSA við tóftina er mögulega annað hólf, opið til VNV, grafið inn í brekkuna en gæti einnig verið náttúrumyndun. Sé um hólf að ræða er það um 2,5 x 1,5 m að innanverðu, hæð veggja um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSMB, 256; DI I, 592; Ö-Indriðastaðir KGG, 13

BO-127:029 *Húsagata* gata leið A 374082 N 449931



Húsagata BO-127:029 sést á kafla austan í brekku í upptúni, horft til NNV

“Sunnan við Prett [sjá 034] og austan við Húsagötu, sem liggur suðaustur úr túninu, var stykki, sem nefnt var Þríhyrningur,” segir í örnefnaskrá AG. “Á hægri hönd við skurðinn og norðaustan við Fjórðunginn er lítill þríhyrndur túnskiki, sem heitir Þríhyrningur. Milli hans og Fjórðungsins lá Kúagatan, sem einnig var kölluð Húsagata, suðaustur úr túninu,” segir í örnefnaskrá KGG. Leiðin er sýnd á túnakorti frá 1918. Að sögn Sveins Sigurðssonar, heimildamanns, lá leiðin frá gamla fjósinu á bæjarhól 001 í sveig til austurs upp í túnið í fjárhús sem þar voru (sjá 003). Húsagata/Kúagata lá á svipuðum stað og malarvegur austan við túnið en ekki sjást skýr ummerki um hana nema ef vera skyldi (fjár-?)gata sem liggur ofan við malarveginn og norðaustan og austan í brekkunni austur af túninu.

Brekkan sem vegur og gata liggja utan í er grasi gróin, í halla til norðurs. Austan við hana er

mýrlendur mói og norðan við hana er sléttað tún.

Hafi upphaflega gatan verið á sama stað og vegurinn er nú er hún með öllu horfin vegna vegagerðar. Gatan sem er ofan við veginn er gróin og er 0,1-0,2 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Hægt er að fylgja henni á 40 m löngum kafla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 1; Ö-Indriðastaðir KGG, 4

BO-127:030 *Áslækur* náttúrumin vatnsból A 374442 N 450055



Áslækur BO-127:030, horft til vesturs

“ Í suðaustur frá bænum er kvos upp frá austasta hluta flóans. Þaðan kemur lítill lækur, sem heitir Áslækur. Hann rann áður út á flóann, en fellur nú í framræsluskurð. Þessi lækur þrýtur ekki þótt lítill sé, og var hann stundum þrautalending sem vatnsból, þegar brunnurinn þraut. En langur vatnsvegur var það,” segir í örnefnaskrá. Vatnsleiðsla var lögð úr lind sem kom úr þessari kvos samkvæmt Sveini Sigurðssyni. Áslækur er um 460 m austur af bæ 001.

Lækurinn rennur suðvestur-norðaustur meðfram norðvesturhlið Húsáss. Norðvestan við lækinn er tún og golfvöllur í órækt.

Lækurinn er niðurgrafinn um 2-3 m með tiltölulega bröttum bökkum. Hann rennur til norðausturs í austasta framræsluskurðinn sem grafinn hefur verið í Flóanum. Grasi vaxið er ofan við bakka lækjarins en möl og grjót niður að læknum. Nokkuð af köntuðu stórgrýti er ofan í læknum, og virðist það aðflutt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir GG, 3

BO-127:031 *Brunnstígur* heimild um leið A 374045 N 450027

“En norðan við þessa götu [Húsagötu 029] var Haugflöt og Brunnhóll, og meðfram honum lá Brunnstígur úr fjósinu [sjá 001] í brunninn [014],» segir í örnefnaskrá AG. «Frá Brunnhólnum lá upphækkaður stígur í átt að heygarðinum [sjá 001]. Hét hann Brunnstígur,» segir í örnefnaskrá KGG. Brunnstígur lá frá Brunnhóli 014 til vesturs.

Leiðin er í sléttuðu túni austan við veg að bæ sem heldur áfram til suðausturs, austur fyrir tún.

Ekki sjást skýr ummerki um upphlaðna götuna en þó er óljós hryggur til vesturs frá Brunnhóli, lágur og lítt greinanlegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 1; Ö-Indriðastaðir KGG, 5



Óljós hryggur sést til vesturs frá Brunnhóli BO-127:014 þar sem Brunnstígur BO-127:031 lá, horft til austurs

BO-127:032 heimild um brú A 374275 N 450226

"Í flóanum eru merki vegagerðar, hlaðnar brýr yfir skurði og læki, meðal annars Skriðulæk. Þetta virðist hafa verið gert á síðustu öld," segir í örnefnaskrá. Flóinn er um 350 m norðaustur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Indriðastaðaflói hefur verið framræstur og liggja eftir honum fimm framræsluskurðir suðvestur-norðaustur. Dyrholt, lágt holt með sumarbústöðum er vestan við flóann en Húsás, hálfgróinn lyngi, austan við.

Engar fornleifar eru sjáanlegar í flóanum. Framræsluskurðirnir sem liggja um hann eru 2-3 m breiðir og um 2 m djúpir. Líklegt er að minjarnar hafi horfið þegar flóinn var ræstur fram.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 3

BO-127:033 varða A 375160 N 449879



Varða BO-127:033 á Stráki, horft til norðvesturs

"Eftir láginni kemur Bleikulágarlækur, sem kemur úr Stráksmýri, en hún nær alla leið að Djúpalæk. Þar niður af henni við lækinn er holt með vörðu á, sem heitir Strákur. Þar á smali að hafa orðið úti," segir í örnefnaskrá. Varðan er á litlu grjótholti sem er innan sumarbústaðahverfis um 315 m norðvestan við tóft 010 og 1,2 km austan við bæ 001.

Birkiskógur er allt í kringum holtið með vörðunni.

Varðan er hlaðin á milli og ofan á stór björg sem líklegt er að hafi flest verið á staðnum, a.m.k. þau allra stærstu. Varðan er um 1,2 m í þvermál ef allt er talið með og rétt rúmlega 1 m á hæð. Mikið af smáu grjóti er efst í henni sem bætt hefur verið við á allra síðustu árum en í eldri hluta

hennar má sjá 3 umför hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir AG, 4

BO-127:034 *Prettur* heimild um þvottastað A 374009 N 449980

“Sunnan við bæinn rennur mýrarlækur til austurs gegnum túnið. Kemur hann úr mýrardrögum í krika við túnið suðvestanvert. Lækur þessi heitir Prettur. Nafnið mun stafa af því, að hann þornar oft skyndilega upp í hitum á sumrin. Ekki var tekið neysluvatn úr þessum læk. En dálítið var hann notaður til óvandaðri þvotta og stundum var sótt í hann vatn handa skepnum,” segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 er skurður 042 þar sem lækurinn Prettur rann og hefur skurðurinn verið dýpkaður og breikkaður síðan þá. Ekki er vitað hvar þvotttastaðurinn var nákvæmlega og engin ummerki sjást um hann.

Nokkurt rask hefur orðið á bökkum lækjarins vegna skurðgraftar og annars rasks vegna bygginga og framkvæmda í sambandi við golfvöll sem gerður var í túninu fyrir fáum árum en er kominn í órækt. Mikill grasgróður og illgresi vaxa beggja vegna við Prett eða skurðinn sem hann rennur um.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 2-3; Túnakort 1918

BO-127:035 heimild

“ Hugsanlegt er, að Grundarlæknum hafi einhvern tíma verið veitt heim. Það væri vel gerlegt, og er ég ekki frá því, að nokkrar menjar þess, að svo hafi verið gert, séu finnanlegar. Í jarðabók Árna Magnússonar segir, að túninu sé ekki óhætt fyrir lækjaráburði af smágrjóti. Ef einhver fótur hefur verið fyrir því, gæti ekki verið um annan læk að ræða en Grundarlækinn og þá helst, ef honum hefði verið veitt heim með túninu að sunnanverðu,” segir í örnefnaskrá. Mikið rask hefur orðið í kringum bæinn og þar er mikill gróður. Ekki er vitað hvort og þá hvar þessi áveita var og engin ummerki sjást um hana nærri bæ eða á loftmyndum.

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 3

BO-127:036 heimild um kvíar A 373747 N 450029

“Vesturkantur túnsins var harðbali, sléttur frá náttúrunnar hendi og hét Jaðar en var þó líka kallaður Túnjaðar til aðgreiningar frá þeim mýrskotna jaðri, sem áður getur. Þarna voru færikvíar hafðar meðan fært var frá,” segir í örnefnaskrá. Jaðar er um 250 m vestan við bæ í flatlendu, sléttu túni.

Lág brún í túninu gefur til kynna hvar Jaðarinn var og er líkt og gamall, grunnur farvegur vestan við hann sem einnig er kominn í tún en túnið nær alllangt til vesturs frá því sem var 1918 þegar túnakort fyrir jörðina var gert.

Engin ummerki um færikvíar sjást í túninu og var þeirra ekki að vænta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 5

BO-127:037 heimild um vað A 374674 N 450731



Líklega hefur vað BO-127:037 yfir Horblöðkutjarnarlæk verið á þessum slóðum

“ Eftir að afrennsli tjarnarinnar [Horblöðku-] kemur í Lambadýslækinn heitir hann eins og fyrr greinir Horblöðkutjarnarlækur. Hann rann fyrst í stuttum stokk niður undir malarkambinn, síðan nokkurn spöl til norðvesturs bak við kambinn, uns hann braut sér skarð í kambinn út í vatnið. Meðan gatan [BO-651:005] lá meðfram vatninu, var farið yfir lækinn á vaði, oftast rétt neðan við stokkinn, en stundum þar, sem hann rann gegnum malarkambinn út í vatnið [sjá 038]. Milli þessara vaða var hann nokkuð djúpur,” segir í örnefnaskrá. Efra vaðið á læknum var um 990 m norðaustur af bæ 001 og 30 m suðvestan við neðra vaðið 038.

Malarkamburinn sem Horblöðkutjarnarlækur rennur í gegn er lúpínugróinn en mýrlendi er ofan (suðvestan) kambsins. Neðan við lúpínubreiðuna er möl að Skorradalsvatni. Vegarslóði liggur meðfram vatninu, um 30-35 m frá vatnsyfirborði. Lækurinn rennur norðvestur-suðaustur yfir slóðann og beygir þá til norðurs út í Skorradalsvatn.

Þar sem lækurinn rennur yfir veginn er hann um 3 m breiður og 5-10 cm djúpur. Aðstæður hafa breyst töluvert á svæðinu og óvíst hvort vaðið hafi verið nákvæmlega á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir GG, 7-8

BO-127:038 heimild um vað A 374688 N 450758

“ Eftir að afrennsli tjarnarinnar [Horblöðku-] kemur í Lambadýslækinn heitir hann eins og fyrr greinir Horblöðkutjarnarlækur. Hann rann fyrst í stuttum stokk niður undir malarkambinn, síðan nokkurn spöl til norðvesturs bak við kambinn, uns hann braut sér skarð í kambinn út í vatnið. Meðan gatan [BO-651:005] lá meðfram vatninu, var farið yfir lækinn á vaði [037], oftast rétt neðan við stokkinn, en stundum þar, sem hann rann gegnum malarkambinn út í vatnið. Milli þessara vaða var hann nokkuð djúpur,” segir í örnefnaskrá. Neðra vaðið sem getið er um í örnefnalýsingu var um 1 km norðaustan við bæ 001 og 30 m norðaustan við efra vaðið 037. Það var alveg niður við vatnsborð Skorradalsvatns og líklega komið undir það vegna hækkunar vatnsborðs í tengslum við Andakílsárvirkjun.

Malarkamburinn sem Horblöðkutjarnarlækur rennur í gegn er lúpínugróinn en mýrlendi er ofan (suðvestan) kambsins. Neðan við lúpínubreiðuna er möl að Skorradalsvatni. Vegarslóði liggur meðfram vatninu, um 30-35 m frá vatnsyfirborði. Lækurinn rennur norðvestur-suðaustur yfir slóðann og beygir þá til norðurs út í Skorradalsvatn.

Engin ummerki sjást um neðra vaðið en aðstæður hafa breyst töluvert á svæðinu og óvíst hvort

vaðið hafi verið nákvæmlega á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 7-8

BO-127:039 heimild um leið

“Fyrir ofan Illagil tekur við hallandi gróðursvæði, sem heitir Háamýri. Miðhluti þess er mýri vaxin gulstör og broki, en á jöðrunum er valllendi. Ef vel árar, getur gróður þessi orðið býsna hár. Fyrr á tímum var stundum heyjað þarna, síðast 1918. Heybandsvegurinn var örðugur og varð að hafa rófustag svo að ekki færi fram af,” segir í örnefnaskrá. Ekki sjást merki um leiðina og ekki var hægt að staðstetja hana með innan við 50 m skekkju.

Gilið sem Kaldá rennur eftir er bratt og er ill- eða ófært að ganga niðri með ánni. Upp með gilinu og langleiðina að Háumýri er þéttur birkiskógur.

Merki um heybandsleiðina fundust ekki í skóginum. Á loftmynd má sjá nokkuð skýran slóða eða götu sem liggur frá efsta sumarbústaðinum í Indriðastaðahlíð og upp hlíðina til SSV. Líklega er þar um yngri leið að ræða en mögulegt er að hún liggi að einhverju leyti á sömu slóðum og heybandsvegurinn.

Heimildir:Ö-Indriðastaðir KGG, 12

BO-127:040 heimild um kálgarð A 373798 N 450014

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður um 190 m vestan við bæ 001 á flatlendu túni.

Túnið hefur verið fært mikið út til vesturs og er enn slegið.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:041 heimild um leið A 374014 N 450041

Leið að bæ 001 úr norðri er merkt inn á túnakort frá 1918. Hún var að líkindum á sama stað og heimreið að bænum.

Frá bæjarhól er mjög aflíðandi halli til norðurs. Tún er austan við heimreið og óræktarblettur vestan við hana.

Engin ummerki sjást um gömlu leiðina vegna vegagerðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:042 heimild um áveitu A 374050 N 449978



Skurður BO-127:042 var á milli bæjarhóls til hægri og upptúns til vinstri. Þar er nú vélgrafinn skurður frá seinni tímum

Á túnakort frá 1918 er merktur skurður sunnan við bæ 001 sem lá austur-vestur og var að öllum líkindum handgrafinn. Lækurinn Prettur rann í skurðinum eftir að hann var grafinn (sjá þvottastað 034). Enn er skurður á þessum sama stað, á milli bæjarhóls og upptúns, en hefur að líkindum verið dýpkaður og breikkaður í seinni tíð.

Mikill grasgróður og illgresi vaxa beggja vegna við Prett eða skurðinn sem hann rennur um.

Skurðurinn sem sýndur er á túnakorti sést ekki lengur vegna yngri skurðgraftar. Skurðurinn sem nú (2017) sést er 1-2 m á breidd og 0,5-1 m á dýpt. Hann er þó enn breiðari vestan við malarveg sem liggur yfir hann og er á sömu leið og Húsagata 029. Skurðurinn er 150 m á lengd og liggur austur-vestur en í norðurenda beygir hann til norðausturs á stuttum kafla. Þegar skráningarmaður var á ferð í júní 2017 var ekkert vatn í skurðinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918

BO-127:043 heimild um þingstað

Þingstaður var á Indriðastöðum fram til 1792 en þá var hann fluttur að Grund [sjá BO-134:001], þar sem Indriðastaðir voru á þeim tíma í eyði samkvæmt Sögu sveitarstjórnar á Íslandi II eftir Lýð Björnsson. Ekki er vitað hvar þingstaðurinn á Indriðastöðum var og því ekki ljóst hvort þinghald fór fram í bænum sjálfum eða í sérstakri byggingu og þá hvar hún var. Í seinni tíð var algengt að þingað væri í bæjarhúsum þingstaða og virðist svo hafa verið á Grund eftir að þingstaðurinn var fluttur þangað, sjá BO-134:001. Ekki eru nein þing-örnefni þekkt á Indriðastöðum sem gætu gefið vísbendingar um staðsetningu þingstaðarins.

Heimildir: Saga sveitarstjórnar II, 77

BO-127:044 gripir

“Árið 1935 eignaðist Þjóðminjasafnið merkilega tréreku, sem fundizt hafði í mýri á Indriðastöðum í Skorradal, hálfan annan metra fyrir neðan grasrót. [...] Indriðastaðaristan er elzta rúnarista íslenzk og mun vera frá 12. öld,” segir í bókinni 100 ár á Þjóðminjasafni. Á rekunni stendur með rúnaletri: boalliatmik inkialtr kærþi (Páll lét mik, Ingjaldr gerði). Er þetta sérlega merkilegur og mikilvægur fundur. Rekan fannst um vor árið 1933. Kristján Eldjárn taldi að rekan hefði verið notuð sem snjóreka en í sýningartexta á Þjóðminjasafni sem lesa má í umfjöllun um gripinn í Sarpi, menningarsögulegum gagnasafni, er fullyrt að hún hafi verið notuð við móskurð. Fundarstaður trérekunnar bendir óneitanlega til þess.



Indriðastaðarekan BO-127:044 fannst í mýri á Indriðastöðum árið 1933. Ljósmyndin er fengin úr bók Kristjáns Eldjárns, Hundrað ár í Þjóðminjasafni.

Ekki er vitað hvar í Indriðastaðalandi rekan fannst en ef hún fannst í mógröf eru þekktar mógrafir í Grafarmýri 009 og Mómýri 008 og koma þær báðar til greina.

Heimildir:KE 1994, nr. 72; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=317113

BO-127:045 varða landamerki A 373444 N 449654



Vörðubrot BO-127:045, horft til NNV

Vörðubrot er um 650 m suðvestur af bæ 001, rétt austan við merki Indriðastaða og Mófellsstaða. Bjarni F. Einarsson skráði vörðuna árið 2005.

Vörðubrotið er í mosa- og lyngbreiðu austan við bakka Kaldár. Bílslóði eða troðningur liggur norður-suður rétt austan við vörðubrotið.

Vörðubrotið er um 1,3 x 1 m að grunnfleti (austur-vestur) og er um 0,3 m á hæð, sjást 1-2 umför. Það er vel gróið í botninn og grjót skófum vaxið. Vörðunni er hvorki lýst í landamerkjabréfi Indriðastaða né Mófellsstaða en er u.þ.b. í línu við merki jarðanna og er vel mögulegt að um landamerkjavörðu sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:BFE Sultartangalína 3, nr. 23:1

BO-127:046 varða óþekkt A 374392 N 449851

Vörðubrot er á Húsási 021 um 440 m austur af bæ, norðaustarlega á háásnum. Bjarni F. Einarsson skráði vörðuna árið 2003.

Húsás liggur suðvestur-norðaustur með mýrarsund vestan við en golfvöll í órækt austan við. Smáklettar eru efst á ásnum sem er hálfgróinn lyngi og mosa. Norðausturhluti ássins er grasi gróinn og eru þar fjárhústóftir 021.



Hrunin varða BO-127:046, horft til norðvesturs

Vörðubrotið er um 2 x 1,5 m að grunnfleti (suðvestur-norðaustur), u.þ.b. ferhyrnd og 0,3 m á hæð. Mest sjást 2 umför í hleðslum. Grjót í vörðubrotinu er í stærra lagi, allt að 30-35 cm í þvermál. Vörðubrotið er mosa- og lynggróið í botninn og grjót skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Ekki er heldur alveg útilokað að hér sé um hrunið byrgi af einhverju tagi að ræða en ekki um vörðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:BFE Sultartangalína 3, nr. 19:1

BO-127:047 gryfja óþekkt A 373602 N 450528



Gryfja BO-127:047, horft til vesturs

Afgerandi gryfja er syðst í túni í Hestaréttarmóa 016 um 35 m suðvestan við tóft 013. Ekki er útilokað að gryfjan og tóft 013 séu tengdar þó að spotti sé á milli þeirra.

Gryfjan er á milli skurðar og túns á grasi grónu flatlendi.

Gryfjan er 2x1 m að innanmáli í botninn og snýr norður-suður. Hún er 3x2 m að stærð ef mælt frá efri brún. Gryfjan er um 0,4 m á dýpt. Hlutverk er ekki þekkt en hér gætu verið leifar af útflöttu úthúsi, t.d. fjárhúsum með niðurgrafinni hlöðu sem hafa verið sléttuð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

BO-127:048 þúst útihús A 373877 N 450062



Þúst BO-127:048, horft til ASA

Útflött þúst er í túni um 125 m norðvestan við bæ 001 og 40 m VSV við steypt fjárhús. Bjarni F. Einarsson skráði rúst á sama stað árið 2003 þegar fornleifakönnun var gerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda við golfvöll. Af myndum af henni að dæma var hún mun skýrari þá en þegar hún var skráð á vettvangi 2017. Það skal tekið fram að það er ekki hafið yfir vafa að sú þúst sem hér er skráð sé

sama fornleif og Bjarni skráði 2003. Ekki er gefið upp hnit í skýrslu Bjarna og kort af svæðinu er ónákvæmt. Þá er rústin sögð um 90 m vestan við áhaldahús (áður fjárhús) í skýrslunni en þústin sem hér er skráð er 40 m vestan við það hús.

Þústin er í sléttuðu, flatlendu túni en svo hallar það til norðurs frá þústinni niður að mýri sem hefur verið ræst fram og ræktuð. Girðing liggur yfir þústina norðan við hana miðja.

Þústin er 22x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hægt að greina innri brúnir veggja. Suðvesturmörk þústarinnar eru mjög óljós en skýrust eru þau í norðausturenda. Þústin er hæst um 0,6 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar gegndu en út frá staðsetningu og stærð er líklegt að þarna hafi verið útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:BFE Sultartangalína 3, nr. 22:1

BO-127:049 heimild um landamerki

"[...] þá ræður nefnt gil [Drageyrargil] merkjum milli Litlu-Drageyrar og Indriðstaða niður í hin neðstu gljúfur þess, þá bein lína í gegnum grjótvörðu á miðri Þrætueyri [...]," segir í landamerkjaskrá frá 1923. Þrætueyri hefur myndast vegna framburðar lækjar sem rennur í Drageyrargili á merkjum milli Indriðastaða og Litlu-Drageyrar. Eins og nafnið gefur til kynna hefur verið þrætt um merkin þar sem þau liggja um eyrina. Farvegur lækjarins um eyrina hefur verið síbreytilegur og rennur nú út í Skorradalsvatn um eyrina norðvestanverða. Á loftmynd má sjá að farvegurinn hefur greinst og er annar þurr farvegur litlu suðvestan við miðja eyrina. Ætla má að deilt hafi verið um það hvor farvegurinn ætti að ráða merkjum eftir að greindist í tvo farvegi.

Þrætueyri er að miklu leyti vaxin birkikjarri en einnig eru grasflatir innan um trjágróður. Mosagróinn og þurr lækjarfarvegur er suðvestan við miðja eyri og ógróinn farvegur er norðvestarlega á eyrinni. Nokkur sumarhús eru á eyrinni og liggja vegir að þeim.

Ekki er vitað hvar merkin lágu árið 1923 þegar landamerkjalýsingin var gerð en líklegt er að þau séu á sama eða svipuðum stað og núverandi (2017) merki. Þar er girðing og kunna vörður á merkjum að hafa horfið þegar hún var reist. Svæðið var ekki kannað á vettvangi og því ekki vitað hvort vörðurnar sjáist enn.

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 126

BO-127:050 heimild um landamerki


"[...] þá ræður nefnt gil [Drageyrargil] merkjum milli Litlu-Drageyrar og Indriðstaða niður í hin neðstu gljúfur þess, þá bein lína í gegnum grjótvörðu [018] á miðri Þrætueyri í aðra vörðu niður við vatnið[...]," segir í landamerkjaskrá frá 1923. Þrætueyri hefur myndast vegna framburðar lækjar sem rennur í Drageyrargili á merkjum milli Indriðastaða og Litlu-Drageyrar. Eins og nafnið gefur til kynna hefur verið þrætt um merkin þar sem þau liggja um eyrina. Farvegur lækjarins um eyrina hefur verið síbreytilegur og rennur nú út í Skorradalsvatn um eyrina norðvestanverða. Á loftmynd má sjá að farvegurinn hefur greinst og er annar þurr farvegur litlu suðvestan við miðja eyrina. Ætla má að deilt hafi verið um það hvor farvegurinn ætti að ráða merkjum eftir að greindist í tvo farvegi.

Þrætueyri er að miklu leyti vaxin birkikjarri en einnig eru grasflatir innan um trjágróður. Mosagróinn og þurr lækjarfarvegur er suðvestan við miðja eyri og ógróinn farvegur er norðvestarlega á eyrinni. Nokkur sumarhús eru á eyrinni og liggja vegir að þeim.

Ekki er vitað hvar merkin lágu árið 1923 þegar landamerkjalýsingin var gerð en líklegt er að þau séu á sama eða svipuðum stað og núverandi (2017) merki. Þar er girðing og kunna vörður á merkjum að hafa horfið þegar hún var reist. Svæðið var ekki kannað á vettvangi og því ekki vitað hvort vörðurnar sjáist enn. Þó að hækkað hafi í Skorradalsvatni vegna Andakílsvirkjunar er ólíklegt að varðan niður við vatnið hafi farið í kaf og hefur hún að öllum líkindum verið litlu ofan við vatnið.

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 126

BO-128 Mófellsstaðir



Minjar í túni Mófellsstaða BO-128. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá 1918, eru sýnd með svartri línu og leiðir með svartri brotalínu.

30 hdr. 1707 með hjáleigunum Mófellsstaðakoti ytra BO-129 og Mófellsstaðakoti eystra BO-128:008. JÁM IV, 157. Einnig Mófeldsstaðir - Árb. 1923, 36. Mófellsstaðaflói, meginhluti lands þess er Mófellsstaðir áttu austan við Kaldá, var lagt til Vatnsenda BO-135 og Grundar BO-134 er sú jörð var stofnuð á 17. öld. Er Vatnsendaspildan meðfram Kaldá. Í staðinn fengu Mófellsstaðir skógarítak, Vatnsendatungu - JÁM IV, 157. Mófellsstaðakot ytra/Kolbeinsstaðir (BO-129) var byggt skömmu eftir 1600. Neðan Mófells gengur Mófellsstaðakotsland inn í land Mófellsstaða; Mófellsstaðakot eystra/Vindheimar 008 var byggt um 1655 en lagðist af á 18. öld og var þá landið sameinað Mófellsstöðum aftur. Réttarbakki 009, hjál í byggð í 2 ár fyrir 1660. Kaldárbakki (efri) 015 húsmennskubýli 1891-99, 1902-1905. Einnig rústir eftir Móakot 010.

1918: 58.624 m2 = 18 1/3 dagsl. allt slétt. Garðar 952 m2. “Mófell [er] lítt gróið að ofan, en hlíðarnar að vestan, norðan og austan eru allgrónar ... Með Kaldá og Andakílsá eru eyrar, en undirlendið er að mestu grasivaxinn flói, Mófellsstaðaflói. .”

BO-128:001 *Mófellsstaðir* bæjarhóll bústaður A 373073 N 449819

Bærinn á Mófellsstöðum er í miðju túni á flatlendi norðaustan undir Mófelli og vestan við Kaldá. Mishæðir eru í túninu en það er nokkuð flatt og jafnlent. Á bæjarhólnum er gamalt íbúðarhús sem verið er að gera upp. Það er 10 m suðvestan við eldri bæ sem stóð u.þ.b. þar sem snúrustaurar eru. Núverandi íbúðarhús er norðan í bæjarhólnum og hefur líklega raskað honum að hluta.



Bæjarhóll Mófellsstaða BO-128:001, horft til suðvesturs á vinstri mynd og til suðausturs á hægri mynd

Malarplan er í kringum gamla íbúðarhúsið á bæjarhólnum en í vesturjaðri bæjarhóls eru nokkur tré og þar er rask vegna rotþróar, bæði gamallar frá 1950 og nýlegrar þar sunnan við.

Bæjarhóllinn er um 30x40 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er skýrastur á vesturhlið eða í norðvesturhorni en ekki eru greinanleg mörk á honum til suðurs. hann er flatur að ofan og hæstur er hann 1-

1,5 m. Nýlega var grafinn drenskurður í kringum gamla íbúðarhúsið sem stendur á hólnum og reist var 1926. Í skurðinum sjást torfhleðslur, t.d. við norðausturhorn hússins. Skurðurinn er 0,5-1 m á dýpt. Gamla húsið er með hálfum kjallara. Moldargólf er í kjallara að hluta þar sem kolageymsla var en timburgólf er í honum að hluta þar sem var verkstæði Þórðar blinda Jónssonar (1874-1962). Skólastofa var þar fyrir ofan þegar farskóli var í húsinu. Að sögn Karólínu Sifjar Ísleifsdóttur, heimildamanns, var smiðja Þórðar blinda aftan við húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:002 heimild um heygarð A 393090 N 449800

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var heygarður fast SSA við bæ 001 og um 20 m NNV við heygarð 019, fáum metrum austan við norðurgafl fjóshlöðunnar sem er fast sunnan við gamla íbúðarhúsið byggt 1926.

Á því svæði er malarplan við vesturenda vegar sem liggur til ANA að steyptum fjárhúsum.

Engin ummerki sjást um heygarðinn vegna rasks og byggingaframkvæmda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918


BO-128:003 tóft hrútakofi A 373106 N 449707

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 110 m sunnan við bæ 001. Þar var hrútakofi og svo hænsnakofi og reykkofi að sögn Ottós Hreiðarssonar og Karólínu Sifjar Ísleifsdóttur, heimildamanna. Lítil tóft er á rústahól á þeim stað, í túnjaðri. Búið er að byggja nýlegan reykkofa fast við tóftina.

Mýrlent er vestan við minjarnar og framræsluskurður hefur verið grafinn norðan við þær.



Tóft af hrútakofa BO-128:003 á rústahóli, horft til ANA



Grasgefið er í kringum rústahólinn en illgresi vex á honum.

Rústahóllinn er um 13x17 m að stærð og snýr SSA-NNV. Ungleg tóft er á vestanverðum hólnum þar sem hann er hæstur (0,5 m). Austurhlið hólsins er skýrt afmörkuð sunnan við rask vegna nýlegs reykkofa. Hann er flatur að ofan í suðurenda þar sem líklegt er að mannvirki hafi verið sem búið er að jafna um. Tóftin er um 4,5x6 m að stærð og snýr ANA-VSV en ANA endinn er raskaður vegna byggingaframkvæmda. Hún er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Ekki er greinilegt op á henni en gæti verið í suðvesturhorni. Hæð veggja er 0,3 m. Innan tóftarinnar er rabarbarabeð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:004 þúst útihús A 373122 N 449641



Þúst BO-128:004, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 190 m suður af bæ 001. Á þessum stað er hóll í ræktuðu túni,

Þar sem útihúsið var er sléttað tún í rækt. Nokkrir hólar eru í túninu. Lækur rennur norðvestur-suðaustur vestan við túnið og er mólendi handan lækjar.

Á þessu svæði eru þrír líklegir rústahólar í túninu (sjá einnig bústað 008 og þúst 025). Sá minnsti, í miðið, kemur nokkuð vel heim og saman við staðsetningu útihússins á túnakorti. Hóllinn er um 13 x 10 m að stærð (norðvestur-suðaustur) og 1 m á hæð. Ekki sjást merki um fornleifar á hólnum. Sléttað hefur verið yfir úthúsið sem þarna var en hólmyndunin gefur til kynna að leifar af því séu enn varðveittar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:005 heimild um útihús A 372959 N 450007

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 220 m NNV af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem útihúsið var er sléttað tún, nýlega plægt (2017). Heimreið að Mófellsstöðum liggur um 25 m vestar.

Ekki sést til fornleifa og hefur líklega verið sléttað yfir húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:006 heimild um útihús A 372977 N 450032

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 230 m NNV af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem útihúsið var er sléttað tún, nýlega plægt (2017). Heimreið að Mófellsstöðum liggur um 45 m vestar.

Ekki sést til fornleifa og hefur líklega verið sléttað yfir húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:007 heimild um útihús A 373001 N 450012

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 230 m NNV af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem útihúsið var er sléttað tún, nýlega plægt (2017). Heimreið að Mófellsstöðum liggur um 70 m vestar.

Ekki sést til fornleifa og hefur líklega verið sléttað yfir húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:008 *Vindheimar* bæjarhóll bústaður A 373146 N 449643

“Upp af bænum, aðeins ofan við hann og utan við læk, sem rennur vestan hans, er stykki sem nefnt Vindheimar. Þar er það sem gamli bærinn var,” segir í örnefnaskrá. “Vindheimar voru suður af bænum, fyrir austan lækinn. Þar var stórþýfður mói og rústir eftir býlið. Nú er þar tún,” segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

“Mófellsstadakot Eistra. Önnur hjáleiga, kölluð öðru nafni Vindheimur. Bygð fyrir 50 árum ... Hagar, skógur, eldiviðartak og önnur hlunnindi eru óskift við heimajörðina,” segir í Jarðabók



Bæjarhóll Vindheima BO-128:008, horft til norðvesturs

Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1707. Kotið var metið á 5 hdr. Byggðin mun hafa staðið fram á 18. öld en landið þá aftur sameinað Mófellsstöðum, samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar II. Líklegur rústahóll er um 190 m suðaustur af bæ 001.

Þar sem Vindheimar voru er sléttað tún í rækt. Nokkrir hólar eru í túninu. Lækur rennur norðvestur-

suðaustur vestan við túnið og er mólendi handan lækjar.

Á þessu svæði eru þrír líklegir rústahólar í túninu (sjá einnig útihús 004 og þúst 025). Sá sem er suðaustast er líklega bæjarhóll Vindheima. Hóllinn er um 37 x 25 m að stærð (norður-suður) og um 1,5 m á hæð. Öjöfnur eru á hólnum ofanverðum en ekki svo að hægt sé að greina útlínur mannvirkja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 1; Ö-Mófellsstaðir Aths, 1; JÁM IV, 158; BB II, 243

BO-128:009 þúst heygarður A 372148 N 451173



Ferköntuð þúst af heygarði BO-128:009, horft til suðausturs á ljósmynd

Í engjum Mófellsstaða, niður við Andakílsá er ferköntuð þúst, með áberandi grænu og kjarnmiklu grasi. Hlutverk þústarinnar er ekki þekkt en af staðsetningu og stærð að dæma hefur hún að líkindum gegnt hlutverki heytóftar. Þústin er um 240 m sunnan við ristu 029 og 1,6 km norðvestan við bæ 001. Þess má geta að á örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar er Réttarbakki merktur litlu norðan við þústina. Að öllum líkindum er það rangt staðsett og á við um gamalt býli sem gekk undir þessu nafni og er í landi Mófellsstaðakots BO-129:020, sjá nánari umfjöllun þar.

Þústin er á flötum, votlendum engjum.

Þústin er um 12x12 m að stærð og 0,2-0,3 m á hæð. Innanmál er ekki greinanlegt en veggir eru að lágmarki 2 m á breidd. Ekki er heldur greinanlegt dyraop á henni. Ætla má að hún sé eingöngu hlaðin úr torfi þar sem ekkert grjót er hér í grenndinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Örnefnakort SS

BO-128:010 *Móakot* heimild um býli A 372823 N 449945

"Vestur af bæ er flöt, sem heitir Móakotsflöt. Þar var gömul rúst ...," segir í örnefnaskrá. Í Byggðum Borgarfjarðar II segir um staðinn: "Mitt á milli Mófellsstaða og Mófellsstaðakots, er flöt, sem nefnist Móakotsflöt. Þar voru rústir eftir býli, en þess er ekki getið í heimildum." Móakot var um 280 m norðvestur af bæ. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem kotið var er sléttað tún, í rækt. Dæld er í túninu, u.þ.b. í stefnu austur-vestur, eftir gamlan lækjarfarveg.

Móakot hefur verið norðan við lækinn sem rann um túnið en sunnan hans var áður mýri (nú tún). Ekki sjást merki um kotið á yfirborði og hafa ummerki um það líklega horfið við túnræktun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 1; BB II, 243

BO-128:011 *Jörundartættur* þúst óþekkt A 373214 N 450091



Jörundartættur BO-128:011, horft til ANA

"... Jörundartættur eru niðri í túninu," segir í örnefnaskrá. Jörundartættur eru um 300 m norðaustur af bæ 001.

Jörundartættur eru upp við girðingu í sléttuðu túni, í rækt. Mófellsstaðavegur 507 liggur austur-vestur rétt handan girðingarinnar.

Jörundartættur eru þýfður blettur í annars sléttuðu túni. Hann er um 12 x 3 m að stærð, snýr austur-vestur og mjókkar til austurs. Hæð þúfna er 0,3-0,5 m. Ekki er hægt að greina lögun mannvirkis á svæðinu. Mögulega hafa Jörundartættur náð yfir stærra svæði en verið sléttaðar að hluta. Víða er rof í þúfunum þar sem sauðfé hefur legið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 1

BO-128:012 *Múshildargerði* örnefni óþekkt A 373073 N 449998

Í túninu «er og Múshildargerði, « segir í örnefnaskrá. Múshildargerði er um 170 m norður af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Múshildargerði er sléttað tún, í rækt. Í því er þríhyrnd þúst, Múshildarleiði 013. Nýlega (2017) hefur verið plægt norðan og vestan við leiðið.

Ekki sjást merki um hlaðið gerði í túnstykkinu. Óvíst er hvort örnefnið vísar til mannvirkis en ef hlaðið hefur verið utan um stykkið er sú hleðsla horfin og líklega sléttuð í tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 1

BO-128:013 *Múshildarleiði* þúst legstaður A 373045 N 449996



Múshildarleiði BO-128:013, horft til norðausturs

Í túninu «er og Múshildargerði [012], og í því stykki er Múshildarleiði. Það er þríhyrnt og upphlaðið,» segir í örnefnaskrá. Að sögn Karólínu Sifjar Ísleifsdóttur, heimildamanns, hrakti hey sem slegið var á leiðinu. Hún sagði frá því að þeir Þórður og Bjarni Vilmundarsynir [fæddir 1931 og 1928] hefðu slegið leiðið eitt sinn en heyið af því fauk þrátt fyrir að þeir reyndu að fergja það í göltum (bólstrum). Múshildarleiði er um 170 m norður af bæ 001.

Múshildarleiði er í sléttuðu túni, í rækt. Nýlega hefur verið plægt norðan og vestan við leiðið.

Múshildarleiði er u.þ.b. þríhyrndur þýfður blettur í túninu, um 18 m á lengd og um 13 m á breidd þar sem hann er breiðastur, snýr austur vestur. Hæð þúfna er 0,3-0,6 m. Víða er rof í hliðum þúfnanna þar sem sauðfé hefur legið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 1

BO-128:014 *Kvíaból* örnefni kvíar A 373265 N 449621

"...upp af bænum, neðan við Hjallhól [022], heitir Kvíaból," segir í örnefnaskrá. Kvíaból er um 280 m suðaustur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Kvíaból er í suðurjaðri túns. Ofan (sunnan) við túnið er grasi vaxin brekka upp á hálfgróinn mel. Hjallhóll 022 er þar ofan við. Túnið er sléttað, í rækt. Stórgrýti og rofabörð eru á stöku stað í brekkunni.

Ekki sést til fornleifa undir brekkunni. Óvíst er hvort þar hafi verið hlaðin mannvirki eða hvort örnefnið vísi til færikvía.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 1

BO-128:015 *Kaldárbakki* tóft+garðlag býli A 372951 N 450534

"Neðst í [Sandeyri] eru rústir, sem heita Kaldárbakki, því þar var eitt sinn býli," segir í örnefnaskrá. Kaldárbakki (efri) var húsmennskubýli með grasnyt í Mófellsstaðalandi í byggð 1891-99 og 1902-1905, samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar. Tóftir Kaldárbakka eru syðst í



Loftmynd af tóftum Káldárbakka BO-128:015 tekin með flygildi af Ottó Hreiðarssyni, ábúanda. Myndin er tekin til suðausturs



Kaldárbakki BO-128:015

Mófellsstaðaflóa, um 720 m norður af bæ 001.

Tóftirnar eru afgirtar með einfaldri rafmagnsgirðingu. Umhverfis býlið er flói, smáþýft graslendi, en Kaldá rennur um 70 m austan við Kaldárbakka.

Tóftir býlisins ná yfir svæði sem er um 45 x 32 m, snýr norðvestur-suðaustur. Minjar á svæðinu fá bókstafi til aðgreiningar. Þær eru þrjár tóftir A-C samtengdar með gerði D, minni garður E og óljós upphækkun F. Minjarnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti, grasi vaxnar en sést í grjót á stöku stað.

Gerði D sem tengir saman tóftirnar er um 20,5 m á lengd og 17,5 m á breidd. Breidd veggja er 1,4-2 m, hæð 0,3-0,6 m. Hæð veggja í tóftunum þremur A-C er 0,7-1,2 m. Tóft A gengur út úr norðvesturhlið gerðisins norðantil, tóft B út úr norðausturhlið gerðisins austantil og tóft C gengur inn í gerðið frá suðvesturhlið sunnantil. Um 2 m op er á gerðinu á norðausturhlið fast norðvestan við tóft B. Rof er á garðinum á tveimur stöðum, annars

vegar fast suðaustan við tóft B en hins vegar á norðvesturhlið suðvestan við tóft A.

Tóft A er stærst, líklega bæjartóft. Hún er alls um 12,5 x 9 m, snýr norðaustur-suðvestur. Í henni eru fimm hólf. Hólf I og II eru í suðausturhluta tóftarinnar. Innangengt er í þau úr göngum sem liggja norðvestur-

suðaustur og vísar inngangur inn í gerði D. Hólf I er í austurhorni, um 4 x 4 m að innanmáli. Óljós renna er í gólfi tóftarinnar, um 0,5 m breið og 0,15 m djúp, sem liggur norðvestur-suðaustur um 1 m frá norðausturhlið. Rof er á suðausturhlið. Hólf II er í suðurhorni, um 2,5 x 1,5 m að innanmáli. Rof er á suðvesturhlið. Hólf III-V eru í norðvesturhluta tóftarinnar, talin frá vestri til norðurs og eru öll með op á norðvesturhlið. Mjög þýft er inni í hólfunum. Hólf III er um 4 x 2 m að innanmáli en hólf IV og V hvort um sig um 2 x 2 m. Óljóst er hvort innangengt sé í hólf IV úr göngunum sem tengja hólf I og II.

Tóft B er um 10 x 6,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í henni eru þrjú, hugsanlega fjögur, hólf. Hólf VI og VII eru opin til norðvesturs en innangengt er í hólf VIII úr hólfi VIII. Hólf VI-VIII, talin frá vestri til norðurs, snúa öll norðvestur-suðaustur. Mikið hefur hrunið inn í hólf VI og er það um 4 x 0,5 m að innanmáli en hólf VII er um 4 x 1,5 m og hólf VIII um 3,5 x 2 m. Rof er á norðurhorni hólfs VIII. Í suðurhluta tóftar B er óljóst hólf IX, um 1,6 x 1,2 m að innanmáli, opið til suðausturs. Tóft C er einföld, opin til suðvesturs, um 3 x 3 m að innanmáli. Mjög þýft er inni í tóftinni.

Fast norðvestan við tóft A er garður eða pallur E, hugsanlega kálgarður. Breidd veggja garðsins er um 1 m, hæð veggja að innan um 0,2 m en að utan um 0,5 m. Garðurinn er utan við rafmagnsgirðinguna sem girðir Kaldárbakkatóftir af.

Upp við norðausturhlið gerðis D, norðvestan við tóft B, er óljós upphækkun F. Hún er um 6 x 1 m að stærð og 0,2 m há. Um 0,2 m bil er milli veggjar gerðis D og upphækkunarinnar.


Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 2; BB II, 243

BO-128:016 tóft óþekkt A 373490 N 447616



Grjóthlaðin tóft BO-128:016, horft til norðurs á ljósmynd



Grjóthlaðin tóft er á grjóteyrum á suðvesturbakka Kaldár í Lambatungum um 2,2 km sunnan við bæ 001. Hún er undir bröttum árbakka sem er víða grýttur en vel gróinn ofan við tóftina.

Lambatungur er flatlent og grösugt svæði, mýrlent á köflum. Eyrarnar næst tóftinni eru grónar mosa og lyngi eins og tóftin en innan hennar er einnig lítilsháttar grasgróður.


Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í norðvesturenda. Innst í henni í suðausturenda er lítið hólf, innan við 1 m á kant innanmáls.Veggir eru 0,4-0,5 m á breidd og hæstir um 0,4 m. Í hleðslum er misstórt mosavaxið árgrjót og hefur stórgrýti á staðnum verið nýtt í veggjahleðslur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún gæti verið einhvers konar lambabyrgi sem notað var um fráfærur. Um 10 m eru frá tóftinni að ánni og virðist hún ekki ógna tóftinni en gæti gert það í miklum vatnavöxtum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

BO-128:017 tóft stekkur A 373430 N 449305



Stekkjartóft BO-128:017, horft til norðvesturs á ljósmynd



Allstór tóft er nærri gilbrún Kaldárgils, fast austan undir nokkuð afgerandi grjóthól en gróðurhula er efst á honum. Tóftin er um 620 m suðaustan við bæ 001 og 170 m suðaustan við stekk 028. Að sögn Karólínu Sifjar Ísleifsdóttur, heimildamanns, er tóftin af stekk.

Melur og klappir eru í kringum tóftina en innan stekkjarins og næst honum er lynggróður.

Tóftin er einföld og ferhyrnd, að mestu hlaðin úr grjóti en líka með torfi/mold. Innrekstrargarður liggur til austurs út frá suðausturhorni hennar. Stekkurinn er um 6x9 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir hans eru rúmur 1 m á breidd. Í þeim sjást grjóthleðslur að miklu leyti en ytri brún veggja er víðast yfirgróin. Vesturveggur stekkjarins er hlaðinn utan í hólinn og þar er veggurinn mun mjórri en annarsstaðar í tóftinni. Mesta hæð veggja er 0,5 m (austurveggur) en víða lægri. Ytri brún vesturveggjar stendur ekkert upp úr jörðu. Í vesturvegg sjást 5 umför hleðslu þar sem best lætur en hleðslur eru farnar að síga og hrynja inn í tóftina. Op er í suðausturhorni stekkjarins þar sem innrekstrargarður er en einnig er op í norðausturhorni. Það gæti verið síðari tíma breyting. Innrekstrargarðurinn er 4 m langur og liggur til austurs sem fyrr segir, nánast fram á gilbrún. Hleðslur í honum eru signar og helmingi mjórri en í veggjum stekkjarins. Engin ummerki eru um lambakró eins og algengt var í stekkjum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

BO-128:018 *Miðmundavarða* varða eyktamark A 372903 N 448777



Miðmundavarða BO-128:018, horft til suðurs

"Framan í [Mófelli] er mjög gömul varða, sem heitir Miðmundavarða," segir í örnefnaskrá. Varðan sést frá bænum og frá henni sést að bæ. Hún er 690 m suðvestan við Stekk 028 og 1,1 km sunnan við bæ 001.

Varðan er á stalli í Mófellinu þar sem eru gróðurlitlir melar og mosavaxnir klapparásar.


Varðan er hlaðin á litla klöpp sem stendur upp úr stallinum. Ofan á hann hefur þremur steinum verið hlaðið. Sá í miðið er allstór. Í heild er varðan 1,2 m á hæð en sjálf hleðslan er 0,5 m á hæð og 0,5x0,7 m að grunnfleti, snýr austur-vestur. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið. Lítill steinn er undir vesturenda stóra steinsins til að rétta hann af.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 2

BO-128:019 þúst heystæði A 373114 N 449782





Þúst BO-128:019, horft til ANA á ljósmynd

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var heystæði 50-60 m SSA við bæ 001. Þar er stór rústahóll.

Minjarnar eru í sléttuðu túni. Alldjúp rás er í túninu austan við þústina, gamall farvegur. Rafmagnsstaur og lína eru fast sunnan við þústina.

Hóllinn er um 20x18 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er mjög greinilegur til SSA en mörk til NNV eru óljós. Syðst er hann 0,5-1 m á hæð og lækkar til norðurs. Hóllinn er flatur að ofan en á nálega miðjum hólnum mótar fyrir innanmáli hólfs. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr

austur-vestur. Mjóar þverrákir skipta því upp í þrjá hluta. Girðing liggur yfir hólinn fast norðan við hólfið og meðfram því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:020 heimild um leið A 373090 N 449806

Á túnakorti frá 1918 má sjá að gata lá frá bæ 001 til austurs á leið BO-651:023 í átt að Indriðastöðum.

Hún var líklega á sama stað og vegur milli túna sem liggur að steyptum fjárhúsum.

Engin ummerki sjást lengur um götuna í túninu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:021 heimild um kálgarð A 373053 N 449817



Svæði vestan við bæjarhólinn þar sem kálgarður BO-128:021 var, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður fast VNV við bæjarhól 001 þar sem enn er dálítill trjágróður fast norðvestan við gamalt íbúðarhús frá 1926.

Kálgarðurinn var í aflíðandi halla til vesturs og er hluti hans kominn í tún. Rotþrær eru syðst á svæðinu sem kálgarðurinn náði yfir.

Engin ummerki sjást um gerði kringum kálgarðinn. Austast á svæðinu er þó kantur eða skýr brún frá norðvesturhorni gamla íbúðarhússins og eru það líklega austurmörk kálgarðsins.

Hættumat: hætta

Heimildir:Túnakort 1918

BO-128:022 *Hjallhóll* örnefni hjallur A 373278 N 449538

“Fyrir ofan bæinn er hóll, sem heitir Hjallhóll,” segir í örnefnaskrá. Hjallhóll er um 350 m suðaustur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Hjallhóll er melhóll ofan (sunnan) við tún, hálfgróinn, einkum ofantil, með hundaþúfum á toppi hólsins. Bæjarlækurinn rennur vestan við hólinn en Kaldá austan við. Holt og móar eru upp í Mófell sunnan við hólinn.

Ekki sést til fornleifa og er ekki vitað til þess að hjallur hafi staðið á hólnum. Líklegasti staður fyrir hjall er hryggur norðvestarlega á hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 1

BO-128:023 *Stöðull* örnefni kvíar A 373232 N 449563

Stöðull er merktur á örnefnakort Einars Elíasar Guðlaugssonar og Guðlaugs Magga Einarssonar. Ekki er ljóst nákvæmlega hvar stöðullinn var. Líklegasti staður fyrir stöðulinn er grasflöt um 300 m suðaustur af bæ 001.

Norðvestur af Hjallhól 022 er lítil grasflöt vestan við Bæjarlæk. Á flötinni stendur hálfrifinn timburkofi með bárujárnsþaki. Umhverfis flötina hefur öspum verið plantað, auk þess sem í brekkunni norður af flötinni er lítill afgirtur matjurtagarður.

Ekki sést til fornleifa á grasflötinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Örnefnakort EEG & GME

BO-128:024 frásögn fjárhús A 372998 N 449885

Fjárhús, seinna notuð sem hesthús fram til 1968, voru um 100 m norðvestur af bæ 001, rétt vestan við heimreið að Mófellsstöðum, samkvæmt Karólínu Sif Ísleifsdóttur, heimildarmanni.

Þar sem húsin voru er sléttað tún, í rækt, vestan við heimreiðina sem liggur NNV-SSA.

Neðan (norðan) við litla hólmyndun, um 0,5 m háa, eru ójöfnur í túni þar sem útihúsin stóðu. Ekki er hægt að greina lögun húsanna á jörðu niðri. Tveir stórir ferningar sáust á svæðinu á ljósmynd tekinni úr dróna, samkvæmt Ottó Hreiðarssyni, heimildarmanni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-128:025 þúst óþekkt A 373120 N 449666

Rústahóll er í túni um 160 m suður af bæ 001 og 14 m norðvestan við bæjarhól Vindheima 008. Útflattur túngarður 026 hættir að sjást við hólinn.

Hóllinn er í sléttuðu túni í rækt. Nokkrir hólar eru í túninu. Vestan við túnið rennur lækur norðvestur-

suðaustur og er mólendi handan lækjar.

Á þessu svæði eru þrír líklegir rústahólar í túninu (sjá einnig útihús 004 og bústað 008). Þessi er nyrstur hólanna. Hann er u.þ.b. hringlaga, 20-22 m í þvermál og um 1,5 m hár. Ekki sjást greinileg merki um fornleifar á hólnum en ójöfnur eru á honum að ofan. Líklegt er að í hólnum leynist minjar um útihús eða önnur mannvirki sem tengjast búsetu á Vindheimum og/eða Mófellsstöðum.



Þúst BO-128:025, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-128:026 garðlag túngarður A 373208 N 449753



Útflattur túngarður BO-128:026 sést á miðri mynd neðan við hvítmálaða fjárhúshlöðu, horft til norðurs

Í miðju upptúni Mófellsstaða er afgerandi hryggur þvert á túnið sem er að öllum líkindum leifar af gömlum túngarði. Svæðið utan og ofan við hrygginn var þegar komið í tún þegar túnakort var gert 1918.

Minjarnar eru í sléttuðu túni sem er í aflíðandi halla til norðurs.

Leifar af garðinum sjást á um 185 m löngum kafla. Hann liggur frá þúst 025 í vesturhluta túnsins til norðausturs á 120 m löngum kafla fram á brún náttúrulegrar rennu/gróins farvegar. Garðurinn er hvað greinilegastur á þessum kafla og er 0,3 m á hæð og 3-5 m á breidd. Garðurinn virðist hafa haldið áfram meðfram brún rennunnar til norðurs á 65 m löngum kafla en sá hluti hans er alveg útflattur, 0,2 m á hæð og allt að 6 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-128:027 *Móhóll* frásögn mógrafir A 373097 N 449613

Mógrafir voru í kringum Móhól sem er fast vestan við Bæjarlækinn, um 210 m sunnan við bæ 001. Að sögn Karólínu Sifjar Ísleifsdóttur, heimildamanns, voru bæði grafir austan og vestan lækjarins en Móhóll er vestan lækjar. Engin ummerki sjást austan við læk en óveruleg ummerki eru vestan við hann.

Mógrafirnar eru í þýfðu mýrlendi innan um lækjargil. Rof er í lækjargiljunum en annars er svæðið að mestu gróið. Móhóllinn er sléttur, fremur lágur hóll, vaxinn grænu grasi. Rof er í hólnum á stöku stað og sést möl þar undir sverði.

Skýrustu ummerkin um móskurð eru litlu SSA við Móhólinn en þar eru þýfðar og grasi grónar


dokkir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-128:028 *Stekkurinn* tóft stekkur A 373266 N 449364



Stekkurinn BO-128:028, horft til norðvesturs á ljósmynd



Stekkjardalsbrúnir heita austast í Mófellinu. “Neðan við brúnirnar er það nefnt Brekkur niður að löngum melhrygg ofan við bæina, og við innri enda hans er Stekkurinn ..., “ segir í örnefnaskrá. Líklega er hér átt við stóra gróna tóft sem er um 500 m suðaustan við bæ 001 frekar en stekk 017 sem er 170 m suðaustar, frammi á brún Kaldárgils.

Tóftin er á austurbarmi lækjarskorninga sem sameinast í Bæjarlæk. Þarna er stórþýfður og grösugur mói en í honum vex einnig lyng og ljónslöpp.

Tóftin er 9x8 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést skýr hólfaskipting en útskot á vesturhlið gefur ef til vill til kynna hvar lambakró hefur verið. Tóftin er gróin sem fyrr segir og grasi vaxin. Hún virðist að mestu grjóthlaðin en eflaust var einnig torf í hleðslum. Veggir eru 1,5 m á breidd og víða 0,5 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara. Á norðurhlið tóftarinnar virðist veggurinn hafa verið rifinn að hluta og er þar 3 m breitt op en lágur kantur sést þó enn á ytri brún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, 2

BO-128:029 náma rista A 372169 N 451409

“Torfrista í Flóa til heyja og húsa. Ekki reiðingsrista svo vitað sé,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Merki um torfristu eru norðarlega í Flóanum, um 1,8 km NNV af bæ 001.

Mófellsstaðaflói er mýrlendur, en þurrari norðantil. Andakílsá rennur norðan við Flóann.

Líkleg merki um torfristu sjást á u.þ.b. ferhyrndu svæði, um 17 x 6,5 m, snýr norðvestur-suðaustur. Svæðið er grafið niður um 0,2 m. Gróið er innan svæðisins og er það sléttara heldur en í flóanum í kring.



Torfristusvæði BO-128:029, horft til suðausturs


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Mófellsstaðir, svör við spurningum

BO-128:030 tóft stekkur A 372954 N 449683



Meint stekkjartóft BO-128:030, horft til SSV á ljósmynd



Þrískipt tóft er sunnan við Öldu, um 180 m suðvestan við bæ 001 og 160 m norðvestan við Móhól 027, á bala í þýfðum móa.

Mjög þýft er í móanum í kringum tóftina en næst henni eru sléttir blettir og mun grasgefnara en í þýfinu. Tóftin er neðarlega í aflíðandi halla til norðurs.

Tóftin er torf- og grjóthlaðin en mjög sigin og orðin fremur ógreinileg. Hún er 7,5x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hólf I er í suðurenda og er greinilegast. Það er um 2x3,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er greinanlegt op á því en líklega hefur verið op úr því til NNA inn í hólf II. Það er mjög ógreinilegt, um 3x1 m að innanmáli og snýr ANA-VNV. Ógreinilegt op er úr því til ASA í hólf III sem er mjög lítið, um 0,5x0,5 m að innanmáli. Op eða rof er á því út úr tóft til NNA. Á hólfi II er óljóst op út úr tóft til NNA við NNV-horn þess. Mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m en víðast eru þeir enn lægri. Breiðastir eru veggirnir um 1 m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en útlit hennar og staðsetning benda helst til þess að hún sé stekkjartóft.

Hættumat: engin hætta

BO-128:031 gata leið A 372444 N 451271



Götur á leið BO-128:031, horft til austurs

Götur eru í Mófellsstaðaflóa, um 1,6 km norðvestur af bæ 001 og liggja þær eftir norðurbakka lækjar sem rennur úr Kaldá til vesturs í Andakílsá.

Mófellsstaðaflói er mýrlendur, blautari miðsvæðis. Víðikjarr vex á dreif um svæðið. Andakílsá rennur norðan og vestan við Flóann en Kaldá austan við. Lækurinn sem leiðin liggur eftir rennur í gegnum miðjan Flóann.

Óljósir götupaldrar eru meðfram læknum að norðanverðu. Á svæðinu sjást 8-10 götur, um 20 cm djúpar, á 5-10 m breiðu svæði. Göturnar sjást skýrar á loftmynd og ná þær frá Kaldá að Andakílsá, alls á um 800 m langri leið. Hvorki sjást merki um leiðina vestan Andakílsár né austan Kaldár og ekki er ljóst hvaðan eða hvert hún lá.

Hættumat: engin hætta

BO-128:032 *Hálsavað* heimild um vað A 372262 N 451473


Í örnefnalýsingu Hálsa segir: «... Hálsavað er á ánni rétt neðan við bæinn [BO-133:016] og liggur það yfir á Mófellsstaðaflóann.» Hálsavað er á Andakílsá, um 1,9 km NNV af bæ 001 á Mófellsstöðum og 130 m norðaustan við leið 031.

Flói er sunnan árinnar en lúpínubreiður á bakka norðan megin og á hólma í ánni.

Syðri kvísl árinnar er um 30 m breið en sú nyrðri um 7 m breið. Um 0,5 m eru niður á vatnsyfirborð frá árbakka sunnan megin en aflíðandi halli niður að vatni er í hólmanum. Séð frá suðurbakka er áin um 0,5 m djúp, í meðallagi straumhörð. Ljóst er að vatnsrennsli í ánni hefur breyst mikið eftir að hún var virkjuð. Ekki sjást skýr ummerki um umferð yfir ána á þessum stað og ekki er víst á hvaða leið vaðið var, mögulega á leið á milli bæja.

Hættumat: engin hætta

BO-129 Mófellsstaðakot



Minjar í heimatúni Mófellsstaðakots BO-129. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu, leiðir með brotalínu og lækir með blárri línu.

5 hdr. 1707. JÁM IV, 157. "Mofellstadakot ytra. Hjáleiga [frá Mófellsstöðum], kölluð öðru nafni Kolbeinstaðir. Bygt að vísu í 80 ár." JÁM IV, 157 Kolbeinsstaðir virðist hafa verið algengara nafnið fram yfir miðja 19. öld.

1918: 34.498 m2 = 11 dagsl. 1/6 þýft. Garðar 842 m2. "... land jarðarinnar nær ekki hátt upp í brekkurnar ofan og utanbæjarins, niður undan Mófelli, norðan Skarðsheiðar, en slær sér þó heldur til suðurs. Skiptast þar á mýrar, móar, valllendi, melar og holt, en neðan vegar er Mófellsstaðaflói, sem Mófellsstaðakot á hluta í.» BB II, 235

BO-129:001 *Mófellsstaðakot* bæjarhóll bústaður A 372542 N 449706

Gamli bærinn í Mófellsstaðakoti var fast sunnan við steypt íbúðarhús sem byggt var 1950 en búið var í torfbæ fram að því. Bæjarhóll er enn greinilegur og á honum eru nokkrar byggingar frá nútíð; nyrst og austast á bæjarhólnum er steypt skemma og vestan við hana er fjós og hlaða.


Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni, nokkuð flatlendu, fast norðaustan við Bæjarlækinn.

Bæjarhóllinn er 25x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er talsvert raskaður vegna byggingaframkvæmda. Hóllinn er um 1 m á hæð. Ekki sjást mörk hans til norðurs eða vesturs en aflíðandi halli er niður af honum að austan og sunnan. Í sundi á milli skemmu og fjóss er 1 m hár kantur upp á hólinn og sést grjót þar í kantinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Bæjarhóll Mófellsstaðakots BO-129:001, horft til norðurs á ljósmynd



Heimildir:Túnakort 1918

BO-129:002 heimild um fjárhús A 372583 N 449629

Á túnakorti frá 1918 er útihús sýnt um 80 m suðaustan við bæ 001, austan við Bæjarlæk. Þar stóðu fjárhús úr torfi og grjóti til 1992 að sögn Jóns Eiríks Einarssonar, heimildamanns.

Húsin voru í sléttuðu túni meðfram Bæjarlæknum sem fer hækkandi til suðausturs.

Búið er að slétta yfir húsin en ummerki um þau sjást í túninu. Þar sem þau stóðu eru ójöfnur og grjót sést á stöku stað í sverði. Þar er einnig dálítil hækkun í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-129:003 heimild um útihús A 372617 N 449609

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús í túnjaðri austan við Bæjarlæk um 40 m suðaustan við útihús 002 og 120 m suðaustan við bæ 001. Á sama stað eða rétt ofan við (suðaustan við) er nýlegur kartöflugarður.

Útihúsið var í sléttuðu túni í aflíðandi halla til norðvesturs en suðaustast í túninu er allbrött brekka upp á hæsta hól í því.

Dálítil hækkun er í túninu þar sem útihúsið var en annars eru engin ummerki um það sýnileg. Nákvæmt hlutverk þess er ekki þekkt.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-129:004 *Gljúfrasel* tóftir sel A 371334 N 448745



Horft til VNV yfir selstæði Gljúfrasels BO-129:004



Móts við bæ eru Innri- og Ytri-Sellækur “en þegar þeir eru komnir saman, nefnast þeir Sellækur ... Út af Halabrún, út við Hornsá, heitir Hrafnssnös, og þar rétt innar er svo Gljúfrasel. Þar eru tvennar selrústir,” segir í örnefnalýsingu Mófellsstaðakots. Í örnefnalýsingu Mófellsstaða segir: “... en utan við [Langaás], með ánni er Gljúfrasel. Þar eru tvennar seltættur. Þetta sel er á merkjum móti Mófellsstaðakoti.” Um 1,5 km suðvestur af bæ 001 eru þrjár seltóftir við Hornsá. Ætla má að selið hafi verið frá Mófellsstöðum BO-

128, heimajörðinni, en tóftir þess eru innan marka Mófellsstaðakots og því skráð með þeirri jörð. Mögulega hefur hvor bærinn um sig átt sína seltóft á staðnum en það er óvíst.

Tóftirnar eru sunnarlega á þýfðri grasflöt austan við Hornsá. Um 4 m háir klettar eru upp af flötinni suðaustantil en lægri lynggróin brekka upp af flötinni norðar.

Tóftirnar þrjár eru á um 22 x 15 m stóru svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóftirnar eru allar grasi og mosa grónar, töluvert gengnar í þúfur og skera sig ekki frá öðrum gróðri í kring en grjót sést á stöku stað í tóftum A og B. Tóft A er

suðvestast. Hún er einföld, 9 x 6 m að stærð, snýr norður-suður. Breidd veggja er 2-3 m, hæð þeirra er mest 0,6-0,7 m innanmáls, en um 1 m utanmáls. Op er hugsanlega á miðri vesturhlið. Tóft B er um 2 m norðan við tóft A. Hún er um 6,5 x 6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hæð veggja er mest 0,5 m innanmáls, 1,5 m utanmáls. Breidd veggjanna er 1,5-3 m. Op er á suðausturhlið. Í tóftinni eru tvö hólf. Hólf I er suðvestar og er um 2 x 0,5 m að innanmáli. Hólf II er í framhaldi af hólfi I til norðausturs en gengur lengra til suðausturs en hólf I. Það er um 1,5 x 1,5 að innanmáli. Tóft C er um 3 m norðaustur af tóft B. Hún er einföld, 5,5 x 4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Breidd veggja er um 1,5 m, hæð þeirra er um 0,6 m. Op var líklega á norðvesturhlið. Tóftir A og B eru um 1,5 m frá árbakkanum og er virkt rof í bökkum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Mófellsstaðakot, 1; Ö-Mófellsstaðir, 2

BO-129:005 varða landamerki A 371367 N 448742



Landamerkjavarða BO-129:005 við Gljúfrasel, horft til norðurs

“Að sunnan milli Mófellstaða og Mófellsstaðakots, ræður bein stefna úr grjótvörðu sem stendur á kletti í Gljúfraseli [004] (við Hornsá í há Selhól og þaðan bein stefna í Grástein [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Á klettahól beint ofan (austan) við Gljúfrasel er vörðubrot, um 1,5 km suðvestur af bæ 001.

Vörðubrotið er á hálfmosagrónum klettahól. Hornsá rennur suðvestan við hólinn en grasflöt með seltóftum 004 er norðvestan hólsins. Lynggróinn mói er austan við hólinn.

Vörðubrotið er á vesturbrún háhólsins. Það er um 0,3 m á hæð og 1,2 m í þvermál, 1-2 umför. Vörðubrotið er vel mosagróið í botn og er grjót mosa og skófum vaxið. Rétt sést í Selhól þegar horft er til ANA frá vörðunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313

BO-129:006 heimild um landamerki A 372500 N 450800

“Að austan er bein stefna úr Grásteini á Torfvörðu niður á flóanum rétt austan við svo nefndan Engjalæk [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Búið er að grafa skurð á merkjum í flóanum og sjást engin ummerki um torfvörðuna lengur en hún var 1,1 km norðan við bæ 001 og 110 m suðaustan við landamerkjavörðu 007.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313

BO-129:007 heimild um landamerki A 372432 N 450883

“Að austan er bein stefna úr Grásteini á Torfvörðu [006] niður á flóanum rétt austan við svo nefndan Engjalæk, úr þeirri vörðu til vesturs og í aðra torfvörðu nokkru neðar á flóanum [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Búið er að grafa skurð á merkjum í flóanum og sjást engin ummerki um torfvörðuna lengur en hún var 1,2 km norðan við bæ 001 og 110 m norðvestan við landamerkjavörðu 006.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313

BO-129:008 heimild um landamerki A 372000 N 450913

“[Frá vörðu 007] enn til vesturs gegnum vörðu á bakka Andakílsár í beinni stefnu á fremstu kletta Brekkufjalls,” segir í landamerkjaskrá Mófellsstaðakots frá 1923.

“[Frá vörðu 007] enn til vesturs í gegnum vörður á Bakkanum í beinni stefnu við fremstu kletta Brekkufjalls,” segir í landamerkjaskrá Mófellsstaða frá 1922. Ekki er ljóst hvort að um eina eða fleiri vörður var að ræða en ósamræmi er milli landamerkjaskráa Mófellsstaðakots og Mófellsstaða. Búið er að grafa skurð á merkjum í flóanum og sjást engin ummerki um torfvörður lengur. Ekki er ljóst hvar nákvæm staðsetning vörðu/varða var á þessum hluta landamerkjanna en ætla má að varða hafi verið vestan við skurðendann þar sem vatn úr honum rennur í Andakílsá. Sá staður er 430 m vestan við landamerkjavörðu 007 og 285 m norðaustan við landamerkjavörðu 013 en 1,3 km norðvestan við bæ 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313; Landamerkjabók I, nr. 67

BO-129:009 heimild um landamerki A 371900 N 449700

“Að vestan milli Horns og Mófellstaðakots ræður Hornsá ofan úr Gljúfraseli [004] og alt þangað til kemur niður að melhorninu[?] ofan og austanvert við túnið á Horni þar sem áin beygir til vesturs, þá ræður bein lína úr grjótvörðu sem hlaðin er á melbarminum[?] austan og ofanvert við áður nefndan árbug [...],” segir í landamerkjaskrá Mófellsstaðakots frá 1923.

“Hornsá ræður áfram landamerkjum milli Horns og Mófellsstaðkots niður á austari gilbrún þar sem gil þrengslin enda. Í gilbarmi þessum skal varða standa,» segir í landamerkjaskrá Horns frá 1923. Varðan var um 650 m vestur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Hálfgróinn melbakki er austan við Hornsá þar sem hún sveigir til norðurs. Merkjagirðing er uppi á bakkanum. Grasvöxtur er meiri handan (austan) girðingarinnar og hefur þar verið plantað nokkrum trjám.

Ekki sést varða eða vörðubrot á þessum slóðum. Líklega er varðan hrunin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313; Landamerkjabók II, nr. 346

BO-129:010 heimild um landamerki A 371951 N 449901

“[...] þá ræður bein lína úr grjótvörðu [009] sem hlaðin er á melbarminum[?] austan og ofanvert við áður nefndan árbug í gegnum þrjár torfvörður (þó með 3 steinum undir hverri) [sjá einnig 011 og 012] [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Jón Eiríkur Einarsson, heimildarmaður, mundi eftir vörðubroti, um 2-3 steinum, móts við fjárhús á Horni þegar landamerkjagirðing var sett upp. Varðan var um 610 m VNV af bæ 001.

Girðing og malarvegur eru í lyngmóa á merkjum austan við Hornsá.

Ekki sést til fornleifa og hefur steinunum líklega verið raskað eða gróið yfir þá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313

BO-129:011 heimild um landamerki

“[...] þá ræður bein lína úr grjótvörðu [009] sem hlaðin er á melbarminum[?] austan og ofanvert við áður nefndan árbug í gegnum þrjár torfvörður (þó með 3 steinum undir hverri) [sjá einnig 010 og 012] [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Merki Mófellsstaða og Horns voru gengin frá staðsetningu vörðu 010 að vörðu 013. Ekki fundust merki um fornleifar og ekki reyndist unnt að staðsetja vörðuna með innan við 50 m skekkju.

Girðing og malarvegur eru í lyngmóa á merkjum austan við Hornsá ofan (sunnan) Mófellsstaðavegar. Neðan (norðan) vegarins er tún.

Ekki sést til fornleifa og hefur vörðunni líklega verið raskað, eða að varðan er hrunin og gróið yfir steina í botni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313

BO-129:012 heimild um landamerki

“[...] þá ræður bein lína úr grjótvörðu [009] sem hlaðin er á melbarminum[?] austan og ofanvert við áður nefndan árbug í gegnum þrjár torfvörður (þó með 3 steinum undir hverri) [sjá einnig 010 og 011] [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Merki Mófellsstaða og Horns voru gengin frá staðsetningu vörðu 010 að vörðu 013. Ekki fundust merki um fornleifar og ekki reyndist unnt að staðsetja vörðuna með innan við 50 m skekkju.


Girðing og malarvegur eru í lyngmóa á merkjum austan við Hornsá ofan (sunnan) Mófellsstaðavegar. Neðan (norðan) vegarins er tún.

Ekki sést til fornleifa og hefur vörðunni líklega verið raskað, eða að varðan er hrunin og gróið yfir steina í botni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313

BO-129:013 varða landamerki A 371834 N 450685



Undirstöður landamerkjavörðu BO-129:013, horft til norðurs. Ef vel er að gáð sést glitta í grjót upp úr grassverði á milli tveggja staura fremst á mynd til hægri

"[...] þá ræður bein lína úr grjótvörðu [009] sem hlaðin er á melbarminum[?] austan og ofanvert við áður nefndan árbug í gegnum þrjár torfvörður [010-012] (þó með 3 steinum undir hverri) og í fjórðu vörðuna sem stendur neðst á móunum rjett niður við Andakílsá, skal sú varða vera hlaðin úr grjóti," segir í landamerkjaskrá Mófellsstaðakots frá 1923.

"Frá [... vörðu 010 er] sjónhending í vörðu við Hornssýki; sem er sunnanvert Andakílsár og rennur í Kotslæk," segir í landamerkjaskrá Horns frá 1922. Um 10 m sunnan við bakka Andakílsár eru grjóthlaðnar undirstöður vörðu, vestan við girðingu á merkjum milli Horns og Mófellsstaðakots. Minjarnar eru um 1,2 km norðvestan við bæ 001.

Flatlend, sléttuð tún eru allt í kringum leifarnar af vörðunni en smá óræktað þýfi næst henni, norðan og sunnan við hana.

Grunnur vörðunnar er um 1 m á kant og í honum sést jarðlægt grjót. Grunnurinn er um 0,2 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara grjóts í honum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 313; Landamerkjabók II, nr. 346

BO-129:014 heimild um kálgarð A 372553 N 449714

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður fast norðan við bæ 001. Á þeim stað stendur íbúðarhús Mófellsstaðakots.

Kálgarðurinn var á flatlendu svæði. Sund er á milli bæjarhóls og núverandi íbúðarhúss. Húsagarður er austan við íbúðarhúsið.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn vegna bygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-129:015 heimild um útihús A 372517 N 449725

Á túnakort frá 1918 er teiknað mannvirki eða útihús með merkingunni «haug» um 30 m norðvestan við bæ 001. Það var líklega sunnan við vegarslóða sem liggur yfir Bæjarlækinn. Slóðinn er fast sunnan við uppbyggt malarplan vestan við fjósið. Líklegt verður að teljast að þarna hafi verið haughús en þó er ekki hægt að slá því föstu.

Á svæðinu er sléttað tún nærri rotþró bæjarins.

Engin ummerki sjást um mannvirkið í túninu vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-129:016 heimild um leið A 372546 N 449734

Á túnakorti frá 1918 er sýndur vegur sem liggur til norðausturs frá bæ 001. Hann var þar sem heimreið liggur að bænum nú (2017).

Leiðin lá um sléttað, fremur flatlent tún.

Engin ummerki sjást um eldri vegagerð eða traðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918

BO-129:017 náma mógrafir A 372158 N 449110



Mógrafir BO-129:017, horft til norðvesturs

Greinilegar mógrafir eru norðaustan við Selhól [sjá Gljúfrasel 004], um 700 m suðvestur af bæ 001.

Mógrafirnar eru í deiglendri, hálfþurri mýri. Lyngmói er ofan (sunnan) við. Grafirnar eru um 25 m austan við læk sem rennur til norðurs. Melhóll, nefndur Selhóll, er vestan lækjarins. Aflíðandi brekka er að læknum.

Mógrafirnar ná yfir svæði sem er um 50 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Þær skiptast í þrjár grafir, aðgreindar með bókstöfum. Gröf A er stærst og skýrust. Hún er u.þ.b. ferhyrnd, 25 x 20 m að innanmáli. Bakkar grafarinnar eru hæstir um 0,7 m en lækka til vesturs. Hún er gróin, deiglend með mýrarpollum á stöku stað. Lítið rof er í bökkum í suðausturhorni. Rás er úr suðvesturhorni grafarinnar niður að læknum. Um 10 m sunnan við gröf A eru tvær óljósari grafir, vel grónar. Sú minni, B, er um 1,5 x 3 m að innanmáli, hæð bakka um 0,4 m. Gröf C er grafin inn í brekkuna vestan við gröf B. Hún er um 13 x 7 m að innanmáli, hæð bakka 0,5-0,6 m.

Hættumat: engin hætta

BO-129:018 gryfja hesthús A 372555 N 449628

Jón Eiríkur Einarsson, heimildamaður, sagði frá gömlu hesthúsi sem var í túni vestan við Bæjarlækinn. Þar var ekki tún nema að litlu leyti þegar túnakortið var gert og hefur hesthúsið verið utan þess á þeim tíma (1918). Hesthúsið var um 80 m sunnan við bæ 001 og 30 m vestan



Grunn gryfja þar sem hesthús BO-129:018 var, horft til suðausturs

við fjárhús 002. Óljós ummerki sjást um það enn.

Þar sem hesthúsið var er nú (2017) sléttað tún í aflíðandi halla til norðvesturs.

Í túninu er grunn ferköntuð lægð þar sem hesthúsið var. Hún er um 4x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-

suðaustur. Lægðin er 0,1 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-129:019 náma mógrafir A 372671 N 449410



Horft til norðausturs yfir mógrafir BO-129:019

Allmiklar mógrafir eru í slakka í melbrúnum austan við Bæjargil, um 320 m suðaustan við bæ 001.

Grösugur slakki er upp af heimatúninu efst í brekku neðan við melbrúnir. Lækur rennur eftir miðjum slakkanum og niður brekkuna. Mógrafir eru beggja vegna við hann.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 55x50 m að stærð og snýr nálega austur vestur. Grafirnar eru grónar og þurrar en deiglent og smáþýft er innan svæðisins sem hallar lítillega til norðurs. Hæst er upp úr gröfunum til suðurs eða 1-1,5 m. Grafirnar eru samfelldar og eru brúnir þeirra nokkuð skýrar, sérstaklega austast (austan við læk).

Hættumat: engin hætta

BO-129:020 *Réttarbakki* bæjarstæði býli A 372106 N 450826

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 segir: «Eyðikot, bygt í heimalandi [Mófellsstaða] fyrir 50 árum. Varaði byggðin tvö ár.” Um þetta kot segir í Byggðum Borgarfjarðar: “Réttarbakki. Svo nefndist kot í landi Mófellsstaða, sem var í byggð um tveggja ára skeið fyrir 1660. Kotið stóð vestast í Mófellsstaðaflóa, norður undir Andakílsá.” Í landi Mófellsstaðakots er rústahóll og fjárhústóft litlu austan við Andakílsá um 1,2 km norðvestan við bæ 001. Ætla má að þar hafi eyðibýlið verið sem nefnt er í Jarðabók Árna og Páls. Að sögn Jóns Eiríks Einarssonar, heimildamanns, hefur þetta svæði gengið undir nafninu Rústir. Örnefnið Réttarbakki er ranglega merkt inn á Örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar nokkru norðar



Rústir Réttarbakka BO-129:020, horft til austurs




Klofin fiskisleggja sem fannst í rofsári í rústum Réttarbakka

en þessar minjar. Nafn býlisins gefur til kynna að í nágrenni þess eða á sama stað hafi verið rétt en engin ummerki um slíkt mannvirki sést á svæðinu.

Minjarnar eru á lágri hæð í flötu, þýfðu engi. Á svæðinu eru skorningar þar sem vatn rennur af engjum út í Andakílsá. Lækjarfarvegur er 10-20 m suðvestan við minjarnar og þurr farvegur er fast norðaustan við þær.



Fjárhústóft B á bæjarstæði Réttarbakka BO-129:020, horft til suðurs



Minjar á bæjarstæði Réttarbakka

Minjarnar eru á svæði sem er um 44x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Fjárhústóft B er suðaustast á svæðinu. Hún er tvískipt og torfhlaðin og er 7x7 m að stærð. Hvort hólf er 5x1 m að innanmáli og snúa þau norðvestur-suðaustur. Op er á þeim í norðvesturenda. Þýft er inni í norðaustara hólfinu og er þýfið mögulega ummerki um signar undirstöður garða. Mesta hæð veggja er 0,6 m. Utan- og innanmál tóftarinnar er nokkuð skýrt og virðist ekki um mjög fornar minjar að ræða. Rústahóll A er um 7 m norðvestan við tóft B. Í honum eru leifar af býlinu Réttarbakka. Hóllinn er um 25x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er hæstur um 1 m í suðausturhluta. Á hólnum eru þrjú greinanleg hólf. Í austurhorni er hólf I sem er um 6x3 m að innanmáli en lágur veggur skiptir því í tvö minni rými. Suðvestan við það er hólf II og er það 5x7 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Signir veggir eru meðfram þessum hólfum á öllum hliðum nema norðvesturhlið en þar er líklega útflattur veggur. Mesta hæð veggja er 0,6 m. Norðvestan við hólf I og II er mjög óljóst hólf eða rými III í aflíðandi halla til norðvesturs. Þar er lítið um þúfur í suðausturenda en verður þýfðara eftir því sem lengra dregur til norðvesturs. Greinanleg innri brún veggjar er í suðausturenda og er hólfið 8,5x10 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur.

Grjót sést hér og hvar í rofi. Í vesturhorni er laust grjót og þar fannst helmingur af klofinni fiskisleggju. Líklegt er að aftur hafi verið tekin upp búseta á þessum stað eftir að Jarðabókin var skrifuð eða að húsin hafi verið nýtt eftir að búsetu þar lauk. Samband fjárhúsanna við býlið er ekki ljóst en þau virðast ekki vera frá elstu tíð búsetu á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM IV, 158; BB II, 243; Örnefnakort SS

BO-129:021 renna áveita A 372378 N 450421

Skurður sem ætla má að sé handgrafinn er í mýrlendi neðan við veg um 730 m norðan við bæ 001 og um 40 m norðvestan við túnenda.



Áveituskurður BO-129:021, horft til SSA

Er í flatlendri, þýfðri mýri.

Skurðurinn er um 1 m á breidd og 70 m á lengd, liggur NNV-SSA. Uppmoksturinn er vestan við hann. Skurðurinn var að öllum líkindum grafinn til framræslu en aldur hans er ekki þekktur. Skurðurinn er grunnur, aðeins 0,2 m á dýpt og stendur grunnt vatn í honum. Hann er dýpri í NNV-enda þar sem hann er 0,3-0,4 m á dýpt. Vatn rennur úr skurðinum í vatnsfarveg.

Hættumat: engin hætta

BO-129:022 kantur kálgarður A 372521 N 449694

Á túnakort frá 1918 er merktur kálgarður fast suðvestan við bæ 001. Nánast öll ummerki um hann eru horfin vegna byggingaframkvæmda en þó sést enn kantur niður við Bæjarlæk sem afmarkað hefur kálgarðinn.



Kantur BO-129:022, leifar af kálgarði, horft til vesturs


Steinsteypt fjós og hlaða eru þar sem kálgarðurinn var. Skúrbygging er sunnan við hlöðuna og áföst henni. Grasi gróið er í kringum þessar byggingar að sunnan og austan en rask vestan við þær og malarhlað norðan við þær.

Einu leifarnar af kálgarðinum sem enn sjást er gróinn kantur sem er 15 m á lengd og liggur frá ASA til norðvesturs. Hann er um 1 m á hæð. Ekki sést í grjóthleðslur í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130 Horn



Minjar í heimatúni Horns BO-130. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu.

12 hdr. 1707. JÁM IV, 156. Hvanneyrarkirkjujörð síðan 1420 að hún var lukt kirkjunni fyrir portio hennar, þá voru hús engin - DI IV, 286. Kirkjutungur hafa líklega tilheyrt Horni í upphafi og komist með býlinu undir kirkjuna. Þetta eru nú aðskilin lönd. Horn á væna skák austan Hornsár neðan til, annars er hún á merkjum við Mófellsstaði. Kirkjutungugil er á merkjum milli Kirkjutungna og Hornslands en Álfsteinsá er á merkjum við Efri-Hrepp. Horni fylgir Hornsengi, slægjuítak í Suðurengjum sunnan við Andakílsá. Ábúð með föstu aðsetri lauk 1975 en landið var áfram nýtt. Búseta hófst aftur á jörðinni árið 2011.

1918: 23.843 m1 = 7 1/2 dagsl. Garðar 634 m2. “Landið er fremur ófrjótt neðan til, einkum mólendi, en eyrar með ám. Ofar skiptast á holt og hryggir, mýrarsund og velllendisbrekkur. Inn í Skarðsheiði, austan Skessuhorns (Heiðarhorns), gengur dalur, Hornsdalur, sem er allgróinn.” BB II, 231

BO-130:001 *Horn* bæjarhóll bústaður A 371814 N 450013

Bæjarhóllinn á Horni er frammi á bakka Hornsár í miðju túni sem er sléttað. Túnið er fremur flatlent en hækkar þó töluvert í suðausturenda. Núverandi íbúðarhús er 130 m suðvestar og stendur hærra, en það er í gömlum útihúsum sem hafa verið innréttuð að hluta sem íbúðarhúsnæði. Á túnakorti frá 1918 eru sýnd tvö útihús og kálgarður auk bæjarhúsa á því svæði sem bæjarhóllinn nær yfir.



Bæjarhóll Horns BO-130:001, horft til NNA

Túnið er ekki lengur slegið en nýtt til beitar. Minjunum stafar mikil hætta af Hornsá sem brýtur af bökkum sínum.

Bæjarhóllinn er stór og mjög greinilegur, um 48x28 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er fremur flatur að ofan og er 2 m á hæð, hæstur til suðurs og suðausturs. Ekki eru mannvirkjaleifar sýnilegar á honum, aðeins ójöfnur. Syðst á hólnum stendur vatnskrani upp úr sverði. Á þeim hluta hólsins man Jón Eiríkur Einarsson, heimildamaður á Mófellsstaðakoti, eftir fjósi og líklega hesthúsi. Tunga gengur út úr bæjarhól til norðvesturs þar sem hann er lægri og þar eru steypubrot og grjót í sverði innan um þýfi en annars er hóllinn þúfnalaus að kalla.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130:002 hleðsla samgöngubót A 371738 N 450027



Brúarhleðsla BO-130:002, horft til norðvesturs

Grjóthleðsla er í læk sem rennur í gegnum gamla heimatúnið um 80 m vestan við bæ 001. Læknum hefur verið veitt í skurð og hefur runnið um ræsi undir hleðsluna en nú er vatnið búið að finna sér nýjan farveg vestan við hleðsluna.

Lækurinn rennur langsum eftir vestanverðu túninu sem er sléttað og nokkuð jafnlent en er ekki lengur slegið.

Hleðslan er að öllum líkindum brúarhleðsla á leið að bænum. Hún er um 3,5 m á lengd og 3 m á breidd og snýr austur-vestur. Hleðslan er sigin og gróin. Hún er hæst í austurenda, 0,2-0,3 m á hæð. Í henni sést 1 umfar en hún er nánast alveg sokkin í vesturenda. Aldur mannvirkisins er ekki þekktur og ekki er víst að það sé nógu gamalt til að teljast til fornminja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-130:003 kantur kálgarður A 371817 N 450043

Grjóthlaðinn kantur er á árbakka Hornsár fast norðan við bæjarhól 001. Er hann líklega hluti af kálgarði sem sýndur er á túnakorti frá 1918 en gæti einnig tilheyrt varnargarði. Útihús var



Leifar af kálgarði BO-130:003, horft til suðurs

sambyggt kálgarðinum sem sýnt er á túnakorti en engin ummerki þess sjást lengur, líklega vegna sléttunar.

Kanturinn er frammi á grónum árbakkanum og rennur áin fast neðan við hann. Gróður er grænni á bakkanum við norðvesturenda kantsins. Þar hækkar bakkinn og helst þannig suðaustur fyrir bæjarhólinn.

Kanturinn er 12 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Við norðvesturendann virðist hann beygja til suðvesturs á um 3 m löngum kafla og þar norðvestan við er grunn lægð í bakkann. Á þeim stað er líklegt að útihúsið hafi verið sem var sambyggt kálgarðinum og sýnt er á túnakorti. Kanturinn er hlaðinn úr árgrjóti og er 0,5 m á hæð. Í honum eru 2-3 umför greinanleg en hleðslur eru úr lagi gengnar og hrundar í norðvesturenda. Óljóst má greina innri brún hleðslunnar og sýnist kanturinn vera um 1 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130:004 náma mógrafir A 371629 N 449547



Mógrafasvæði BO-130:004, horft til suðurs

Ummerki um mótekju má sjá niður við Hornsá í litlum hvammi um 500 m sunnan við bæ 001.

Hvammurinn er grösugur og mýrlendur. Suðaustast í honum er grýtt en gróin eyri. Allbrattar hlíðar eru upp (norðvestur) af hvamminum að hömrum girtri gilbrún.

Mógrafasvæðið er tvískipt en nær yfir svæði sem er 56x17 m að stærð. Annarsvegar eru ummerki um móskurð neðst í hvamminum, niður við áreyri, og hins vegar á stalli suðvestast á svæðinu þar sem er stórþýft og grænni grasgróður en annarsstaðar í kring. Grafirnar eru samfelldar og eru fremur skýrar brúnir í suðvesturjaðri þeirra. Ekki er hærra en 1 m upp úr gröfunum og eru þær grónar og þurrar. Í suðvestari hlutanum eru jarðföll á stöku stað sem virðast náttúruleg.

Hættumat: engin hætta

BO-130:005 *Kvíahóll* þúst útihús A 371758 N 450116



Þúst BO-130:005, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús í norðvesturenda heimatúnsins, um 120 m norðvestan við bæ 001. Þar sést enn þúst þó að sléttað hafi verið yfir útihúsið. Afar líklegt er að þessi þúst sé hólbunga sem nefnd er í örnefnaskrá: "... neðst í túni er hólbunga, sívafin grasi og gróðri sem heitir Kvíahóll." Guðrún Eiríksdóttir, heimildamaður frá Mófellsstaðakoti, sagði örnefnið Kvíahól hins vegar eiga við hól sem í örnefnaskrá er nefndur Álfhóll, sjá 011.

Minjarnar eru nærri suðurenda túnsins sem er sléttað en ekki lengur slegið. Utan túnsins er smáþýfður mói.


Rústahóll eða þúst er þar sem útihúsið var. Þústin er um 10x10 m að stærð, nokkuð ferköntuð en horn hennar rúnuð. Hún er 0,1-0,2 m á hæð. Grunn lægð er í miðja þústina. Innanmál hennar er mjög óljóst en virðist vera um 4x4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Horn, 3

BO-130:006 tóft útihús A 371842 N 449918





Útihústóft BO-130:006, horft til suðurs á ljósmynd

Um 95 m suður af bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1918. Á þessum stað er tóft í túnjaðri.

Tóftin er í jaðri sléttaðs túns, norðan undir þýfðri brekku. Girðing er milli tóftar og brekku.

Tóftin er einföld, 8,5 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grasi gróin en grjót sést enn víða í veggjum, þó minnst á vesturhlið. Hæð veggja er mest um 0,6 m, hæst á austurhlið. Innri brún sést ekki í norðvesturhorni og er vesturveggur hæstur innanmáls, um 0,3 m. Breidd veggja er 1,2-2 m en tóftin er grafin inn í brekkuna að sunnanverðu. Grjóthrúga er við norðurhlið tóftarinnar, hugsanlega hefur hluti af því grjóti komið til vegna grjóthreinsunar í túni. Mögulega er hér ekki um sama mannvirki að ræða og merkt er inn á túnakort 1918 þó staðsetning sé sú sama, en lögun útihússins á kortinu er mjög ólík lögun tóftarinnar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130:007 tóft útihús A 371866 N 449876



Útihústóft BO-130:007, horft til SSA



Tóftir BO-130:007 og 008 auk gerðis 015 og garðs 020

Um 145 m suður af bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1918. Á þessum stað er tóft. Fjárhústóft 008 er um 4 m VSV af tóftinni.

Syðsti hluti túnsins eins og það er sýnt á túnakorti hefur ekki verið sléttaður og er þar þýfð hæð. Tóftir 007, 008 og garðar 020 og 015 eru þar ofan við. Lyngmói er sunnan við minjarnar en Hornsá rennur austan við og lækur vestan við.

Tóftin er einföld, um 7 x 5 m að stærð og snýr NNV SSA. Tóftin er grasi gróin og nokkuð hlaupin í þúfur þó slétt sé inni í henni. Breidd veggja er 1,2-1,5 m, hæð veggja að innan mest 0,5-0,6 m á SSA-hlið en NNV-hlið er mjög óskýr og hæst um 0,15 m. Frá NNA-horni gengur hryggur eða veggur um 6 m til NNV. Hann er um 1,8 m breiður og mest um 0,3 m hár. Óljóst er hvort hryggurinn er náttúrulegur eða manngerður. Svæðið er beitt og er tóftin vel nöguð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130:008 tóft fjárhús A 371851 N 449874



Fjárhústóft BO-130:008, horft til NNV

Um 140 m suður af bæ 001 er útihús merkt á túnakort frá 1918. Á þessum stað er fjárhústóft. Útihústóft 007 er um 4 m ANA af tóftinni.

Syðsti hluti túnsins eins og það er sýnt á túnakorti hefur ekki verið sléttaður og er þar þýfð hæð. Tóftir 007, 008 og garðar 020 og 015 eru þar ofan við. Lyngmói er sunnan við minjarnar en Hornsá rennur austan við og lækur vestan við.

Tóftin er um 16 x 9 m að stærð, snýr NNV-SSA. Hæð veggja að utan er á bilinu 0,5-1,5 m, hæst á NNV- og VSV-hlið. Tóftin er grasi gróin en víða sést í grjót. Útlínur tóftarinnar eru skýrar en innri brúnir eru mjög óljósar. Hæð veggja innanmáls er mest um 0,3 m. Breidd veggja er um 1,2 m. Þil hefur líklega verið á NNV- og SSA-hlið. Tóftin skiptist í tvö hólf, fjárhús norðantil og hlöðu sunnantil. Óljóst markar fyrir tveimur görðum í fjárhúshluta. Þeir eru hvor um sig um 6 m á lengd og 1,2 m á breidd, hæstir um 0,2 m. Steypt bað er í NNV-enda vestari garðans. Það er um 1x0,5 m að stærð. Tréstaurar standa í NNA- og V-

horni. Hlaðan í suðurhluta er mjög óskýr en virðist vera um 7x4 m að innanmáli og snýr eins og fjárhúshlutinn. Mikið er af járn- og timburrusli í tóftinni sem hálfgróið er yfir og er bárujárnsbrak á stöku stað. Svæðið er beitt og er tóftin vel nöguð. Austarlega upp við ANA hlið tóftarinnar er grjótdreif, um 8,5 x 3,5 m að stærð, niðurgrafin um 0,2 m. Ekki er ljóst hvernig hún tengist minjunum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130:009 *Stekkur* tóft stekkur A 371415 N 450121



Stekkjartóft BO-130:009, horft til suðurs á ljósmynd



“Ofan við Safneyrarnar er langt holt, sem heitir Stekkjarás [sjá 019]. Undir honum eru brekkur, sem heita Stekkjarbrekkur og í þeim eru rústir sem heita Stekkur,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 410 m VNV af bæ 001 og 45 m norðvestan við stekkjartóft 019.

Stekkurinn er norðvestanundir grasi vaxinni hæð. Rof er á stöku stað í brekkunni. Lítil hálfgróin melbunga er norðvestan við stekkinn en annars mólendi. Rafmagnslína sem liggur í stefnu VNV-ASA er um 10 m norðvestur af tóftinni.


Stekkurinn er einfaldur, um 6,5 x 4,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, grasi vaxinn. Hann er hlaðinn úr torfi á þrjá vegu en brekkan notuð fyrir suðausturhlið. Op er austarlega á norðausturhlið. Hæð veggja er um 0,3 m en breidd um 0,6 m. Veggir stekkjarins eru byrjaðir að hlaupa í þúfur og nokkuð rof í þeim en slétt er innan stekkjarins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Horn, 1

BO-130:010 *Hvanneyrarsel* þúst sel A 370454 N 449072





Þúst BO-130:010 í Hvanneyrarseli, horft til NNA á ljósmynd

“... neðantil neðan við [Miðhól] er Hvanneyrarsel, eru það rústir eftir sel sem er nefnt þessu nafni um 1700,” segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvaðan þessi heimild um nafn selsins er fengin. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 segir um selstöðu í landi Horns: “Selstöðu hefur jörðin [Horn] fyrir sjálfa sig í heimalandi, hana má ábúandinn öðrum ljá, ef hann vill ei sjálfur brúka, og hefur það sjaldan gjört verið, en þá ske hefur, fyrir einhvörn góðvilja minni en xx álnir.” Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um selstöður í Hvanneyrar- og Bæjarþingum 1840: “Selstöður veit eg eigi tili að aðrir bæir eigi en Hvanneyri í Kaldárdal í Indriðastaðalandi [127:028] ... Og aðra í Kirkjutungum í Skarðsheiði norðanvert, er vel brúkanleg en notast nú ekki nema til að leigja hana nálægum bæjum til beitar og slægna ... .” Líklegt verður að teljast að selið sem nefnt er í örnefnaskrá, selið sem nefnt er í Jarðabókinni og selið sem nefnt er í Kirkjutungum í Sýslu- og sóknalýsingum sé eitt og hið sama. Ekki er þó hægt að útiloka að selstöður hafi verið á fleiri en einum stað í landi Horns. Minjar um Hvanneyrarsel eru um 1,7 km suðvestur af bæ 001, um 580 m neðan (NNA) við Miðhól.

Þýfðar mosavaxnar brekkur eru niður (norður) undan Miðhól en grasi vaxið neðar. Miðhóll er í Kirkjutungum og eru þær afmarkaðar til suðausturs af læk sem rennur í grunnu gili og til

norðvesturs af Álfsteinsá, sjá BO-131:014.

Um 20 m ofan (norðvestan) við lækjargilið er þúst, u.þ.b. hringlaga, sem er um 13 x 11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin rís hæst um 0,7 m og er mjög hlaupin í þúfur. Hún er grasi gróin en glittir í grjót á stöku stað. Innanmál er óljóst en í suðvesturhluta markar fyrir tveimur dældum, um 0,3 m djúpum. Dæld I er suðaustar, um 2 x 2 m að innanmáli. Dæld II er um 1 m frá dæld I, um 1,5 x 1 m að innanmáli. Frá austurhlið þústarinnar sveigir hryggur til norðurs og er hann hugsanlega manngerður. Hryggurinn er alls um 17 m langur, 3-4 m breiður og um 0,5 m hár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Horn, 3; JÁM IV, 156; SSMB, 256

BO-130:011 *Álfhóll* örnefni huldufólksbústaður A 371702 N 450065



Álfhóll/Kvíahóll BO-130:011, horft til VSV



Möguleg ummerki um kvíar neðst í Álfhól/Kvíahól, horft til norðvesturs

“Norðvestast í túninu er sérkennilegur hóll, sem nefndur er Álfhóll ...,” segir í örnefnaskrá. Þessi hóll er að öllum líkindum stór melhóll um 120 m norðvestan við bæ 001 og 70 m suðvestan við þúst 005. Guðrún Eiríksdóttir, heimildamaður frá Mófellsstaðakoti, hafði alltaf heyrt þann hól nefndan Kvíahól, sjá einnig 005.

Hóllinn er í túnjaðri, á milli túns og heimreiðar. Grasi gróið er í kringum hann og neðst í honum en lítt gróinn melur er ofar dregur.

Hóllinn er hár og mikill um sig. Engar þekktar sagnir eru um hólinn sem tengjast álfum. Hafi verið kvíar við hólinn er líklegasti staðurinn í kverk sem myndast á milli hólsins og hæðar sunnan við hann, sem er í túnjaðri fast austan við heimreið. Þessi kverk er sunnan í hólnum. Þar er lítið hólf sem virðist grafið inn í hallann að hluta og mögulega hlaðið fyrir það að hluta að austanverðu. Er þetta meinta hólf óskýrt og óreglulegt í laginu. Greinilegasti hlutinn er 4x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er í ASA horni. Út frá þessum meinta hólfi eru lægðir í hallanum til norðvesturs og suðvesturs sem virðast vera náttúrulegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Horn, 3

BO-130:012 varða óþekkt A 371456 N 450099



Varða BO-130:012, horft til norðurs. Á milli vörðu og rafmagnsstaurs er stekkjartóft BO-130:019

Varða er á Stekkjarási 019 um 370 m vestur af bæ, rétt ofan (norðaustan) við stekkjartóft 019. Varðan er u.þ.b. á holtinu miðju.

Varðan er á hálfgrónum holthrygg með lágum klettum sem liggur suðvestur-norðaustur. Mýrlendi er suðaustan við en mólendi norðvestan við.

Varðan stendur á mosagróinni klöpp. Hún er um 0,7 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Í henni sjást 5-6 umför. Varðan er mosagróin í botn og er grjót skófum vaxið, einkum á norðvesturhlið. Lítillega hefur hrunið úr vörðunni til norðausturs. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en mögulega hefur hún vísað á stekk 019.

Hættumat: engin hætta

BO-130:013 heimild um kálgarð A 371847 N 449973

Um 50 m suðaustur af bæ 001 er kálgarður merktur inn á túnakort frá 1918. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem garðurinn var er sléttað tún sem ekki er lengur slegið en er beitt. Hornsá rennur um 30 m austan við.


Ekki sjást leifar af kálgarðinum og hefur hann líklega horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130:014 hleðsla óþekkt A 371773 N 449928





Hleðsla BO-130:014, horft til suðurs á ljósmynd

Um 90 m suðvestur af bæ 001 er mannvirki merkt í túnjaðri á túnakort frá 1918. Á þessum stað er L-laga hleðsla.

Í suðvesturjaðri túns er lítill skurður eða renna í stefnu norðvestur-suðaustur. Suðvestan við rennuna er lágur þýfður bakki og er hleðslan ofan á bakkanum í aflíðandi brekku.

Hleðslan er L-laga, suðausturhlið hennar er 6 m löng en suðvesturhlið 3 m löng. Hún er 0,2-0,3 m á hæð, um 1 m á breidd en ytri brún er óskýr og er suðausturhlið grafin inn í brekkuna. Hleðslan er grasi gróin en einn steinn sést í suðausturhlið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-130:015 gerði óþekkt A 371856 N 449858



Gerði BO-130:015, horft til suðausturs

Um 5 m suður af fjárhúsum 008, um 160 m suður af bæ 001 er ferhyrnt gerði, hugsanlega aðhald eða kálgarður.

Syðsti hluti túnsins eins og það er sýnt á túnakorti hefur ekki verið sléttaður og er þar þýfð hæð. Tóftir 007, 008 og garðar 020 og 015 eru þar ofan við. Lyngmói er sunnan við minjarnar en Hornsá rennur austan við og lækur vestan við. Gerðið er rétt norðan við mörk graslendis og lyngmóa.

Gerðið er 12,5 x 9,5 m að stærð, snýr NNV-SSA. Breidd veggja er víðast 1,5-2 m en ANA-hlið er grafin inn í brekku. Hæð veggja er 0,2-0,7 m innanmáls, lægst á NNV- og VSV-hlið. Gerðið er torfhlaðið, grasi og mosa gróið. Aðeins sléttara er innan gerðis en utan. Svæðið er beitt og er gerðið vel nagað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-130:016 náma mógrafir A 371400 N 449974

“Suður af þeim [Efri-Heiðabrekkum] er svo Stóri-Sandhóll, það er há melbunga sem nær alveg út að Álfsteinsá og ármegin hefir hrunið úr honum svo þar er hann miklu brattari en mót austri, því þar halla af honum mómýrar með 6 feta djúpum mó og 10 þumlunga fauskum,” segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru á nokkrum stöðum á stóru svæði um 400 m vestan við bæ 001.

Þær eru í þýfðri mýri milli lágra klapparholta.

Mógrafir sjást á fjórum stöðum á svæði sem er 360x160 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru nokkuð skýrt afmarkaðar og grónar. Sumar þeirra eru blautar en þó stendur ekki vatn í þeim. Almennt má segja að grafirnar séu grunnar eða 0,3-0,6 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir BO-130:016, horft til norðurs

Heimildir:Ö-Horn, 1

BO-130:017 varða óþekkt A 371513 N 450129



Varða BO-130:017, horft til norðausturs

Vörðubrot er á Stekkjarási 019 um 320 m vestur af bæ, um 65 m ANA af vörðu 012. Vörðubrotið er norðaustarlega á holtinu.

Vörðubrotið er á hálfgrónum holthrygg með lágum klettum sem lyggur suðvestur-norðaustur. Mýrlendi er suðaustan við en mólendi norðvestan við.

Vörðubrotið er á um 1,5 m háum, hálfgrónum kletti. Það er 0,8-1 m í þvermál, um 0,3 m hátt og sjást í því um 3 umför. Vörðubrotið er lyng og mosagróið í botn og er grjót mjög skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta


BO-130:018 *Hornsrétt* hleðsla rétt A 371894 N 449871

“Þess má geta, að til er reglugerð um fjallskil frá 1792, og er þá þessi rétt [Hreppsrétt BO-131:004] nefnd Hornsrétt,” segir í örnefnaskrá Efri-Hrepps eftir Ara Gíslason. Í fylgiskjali með örnefnaskrá Efri-Hrepps segir hins vegar að þetta sé ekki sama réttin og að Hornsrétt sé í Hornslandi. Ekki er alveg ljóst hvar þessi rétt var en Jón Eiríkur Einarsson, heimildamaður frá Mófellsstaðakoti, mundi eftir rétt í landi Horns niður við Hornsá. Ekki er hægt að fullyrða að það sé Hornsrétt en engar vísbendingar fundust um aðra rétt í landi Horns. Ógreinilegar leifar af rétt eru um 160 m suðaustan við bæ 001 og 410 m norðvestan við mógrafir 004.

Minjarnar eru fast austan við jaðar gamla heimatúnsins, á grasgefinni grund frammi á árbakkanum, austan og norðan undir lágum brúnum.

Leifar af réttinni sjást á svæði sem er um 20 m á lengd og 10 m á breidd, snýr norður-suður. Á vesturhlið er greinilegur kantur frammi á náttúrulegri brún sem er 6 m á lengd og 0,6 m á hæð innanmáls. Í kantinum sjást grjóthleðslur. Á austurhlið er mjög lágur og óljós kantur og í honum og við hann er stöku grjót sem sést í grassverði. Þessi kantur er meðfram allri austurhliðinni





Meintar minjar um Hornsrétt BO-130:018, horft til suðurs


og gengur grjóthleðsla frá suðurenda hans til vesturs á 2 m löngum kafla sem hefur afmarkað rétt til suðurs. Óljós hryggur liggur frá norðurenda austurhliðar til vesturs á um 3 m löngum kafla og hefur þar verið afmörkun á réttinni til norðurs. Litlu norðan við norðurenda austurhliðar er áframhald af jarðlægu grjóti til norðurs á 25 m löngum kafla. Líklega hefur verið girðing meðfram ánni og grjóti verið raðað undir hana. Ekki er ljóst af hverju ekki eru greinilegri ummerki um þessa rétt. Ef til vill var hún að mestu úr timbri eða tvístrengja-girðingu ofan á lágum hleðslum. Einnig getur verið að hún hafi verið rifin og grjót úr henni notuð í önnur mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur AG, 1; Ö-Efri-Hreppur, GÞ fylgiblað, 1

BO-130:019 *Stekkjarás* tóft stekkur A 371460 N 450105





Stekkjartóft BO-130:019 á Stekkjarási, horft til austurs á ljósmynd

Mjög sigin grjóthlaðin stekkjartóft er uppi á Stekkjarási fast norðan við vörðu 012, 45 m suðaustan við Stekk 009 og 360 m vestan við bæ 001.

Ásinn er gróinn að hluta en víða eru melar og klappir. Rof nær alveg upp að tóft að norðvestan og suðvestanverðu. Grasi gróið er til norðausturs en klöpp til suðausturs. Rafmagnsstaur er fast við norðurhorn tóftarinnar og hefur raskað henni lítillega.

Stekkurinn er hlaðinn norðvestan undir lága klöpp sem myndar suðaustur-langvegg hans. Tóftin er um 17x7 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er tvískipt og er aðrekstrargarður í ANA-enda. Allar hleðslur eru hrundar og veggir því útflattir og allt að 2 m á breidd. Innra hólfið sem er í suðvesturenda er 5x5 m að innanmáli. Op er á því í austurhorni til norðausturs, inn í fremra hólfið. Það er 5x2 m að innanmáli. Á u.þ.b. miðjum norðausturvegg tóftar er op út úr fremra hólfinu og frá því liggur aðrekstrargarður til norðausturs sem er 4 m á lengd. Ofan og suðaustan við opið sjást aðeins undirstöður veggjar á norðausturhlið en allt annað grjót hefur verið rifið úr veggnum. Á þessum hluta veggjarins sjást aðeins tvær jarðlægar grjótraðir meðfram innri og ytri brún veggjar.

Hættumat: engin hætta

BO-130:020 garðlag óþekkt A 371844 N 449865



L-laga garðlag BO-130:020, horft til suðurs


Um 5 m vestur af fjárhúsum 008 og um 150 m suður af bæ 001 er L-laga garður.

Syðsti hluti túnsins eins og það er sýnt á túnakorti hefur ekki verið sléttaður og er þar þýfð hæð. Tóftir 007, 008 og garðar 020 og 015 eru þar ofan við. Lyngmói er sunnan við minjarnar en Hornsá rennur austan við og lækur vestan við. Garðurinn er vestarlega á hæðinni.

Garðurinn er torfhlaðinn og grasi gróinn. Hann er sem fyrr segir L-laga og er VSV-hlið hans 11 m löng en SSA-hlið 8 m löng. Breidd garðsins er 1,5-2 m en ytri brún er óljós og rennur saman við þýfi í kring. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Innan hornsins sem garðurinn myndar er tiltölulega slétt. Svæðið er beitt og er garðurinn vel nagaður. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hann var hlaðinn en þarna kann að hafa verið heystæði við fjárhús 008.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-131 Efrihreppur



Minjar í heimatúni Efri-Hrepps BO-131. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti árið 1918, eru sýnd með svartri línu.

24 hdr. 1707. JÁM IV, 155. Hrepps í Andakíl er getið í fornbréfi frá 1470 (DI V, 563) og öðru frá 1489 (DI VI, 688). Ekki er ljóst hvort átt er við Efri- eða Neðri-Hrepp og er líklegt að á þessum tíma hafi þetta verið ein stór jörð. Efrihreppur á land milli Hrafnagils og Álfsteinsár, og engjaítak undan Innri-Skeljabrekku. Hreppskot 003, hjáleiga á 17. öld, í eyði fyrir 1687.

1920: 36.967 m2 = 11 1/2 dagsl. 1/5 þýft, Garðar 560 m2. "Undirlendi er fremur takmarkað neðan bungunnar [sem bærinn stendur undir og lokar Skorradal], þar eru mýrar og engjar, en þegar kemur upp fyrir bunguna, verður landið nokkuð jafnlent, skiptast þar á melar, móar, valllendi og mýrarteygingar. ... Hlíðin er allbrött upp til Skarðsheiðar og Miðfitjaskarðs, en víða gróin neðan til. Eru þar holt, ásar og melar með mýraflákum, móum og valllendisbölum á milli ... Lax- og silungsveiði er lítilsháttar í Andakílsá." BB II, 224

BO-131:001 *Efrihreppur* bæjarhóll bústaður A 370080 N 450986

"Bæjarhóll er efst í túni sunnan Kinnar og neðri hluta Stekkjarlautar [sjá 010]," segir í örnefnaskrá GÞ. "Gamli bærinn í Efra-Hreppi var á hól suðvestur af Kvíalág [010] þar til upp úr aldamótunum síðustu. Þá var hann fluttur þangað sem hann er nú," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Túnakort fyrir jörðina var gert árið 1920, þá var búið að flytja bæinn á yngra bæjarstæði 009 sem er 180 m norðaustar. Bæjarhóllinn er suðvestan Mófellsstaðvegar, um 220 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi.

Bæjarhóllinn er suðaustarlega í sléttuðu túni suðvestan vegar, neðan (norðvestan) við hærri hól

sem nefndur er Háhóll.



Bæjarhóll Efri-Hrepps BO-131:001, horft til norðurs

Bæjarhóllinn er grasi og sóleyjum vaxinn, u.þ.b. hringlaga, um 60 m í þvermál og 2-3 m á hæð. Ójöfnur eru efst á hólnum en ekki svo að hægt sé að greina útlínur mannvirkja. Norðaustan undir hólnum eru beðasléttur 033.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 3; Ö-Efri-Hreppur Viðb, 1

BO-131:002 heimild um fjós A 370165 N 451162

Um 10 m suðvestur af yngra bæjarstæði 009 er útihús merkt inn á túnakort frá 1920. “Við íbúðarhúsið er einnig búið að koma upp trjágróðri. [...] Suðurhluti garðsins, þar sem áður voru íbúðarhús [009] og fjósbyggingar, heitir nú Skjólbelti. Þar er nú leik- og tjaldsvæði,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðrúnu Guðmundsdóttur, heimildarmanns, var mókofi við enda fjóssins. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem útihúsin voru er slétt grasflöt, afmörkuð af runnum, þar sem plantað hefur verið öspum, birki, greni og rifsberjarunnum.

Ekki sést til fornleifa og hefur verið sléttað yfir minjarnar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1920; Ö-Efri-Hreppur GÞ, 3.


BO-131:003 *Hreppskot* tóftir býli A 369735 N 451039



Hreppskot BO-131:003, tóft A, horft til SSV



Hreppskot BO-131:003, tóft B, horft til vesturs



Minjar um Hreppskot BO-131:003

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 segir: «Hreppskot. Eyðihjáleiga byggð fyrst fyrir manna minni, en hefur í auðn verið yfir 20 ár." "Mýrin, sem nær frá túni að gilinu, heitir Túnmýri og utast í henni eru leifar eftir kot, sem þarna var. Er það nefnt Kotið eða Bælið," segir í örnefnaskrá. "Býlið stóð vestur af bænum í Efra-Hrepp við túnblett út við læk," segir í Byggðum Borgarfjarðar II. Hreppskot er um 350 m vestur af bæjarhól 001. Á svæðinu eru tveir rústahólar.

Vestan við Hrafnagil er smáþýft graslendi. Rústahólarnir tveir eru nærri bakka sem er 1-2 m á hæð en neðan við bakkann er grasflöt og um 10-20 m að læknum sem rennur um Hrafnagil.

Minjar um Hreppskot eru á um 70 x 20 m stóru svæði sem snýr norður-suður. Á svæðinu eru tveir rústahólar með þremur tóftum á og við hólana. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Hólarnir eru grasi grónir, lítið eitt grænni en umhverfið og eru um 20 m á milli þeirra. Tóftirnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti, mjög hlaupnar í þúfur en glittir í grjót á stöku stað. Nyrðri hóllinn er um 23 x 20 m að stærð, um 0,6-1 m hár og snýr NNA-SSV. Efst á honum norðantil er tóft A, með sömu stefnu. Hún er 11 x 8 m að stærð og í henni eru þrjú hólf. Hólf I er syðst, um 3,5 x 6 m að innanmáli (VNV-ASA). VNV-veggur er mjög óljós. Norðurhluti tóftarinnar er óskýr en þó virðist marka fyrir tveimur hólfum II og III, hvort um sig 4 x 1 m að innanmáli (NNA-SSV), opin til norðurs. Kindagata liggur eftir hólfi III og yfir hólf I. Hæð veggja utanmáls víðast 0,3-0,5 m. Á hólnum sunnan við tóftina er mjög stórþýft en ekki er hægt að greina útlínur mannvirkja. Syðri hóllinn er um 18 x 11 m að stærð og 0,5-0,6 m hár, snýr norður-suður. Efst á hólnum er tóft B, um 11 x 4 m að stærð. Tóft B er óljósari en tóft A en í henni markar fyrir tveimur rýmum með innang á austurhlið. Hólf I, í suðurhluta, er um 2 x 2 m að innanmáli en hólf II, í norðurhluta um 2 x 1 m (vestur-austur). Hæð veggja er víðast 0,2-0,4 m. Tóftin er skorin af kindagötu. Suðvestanundir syðri hólnum er tóft C. Hún er einföld, 5 x 3 m að stærð (norður-suður) og er op á henni í norðurenda. Hæð veggja er 0,3-0,4 m en breidd 1-2 m.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efrihreppur AG, 2; BB II, 243; JÁM IV, 156

BO-131:004 *Hreppsrétt* tóft rétt A 370862 N 450842



Hreppsrétt BO-131:004, horft til norðurs á ljósmynd



"Suðvestur af [Safneyrum] hækkar landið, og þar er langur klapparás sem heitir Réttarás. Norðan undir honum, á melunum, stendur Hreppsrétt, hlaðin úr grjóti. Þess má geta, að til er reglugerð um fjallskil frá 1792, og er þá þessi rétt nefnd Hornsrétt [sjá umfjöllun á BO-130:022]. Réttarásinn er klettóttur að réttinni. Til réttarinnar var smalað mánudag í 22. viku sumars," segir í örnefnaskrá. Réttin er á grónum mel norðan undir Réttarhamri, hæsta hluta klettabergsins í Réttarási. Hún þjónaði sem skilarétt bæjanna sunnan við Andakílsá og Skorradalsvatn. Réttin er 780 m suðaustan við bæ 001 og 20 m norðvestan við meinta eldri rétt 018.

Flatlendur gróinn melur er framan (norðan) við réttina og vex aðallega mosi þar. Ofan og sunnan við eru hálfgrónar grjótskriður. Talsverð skógrækt er nokkrum spöl lengra til vesturs og norðvesturs. Vegarslóði liggur af Mófellsstaðavegi 507 inn að Hreppsrétt og áfram til austurs.

Réttartóftin er hlaðin úr eggjagrjóti úr Réttarási. Hún er um 30x18 m að stærð og snýr austur-vestur. Suðurhluti réttarinnar er hlaðinn inn í aflíðandi halla til norðurs og er sá hluti grónari en norðurhlutinn. Talsvert hefur hrunið úr hleðslum á vesturgafli en annars standa þær nokkuð vel. Mesta hæð veggja er 1,2 m innanmáls og 1,1-1,2 m utanmáls. Þar sem hleðslur eru hæstar sjást 6 umför. Réttin skiptist í almenning og sex dilka. Almenningurinn er í suðurhluta tóftarinnar. Hann er 20 m á lengd og 3-5 m á breidd, mjóstur austast en breikkar eftir því sem lengra dregur til vesturs. Í suðvesturhorni réttarinnar er dilkur A (Efri- og Neðri-Hreppur). Hann er um 7x4 m að innanmáli og er op í norðausturhorni. Þar norðan við er dilkur B (Innri- og Ytri-Skeljabrekka) sem er jafnstór og dilkur A en opið á honum er í suðausturhorni. Þar norðan við, í norðvesturhorni réttarinnar er dilkur C (bændur utan Skarðsheiðar, "utanfyrirmenn"). Hann er 8x5 m að innanmáli og er op í suðausturhorni. Austan við dilk C er dilkur D (Indriðastaðir, Litla- og Stóra-Drageyri) sem er 6x5 m að innanmáli, op í suðausturhorni. Þar austan við er dilkur E (Mófellsstaðir og Mófellsstaðakot) sem er sömu stærðar og dilkur D. Ekki er skýrt op á honum en það virðist helst hafa verið í suðvesturhorni. Að lokum er svo dilkur F (Horn) í norðausturhorni réttarinnar. Hann er 6x5 m að innanmáli og er op á honum í suðausturhorni. Allir dilkarnir snúa austur-vestur, að síðasttalda dilknum undanskildum en hann snýr norður-suður. Hleðslur í þverveggjum í hólfi E eru óvandaðri en þær virðast annarsstaðar í réttinni. Það getur gefið til kynna að um seinni tíma breytingu sé að ræða eða einfaldlega að hleðslurnar í þessum veggjum hafi varðveist verr en annarsstaðar. Að sögn Guðrúnar Jóhönnu Guðmundsdóttur, heimildamanns, urðu þær breytingar á réttinni á seinni árum að Efri-Hreppur bjó til nýjan dilk

úr grindum og vír ofan (suðaustan) við dilk A sem Efri- og Neðri-Hreppur deildu áður. Einnig gerði Jón á Innri-Skeljabrekku dilk ofan (suðaustan) við alla réttina (almenning) sem náði upp í kletta því dilkur Skeljabrekku-bæjanna var orðinn of lítill. Upplýsingar um það hver átti hvaða dilk eru frá Guðrúnu komnar sem bar sig upp við Gísla Jónsson en hann var uppalinn á Innri-Skeljabrekku. Gísli man eftir því að safnið var rekið úr fjallinu niður með ánni og á Safneyrarnar í lægðinni við ána. Þar voru unglingar látnir gæta safnsins og síðan reknir hópar ca 100 kindur í einu meðfram klettunum og inn í almenninginn, var það oft erfitt verk þar sem engar voru girðingarnar. Þegar Guðrún man eftir sér var hins vegar komin stór girðing fyrir framan almenninginn og úr henni var rekið í hann í litlum hópum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efrihreppur AG,1

BO-131:005 *Tættur* tóftir fjárhús A 370538 N 450585

"Rétt utan við réttina [004] voru gömul fjárhús vestur af Réttarás," segir í örnefnaskrá AG. "Vestan og neðan við Ásinn fóru rústir undir þjóðveginn sem ég taldi að hefðu getað verið hrútakofi [017]. Um 100 m vestar skammt norðan þjóðvegar eru enn gamlar rústir fjárhúsa sem eru kallaðar Tættur. Í seinni tíð hafa þær einnig verið nefndar Tóftir. Um eða upp úr síðustu aldamótum voru uppi hugmyndir um að endurbyggja þarna fjárhús og voru endurhlaðnir einhverjir veggir úr gamla efninu sem þarna var. Þær hleðslur sjást enn mjög vel," segir í örnefnaskrá GÞ. Tættur eru á hól um 600 m suðaustur af bæjarhól 001, um 40 m norðaustan við Mófellsstaðaveg 507.



Tóft BO-131:005A, horft til suðurs




Tóft BO-131:005B, horft til SSA

Hóllinn sem Tættur eru á er um 1,5-2 m hár og grasi vaxinn. Í kringum hólinn er gróinn melur. Furu, öspum og birki hefur verið plantað norðan við hólinn.

Efst á hólnum eru minjar á um 17 x 16 m svæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Á hólnum eru tvær tóftir sem fá bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er fjárhústóft, um 9,5 x 8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti, grasi og mosa vaxin, og er byrjað að gróa yfir hleðslur en þær sjást þó enn víða. Í tóftinni eru fjögur hólf. Op á tóftinni er á norðvesturhlið og úr því er gengt inn í hólf I og II en á milli þeirra er 2,5 m breiður veggur. Hólf I er um 5 x 2 m að innanmáli en hólf II um 5 x 1,3 m. Á bak (suðaustan) við hólf I og II eru hólf III og

IV. Hólf III er 2 x 1, 5 að innanmáli en hólf IV 1,5 x 1,5 m. Um 15-20 cm breið renna tengir hólf III og IV upp við suðausturvegg. Líklega eru hólf III og IV eitt og sama hólfið og meintur veggur sem skilur þau að frekar hrun eða rask. Hæð veggja er víðast 0,4-0,6 en veggur milli hólfa I og II er hærri, um 1 m. Um 3 m löng dæld er eftir þeim vegg miðjum að norðvestanverðu. Rof er í suðvesturvegg við vesturhorn tóftarinnar. Um 1 m austan við tóft A er tóft B. Hún er einföld, um 4,5 x 3 m að stærð, snýr norðvestur suðaustur. Op er á henni á norðvesturhlið. Hæð veggja er 0,4-0,5 m en breidd um 1,5 m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, grasi gróin en í hleðslur sést að innanverðu. Við tóft A til norðausturs, suðausturs og norðvesturs eru þýfðar þústir og sem ná 3,5-4,5 m út frá tóft A. Þústirnar markast sums staðar af tiltölulega skörpum brúnum og 90° hornum. Hugsanlega eru þústirnar leifar eldri mannvirkja á hólnum eða komnar til vegna rasks frá því þegar fjárhúsin voru endurhlaðin.



Tættur, fjárhústóft BO-131:005

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur AG, 1; Ö-Efri-Hreppur GÞ, 2

BO-131:006 *Grafarmýri* náma mógrafir A 370535 N 450072



Mógrafir BO-131:006 í Grafarmýri, horft til austurs

"Nokkuð upp með Álfsteinsá [sjá 014], í Réttarás [sjá 004] austanverðum, er Grafarmýri. Er þar mikið af gömlum mógröfum," segir í örnefnaskrá. Mógrafir í Grafarmýri eru um 1 km suðaustur af bæjarhól 001, um 360 m suðvestur af gröfum 019 í Mómýri.

Mógrafirnar eru í þýfðri deiglendri mýri. Grýtt holt eru í kring en Álfsteinsá rennur til norðausturs austan við grafirnar.

Grafirnar ná yfir samfellt svæði sem er um 95 x 65 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þær eru að mestu grónar og hálfþurrar, þurrari í suðvesturhluta. Bakkar grafanna eru óljósir í suðvesturhluta, 0,2-0,3 m háir en hærri, 0,3-0,5 m, annars staðar. Á stöku stað eru um 0,2-0,5 m dýpri hólf, frá um 1 x 1 m til 2 x 4 m að stærð. Þau hólf eru flest full af vatni.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Ö-Efrihreppur GÞ, 2



Seltóft BO-131:007A, horft til austurs



Seltóft ´BO-131:007B, horft til suðurs



Seljatóftir BO-131:007

BO-131:007 *Selskarð* tóftir sel
A 369830 N 450075

"Í hrygginn, sem er framhald af Réttarás vestur af Sauðadal, er skarð sem heitir Selskarð, og sér móta þar fyrir rústum í skarðinu," segir í örnefnaskrá. Tvær tóftir eru í Selskarði um 950 m suður af bæjarhól 001.

Selgil er lágt gil, afmarkað af hálfgrónum klettum sem liggja norður suður. Grasivaxið er í gilinu og rennur lítill mýrarlækur eftir því miðju. Tóftirnar eru ofarlega í gilinu austanmegin og er grasflöt ofan (sunnan) við þær. Þýft er í kringum tóftirnar.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 18 x 8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er um 2 m vestan við mörk kletta. Hún er um 8 x 4,5 m að stærð, snýr austur-vestur og er op á henni í vesturenda. Í tóftinni eru tvö hólf. Hólf I er vestar, 4,5 x 1 m að innanmáli. Hólf II í austurenda er um 1 x 1 m að innanmáli og er um 0,5 m breiður veggur milli hólfanna. Breidd veggja annars 1-1,5 m, hæð um 0,4 m. Ekkert op sést á hólfi II. Tóft B er um 2,5 m suðvestan við tóft A. Hún er um 6 x 4 m að stærð, snýr norður-suður. Tóftin er einföld og er breidd veggja 1,5-2,5 m en hæð 0,3-0,5. Op er á henni í norðurenda. Tóftirnar eru báðar grasi og mosa vaxnar og töluvert gengnar í þúfur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efrihreppur AG, 1-2

BO-131:008 náma mógrafir A 370693 N 450166

Mógrafir eru í Grafarmýri um 1 km suðaustur af bæ og um 180 m norðaustur af gröfum 006.

Mógrafirnar eru í þýfðri deiglendri mýri. Grýtt holt eru í kring en Álfsteinsá rennur til norðausturs

austan við grafirnar. Lækur rennur til ASA meðfram norðuhluta Grafarmýrar og út í Álfsteinsá.

Mógrafirnar eru u.þ.b. rétthyrnt hólf grafið í syðri bakka lækjarins, um 20 x 13 m að stærð (norðaustur-suðvestur). Grafirnar eru þurrar, grasi grónar og er hæð bakka mest um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir BO-131:008, horft til austurs

BO-131:009 *Efri-Hreppur* bæjarstæði býli A 370170 N 451169



Gróinn garður er þar sem yngra bæjarstæði Efri-Hrepps BO-131:009 var eftir að það var fært af bæjarhólnum eftir aldamótin 1900, horft til suðvesturs

"Við íbúðarhúsið er einnig búið að koma upp trjágróðri. [...] Suðurhluti garðsins, þar sem áður voru íbúðarhús og fjósbyggingar [002], heitir nú Skjólbelti. Þar er nú leik- og tjaldsvæði,» segir í örnefnaskrá. "Gamli bærinn [001] í Efra-Hreppi var á hól suðvestur af Kvíalág [010] þar til upp úr aldamótunum síðustu. Þá var hann fluttur þangað sem hann er nú," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Bæjarstæðið var um 180 m NNA af bæjarhól 001, þar sem nú er garður fast sunnan við núverandi íbúðarhús sem byggt var 1948.

Þar sem bærinn var er slétt grasflöt, afmörkuð af runnum, þar sem plantað hefur verið öspum, birki, greni og rifsberjarunnum.

Ekki sést til fornleifa og hefur verið sléttað yfir bæjarstæðið.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


Heimildir:Túnakort 1920; Ö-Efri-Hreppur GÞ, 3; Ö-Efri-Hreppur Viðb, 1

BO-131:010 *Kvíalág* tóft kvíar A 370149 N 450896

"Þar suður af [Kinn] kemur laut eða gil inn í melinn, Stekkjarlaut (af sumu eldra fólki kölluð Kvíalág). Þar sem lautin klofnar og greinist í tvennt sést greinileg rúst eftir stekk eða kvíar," segir í örnefnaskrá GÞ. Tóftin er um 110 m suðaustur af bæjarhól 001 og virðist vera af kvíum frekar en stekk. Þess má geta að í örnefnaskrá AG segir að Stekkjarlaut sé upp af Kvíalág. Þar er því talað um tvo aðskilda staði en engin ummerki fundust um stekk ofan við kvíatóftina og er sennilegt að um sama staðinn sé að ræða.

Tóftin er í grasi gróinni laut eða gili sem liggur norður-suður. Brattar hlíðar eru sitt hvoru





Kvíatóft BO-131:010, horft til SSA á ljósmynd

megin, um 6-7 m háar. Um 20 m ofan (sunnan) við tóftina greinist lautin í tvennt.

Tóftin er austanmegin í lautinni. Hún er einföld, 7,5 x 2,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Opið er til VNV og og er ASA-hlið að hluta grafin inn í brekku. ANA-hlið nær um 1 m lengra til VNV en VSV-hlið. Hæð veggja er 0,6-0,7 m að innan og fer lækkandi til VNV. Breidd veggja er 2-2,5 m.Tóftin er grasi gróin og sker sig ekki úr umhverfi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 3; Ö-Efri-Hreppur AG, 2

BO-131:011 sáðslétta tún A 370098 N 451012



Beðasléttur BO-131:011, horft til norðausturs

Norðvestan undir bæjarhól 001 eru merki um beðasléttur.

Bæjarhóllinn er 2-3 m hár hóll, suðaustarlega í túni suðvestan vegar, neðan (norðvestan) við hærri hól sem nefndur er Háhóll.

Beðaslétturnar ná yfir svæði sem er um 45 x 30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, í aflíðandi halla til norðausturs. Þar markar fyrir 27 beðum sem snúa norðaustur-suðvestur. Rásir milli beðanna eru um 10-

15 cm djúpar. Svæðið er grasi og sóleyjum vaxið og vaxa sóleyjar einkum í rásunum milli beða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-131:012 varða landamerki A 367032 N 445740

“En að utan, úr Andakílsá upp eftur ræður “Hrafnagil”; og svo rjett sjónhending upp eftir,



Landamerkjavarða BO-131:012, horft til suðausturs

þar til mætir miðjum "Miðfitjahól". Austur eftir í hann miðjan, (þar skal varða standa), eftir honum miðjum og rjettsýnis austur eftir, þar til mætir upptökum á fyrirskrifuðum Álfsteinsbotnum," segir í landamerkjabréfi frá 1921. Varða er á miðjum Miðfitjahóli á stakstæðri klöpp, um 90 m norðaustan við unglega vörðu 024 og 1,7 km sunnan við landamerkjavörðu 132:030 en 6 km suðvestan við bæ 001.

Miðfitjarhóll er melhóll sem er hálfgróinn mosa. Línuvegur yfir Skarðsheiði liggur eftir honum.

Varðan er nánast öll hrunin ofan af klöppinni sem hallar til norðvesturs. Enn eru nokkrir skófum vaxnir steinar eftir á sínum stað og sjást 2 umför hleðslu. Talsvert af grjóti úr vörðunni er neðan við klöppina og einnig er laust grjót úr vörðunni á klöppinni til norðvesturs. Vörðubrotið sem eftir er á klöppinni er 0,3x0,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, og er 0,3 m á hæð en 1,2 m ef klöppin er talin með.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 353

BO-131:013 *Laugavað* heimild um vað A 370361 N 451345

"Meðfram [Andakíls]ánni eru svo engjar, sem nefndar eru Laugar [025], og upp í bakkana er skarð, sem heitir Laugaskarð frá Fossabæjum, því Laugavaðið liggur upp í þetta skarð," segir í örnefnaskrá. Andakílsá hefur mikið breyst á þessu svæði og er vaðið horfið. Þetta vað var á leið 651:007. Þegar komið var yfir ána var ýmist hægt að fara áfram eftir þessari leið til VSV á leið 661:001 sem liggur um Andakílshrepp eða til suðvesturs að bæjarhól Efri-Hrepps 001 og á leið 651:022 sem tengist öðrum leiðum um Skorradalshrepp.

Þar sem vaðið var er deigt graslendi með víðikjarri sunnan árinnar en malareyri norðan hennar.

Áin er nú (2017) illfær þar sem vaðið var. Hún hefur brotið mikið af bökkum sínum og er syðri bakkinn um 3 m hár. Virkt rof er í bakkanum. Áin er um 25 m breið á þessu svæði, töluvert straumhörð og virðist um 1 m djúp frá syðri bakka séð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur AG, 3

BO-131:014 *Álfasteinn* örnefni huldufólksbústaður A 370384 N 449612

"Á merkjum móti Efri-Hrepp er Álfsteinsá. [...] Hún er slæm í botn og grýtt, nafn sitt er hún talin draga af steini; sérkennilegum klettadrang er standi út í ánni vestan við Kirkjutungur, neðantil, sem síðar verða nefndar og heitir þessi drangur Álfasteinn," segir í örnefnaskrá Horns. Í örnefnaskrá Efri-Hrepps er sagt að ekkert sé vitað um steininn. Klettadrangur er í miðju klettagljúfri sem Álfsteinsá rennur eftir um 1,4 km suður af bæ 001 og fengust ábendingar um að það væri Álfasteinn.



Álfasteinn BO-131:014, klettadrangur í árgilinu, horft til suðvesturs

Gljúfrið er um 20-25 m hátt með klettum sem skaga út í ána.

Niður við Álfsteinsá vestanmegin er klettadrangur, Álfasteinn, um 5-7 m hár með með mjórri strýtu efst, lítillega mosavaxinn. Áin tekur sveig um klettinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Horn, 1; Ö-Efri-Hreppur, 2

BO-131:015 *Heiðarvað* heimild um vað A 371235 N 450906

"Heiðarvað var í Andakílsá skammt ofan við Efstafoss þar sem nú er miðlunarlón Andakílsvirkjunar, Lónið. Sú leið [líklega 651:013] tengdist götunni sem fyrr er nefnd og lá um Fossmela [651:006]. Í hina áttina tengdist hún Skarðsheiðarvegi [651:006] [...],» segir í örnefnaskrá. Heiðarvað er komið undir Lónið og sést því ekki lengur af þeim sökum. Ekki reyndist unnt að staðsetja það nákvæmlega af sömu ástæðu en það hefur verið ríflega 370 m austan við Hreppsrétt 004 og 1,1 km ASA við bæ 001.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 1

BO-131:016 tóft fjárhús A 370753 N 450492



Fjárhústóft BO-131:016, horft til vesturs



"Milli enda Réttaráss og þjóðvegar eru fornar fjárhústóftir sem virðast hafa verið fyrir vel 200 fjár," segir í örnefnaskrá. Gróin fjárhústóft á rústahól er í mjóu sundi suðvestarlega á Réttarási, 60 m norðan við

Mófellsstaðaveg 507, 360 m sunnan við Hreppsrétt 004 og 800 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er í þurrlendi vestan undir klettum í Réttarásnum og austan við mýrlent og grösugt svæði.

Minjarnar ná yfir svæði sem er um 24x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestast á svæðinu er allstór en ekki hár rústahóll sem er 20x16 m að stærð, snýr norður-suður. Á honum norðanverðum er stór fjárhústóft sem hefur augljóslega verið endurbyggð að hluta. Tóftin skiptist í tvo megin hluta og verður hvorum þeirra lýst sérstaklega. Stærstur hluti tóftarinnar er á rústahólnum (hluti A) en hluti hennar er einnig í grunnri lægð austan við hólinn, á milli hans og kletta í ásnum, sem nær upp í aflíðandi brekku neðan við klettana (Hluti B). Í hluta A er stór tóft sem skiptist í sex rými eða hólf sem öll snúa norður-suður og eru op á þeim í norðurenda. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en hleðslur eru signar og tóftin grasi vaxin. Austustu tvö hólfin eru um 5x0,5 m að innanmáli. Í miðri tóftinni eru tvö hólf sem tilheyra yngsta notkunarstigi fjárhúsanna og eru hleðslur í þeim hærri og meira af sýnilegum grjóthleðslum en annarsstaðar í tóftinni. Miðhólfin tvö eru 6 m á lengd og 0,5-1 m á breidd. Þar vestan við er hólf sem er einnig 6x1 m að innanmáli. Vestast er óljóst rými. Ekki er veggur sýnilegur á vestur- og norðurhliðum og í suðausturhorni er grýtt en gróin þúst sem er 3x2 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,5 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum vegna þess hve signar og grónar þær eru. Í hluta B er tóft sem virðist sambyggð tóftinni í hluta A að austanverðu. Hún er 8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Ekki eru sýnileg op á þeim. Vestara hólfið er mun greinilegra og er það 2x2 m að innanmáli. Austara hólfið er illgreinanlegt en er 3,5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er í halla mót vestri, vestan undir klettum í Réttarási. Veggir þess eru nánast útflattir. Í horninu sem myndast á milli tóftanna tveggja, hluta A og hluta B er þýft og grýtt og þar kunna einnig að vera byggingaleifar undir sverði. Sunnan við hluta B eru óljós ummerki um mannvirki. Næst tóftinni er flati sem er 4x4 m að innanmáli og sunnan við hann er óljós veggur, jarðlægur. Þar sunnan við er annar óljós veggur sem myndar lítið hólf með nyrðri veggnum, á milli rústahóls til vesturs og Réttaráss til austurs. Líklegt er að í hluta B hafi verið heytóft og að sunnan við hann séu ummerki um heystæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 2

BO-131:017 heimild um hrútakofa A 370615 N 450483

“Vestan og neðan við [Réttar-]Ásinn [sjá 004] fóru rústir undir þjóðveginn sem ég taldi að hefðu getað verið hrútakofi,” segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar var þessar rústir voru nákvæmlega en líkleg staðsetning miðað við lýsingu er fast norðaustan við Mófellsstaðaveg 507 þar sem hann liggur yfir suðvesturenda Réttaráss, sjá 004. Þær hafa þá verið um 130 m vestan við fjárhústóft 016 og 700 m SSA við bæ 001. Gert er ráð fyrir því að rústirnar hafi verið norðvestan undir ásnum.

Mikið rask hefur orðið vegna vegagerðarinnar og er hann mikið uppbyggður þar sem hann liggur niður af Réttarási.

Öll ummerki um rústirnar hafa horfið við vegagerðina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 2

BO-131:018 hleðsla rétt A 370899 N 450822



Ógreinilegar hleðslur af eldri Hreppsrétt BO-131:018, horft til norðausturs

“Fast upp við klettabeltið [Réttarás] að norðvestan sést móta fyrir fornu réttarstæði og á melunum þar fyrir neðan er upphlaðin rétt, Hreppsrétt [004], sem fyrr á tímum hefur verið flutt um set niður fyrir hallann,” segir í örnefnalýsingu. Sunnan undir Réttaráshamri er grýtt og allbrött brekka niður að melunum þar sem Hreppsrétt er. Þar í brekkunni er hrunin jarðlæg hleðsla innan um stórgrýti og má ætla að það sé forna réttarstæðið sem nefnt er í örnefnalýsingu. Minjarnar eru um 10 m norðaustan við Hreppsrétt 004 og 800 m suðaustan við bæ 001.

Brekkan norðan undir Réttaráshamri er talsvert brött og grýtt, vaxin mosa og lyngi. Flatlendir melar eru neðan og norðan við hamarinn en þeir eru að miklu leyti mosagrónir.

Óljóst má greina undirstöður veggja í grjóthlöðnu mannvirki sem hlaðið hefur verið upp við Réttaráshamar og hefur hann myndað suðurvegg þess. Mannvirkið er 16x17 m að stærð og snýr austur-vestur. Engar eiginlegar hleðslur sjást, aðeins jarðlægt grjót inn á milli stórgrýtis. Líklegt verður að teljast að grjót úr þessari rétt hafi verið notað við hleðslu yngri réttar, Hreppsréttar 004.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 1

BO-131:019 *Mómýri* náma mógrafir A 370774 N 450338



Mógrafir BO-131:019, horft til austurs

“Sunnan þjóðvegar við enda Réttaráss hallar mýrinni til suð-suðausturs. Þar heitir Mómýri og var færður þar upp mór fram undir 1940. Mótak var ekki gott og var um 100-150 cm á þykkt,» segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru um 950 m suðaustur af bæjarhól 001.

Mógrafirnar eru í deiglendri, allt að þurri, mýri. Lág klettaholt er í kring. Álfsteinsá rennur til norðausturs austan við mýrina og er svæðið í aflíðandi halla að ánni.

Mógrafirnar ná yfir samfellt svæði, um 58 x 53 m að stærð, sem snýr austur-vestur. Bakkar grafanna eru 0,3-0,4 m háir. Nokkur hólf eða útskot eru í jöðrum grafanna, frá um 2 x 1,5 m til 5 x 8 m að stærð. Grafirnar eru grónar og hálfþurrar en með mýrarpollum. Lækur rennur gegnum grafirnar til suðausturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 2

BO-131:020 heimild um kálgarð A 370047 N 451000

Um 210 m suðvestur af bæjarstæði 009 er kálgarður merktur inn á túnakort frá 1920. Kálgarðurinn var vestan undir bæjarhól 001. Ekki sést til fornleifa.

Bæjarhóllinn er suðaustarlega í sléttuðu túni suðvestan vegar, neðan (norðvestan) við hærri hól sem nefndur er Háhóll. Trjágróður, birki, fura o.fl., er í brekku austan við hólinn.

Ekki sjást merki um garðinn á yfirborði og hefur líklega verið sléttað yfir hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

BO-131:021 heimild um fjárhús A 370139 N 451251

Guðrún Guðmundsdóttir, heimildarmaður, sýndi gamla ljósmynd af yngri bænum þar sem sjást fjárhús, að hluta úr torfi og grjóti en að hluta úr timbri og bárujárni. Ljósmyndin er sennilega frá 1942. Húsin voru líklega utan túns þegar túnakort var gert 1918. Fjárhúsin voru um 85 m norðvestur af bæjarstæði 009. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem fjárhúsin voru standa nú (2017) stór bárujárnsklædd útihús. Grasflöt er sunnan til austan við húsin en beitarhólf suðvestan til norðvestan við þau.

Ekki sést til fornleifa og hefur líklega verið sléttað yfir minjarnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-131:022 *Brunnurinn* lind vatnsból A 370214 N 451198

"Skammt norðaustur af íbúðarhúsi er kaldavermslisuppspretta, Brunnurinn. Var vatn til nota í íbúðarhús og fjós sótt í hann áður en sjálfrennandi vatn var lagt í pípum úr lind ofan Bæjarhóls [001]," segir í örnefnaskrá. Mjólk var seinna kæld í brunninum samkvæmt Guðrúnu Guðmundsdóttur. Brunnurinn er í garði norðaustur af núverandi íbúðarhúsi, um 50 m norðaustur af bæjarstæði 009.



Brunnur BO-131:022, horft til suðausturs

Brunnurinn er innan garðs sem afmarkaður er með girðingu og röð af birkitrjám. Inni í garðinum hefur verið plantað öspum, birki, greni og rifsberjarunnum.

U.þ.b. í garðinum miðjum er dæld, um 1-1,5 m djúp þar sem upp kemur vatn. Rifsberjarunnar, aspar- og birkitré og standa ofan við. Nýleg hleðsla er við brunninn og liggja tröppur niður að honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 3

BO-131:023 *Lautin* heimild um leikvöll A 370229 N 451135

“Í melnum ofan Brunnsins kemur Lautin og var hún vinsælt leiksvæði barna. Nú er þar skógur, Lautarskógur,” segir í örnefnaskrá. Lautin er suðaustur af núverandi íbúðarhúsi, um 210 m norðaustur af bæjarhól 001.

Norðvestur af lautinni, milli hennar og núverandi bæjarstæðis, er grasi vaxin brekka og liggur eftir henni vegur að Hreppslaug. Í lautina hefur verið plantað þéttum greniskóg.

Ekki sést til fornleifa í lautinni.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 3

BO-131:024 varða landamerki A 366979 N 445666



Varða BO-131:024 á Miðfitjahóli, horft til suðausturs

Lágreist, fremur ungleg varða er á suðvesturenda Miðfitjahóls, um 90 m suðvestan við landamerkjavörðu 012, 1,8 km sunnan við landamerkjavörðu BO-132:030 og 6,1 km suðvestan við bæ 001.

Miðfitjahóll er melhóll sem er hálfgróinn mosa. Línuvegur yfir Skarðsheiði liggur eftir honum.

Varðan er hringlaga, rúmur 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Hleðslan er óvönduð, grjótið er af mismunandi stærð og það er mismikið skófum vaxið. Varðan er lítið gróin í botninn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi varða hefur gengt. Þó hún virðist ung að árum er ekki útilokað að hún hafi verið endurhlaðin. Líklegt verður að teljast að hún sé landamerkjavarða eins og varða 012.

Hættumat: engin hætta

BO-131:025 *Laugar* örnefni A 370361 N 451194

“Volgt vatn sprettur fram undan melnum vestan Andakílsárfossa og er það land kallað Laugar . (Nafnið Laugabrekkur er að mig minnir skráð í Fornbréfasafni og hef ég talið að um þetta svæði væri að ræða,)” segir í örnefnaskrá. Laugar eru um 350 m norðaustur af bæjarhól 001.

Ofan (suðaustan) við Hreppslaug er brekka, vaxin grasi, sóleyjum og lúpínu. Í brekkuna hefur einnig verið plantað trjám, aðallega birki og öspum.

Í brekkunni ofan við Hreppslaug eru volgar uppsprettur og lækir. Vatn er leitt úr lækjunum í Hreppslaug. Ekki sjást mannvirki í brekkunni og ekki vitað hvort heita vatnið var notað fyrir

böð eða þvotta eða hvorttveggja.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 1



Heitt vatn rennur úr uppsprettum í brekkunni ofan við Hreppslaug, horft til SSA

BO-131:026 tóft lambhús A 369857 N 450503





Lambhústóft BO-131:026, horft til suðvesturs á ljósmynd

Að sögn Guðrúnar Guðmundsdóttur, heimildarmanns, er kofi, líklega lambakofi. í skógrækt norðan við Seldal. Líkleg tóft er um 530 m suður af bæjarhól 001.

Tóftin er innan skógræktarsvæðis norðan við klettabelti sem liggur suður-norður. Einkum hefur verið plantað furu, greni og birki á svæðinu.

Tóftin er einföld, um 4,5 x 3,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er í brekku og er grafin inn í brekkuna til suðvesturs en op er til norðausturs. Hæð veggja er 0,5-0,7 m, breidd um 1,5 m. Greni- og furutré vaxa kringum tóftina sem er mosa og grasi vaxin. Ekki er alveg öruggt að hér sé um að ræða lambakofann sem Guðrún lýsti en aðrar líklega minjar fundust ekki á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-131:027 heimild um sundlaug A 370376 N 451343

“Þar sem Laugalækur rennur meðfram Laugabakka er djúp læna sem kölluð er Síki. Efst í henni var kennt sund á fyrri hluta aldarinnar en laug úr steinsteypu var reist við Laugarnar árið 1928 Hreppslaug. Nú, árið 1997, hefur Andakílsá brotið mikið af Laugabakkanum og Laugalækurinn rennur ekki lengur í gegnum Síkið,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðrúnu Guðmundsdóttur, heimildarmanni, var gerð stífla við ána og laug hlaðin úr torfi. Laugin var um 460 m norðaustur af bæjarhól 001.

Á því svæði þar sem laugin var rennur um 3 m djúpur og 2-3 m breiður skurður út í Andakílsá, í stefnu VNV-ASA. Áin hefur brotið mikið af bökkum sínum sem eru um 2-3 m háir. Virkt rof er í bökkunum.

Ekki sjást merki um laugina og hefur áin brotið hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 1

BO-131:028 *Skakkavað* heimild um vað A 370275 N 451454

“Neðan Laugabakka var Skakkavað en það var á alfaraleið [651:007]. Vegslóði lá í suðvesturátt á milli Hreppabæja, ofan Innri -Skeljabrekku og um hlaðið á Ytri-Skeljabrekku. Í norðurausturátt lá þessi leið upp á Fossamela og áfram yfir á Mannamótsflöt í Hestslandi,» segir í örnefnaskrá. Örnefnið Skakkavað yfir Andakílsá er ekki merkt inn á örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar en af lýsingunni að dæma var það norðan undir Akurmel, háum melhól, um 280 m norðvestan við Laugavað 013 og 600 m NNA við bæ 001. Þetta vað var á leið 651:007 sem lá áfram á leið 661:001 um Andakílshrepp.


Suðvesturbakki árinnar í landi Efri-Hrepps er lágur og gróinn en áin brýtur af honum. Á norðausturbakka árinnar í landi Mið- og/eða Syðstu-Fossa er mikil sand- og malareyri. Hitaveitulögn liggur yfir ána á svipuðum stað og vaðið var.

Engin ummerki um vaðið sjást á þessum stað og hvorki sjást götur né vegur á árbakkanum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur GÞ, 1

BO-132 Neðrihreppur



Minjar í heimatúni Neðri-Hrepps BO-132. Mörk túna, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu og leiðir með svartri brotalínu.

16 hdr. 1707. JÁM IV, 155. Hrepps í Andakíl er getið í fornbréfi frá 1470 (DI V, 563) og öðru frá 1489 (DI VI, 688). Ekki er ljóst hvort átt er við Efri- eða Neðri-Hrepp og er líklegt að á þessum tíma hafi þetta verið ein stór jörð. Engjaítak átti Neðri Hreppur "á flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá, framundan Innri Skeljabrekku og kallað er Neðra-hrepps engi." JÁM IV, 155, en það gekk til Efri-Hrepps fyrir allmörgum árum. Hreppskot 004, afbýli 1867-86.

1920: 63.535 m2 = 19 2/3 dagsl. allt slétt. Garðar 1923 m2. "Undirlendi er hér fremur flatt, eyrar með ánni, ofar að mestu mýrlendi og stöku melabungur, hlíðin aflíðandi að mestu, allgróin móa- og valllendisgróðri með holtum og bungum. Lax- og silungsveiði er dálítil í Andakílsá." BB II, 237

BO-132:001 *Neðrihreppur* bæjarhóll bústaður A 369718 N 451626

Bæjarhóllinn á Neðri-Hrepp er á milli Mófellsstaðarvegar 507 og Andakílsár, fast suðaustan við heimreið að núverandi íbúðarhúsi sem var byggt 1974 og er um 50 m norðvestar.

Bæjarhóllinn er sunnarlega í sléttuðu túni en ekki er slegið yfir hólinn. Frá honum hallar landi til suðausturs að Neðra-Hreppslæk. Verið var að rækta upp þann hluta túnsins sem er suðaustan við bæ og næst Neðra-

Hreppslæk þegar skráningarmenn voru á ferðinni snemmsumars 2017.

Bæjarhóllinn er enn vel greinanlegur en þó ekki mörk hans til norðvesturs og vesturs. Þar sem



Bæjarhóll Neðri-Hrepps BO-132:001, horft til norðvesturs

landi hallar til suðausturs eru mörk hans mjög skýr. Bæjarhóllinn er um 33x27 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hæstur um 1,5 m. Tunga gengur út frá honum til suðausturs en annars er hann nokkuð reglulegur að lögun. Eitt stórt grenitré vex á hólnum, í suðausturjaðri hans. Neðan við það (sunnan við) eru steypuleifar og grjót í sverði. Eins eru leifar af byggingarefni (steypu, timbri, járni og grjóti) í norðausturjaðri hólsins. Húsið sem síðast stóð á bæjarhólnum var byggt árið 1913 og var úr steypu og timbri. Eftir að yngra íbúðarhúsið var byggt var gamla húsið notað sem geymsla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920; BB II, 237

BO-132:002 heimild um útihús A 369764 N 451670

Stórt útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um 65 m norðaustan við bæ 001 og fast suðaustan við útihús og kálgarð 003. Útihúsið var þar sem núverandi íbúðarhús stendur en það var byggt árið 1974.

Náttúruleg hæð er í túninu þar sem útihúsið var og íbúðarhús stendur. Sléttað tún er allt í kring.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna bygginga en ekki er ljóst hvort það stóð enn eða leifar af því sáust þegar byggingaframkvæmdir hófust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1920

BO-132:003 heimild um útihús A 369766 N 451679

Útihús með sambyggðum kálgarði er merkt inn á túnakort frá 1920 um 70 m norðaustan við bæ 001 og fast norðvestan við útihús 002. Útihúsið og kálgarðurinn voru þar sem núverandi íbúðarhús stendur en það var byggt árið 1974.

Náttúruleg hæð er í túninu þar sem útihúsið var og íbúðarhús stendur. Sléttað tún er allt í kring.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna bygginga en ekki er ljóst hvort það stóð enn eða leifar af því sáust þegar byggingaframkvæmdir hófust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1920

BO-132:004 *Hreppskot* þúst býli A 369625 N 451796



Stór þúst er í túni þar sem Hreppskot BO-132:004 var, horft til ANA

"Í túninu í Neðra Hrepp var býli áður, sem hét Hreppskot, í stefnu á Ausu frá bænum séð. Þar var búið rétt fyrir aldamót," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Í Byggðum Borgarfjarðar II segir að búið hafi verið í Hreppskoti á tímabilinu 1867-1886. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús á þessum stað á þeim tíma. Hreppskot og seinna útihús frá Neðri-Hrepp var um 200 m norðvestan við bæ 001 og um 50 m suðaustan við fjárhús 005. Þar sést enn stór þúst í túninu.

Minjarnar eru í sléttuðu túni, nokkuð jafnlendu, en í því eru hæðir og lægðir.

Þústin sem enn sést í túninu er hringlaga, um 28 m í þvermál. Hún er hæst um 1 m og nokkuð flöt að ofan en afgerandi lægð er í hana suðaustanverða. Ekkert grjót sést í þústinni enda er búið að slétta yfir hana og hún er slegin með öðrum hlutum túnsins.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Neðri-Hreppur, aths. og viðb., 1; BB II, 243; Túnakort 1920

BO-132:005 tóft fjárhús A 369605 N 451854



Fjárhústóft BO-132:005, horft til ANA á ljósmynd



Stór fjárhústóft er í túni um 250 m norðaustan við bæ 001. Útihús er merkt á sama stað á túnakort frá 1920.

Túnið er nokkuð jafnlent og sléttað. Bratt er fram af því til norðausturs niður að Andakílsá.

Tóftin er um 10x14 m að stærð og snýr VSV-ANA. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Fast SSA við tóftina er 4 m breið og 14 m löng gróin jarðvegsmön samsíða tóftinni. Hún er 1,5 m á hæð. Tóftin skiptist í fjárhús og hlöðu. Hlaðan er í VSV-enda og er um 5x8 m að innamáli, snýr

NNV-SSA. Hún er lítillega niðurgrafin. Girðingarstaurum og járnarusli hefur verið safnað í hana. Fjárhúsin eru garðahús sem skiptast í 4 kræ með tveimur görðum. Í ANA-enda garðans í SSA-hluta fjárhúsanna er steypt fjárbað. Fjárhúshlutinn er 8x8 m að innanmáli. Veggir í tóftinni eru hvergi breiðari en 1 m og víða mjórri. Ætla má að þeir hafi raskast eitthvað við túnræktun í kring. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Ekki er hlaðinn veggur á ANA-hlið, á framgafli fjárhúsanna, og hefur þar að líkindum verið timbur- og/eða bárujárnsþil.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

BO-132:006 heimild um útihús A 369613 N 451886

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 280 m norðvestan við bæ 001 og 30 m norðan við útihús 005.

Túnið er nokkuð jafnlent og sléttað. Bratt er fram af því til norðausturs niður að Andakílsá.


Engin skýr ummerki sjást um útihúsið en ójöfnur eru í túninu sem gefa staðsetninguna til kynna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

BO-132:007 *Sauðhúsbörð* tóft fjárhús A 369508 N 452089





Fjárhústóft BO-132:007 í Sauðhúsbörðum, horft til norðurs á ljósmynd

“Upp af Breiðumýri fer landið hækkandi og heita þeir hjallar Sauðhúsbörð. Þau eru fyrir neðan gömlu fjárhúsin [líklega fjárhús 005] og sjást leifar þeirra,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildamanni eru Sauðhúsbörð kölluð Börð/Stekkjarbörð (sjá 024) og kannaðist heimildamaður ekki við önnur örnefni á svæðinu. Tóft er á brún Sauðhúsbarða fast norðaustan við gríðarmikinn framræsluskurð, 240 m NNV við fjárhústóft 005 og 500 m norðvestan við bæ 001. Ekki er ljóst hvort Sauðhúsbörð dragi nafn sitt af þessari tóft eða fjárhúsum 005 en börðin eru mun nær þessari tóft en fjárhúsunum.

Aflíðandi halli er frá tóftinni til norðvesturs og er þýft og grasgefið í kring um hana. Tóftin er

vaxin grasi og elftingu.

Tóftin er á hól sem er um 18x18 m að stærð og virðist að stórum hluta náttúrulegur. Á honum miðjum er einföld tóft sem er 10x6 m að stærð og snýr norður-suður. Óljóst op er á henni í norðvesturhorni. Tóftin virðist torfhlaðin. Veggir hennar eru signir og úr lagi gengnir og aðeins farnir að ganga í þúfur. Mesta hæð veggja er um 0,3 m. Beggja vegna við tóftina eru stallar sem kunna að hafa myndast við efnistöku í húsið en þeir gætu einnig verið leifar af heystæðum. Líklegt er að tóftin hafi gegnt hlutverki fjárhúsa sbr. örnefnið Sauðhúsbörð og mælir lögun hennar og staðsetning ekki gegn því.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Neðri-Hreppur, 2

BO-132:008 *Guðnatóft* þúst heygarður A 369658 N 451729

"Guðnatóft er vestur af bæjarhúsinu í Neðra hreppi í túninu þar. Hún er nú lítill hóll, en er þannig til komin að maður að nafni Guðni er bjó í Hvammi í Skorradal, heyjaði á Hvammsengi og fékk að setja heyið upp þarna," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Guðnatóftar er ekki þekkt og í túninu eru ýmsar hæðir sem koma til greina. Líklegasti staðurinn er ílangur og greinilegur hóll sem er 140 m suðaustan við fjárhús 005 og 120 m NNV við bæ 001 en 100 m norðvestan við íbúðarhús byggt 1974.

Hóllinn er í sléttuðu túni, nokkuð jafnlendu en hæðir og lægðir eru víða í því.

Hóllinn er 27x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er ekki skýrt afmarkaður nema til norðausturs en skörp brún sem þar er kann að hafa myndast við ræktun eða slátt. Engin ummerki um tóft sjást á hólnum en hann virðist vera manngerður. Fleiri hólar í túninu koma til greina sem Guðnatóft og má til dæmis nefna lágan, fremur hringlaga hól, sem er 43 m suðvestar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Neðrihreppur, aths. og viðb., 1

BO-132:009 tóft skemma A 369544 N 452079



Mótóft BO-132:009, horft til SSA á ljósmynd

Lítil torfhlaðin tóft er um 35 m austan við meinta fjárhústóft 007 í Sauðhúsbörðum og 490 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er fast vestan við mógrafir 019 og gæti hafa gegnt hlutverki mótóftar.


Umhverfis tóftina er þýfður og grasgefinn mói í halla til norðurs, í átt að Breiðumýri. Í honum vex mikið af elftingu og einnig á tóftinni.

Tóftin er einföld og virðist torfhlaðin. Hún er nokkuð greinileg en veggir farnir að síga og hlaupa í þúfur. Tóftin er um 6x4,5 m að stærð, snýr NNV-SSA. Ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur í NNV-enda tóftarinnar þar sem op er inn í hana. Mesta hæð veggja er 0,4 m.

Hættumat: engin hætta

BO-132:010 tóftir sel A 368824 N 449211





Seljatóftir BO-132:010, horft til norðvesturs. Tóft B er í forgrunni

"Í Einiberjahvömmum, alveg niður við lækinn eru tættur eftir mannvirki, sennilega sel frá Neðra Hreppi," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Tvær tóftir eru í Einiberjahvömmum, um 2,6 km SSV af bæ 001.

Einiberjahvammar eru þýfðir, vaxnir grasi og mosa. Grýttar, hálfgrónar brekkur afmarka hvammana en útsýni er niður á láglendi til norðurs. Lækur rennur í tveimur kvíslum um hvammana, í stefnu NNA-SSV. Austari kvísl lækjarins er mun vatnsmeiri en sú vestari sem er hálfþurr.

Á minjasvæði sem er um 22 x 11 m að stærð (norðvestur-suðaustur) eru tvær tóftir. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Lækur rennur milli tóftanna. Báðar tóftirnar eru grasi- og mosavaxnar. Gróið er að mestu yfir grjót í hleðslum en þó glittir í grjót á stöku stað í tóft A. Tóft A er vestan lækjar. Hún er um 10 x 4,5 m að stærð, snýr VNV-ASA. Tóftin er í halla til ASA en op virðist vera í VNV-enda. Tóftin er grasi og mosa gróin og nokkuð hlaupin í þúfur. Innra byrði er ekki alveg skýrt en í tóftinni virðast vera tvö hólf. Minna hólfið er í ASA enda, um 1,5 x 1 m að stærð, en það stærra er um 5,5 x 1 m að stærð. Hæð veggja er 0,3-0,6 m utanmáls, breidd víðast um 1,5 m. Um 4 m ASA af tóft A, milli lækjarkvísla, er tóft B. Tóftin er um 5 x 4 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er einföld og er op á henni í austurenda. Hæð veggja er 0,3-0,6 m

að utan, breidd um 2 m. Norður af tóft B eru tvær þústir, sú stærri um 4 x 2 m að stærð en sú minni um 2,5 x 1,5 m. Hæð þústanna er 0,3-0,5 m. Óljóst er hvort þústirnar eru manngerðar eða náttúrulegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Neðrihreppur, aths. og viðb., 1

BO-132:011 heimild um landamerki

“ Milli Efra- og Neðra-Hrepps ræður Hrafnagil - frá Andakílsá, allt út í Hrafnagilsbotn. Þar skal varða standa, Frá Hrafnagilsbotni beina stefnu í Miðfitjahól,” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Ekki er alveg ljóst hvernig Hrafnagilsbotn er skilgreindur en Hrafnagilsbotnar eru merktir inn á Örnefnakort Sigurgeirs Skúlaskonar litlu vestan við sel 010 í Einiberjahvömmum. Líklega er Hrafnagilsbotn sem vísað er til í landamerkjalýsingu allnokkru suðvestar en botnarnir á örnefnakortinu og er líklegur staður um 850 m suðvestan við suðvesturenda jarðbrúar á leið BO-651:006 og 2,5 km NNA við landamerkjavörðu BO-131:012 á Miðfitjahóli sem skráð er í með minjum í landi Efri-Hrepps.

Á svæðinu sem líklegt er að landamerkjavarðan hafi verið á er komið upp á heiði þar sem klappir og melar eru einkennandi fyrir landslagið og gróin mýrardrög á milli þeirra.

Ekki fannst landamerkjavarðan þrátt fyrir nokkuð víðtæka leit og reyndist því ekki unnt að staðstetja hana með innan við 50 m skekkju. Ekki er útilokað að henni hafi verið raskað við lagningu línuvegar sem liggur yfir Skarðsheiði á því svæði sem varðan var á.

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 354; Örnefnakort SS

BO-132:012 *Vörðuhryggur* varða landamerki A 368040 N 449030



Landamerkjavarða BO-132:012 á Vörðuhrygg, horft til suðurs

“ Milli Ytri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps, frá Sjónarhól [sjá vörðu 022] í vörðu á Vörðuhrygg [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Varða er suðaustarlega á Vörðuhrygg, um 230 m VSV við vörðubrot 029 og 3,2 m suðvestur af bæ 001.

Vörðuhryggur er hálfgróinn, grýttur hryggur sem liggur norðaustur-suðvestur. Lágir klettar eru á hryggnum suðvestan- og suðaustantil. Mýrarsund eru milli hryggjarins og næstu holta norðvestan og suðaustan við.

Varðan stendur efst á kletti suðaustantil á Vörðuhrygg. Hún er ferhyrnd, um 0,9 m á kant, og um 0,9 m há. Í vörðunni sjást 5-6 umför. Varðan er lítillega gróin í botn og er grjót í henni mjög skófum og mosa vaxið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 354

BO-132:013 heimild um landamerki

“ Milli Ytri-Skeljabrekku og og Neðra-Hrepps, frá Sjónarhól [sjá vörðu 022] í vörðu á Vörðuhrygg [012] þaðan beina línu í aðra vörðu sem er í beinni línu við Skrokksgil þar sem það fellur ofan af brúninni,” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Ekki sést til fornleifa.

Á heiðinni, milli Vörðuhryggjar og Skrokksgils, eru grýttir holtahryggir, hálfgrónir mosa. Mýrasund eru milli holta.

Svæðið milli Vörðuhryggjar og Skrokksgils var gengið en engin varða fannst og er hún líklega hrunin. Svæðið er mjög grýtt og er líklegt að hrunin varða falli vel inn í umhverfið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 354

BO-132:014 *Vörðuhóll* heimild um landamerki A 369144 N 451176



Vörðuhóll BO-132:014, horft til NNV

“ Milli Innri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps eru merkin úr fyr nefndri vörðu [013] beina línu í Skrokksgil þar sem það fellur ofan af brúninni, þaðan beina línu í Vörðuhól þar sem hann er hæstur, - þar stendur varða,” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Í örnefnalýsingu er talað um Vörðuhóla í fleirtölu: “Þá er það í hallanum mýri, sem heitir Lambamýri og utan og ofar á melunum, rétt ofan gamla vegarins [651:007], eru hólar, sem heita Vörðuhólar. Það eru tveir smásandhólar með þúfum efst á.” Vörðuhóll er líklega strýtulagaður grjóthóll sem er ofan á stórum melhól um 720 m suðvestan við bæ 001 og 440 m sunnan við mógrafir 021. Hann er beint upp af skurði á merkjum milli Neðri-Hrepps og Innri-Skeljabrekku. Þar er ekki lengur varða.

Ógróinn og grýttur melur er allt í kringum Vörðuhól en grónar mýrar eru neðan við hann. Nokkuð víðsýnt er frá honum.

Engin ummerki sjást um vörðu eða hrunda vörðu á hólnum og ekki ljóst hver örlög hennar hafa orðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 354

BO-132:015 heimild um landamerki

“Frá Vörðuhól [014] beina línu í vörðu með stein undir er stendur við rás frá framkeldu. Ræður

þá rásin frá fyrnefndri vörðu í Grænukeldu [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Af lýsingunni að dæma hefur landamerkjavarðan sem stóð við rás frá framkeldu verið torfvarða. Búið er að grafa skurð á merkjum í mýrlendi þar sem varðan var. Hefur hún væntanlega horfið við þá framkvæmd. Þar sem ekki er vitað hvar varðan var nákvæmlega reyndist ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 354

BO-132:016 heimild um kálgarð A 369742 N 451687

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru tveir stórir kálgarðar þétt saman um 70 m NNA við bæ 001 og fast norðvestan við útihús 002 og 003. Kálgarðarnir voru vestan við núverandi íbúðarhús sem byggt var 1974 og man Björn Haukur Einarsson, heimildamaður, eftir kartöflugörðum á þessum stað. Þar hafa komið upp leirkersbrot og glerbrot.

Kálgarðarnir eru komnir í tún og mögulega að hluta undir heimreið að núverandi íbúðarhúsi. Þar sem þeir voru er rabarbarabeð og hvannargróður.

Engin ummerki sjást lengur um kálgarðana vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-132:017 *Gilvað* heimild um vað A 370043 N 451777

“[...] ofan við túnið, upp undir Hrafnagili [...] er Gilvað,” segir í örnefnalýsingu. Vaðið er á Andakílsá, um 360 m norðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst á hvaða leið þetta vað var en líklegt er að þegar komið var yfir ána á leið 651:007 að bæ 001, hafi verið farið yfir á Gilvaði.

Á norðurbakka Andakílsár gengur malareyri fram í árfarveginn til suðurs. Á suðurbakkanum eru einnig eyrar sem eru að gróa upp af lúpínu og öðrum gróðri.

Áin er 15-20 m breið og er talsverður strengur í henni miðri. Þar er hún alldjúp en ekki mjög straumhörð. Engin ummerki um umferð sjást við ána.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Neðri-Hreppur, 1

BO-132:018 *Troðningar* heimild um leið A 369248 N 451859

“Vestan við Breiðumýri er þurrlendara; eru þar kallaðar Troðningar. Dregur það nafn af, að þar var farið með heylestir áður fyrr af flæðiengjum og tróðst stundum illilega í sundur,” segir í örnefnalýsingu. Engjavegur þessi var á sömu eða svipuðum slóðum og alfaraleiðin 651:022 á þessum hluta sveitarinnar. Þar er malarvegur (Mófellsstaðavegur 507) enn í dag (2017). Leiðin lá frá bæ 001 til norðvesturs og norðurs á engjar niður við Andakílsá.

Leiðin lá um tún næst bæ, mólendi og blautar engjar.

Engin ummerki um leiðina sjást og hefur hún líklega lent undir bílvegi að stórum hluta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Efri-Hreppur, 1

BO-132:019 náma mógrafir A 369568 N 452093



Mógrafir BO-132:019, horft til suðurs

Miklar mógrafir eru norðvestan við Börðin og suðaustan við Breiðumýri. Að sögn Björns Hauks Einarssonar, heimildamanns, voru þessar grafir mjög djúpar og stendur stundum vatn í þeim. Hross hafa drepið sig ofan í þær. Tvö stór mógrafasvæði eru greinanleg um 450 m norðan við bæ 001. Á milli þeirra eru um 200 m.

Svæðið einkennist af grónum hallamýrum á milli ógróinna mela. Því hefur verið raskað talsvert með skurðgrefti til framræslu.

Norðaustara svæðið (A) er á milli meintra fjárhúsa 007 og meints stekkjar 025. Það er um 80x40 m að stærð og snýr norður-suður. Suðvestara svæðið (B) er um 100x80 m að stærð og snýr austur-vestur. Skurður liggur í gegnum norðvesturhluta þess. Bæði svæðin eru í halla til norðvesturs og eru grasi gróin. Víðast eru grafirnar samfelldar og fremur grunnar en einstaka dýpri grafir eru einnig á svæðinu. Dýpri grafirnar eru fremur litlar, um 1,5x1,5 m að innanmáli og stendur vatn í þeim. Almennt eru grafirnar um 0,5 m djúpar en dýpri grafirnar eru 0,3 m dýpri. Mögulega hafa verið mógrafir víðar undir Börðunum.

Hættumat: engin hætta

BO-132:020 heimild um traðir A 369760 N 451557

Á túnakorti frá 1920 er sýndur vegur sem lá frá bæ 001 til SSA þar sem leiðir 651:005 og 651:007 sköruðust.

Vegurinn lá niður aflíðandi halla að Neðra-Hreppslæk.

Vegurinn er kominn í tún og sjást engin ummerki um hann vegna sléttunar. Staðsetningu hans má miða út frá steyptum hliðstólpum sem vegurinn lá á milli og standa enn um 70 m SSA við bæjarhólinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

BO-132:021 heimild um lögn A 368659 N 452578

“Neðar í ánni [en Hólmahylur] er Kvísl, milli Sóleyjarhólma og Grófarengis. Þar var lögn áður

fyrir net," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Kvíslin er 1, km norðvestn við bæ 001 en ekki er vitað nákvæmlega hvar netalögnin var og man heimildamaður, Björn Haukur Einarsson, ekki eftir hleðslum eða öðru mannvirki á þessum slóðum sem henni gæti tengst.

Kvíslin er 4-10 m á breidd og eru bakkar hennar lágir, sér í lagi suðurbakkinn. Þeir eru grasi grónir. Þegar skráningarmaður var á vettvangi (júní 2017) var lítið vatn í Kvíslinni og mikill aur en að sögn heimildamanns getur þetta svæði farið í kaf á stórstraumsflóði.

Engin ummerki um netalögn sáust á bökkum Kvíslarinnar og óvíst er að þau hafi verið umfangsmikil.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Neðri-Hreppur, aths. og viðb., 1

BO-132:022 varða landamerki A 367100 N 447465



Landamerkjavarða BO-132:022 á Sjónarhóli, horft til norðausturs

" Milli Ytri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps, frá sjónarhól í vörðu á Vörðuhrygg [012] [...]," segir í landamerkjaskrá frá 1923. Ekki er getið um vörðu á Sjónarhóli í landamerkjalýsingunni en þar er hins vegar sigin og gróin varða við línuveg sem liggur yfir Skarðsheiði. Varðan er á merkjum á milli Neðri-Hrepps og Ytri- og Innri-Skeljabrekku og er 1,8 km suðvestan við landamerkjavörðu 012 á Vörðuhrygg og 4,9 km suðvestan við bæ 001.

Sjónarhóll er hár melhóll, gróðurlítill efst en mosagrónari eftir því sem neðar dregur. Klappir standa upp úr honum hér og hvar.

Varðan er hlaðin á klöpp á hæsta punkti Sjónarhóls. Hún er um 1x0,6 m að grunnfleti og snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er 0,2-0,3 m á hæð og í henni sjást 2 umför hleðslu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók II, nr. 354

BO-132:023 náma mógrafir A 369072 N 451609

Út við merki á móti Innri-Skeljabrekku eru óveruleg ummerki um mógrafir í þríhyrndu beitarhólfi sem er 640 m vestan við bæ 001 og 40 m norðan við Vörðuhól 014.

Beitarhólfið er ofan (suðvestan) við tún, í aflíðandi halla til norðausturs. Svæðið hefur verið ræst fram með skurðum og er að mestu þurrt. Innan beitarhólfsins er smáþýfður og grasi gróinn mói.

Ummerki um móskurð sjást á svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr nálega norður-suður.



Óljós ummerki um mógrafir BO-132:023, horft til norðvesturs

Ekki sjást mjög skýrar brúnir á gröfunum og eru þær mest 0,2-0,3 m á dýpt. Að sögn Björns Hauks Einarssonar, heimildamanns, voru talsverðar mógrafir á þessu svæði. Miðað við þau ummerki sem sáust á vettvangi hafa grafirnar sigið vel saman en einnig kann að hafa verið fyllt upp í þær.

Hættumat: engin hætta

BO-132:024 tóft útihús A 369607 N 451922



Rofin útihústóft BO-132:024, horft til VNV



Illa farin tóft er rétt utan gamla heimatúnsins sem sýnt er á túnakorti frá 1920, í túni sem ekki er lengur slegið en nýtt er sem beitarhólf. Tóftin er um 320 m NNV við bæ 001 og 70 m norðan við fjárhús 005.

Tóftin er við skurðenda í beitarhólfi rétt innan við hlið og er þar mikið úttraðkað flag eftir hesta sem eru á beit í hólfinu. Ekið hefur verið yfir NNV-hluta hennar á dráttarvélum.

Tóftin er torf- og grjóthlaðin en mjög illa farin af ágangi hrossa. Hún er tvískipt, um 9,5x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. NNV-hluti tóftarinnar er alveg útflattur og þar rétt mótar fyrir hólfi sem er 4x2 m að innanmáli. Í SSA-hluta er nokkuð skýrt hólf sem er 4,5x2 m að innanmáli, snýr ASA-VNV. Líklega var op á því í ANA-horni. Ekki sést fjöldi umfara í veggjahleðslum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að þarna hafi verið útihús. Leifar af gamalli eldavél eru í SSA-hlutanum en ekki er ljóst hvort hún hefur verið í notkun þar og er það ólíklegt. Ef til vill hafa börn verið að bústanga í tóftinni og eldavélin sé í tengslum við það.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

BO-132:025 *Stekkjarbörð* tóft stekkur A 369601 N 452131



Meint stekkjartóft BO-132:025, horft til suðausturs



Inn á örnefnakort eftir Sigurgeir Skúlason er merkt örnefnið Stekkjarbörð þar sem í örnefnaskrá er talað um Sauðhúsbörð, sjá 007. Björn Haukur Einarsson, heimildamaður, kannast aðeins við örnefnin Börð eða Stekkjarbörð á þessu svæði. Ein nokkuð gömul og gróin tóft er í Börðunum, fast norðaustan við mógrafir 019, 100 m norðaustan við meint fjárhús 007 og 515 m norðan við bæ 001.

Í Börðunum og neðan við þau er valllendismói innan um hallamýrar og ógróna mela. Grasgefið og þýft er á svæðinu.

Tóftin er nokkuð röskuð vegna rofs í norðurhluta en mörk hennar til suðvesturs og suðurs eru skýr. Tóftin virðist vera einföld og er 7x4,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega var op á norðvesturgafli en ekki er hægt að segja til um það með vissu vegna rofs. Mesta hæð veggja er 0,3 m og virðast þeir eingöngu torfhlaðnir. Ekki er augljóst að tóftin sé stekkjartóft (ekki greinanleg lambakró) en það er margt sem styður það; s.s. örnefnið Stekkjarbörð, fjarlægð frá bæ og stærð og lögun tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Örnefnakort SS; Ö-Efri-Hreppur, 2

BO-132:026 *Skakkavað* heimild um vað A 368792 N 452690



Skakkavað BO-132:026, horft til VNV

Skakkavað er merkt inn á örnefnakort eftir Sigurgeir Skúlason um 1,4 km norðvestan við bæ 001 við norðausturendann á Sóleyjarhólma. Vaðið er á Andakílsá, móts við bæinn Ausu. Ætla má að vaðið hafi verið á leið 651:022 á leið að Ausu og áfram að Hvanneyri til norðurs. Áin rennur nánast að öllu leyti norðvestan við hólmann og suðaustan við hann er aðeins mjór, vatnslítill farvegur og er mikill aurbleyta í honum.


Sóleyjarhólmi er flatlendur og vaxinn lúpínu. Grösugir bakkar eru á engjunum beggja vegna við ána. Áin var lygn og ekki vatnsmikil á þessum stað þegar verið var á vettvangi (júní 2017).

Bílslóði liggur niður af Leynifitarholti að ánni þar sem Skakkavað er staðsett á örnefnakorti. Ekki sjást önnur ummerki um umferð við vaðið.

Hættumat: engin hætta

BO-132:027 tóft heygarður A 368726 N 452429





Heygarður BO-132:027, horft til VSV á ljósmynd

Stór hringlaga tóft er á Grófarengi um 1,3 km norðvestan við bæ 001 og 260 m SSV við Skakkavað 026.

Engið er marflatt, grösugt og nokkuð votlent. Það virðist vera nýtt fyrir hrossabeit.

Tóftin er um 14x18 m að stærð og snýr ANA-VSV. Torfhlaðnir veggirnir eru signir, 1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Innan tóftarinnar er mýrlent. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt. Helst kemur til greina að þetta séu leifar af stóru heystæði en vegna þess hversu blautt er inni í tóftinni er einnig mögulegt að þarna hafi verið lítil tjörn sem hlaðið hefur verið í kringum til þess að forða skepnum frá því að drepa sig ofan í hana. Líklegra er að þarna sé um heystæði að ræða og hlýtur vatnsstaðan að vera nokkuð hærri nú (2017) en þegar hey var sett þarna upp áður fyrr.

Hættumat: engin hætta

BO-132:028 náma mógrafir A 369521 N 451373

Ummerki um mótekju eru í hallamýri niður undan Vörðuhól 014, undir raflínu, um 320 m suðvestan við bæ 001.

Mýrin er gróin og deiglend en ekki mjög blaut.

Ummerki um móskurð sjást á svæði sem er 50x12 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins sést lágur kantur þar sem mór hefur verið tekinn á mörkum mýrlendis og móa. Kanturinn er 0,3-0,5 m á hæð. Mógrafasvæðið er gróið og deiglent en ekki stendur vatn í því.



Mógrafir BO-132:028, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

BO-132:029 varða óþekkt A 368255 N 449072



Vörðubrot BO-132:029, horft til norðausturs

Meint vörðubrot er á klett um 2,9 km suðvestur af bæ 001. Vörðuna ber við himin, séð frá línuvegi sem liggur yfir Skarðsheiði.

Varðan er á grýttu holti með lágum klettum sem liggur norðaustur-suðvestur. Vörðuhryggur (sjá 012) er norðaustan við en mýrarsund suðaustan við holtið.

Meint varða samanstendur af tveimur köntuðum steinum sem eru ofan á kletti. Með klettinum er varðan um 0,7 m á hæð og 0,6 m í þvermál. Grjót er skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en hún er nærri merkjum á milli Neðri-Hrepps og Innri-Skeljabrekku og því mögulega landamerkjavarða en líklegra er að varða 012 á Vörðuhrygg sé á merkjum.

Hættumat: engin hætta

BO-133 Hálsar



Minjar í heimatúni Hálsa BO-133. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti árið 1918, eru sýnd með svartri línu og skurðir með grárri línu.

16 hdr. 1707. JÁM IV, 171. Fyrst getið 1369 við jarðakaup. DI III, 250. Skálholtsstólsjörð síðan 1563, seld 1799.

1918: 41.518 m2 = 13 dagsl. Garðar 925 m2 + Húsatún 4261 m2 = 1 1/3 dagsl. "Bærinn er suðaustan undir melabungum og ásum, sem aðskilja Andakíl og Skorradal, Fossamelum. Hallar landi þar til suðausturs að Andakílsá, og stendur bærinn í brekkuhalli ... og er land þar nokkuð aðkreppt. ... Hálsaland er ásótt mjög. Í norðausturhorni landsins í Hetkjarri er dálítið kjarr. Ásarnir eru víða blásnir að ofan, en annars vaxnir móa- og valllendisgróðri og mýrarsund á milli. Er nær dregur ánni, verður samfelldara votlendi, sem nú er framræst og ræktað sem tún. Silungsveiði var í Andakílsá áður en hún var virkjuð."

BO-133:001 *Hálsar* bæjarhóll bústaður A 372775 N 451787

".. Bæjarhóll er í heimatúninu niður við ána þar sem bærinn var áður en hann var færður upp, þangað sem hann er nú [sjá 016]," segir í örnefnaskrá. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvenær bærinn var færður af bæjarhólnum en líklega var það árið 1916 þegar steinsteypt hús var byggt á yngra bæjarstæðinu 016. Staðsetning eldri bæjarins er ekki sýnd á túnakorti frá 1918. Bæjarhóll Hálsa er um 240 m suðaustan við yngra bæjarstæði 016, þar sem túnið rís hæst frammi á bakka Andakílsár. Bærinn var að öllum líkindum fluttur vegna landbrots af völdum Andakílsár.

Bæjarhóllinn er suðaustast í sléttuðu túni sem er mishæðótt. Hæst er túnið næst ánni og er þar



Á ljósmyndinni sést bæjarhóll Hálsa BO-133:001 lengst til vinstri, þar sem gamla heimatúnið rís hæst. Lengst til hægri á miðri mynd sést gamla íbúðarhúsið á yngra bæjarstæði BO-133:016, horft til VSV

hryggur sem liggur í sveig frá suðvestri til norðurs. Innan við hann til norðurs er lægð þar sem var mýrlent en búið er að ræsa svæðið fram og rækta tún. Framræslan og ræktun var hafin þar þegar túnakort fyrir jörðina var gert 1918.

Erfitt er að greina afmörkun bæjarhóls en hann virðist vera 44x25 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hóllinn er breiðastur frammi á árbakkanum en mjókkar til vesturs. Á miðjum bæjarhólnum er lægð sem skiptir hólnum í tvennt. Austurhlutinn er litlu greinilegri og þá helst á norðausturjaðri og má ætla að uppsöfnun mannvistarleifa sé 1-1,5 m en hóllinn hefur samlagast vel hryggnum sem hann er á. Lítið sést af ójöfnum á hólnum. Niður af bæjarhólnum til austurs er snarbrattur árbakkinn, 5-6 m hár. Hann er gróinn en neðst í bakkanum er malargrús og steinar þar innan um sem kunna að hafa hrunið úr hleðslum. Gamli bærinn á Hálsum var úr torfi og grjóti og að sögn heimildamanna, Pálma og Ingibjargar Ingólfsbarna, hefur komið upp grjót og lítilsháttar af leirkersbrotum á bæjarhólnum við túnræktun.



Bæjarhóll Hálsa niður við Andakílsá, horft til norðausturs

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Hálsar, 2

BO-133:002 *Húsás* heimild um fjárhús A 373195 N 452565

“Suður af [Votasundi] er Miðhóll og Miðhólslaut, er þá komið að Húsás, en það er ásinn



Húsatún BO-133:002, horft til norðausturs

sem fjárhúsin voru undir, og bæjarmegin við fjárhúsin er holt, sem heitir Húsholt, og nú hafa fjárhúsin [ekki fornleif] verið flutt utan í það," segir í örnefnalýsingu. Þar segir seinna: "Í kring um gömlu fjárhúsin er Húsatún." Á örnefnakort eftir Sigurgeir Skúlason er Húsás merktur talsvert norðar en Húsatún en Húsatún var á Húsási samkvæmt örnefnalýsingu. Á örnefnakorti er Húsatún norðvestan við mitt Húsholt. Húsatún er stakstætt tún sem sýnt er á túnakorti frá 1918 og hús merkt inn á það mitt. Elsti hluti túnsins var 900 m norðaustan við bæ 001 en það hefur verið fært mikið út til suðvesturs og nær nánast niður á Skorradalsveg (508). Samkvæmt Pálma Ingólfssyni og Ingibjörgu Ingólfsdóttur voru fjárhús suður undan kletti í túninu. Húsin voru garðahús úr torfi og grjóti, aflögð 1951. Húsin voru um 890 m norðaustur af bæ 001.

Ofan (norðan) við Húsatún er aflíðandi þýfð brekka upp að stórgrýttu holti. Girðing afmarkar sléttað tún.

Í brekkunni er töluvert af ójöfnum og grjóti á dreif en skýrar útlínur mannvirkja eru ekki greinilegar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Hálsar, 1, 2; Örnefnakort SS

BO-133:003 *Engjavað* heimild um vað A 373366 N 451789

"... Engjavað var við klappirnar neðan við [Engjanes og Engjaneshyl]. Vestan við nesið kemur svo í ána lækur sem heitir Engjalækur," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Pálma og Ingibjargar Ingólfsbarna, heimildamanna, var vaðið líklega um 590 m austan við bæjarhól 001 og 310 m norðvestan við landamerkjavörðu 014. Líklega var farið á þessu vaði yfir Andakílsá til að komast á Grundar- og Vatnsendaengi sem eru sunnan við ána og nytjuð af samnefndum jörðum norðan við ána.

Andakílsá breiðir úr sér á vaðinu og er grunn en var áður mun vatnsmeiri, áður en hún var virkjuð. Stór steinn stendur upp úr ánni miðri á vaðinu.

Bakkar árinnar eru lágir og eru malareyrar á þeim báðum á þessu svæði. Bílslóði liggur að vaðinu en ekki sjást götur liggja að því en engin önnur ummerki um umferð sjást.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hálsar, 1

BO-133:004 *Selás* tóft sel A 373891 N 452958

"Vestan við Kýrmúlasundið (vestra) er ás skógivaxinn, sem heitir Selás. Vestan við ásinn




Minjar á selstæði BO-133:004 undir Selási, horft til suðvesturs



Meintar minjar um brunn suðaustan við selið, horft til austurs

er gil, sem heitir Selgil, en það kemur sunnan við Kálfabót ... og Grafarmel [sjá Grafarsund 005], sem er niður af Selásnum ...Engjalækurinn ... kemur úr Selgilinu [sem er] vestan við Kálfabótarskóginn," segir í örnefnalýsingu. Stór tóft er sunnan í Selásnum um 1,6 km norðaustan við bæ 001. Selið er í jaðri sumarhúsabyggðar (Hálsaskógar) og er girðing, skurðir og malarvegur fast vestan við það.

Selið er í ástaglinu og nokkuð bratt fram af því. Neðan (sunnan) við það er mýrarsund sem búið er að grafa skurði í. Minjar á selstæðinu eru grasi vaxnar og grænar en í kring er þýfður lyngmói. Ofar í ásnum er birkiskógur og er skóglendi á öllum hólum hér í kring. Stutt er í Engjalæk til suðausturs.



Uppdráttur af minjum í selinu

Á selstæðinu sést ein stór tóft á lágum þýfðum rústahól sem er 14x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á honum eru sýnilegar byggingaleifar á svæði sem er 11x11 m að stærð. Yngsta mannvirkið er stór, einföld tóft sem líkist frekar beitarhúsatóft en seltóft og hefur það verið byggt ofan á eldri selminjar. Hún er 11x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin virðist að mestu leyti torfhlaðin og ekki sést í grjót í veggjum. Í henni er eitt greinilegt hólf sem er 7x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Það virðist vera lítillega niðurgrafið. Möguleg op eru á tóftinni í suðvesturenda og á norðvesturlangvegg. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Út frá norðvesturvegg tóftarinnar sést óljóst hólf sem er 1,5x1,5 m að innanmáli. Veggir þess eru mun mjórri og umfangsminni en í tóftinni. Ekki er augljóst hvort þetta hólf tilheyri yngstu tóftinni (þá mögulega heystæði) eða eldri tóft. Út frá suðausturvegg tóftarinnar sést annað óljóst hólf úr eldri byggingu sem er 1,5x2 m að innanmáli. Veggir þess eru breiðir og hlaupnir í þúfur en innanmál greinilegt. Um 35 m suðaustan við selið er uppspretta á mörkum Selass og mýrar. Þar má sjá grjót sem raðast í hálfhring og gætu þarna verið leifar af brunni. Mosagróður virðist vera yfir hinum helmingi hleðslunnar sem gæti hafa verið um 1 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hálsar, 1

BO-133:005 *Grafarsund* frásögn mógrafir A 373035 N 452028

“Grafarsund er vestan við Engjalæk upp af Flóðunum.” sbr. Grafarmelur “sem er niður af Selásnum [sjá 004],” segir í örnefnalýsingu. Mógrafir voru í Grafarsundi og man Ingibjörg Ingólfsdóttir, heimildamaður, eftir gröfum sem voru syðst í sundinu, nú neðan Skorradalsvegar (508) og komnar í tún eins og allt sundið. Mógrafirnar voru 370 m norðaustan við bæ 001.

Grafarsund hallar til suðvesturs og er sléttað tún í því. Einnig eru sléttuð tún sunnan við það og niður að Andakílsá.

Engin ummerki sjást lengur um mógrafirnar vegna túnræktunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hálsar, 1

BO-133:006 heimild um fjós A 372591 N 451921

Þegar bærinn á Hálsum var fluttur, sjá 016, var byggt fjós utan við túnjaðar gamla heimatúnsins, fast norðaustan við yngra bæjarstæðið en 200 m norðvestan við bæjarhól 001 þar sem gamli bærinn stóð áður. Ekki er vitað úr hvaða efniviði þetta fjós var byggt. Árið 1939 var nýtt fjós byggt á sama stað úr steypu. Það hús stendur enn (2017) og er nýtt sem smíðaverkstæði.

Steypta fjósið er í túnjaðri þar sem eldri og yngri íbúðarhús og útihús eru í röð. Skorradalsvegur 508 lá áður mun nær núverandi bæjarstæði Hálsa en hefur verið færður ofar í landið, til norðvesturs. Eldri vegurinn var aðeins fáum metrum norðvestan við fjósið og er aflíðandi halli frá gamla veginum að fjósinu og þar í hallanum er slétt malarplan. Einnig er malarplan suðvestan og suðaustan við fjósið.

Engin ummerki um eldra fjós sjást vegna niðurrifs og bygginga. Á yngra fjósinu eru tvær burstir og skúrar sitt hvoru megin við þær.

Hættumat: engin hætta

BO-133:007 þúst heystæði A 373777 N 452178


Samkvæmt Ingibjörgu Ingólfsdóttur og Pálma Ingólfssyni, heimildamönnum, eru tóftir norðaustan við Engjamel, mögulega heystæði. Þúst er sýnileg á þessu svæði suðvestantil í sláttublettum, um 1,1 km norðaustur af bæ 001.

Þústin er í grasmóa með strjálu kjarri. Mýrlendara er til norðurs. Engjamelur, sem er sunnan við þústina, er kjarri vaxinn. Lítið moldarflag er sunnan við þústina og hálfgróið austan við hana.

Þústin er um 9 x 7 m að stærð, snýr VNV-ASA. Innanmál í þústinni er mjög óljóst en op inn í hana er hugsanlega á norðurhlið. Hæð þústarinnar er almennt 0,4-0,6 m en um 1 m há fuglaþúfa er vestarlega á suðurhlið. Þústin er grasi vaxin og mjög stórþýfð.

Hættumat: engin hætta





Þúst af heystæði BO-133:007, horft til suðausturs á ljósmynd

BO-133:008 *Digravarða* varða landamerki A 373356 N 454048



Digravarða BO-13:008, horft til suðausturs

"... uppi af Merkjalág á há kinnarbrún er merkjavarða, sem heitir Digravarða," segir í örnefnaskrá.

"Að vestanverðu á milli Fossanna og Hálsa ræður bein lína úr kletti austan við Hrossahvamm hjá Andakílsá - sem nefndur er "Hrossaklettur" - í Digruvörðu sem stendur á hárri hæð austanvert við "Seldal" [BO-154:015] og hún hornmark á milli þessara jarða: Fossa, Kvígstaða, Hests og Hálsa," segir í landamerkjabréfi frá 1922. Digravarða er rétt norðan við horn merkjagirðingar, um 2,3 km NNA af bæ 001. Varðan sést vel og ber við himinn frá Dragavegi (520).

Varðan stendur hátt á grýttri hæð með aflíðandi hlíðum. Brattara er suðaustur og norðvestur af vörðunni.

Digravarða er um 0,8 m í þvermál og 0,9 m á hæð. Í henni eru 11-12 umför og er varðan að miklu leyti hlaðin úr hellugrjóti. Grjót er skófum vaxið og er varðan lítillega gróin í botn að norðanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hálsar, 2; Landamerkjabók I, nr. 76

BO-133:009 *Kolás* örnefni kolagröf A 372712 N 452439

"Þegar hálsinn hækkar aftur suður af Folaldakrika heitir hann Kolás og heldur því nafni alla leið suður að Andakílsá. Að vestan við Landbrotið er hvammur undir ásnum, sem heitir Kolasund." Kolás er á merkjum milli Hálsa og Fossa og er nýbýli í landi Hálsa á Kolási, ofan við veg.

Ásinn er hár og afgerandi. Víðast á honum er rýr gróður en inn á milli eru gróin svæði og birki vex hér og hvar í honum austanverðum.

Ekki eru þekkt ummerki um kolagerð á ásnum eða við hann þó nafnið bendi sterklega til þess að kolagerð hafi verið stunduð á svæðinu. Mikill birkiskógur er hér ofar í landinu og má ætla að skógur hafi einnig verið á ásnum áður fyrr en talsverð gróðureyðing hefur orðið á þessu svæði. Lítill hluti ássins var genginn og engin ummerki fundust um kolagerð (kolagrafir).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hálsar, 2

BO-133:010 *Mómýri* náma mógrafir A 372652 N 452365



Mógrafir BO-133:010 í Mómýri, horft til suðurs

"Heldur utar á [Kolásnum 009], en móts við fjárhúsin [002?], er Mómýri," segir í örnefnalýsingu. Mómýri er lítil mýri í suðaustanverðum Kolási um 470 m norðan við bæjarstæði 016 og 600 m norðan við bæjarhól 001. Að sögn heimildarmanna, Pálma og Ingibjargar Ingólfsbarna, voru 2-3 stungur niður á móinn og voru grafirnar 2-3 mannhæðir á dýpt. Grafirnar voru notaðar á tímabilinu frá 1950 til 1971-2. Ekki er útilokað að mótekja á þessu svæði hafi tíðkast fyrr á tímum en ekki eru heimildir um það.

Kolás er hár ás á merkjum milli Syðstu-Fossa BO-154 og Hálsa. Hann er víða orðinn fremur gróðurlítill en hefur verið grónari áður fyrr.

Mógrafirnar eru nokkuð samfelldar á svæði sem er 65x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Lækur rennur meðfram norðurjaðri grafanna og svo áfram til austurs. Þar sem lækurinn rennur úr gröfunum til austurs hefur mór einnig verið stunginn upp og þar hefur myndast 5 m breið og 35 m löng renna. Grafirnar eru mjög skýrt afmarkaðar, sérstaklega til suðurs og vesturs. Dýpstar eru þær vestast þar sem þær eru 1 m á dýpt. Innan þeirra er deiglent og þýft en vatn stendur ekki í þeim. Mórinn var þurrkaður og hreyktur á mel austan við grafirnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hálsar, 2

BO-133:011 *Kolásvarða* varða landamerki A 372488 N 452241

"... á há-Kolás [009] var varða, sem hét Kolásvarða," segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 200 m suðvestan við Mómýri 010 og 540 m norðvestan við bæ 001. Hún hefur að öllum líkindum gegnt hlutverki landamerkjavörðu á merkjum milli Hálsa og Syðstu-Fossa BO-154 en merkjagirðingin er líklega um 20 m austar en varðan og er hún því í raun í landi Fossa eins



Kolásvarða BO-133:011, horft til norðausturs

og merkin eru núna (2017). Mögulega hefur girðingin verið færð til austurs á svæði þar sem auðvelt hefur verið að girða en það virðist erfitt eða ómögulegt á vesturbrún Kolaáss þar sem ætla má að landamerkin hafa verið.

Kolás er hár og afgerandi. Víðast á honum er rýr gróður en inn á milli eru gróin svæði og birki vex hér og hvar í honum austanverðum.

Kolásvarða er hrunin og gróin. Grjótið í henni er skófum vaxið. Varðan er um 0,7 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Í henni sjást 2 umför hleðslu en ofmælt er sennilega að tala um hleðslur í hruninni vörðu. Gróið hrun úr vörðunni er norðaustan við hana. Líklega hefur varðan verið stærri að grunnfleti og má greina jarðlægt grjót norðaustan við vörðuna sem kann að vera úr henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hálsar, 2

BO-133:012 *Hálsavað* heimild um vað A 372711 N 451680

"Hálsavað er á ánni rétt neðan við bæinn [016] og liggur það yfir á Mófellsstaðaflóann," segir í örnefnalýsingu. Vaðið yfir Andakílsá er um 120 m suðvestan við bæ 001 og 270 m suðaustan við yngra bæjarstæði 016. Það var á leið 651:024 sem lá upp með Kaldá að bæjum og á aðrar leiðir í sunnanverðum Skorradal. Farið var yfir ána af malareyri niður undan túninu. Malarnám er á eyrinni.

Áin er nokkuð breið og grunn þar sem farið var yfir hana á Hálsvaði. Hún er ekki straumhörð og er möl í botninum. Rennsli í ánni hefur minnkað mikið síðan hún var virkjuð. Bakkar árinnar eru lágir á þessu svæði.

Engin ummerki um vaðið eða götur sjást við ána.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Ö-Hálsar, 2

BO-133:013 varða landamerki A 374391 N 453443

"Þaðan [frá Kýrmúla, hornamarki Grundar og Hálsa] ræður bein lína eftir múlanum í grjótvörðu er stendur sunnan til á há múlanum," segir í landamerkjaskrá frá 1922. Samkvæmt Pálma Ingólfssyni er varðan löngu horfin en önnur yngri varða er á múlanum, vestar en sú gamla. Tvær vörður eru sunnan til á Kýrmúla, um 2,3 km norðaustur af bæ 001.

Kýrmúli liggur NNA-SSV og er suðurendi múlans mosavaxinn með fjalldrapa á dreif. Múlinn er stórgrýttur og er bratt niður af honum. Mýrarsund eru austan og vestan Kýrmúla.

Á svæðinu eru tvær vörður og fá þær bókstafi til aðgreiningar. Um 14 m eru milli varðanna og



Landamerkjavarða BO-133:013, horft til SSV

eru þær í stefnu norður-suður. Varða A er norðar og stendur um 4 m frá VNV-brún múlans. Hún er um 0,7 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Í henni eru 4-5 umför. Varðan stendur á klöpp og er lítillega gróin í botn á suðurhlið. Grjót í vörðu er skófum vaxið. Varða eða vörðubrot B er innar á múlanum, um 11 m frá VNV-

brún. Það er 3 steinar ofan á mosavöxnu jarðföstu grjóti. Vörðubrotið er um 0,3 m í þvermál og um 0,2 m á hæð. Steinarnir eru lítillega skófum vaxnir en gætu verið nýlega færðir þar sem sumar hliðar eru svotil ógrónar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 76

BO-133:014 varða landamerki A 373623 N 451615

“Þaðan [frá Kýrmúla, hornamarki Grundar og Hálsa] ræður bein lína eftir múlanum í grjótvörðu [013] er stendur sunnan til á há múlanum úr þeirri vörðu áfram bein lína í vörðu úr torfi og grjóti sem stendur á bakkanum suður við Andakílsá,” segir í landamerkjaskrá frá 1922. Á norðurbakka Andakílsár er þýfð þúst og í henni benti Pálmi Ingólfsson, heimildamaður, á grjótundirstöður mannvirkis, líklega landamerkjavörðunnar sem getið er í landamerkjabók. Leifar vörðunnar eru um 2 km austan við bæ 001 og 270 m norðan við torfhlaðna landamerkjavörðu BO-127:027 á merkjum milli Indriðastaða og Grundarengis sunnan við Andakílsá.



Þúst frammi á bakka Andakílsár þar sem leifar af vörðu BO-133:014 eru, horft til SSV



Leifar af vörðu BO-133:014, horft til NNA

Gróinn mói er á norðanverðum árbakkanum og lúpína er farin að vaxa meðfram honum, næst ánni. Þar sem þústin og leifar af vörðu eru á árbakkanum hækkar landið lítillega. Bílslóði liggur meðfram ánni og fast norðan við þústina og hefur ef til vill raskað henni.

Þýfða þústin sem á árbakkanum er 22 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Ekki er víst að hún sé manngerð en hún sker sig úr umhverfinu; stendur hærra og er þýfðari en svæðið í kring. Ekki er ólíklegt að hún sé náttúrumyndun og að merkin hafi verið um hana einmitt vegna þess að hún stendur aðeins upp úr umhverfinu. Syðst á miðri þústinni, á árbakkanum, eru undirstöður torfhlaðinnar landamerkjavörðu sem er útflött. Þær eru um 2x2 m að stærð, örlítið lengri til

norðurs og suðurs en austur-vestur. Ferköntuð ílöng dæld er í vörðugrunninn miðjan. Dældin er gróin og í botni hennar finnst fyrir grjóti undir sverði. Í SSV-

enda hennar standa 2 sýnilegir steinar upp úr sverði. Mesta hæð vörðugrunns er 0,3 m en víðast er hann 0,1-0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 76

BO-133:015 *Magnúsarhóll* heimild um býli A 373855 N 453626

"Talið er að undir Magnúsarhól hafi búið maður um hríð, sem Magnús hét. Magnúsarhóll og Stórihóll eru fyrir vestan Selás [004] [...]," segir í örnefnaskrá. Magnúsarhóll er um 2,2 km NNA af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Magnúsarhóll er kjarri og lyngvaxinn melhóll. Sunnan undir hólnum er þýfð grasflöt, mýrlend austast. Vegur 651:007 liggur milli hóls og grasflatar.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði en líklegasti staður fyrir bæ á svæðinu er sunnan undir hólnum.

Hættumat: engin hætta

BO-133:016 *Hálsar* hús býli A 372574 N 451913



Gamla íbúðarhúsið á yngra bæjarstæði Hálsa BO-133:016, horft til suðurs

Yngra bæjarstæði Hálsa er fast utan og norðvestan við gamla heimatúnið sem sýnt er á túnakorti frá 1918. Skorradalsvegur 508 lá mjög nálægt bæjarstæðinu en hefur verið færður ofar í landið til norðvesturs og fjær bænum. Á bæjarstæðinu stendur hús sem byggt var 1916 og var byggt við það á 5 áratug síðustu aldar. Yngra hús sem er núverandi íbúðarhús er 10-15 m suðvestan við gamla húsið. Yngra bæjarstæði Hálsa er 240 m norðvestan við bæjarhól 001, í jaðri gamla túnsins, neðst í aflíðandi halla mót suðaustri.

Vegur að bænum liggur fast norðvestan við gamla íbúðarhúsið, meðfram framhlið þess. Hænsnakofi er byggður við suðausturenda þess. Trjágarður suðvestan við það og grasflöt norðaustan við.

Gamla húsið á bæjarstæðinu er mjög illa farið og óíbúðarhæft. Veðurhamur þess er að mestu enn allur lokaður en þó eru brotnar rúður í einum glugga og steypa orðin mjög léleg í veggjum. Húsið er 7x7 m að grunnfleti. Engin uppsöfnun mannvistarlaga sjást á bæjarstæðinu. Í ritinu Eyðibýli á Íslandi, 3. bindi eru eftirfarandi upplýsingar um húsið: "Húsið er steinsteypt á einni hæð með hálfniðurgröfnum kjallara og risi. [...] Útveggir hússins eru múrhúðaðir en þakið er bárujárnsklætt. Þakgerð hússin er nokkuð sérstök þar sem um er að ræða tvo samsíða mæna. [...] Húsið var stækkað árin 1947-1948 þegar suðurhlið þess var færð utar. Fram að því var

húsið ósamhverft um mænismiðju sína.” Einnig kemur fram í eyðibýlaskránni að síðast hafi verið búið í húsinu árið 1983.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918; Eyðibýli á Íslandi, bindi 3, 132

BO-133:017 renna áveita A 372630 N 451787



Handgrafinn skurður BO-133:017C, horft til austurs

Á túnakorti frá 1918 eru sýndir þrír skurðir sem ætla má að hafi verið handgrafnir. Skurðir eru enn (2017) á sömu stöðum í túninu og reyndar víðar en grafið hefur verið ofan í þá með vélgröfu að einum undanskildum. Sá skurður er 240 m norðan við bæ 001 og 400 m austan við yngra bæjarstæði 016.

Minjarnar eru í sléttuðu túni þar sem mýrlent hefur verið á milli bæjarhóls 001 og yngra bæjarstæðis 016.

Skurðirnir voru á svæði sem er 240x200 m að stærð. Skurður A var á norðausturjaðri gamla heimatúnsins (200 m á lengd). Þar er vélgrafinn skurður inni í miðju túni því heimatúnið hefur verið fært mikið út til norðausturs. Hann er 2 m á breidd og 1-1,5 m á dýpt. Skurður B lá frá skurði A til suðvesturs og var 240 m á lengd. Þar er vélgrafinn skurður sem er 1,5-2 m á breidd og 1 m á dýpt. Vatn er í þessum tveimur skurðum og þeir hafa báðir verið lengdir. Skurður C var í horninu sem myndast sunnan við skurði A og B. Hann myndar gleitt horn og er 234 m á lengd. Rúmlega 100 m af skurðinum virðist vera handgrafinn en aðrir hlutar hans hafa verið dýpkaðir með vélgröfu. Á þeim kafla þar sem hann virðist óraskaður er hann 0,3 m á breidd og 0,3-0,4 m á dýpt, samansiginn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-133:018 heimild um kálgarð A 372657 N 451963

Kálgarður er sýndur á túnakorti frá 1918 um 100 m norðaustan við bæjarstæði 016 og 215 m norðavestan við bæjarhól 001. Kálgarðurinn var þar sem nú (2017) eru steinsteypt fjárhús með niðurgröfnum taðkjallara.

Í túnjaðri í mjög aflíðandi halla til suðausturs.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn vegna bygginga og sléttunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918

BO-133:019 heimild um kálgarð A 372804 N 451861

Kálgarður er sýndur á túnakorti frá 1918 um 80 m norðan við bæjarhól 001, niður við Andakílsá.

Kágarðurinn var á flata í sléttuðu túni. Aflíðandi halli er upp á lágan hrygg þar vestan við.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn í túninu vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-133:020 þúst útihús A 372656 N 451755



Þúst BO-133:020 í heimatúni Hálsa, horft til VSV

Nokkuð afgerandi þúst er suðvestast á hrygg í gamla heimatúninu næst Andakílsá. Hún er á sama hrygg og bæjarhóllinn sem er 120 m austar. Ekki er sýnt útihús á þessum stað á túnakorti frá 1918. Ætla má að í þústinni séu leifar af útihúsi sem komið hefur verið úr notkun fyrir 1918.

Þústin er í sléttuðu túni.

Þústin er um 6x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er nokkuð skýrt afmörkuð í norðausturhorni og á ANA-hlið. Þar er hún 0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-133:021 garðlag vörslugarður A 373667 N 452623



Vörslugarður BO-133:021, horft til norðausturs

Garðlag er í vestarlega Selgili, sjá 004, austan Refholtsvegar, um 1,2 km norðaustur af bæ 001.

Selgil er mýrlendi milli lágra kjarri vaxinna hryggja. Vestan við mýrina er sumarbústaðahverfi í Refsholti.

Garðurinn er um 0,3-0,5 m hár og 0,6-1 m breiður. Hann er um 45 m langur og liggur að mestu austur-

vestur. Á síðustu 10 metrunum sveigir vesturendi fyrst til norðvesturs en þá til suðvesturs og endar við vesturmörk mýrinnar. Til austurs fjarar garðurinn smám saman út í mýrina. Garðurinn er þýfður og rofinn á stöku stað. Líklega hefur garðurinn verið hlaðinn sem undirstaða fyrir girðingu og eru tveir fallnir girðingarstaurar ofan á garðinum miðjum. Birkikjarr vex við garðinn á nokkrum stöðum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

BO-133:022 dæld útihús A 372769 N 451836



Dæld BO-133:022 í heimatúni Hálsa þar sem ætla má að útihús hafi staðið, horft til SSA


Afgerandi lægð er á hrygg í gamla heimatúninu sem liggur til norðurs frá bæjarhól 001. Ekki er sýnt útihús á þessum stað á túnakorti frá 1918. Ætla má að þarna séu ummerki um útihús sem komið hefur verið úr notkun fyrir 1918. Lægðin er 50 m norðan við bæjarhól 001 og 40 m suðvestan við kálgarð 019.

Minjarnar eru í sléttuðu túni.

Lægðin er um 2 m í þvermál og 0,1-0,2 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-134 Grund



Minjar í heimatúni Grundar BO-134. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu, leiðir með svartri brotalínu og lækir með blárri línu.

Nýbýli á stekkjarstæði frá Vatnsenda BO-135, stofnað um miðja 17. öld af Brynjólfi biskupi Sveinssyni (1605-1675) og ætlaði hann það fyrir ekkju sína. Til Grundar var lagður þriðjungur af Vatnsendalandi og land í Mófellsstaðaflóa og Indriðastaðaflóa. Nefndist jörðin Nýjagrund, Biskupsgrund og Vatnsendagrund. JÁM IV, 170.

1918: 83.646 m2 = 26 dagsl. Garðar 1937 m2. “Með [Andakílsá] eru valllendis og malareyrar, þá votlendi og móar, en síðan ganga kjarrivaxnir ásar upp í Grundarháls, og eru mýrarsund á milli og melaflákar. Hálsinn er lítt gróinn hið efra og klettóttur í Kýrmúla, en skógarkjarr í hlíðinni ofan bæjar. Silungsveiði er í Skorradalsvatni og var einnig fyrrum í Andakílsá.” BB II, 227

BO-134:001 *Grund* bæjarhóll bústaður A 375158 N 451890

“Jörð í Skorradal, neðst við vatnið norðanvert. Um nafnið er að segja, að jörðin er byggð úr Vatnsendalandi á stekkjarstæði, sléttri grund, sem nýbýlið heitir eftir,” segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóllinn á Grund er austan við mitt heimatúnið, á stalli í aflíðandi halla til suðurs. Gamalt steinsteypt fjós er fast norðaustan við bæjarhólinn sem er hvítmálað með tveimur burstum, svokallað jötufjós. Það er ekki lengur í notkun, sjá útihús 003. Bærinn var fluttur um 70 m til vesturs árið 1900 og þar byggt timburhús, sjá 004. Grund var þingstaður frá árinu 1792 þegar þingstaðurinn var færður frá Indriðastöðum BO-127:001 og var þingað í bænum. Landsímastöð var einnig á Grund en hún var til húsa í eða við yngri bæinn 004.



Bæjarhóll Grundar BO-134:001, horft til norðausturs

Sléttað tún er í kringum bæjarhólinn og er túnið enn nytjað.


Hólbunga er á stalli í túninu þar sem bærinn var og er bæjarhóllinn norðaustast á henni. Hann er 28x25 m að stærð, litlu lengri norður-suður en austur-vestur. Hann er nokkuð flatur að ofan og fremur sléttur, ekki hærri en 0,5 m. Grjót sést upp úr sverði á einum stað. Grunn renna er í kverkinni á milli bæjarhóls og brekku til norðurs. Bæjarhóllinn hefur samlagast bungunni sem hann er á og ekki gott að greina þar á milli. Til er gömul ljósmynd af torfbænum í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, sem síðast stóð á bæjarhólnum. Hann var með fjórar burstir. Samkvæmt Davíð Péturssyni, heimildamanni, var skemma vestast í bæjarröðinni og næstu þrjár burstir tilheyrðu bænum sjálfum en göng voru í miðburstinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918; Herforingjaráðskort 36 NV; Saga sveitarstjórnar II, 77; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1730168

BO-134:002 *Bænhústóft* tóft útkirkja A 375223 N 451836





Bænhústóft BO-134:002, horft til norðvesturs á ljósmynd

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 segir: «Hjer er hálfkirkja, reist í fyrstu af biskupinum Mag. Brynjólfi og um hans daga og allt til fárra árra voru hjer tíðir veittar, þegar heimamenn og nábúar voru til altaris. En í næstu 12 ár hafa hjer aldrei tíðir flutst.” “Austast í túninu er Bænhústóft og kringum hana er Bænhúsvöllur, öðru nafni Krosshúsvöllur,” segir í örnefnaskrá. Bænhústóftin er um 80 m suðaustan við bæ 001 og 115 m ofan (norðan) við Skorradalsveg (508).

Tóftin er neðarlega í sléttu túni sem er í halla til suðurs. Það er enn slegið og á vorin er lambfé

á beit í því.

Tóftin er 5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er opin til suðurs þar sem hefur verið timburþil. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Grón fjárgata liggur þvert yfir norðurvegg tóftarinnar. Rof er inni í tóftinni vegna ágangs sauðfjár sem leitar skjóls í henni. Ekki sést grjót í veggjum nema í rofi en tóftin er að mestu torfhlaðin. Guðrún Bjarnadóttir, föðursystir Davíðs Péturssonar, heimildamanns, sagði að kona og barn væru jörðuð við kirkjuna, annars fara ekki sögur af því að jarðsett hafi verið við hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM IV, 170; Ö-Grund, 1

BO-134:003 heimild um útihús A 375146 N 451882

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús og sambyggður kálgarður fast sunnan við bæ 001. Á kortinu er einnig lítið ferhyrnt mannvirki í austurhorni kálgarðsins, beint niður undan gamla bænum. Það er ekki merkt sem hús og gæti hafa verið brunnur. Á þessum stað er gamalt steypt fjós sem ekki er lengur notað. Það er hvítmálað með tveimur burstum, svokallað jötufjós.

Minjarnar voru í sléttuðu túni, í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki sjást um þau vegna sléttunar og bygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-134:004 *Grund* bæjarstæði bústaður A 375087 N 451879

Nýtt timburhús var byggt á Grund um 70 m vestan við gamla bæinn 001 árið 1900 og var þá hætt að búa í gamla bænum.

Malarplan er þar sem húsið stóð og er núverandi íbúðarhús fast sunnan við. Afgirtur garður er í kringum yngsta húsið og trjágróður innan hans. Enn er gömul bensíndæla ofan við bæjarstæðið sem sýnir gróflega hvar timburhúsið stóð.

Engin ummerki um yngri bæinn sjást á yfirborði og engin uppsöfnun mannvistarlaga er greinanleg á bæjarstæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-134:005 *Fjárhúsvöllur* heimild um fjárhús A 375119 N 452099

"... allt upptúnið [er kallað] Fjárhúsvöllur," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 er stórt útihús merkt í túnjaðri um 210 m NNA af bæ sem var að öllum líkindum fjárhúsin sem upptúnið dregur nafn sitt af. Ekki sést til fornleifa.

Sléttað tún í aflíðandi halla er norðan við bæ 001. Fast ofan (norðan) við túnið er smáþýfi en lyngmói, klettar og kjarr ofar.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Húsin hafa verið rifin en ekki sléttað yfir þau, heldur er þýfi þar sem húsin voru.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918; Ö-Grund, 1

BO-134:006 *Selhóll* tóftir sel A 375294 N 452382



Tóft A í seli BO-134:006, horft til VSV



“Ofan við Bæjarásinn, út við lækinn er skógarhóll, sem heitir Selhóll. Mun þar hafa verið sel frá Grímastöðum, sem finna má í gömlum skjölum,” segir í örnefnaskrá. Er hér að framan vísað til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 þar sem segir: «Munnmæli segja að jörðin [Grímastaðir BO-

168] hafi brúkað selstöðu í Vatnsendalandi í Skoradal, en ábúandi á Vatnsenda aftur engispart þann, sem nú er kallaður Æluengi í Grímastaðalandi [...].” Grund var byggð úr landi Vatnsenda BO-135. Sunnan undir Selhól, um 500 m norður af bæ 001, er stórþýfð hólmyndum með tveimur tóftum við Bæjarlæk. Aðrar seltóftir 021 eru ofan Selhóls, um 240 m norðaustar. Ekki er ljóst hvor seltóftin tilheyrði selstöðu frá Grímastöðum eða hvort þær hafi báðar tilheyrt henni.

Selhóll og Bæjarás eru báðir kjarri vaxnir. Milli þeirra er lyngmói og grjót á stöku stað. Bæjarlækur rennur niður hlíðina til NNA austan við tóftirnar. Vestan við tóftirnar er smáþýfð grasflöt en mosagrónara er sunnan við.

Hólmyndunin er um 21 x 18 m að stærð, um 0,5-0,6 m há og snýr NNA-SSV. Á henni eru tvær tóftir og fá þær bókstafi til aðgreiningar. Báðar tóftirnar eru hlaupnar í þúfur, grónar grasi, mosa og lyngi, en tóft B er lítið eitt grænni en tóft A. Ekkert grjót sést í tóftunum. Tóft A er austarlega á hólnum. Hún er einföld, um 8 x 5,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru víðast um 2 m á breidd en SSV-veggur er um 1 m og er mögulegt að op hafi verið þar en ekkert skýrt op er á tóftinni. Hæð veggja er mest um 0,5 m. Tóft B er um 2,5 m norðvestur af tóft A. Hún er einnig einföld, um 5 x 4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggir tóftarinnar eru um 1,5 m á breidd og hæð 0,3 m. Tóftirnar eru báðar á NA-hluta hólsins sem er allur stórþýfður. Hugsanlega eru einnig minjar á syðri hluta hólsins en ekki er hægt að greina nein mannvirki þar á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 2; JÁM IV, 184

BO-134:007 *Réttarflöt* þúst rétt A 375216 N 452432



Þúst BO-134:007 á Réttarflöt, horft til norðausturs

"Upp af túninu er ás sem heitir Bæjarás. Við austurenda hans niður við Bæjarlækinn er slétt flöt, sem heitir Réttarflöt. Þar var rétt," segir í örnefnaskrá. Engin rétt sést á svæðinu en stórþýfð þúst er norðvestan við flötina, um 540 m norður af bæ 001, milli Selhóls 006 og Bæjaráss.

Selhóll og Bæjarás eru báðir kjarri vaxnir. Milli þeirra er lyngmói og grjót á stöku stað. Hálfgróinn melur er undir Bæjarás, SSV af þústinni.

Þústin er um 10 x 9 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Hún er grasi gróin, aðeins grænni en umhverfi, mjög gengin í þúfur og er ekki hægt að greina innanmál. Þústin rís hæst um 50 cm.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 2

BO-134:008 *Stekkjarás* tóft stekkur A 374860 N 452275



Stekkjartóft BO-134:008, horft til norðvesturs



"En Stekkjarás er skógarás, sem liggur meðfram [Stekkjarás]læknum að vestanverðu," segir í örnefnalýsingu. Ógreinileg, sigin tóft er austan í Stekkjarásnum, niður við Stekkjaráslæk. Austan við lækinn er Stekkjarholt. Tóftin er 300 m norðan við Grafarmýri 010 og 490 m norðvestan við bæ 001. Stekkurinn er í brekkurótum þar sem bugða er á læknum og flatlend tunga teygir sig frá ásnum og stekknum til austurs.

Smáþýft og grasgefið er í kringum stekkinn en birkiskógur er í hlíðum ássins vestan við hann. Austan við lækinn móts við stekkinn er jarðvegsrof í litlu jarðfalli. Grasivaxið er næst læknum beggja vegna við hann en talsverður birkigróður þegar ofar dregur í Stekkjarás og Stekkjarholti.

Stekkurinn er um 6x6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hlaðinn inn í halla neðst í brekku og er norðvesturveggur lítt greinanlegur. Tóftin er tvískipt og er stærra hólfið í norðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 3,5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Nokkuð afgerandi þúst er í norðausturhluta hólfsins. Ógreinilegt op er inn í hólfið úr suðvestri. Úr suðurhorni þess er mjög ógreinilegt op til austurs í minna hólfið sem stendur lægra og er í suðausturhluta tóftarinnar. Veggir þess eru lítilfjörlegir og er hólfið allt mjög ógreinilegt. Það virðist vera 2,5x1 m að innanmáli, snýr eins og tóftin og stærra hólfið. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,3 m. Þeir virðast að mestu torfhlaðnir.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Grund, 2

BO-134:009 varða samgöngubót A 374904 N 453070



Varða BO-134:009, horft til suðausturs

Lítil óvönduð varða er á klapparhrygg vestan við Stóraberg. Hún er um 570 m norðan við Vindhól 011 og um 1,2 km norðan við bæ 001.

Klapparhryggurinn er mosavaxinn að hluta. Beggja vegna við hann eru mýrlend sund og hátt er fram af honum til vesturs.

Varðan er 0,8x0,6 m að grunnfleti og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,4 m á hæð og í henni sjást 3 umför. Í henni er eggjagrjót, skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en hún hefur mögulega varðað leið BO-651:010 á milli Grundar og Mávahlíðar í Lundarreykjadal. Fast sunnan við vörðuna eru ummerki um rót, eins og bæli í mosanum, og 1 m löng hleðsla úr smáu grjóti. Þessi ummerki eru nýleg og eru líklega í tengslum við veiðar á fugli eða tófu.

Hættumat: engin hætta

BO-134:010 *Grafarmýri* náma mógrafir A 374772 N 451985

“Austan við Grafarmýrina heima við tún er Stekkjarholt [sjá 008],” segir í örnefnalýsingu. Grafarmýri er beint norður af nýlegu íbúðarhúsi Péturs Davíðssonar sem er vestan við gamla heimatúnið. Þar eru mógrafir um 400 m vestan við bæ 001. Davíð Pétursson, heimildamaður, man vel eftir þessum gröfum og móskurðinum en hætt var að taka mó í kringum 1945-6 þegar olíueldavél kom á bæinn. Mórinn í Grafarmýri var nokkuð góður og mikið af rótum í honum. Grafirnar voru orðnar mjög djúpar (allt að 3 m á dýpt) svo að henda þurfti mónum upp á stall fyrst og svo áfram upp á bakkann. Mórinn var svo borinn upp á Stekkjarholtið.



Mógrafir BO-134:010 í Grafarmýri, horft til suðausturs

Grafarmýri er nokkuð vel afmörkuð af holtum til allra átta. Skurður liggur skáhallt í gegnum hana til framræslu en hún er enn allblaut og er grösug.

Ummerki um mógrafir sjást enn í norðanverðri mýrinni, norðan við skurðinn, á svæði sem er 74x22 m að stærð og snýr norður-suður. Þar eru skýrir bakkar á samfelldu mógrafasvæði sem er gróið og samansigið. Ekki stendur vatn í gröfum en þær eru votlendar. Hæst er upp úr þeim í norðurenda, um 1 m, en víða 0,5 m. Hafa þær sigið mikið saman að sögn heimildamanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 2

BO-134:011 *Vindhóll* heimild um huldufólksbústað A 374947 N 452500



Vindhóll, huldufólksbústaður BO-134:011, horft til suðvesturs

“Norðarlega í [Langás] utan við Krubbulæk, móts við Stórabergstaglið er hár hóll, sem heitir Vindhóll. Þar búa álfar,” segir í örnefnalýsingu. Vindhóll er um 240 m norðan við stekk 008 og 650 m norðan við bæ 001. Norðaustast í Vindhóli eru fallegir klettar eða klappir þar sem álfarnir eru sagðir búa. Engar þekktar sagnir eru af þeim. Krubbulækur (neðar heitir hann Stekkjaráslækur) rennur norðaustan við klettana og hólinn og ofan við hólinn er Stórabergstagl og Stóraberg, lágt fjall eða fell.

Deiglent og grasgefið smáþýfi er í kringum hólinn en á honum sjálfum er birkiskógur og er hann að vaxa yfir klettana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 3

BO-134:012 *Húsatún* tóft fjárhús A 374449 N 452546

Eftir Löngulág rennur Löngulágarlækur “Hann rennur niður hjá gömlu fjárhúsunum, breytir þar um nafn og heitir þá Húsalækur. [...] Vestan við Löngulág ... er stór ás, sem heitir Húsás. Sunnan í enda hans er Húsatún, afgirt stykki. ... Húsasund er vestur af Húsatúni og hallar




Húsatún BO-134:012, horft til suðurs



Húsatún BO-134:012, horft til norðurs

mót vestri," segir í örnefnaskrá. Leifar af fjárhúsum eða beitarhúsum og gerði eru á hæð suðaustan undir Húsási. Húslækur rennur neðan og sunnan við minjarnar og grefur sig nokkuð niður. Að sögn Davíðs Péturssonar, heimildarmanns, var hætt að nota húsin í kringum aldamótin 1900. Minjarnar eru um 60 m norðan við tóft 024 og 960 m norðvestan við bæ 001.

Þýft og grasgefið er hér í kring og má sjá rof á stöku stað. Mýrlent er á milli tóftar og lækjar.



Minjar í Húsatúni

Minjarnar eru á svæði sem er um 24x19 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Efst uppi á hæðinni eru leifar af beitarhúsum A sem hafa verið jöfnuð út að hluta. Þau voru líklega um 11x12 m að stærð, tvöföld garðahús. Nú sést aðeins raskaður austurhluti sem er um 11x7 m að stærð og snýr norður-suður. Lágur grjóthlaðinn garði er í hólfinu sem sést og er hann um 1 m á breidd en 0,1-0,2 m á hæð. Hólfið er um 8x3 m að innanmáli en er mjórra í norðurenda því vesturveggurinn er hruninn ofan í það eða hefur verið ýtt ofan í. Mögulegt op er úr hólfinu til suðurs úr vestari krónni. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m. Mest sjást 1-2 umför í hleðslum. Tvær grjóthrúgur eru á hólnum með grjóti sem hreinsað hefur verið úr hleðslum þegar svæðið var sléttað. Hæðin sem tóftin er á er að mestu náttúruleg en uppsöfnun mannvistarleifa virðist vera 1-1,5 m á svæði sem er um 19x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Í brekkunni framan við tóftina er gerði B sem er um 10x14 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Að sunnanverðu sést aðeins kantur og er innri brún illgreinanleg. Kanturinn er um 0,8 m á hæð. Á austurhlið er siginn torfveggur og vesturveggur sést ekki, líklega vegna sléttunar. Norðurhliðin er ekki skýrt afmörkuð ef norðausturhornið er undaskilið. Þar efst í gerðinu, framan við sýnilega hluta fjárhúsanna, eru ógreinilegar leifar af hólfi eða mannvirki sem er 4x2-3 m að innanmáli og snýr VNV-ASA.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 4

BO-134:013 *Ósvað* heimild um vað A 374439 N 451346

“Rétt upp við vatn er Ósvað á ánni, og næsta vað þar neðar er Steinsvað [014],” segir í örnefnalýsingu. Ósvað á Andakílsá var um 900 m suðvestan við bæ 001 og um 130 m austan við Steinsvað. Ósvað var á leið 651:005 sem lá af Hesthálsi, meðfram sunnanverðu Skorradalsvatni og upp á Dragháls.

Mjög miklar breytingar hafa orðið við ána í ósnum vegna Andakílsárvirkjunar sem gerð var 1945-1947. Stífla er í ósnum og skurður sunnan við ána auk þess sem bakkar árinnar hafa verið hlaðnir upp. Mikil lúpina vex á árbakkanum við ósinn. Norðan við ána er svo birkigróður.

Engin ummerki sjást um leiðina eða vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 4

BO-134:014 *Steinsvað* heimild um vað A 374305 N 451345

“Rétt upp við vatn er Ósvað [013] á ánni, og næsta vað þar fyrir neðan er Steinsvað. Það er á þjóðveginum rétt fyrir neðan brúna,” segir í örnefnalýsingu. Steinsvað er um 130 m vestan við Ósvað og 1 km suðvestan við bæ 001, fast vestan við brúna á veginum yfir Andakílsá. Steinsvað var á leið 651:005 sem lá af Hesthálsi, meðfram sunnanverðu Skorradalsvatni og upp á Dragháls.

Lágir aflíðandi bakkar eru beggja vegna við Andsakílsá þar sem mikið vex af lúpínu. Áin er mjög vatnslítil en rennsli í henni hefur breyst mikið með tilkomu Andakílsvirkjunar sem gerð var 1945-1947.

Bílslóði liggur að vaðinu en ekki sjást önnur ummerki um umferð. Steinn (ekki mjög stór) er í ánni og stendur upp úr grunnu vatninu. Mögulega er það steinninn sem vaðið dregur nafn sitt af.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 4

BO-134:015 *Brot* heimild um vað A 374103 N 451561

“Vað, sem nefnt var Brot, var ofan við svonefndan Kirkjuvaðshyl [sjá 016], sem er út af neðri hluta Ósmóans,» segir í örnefnaskrá. Vaðið er á Andakílsá um 180 m suðaustur af Kirkjuvaði 016 og 1,1 km VSV af bæ 001. Líklegt er að farið hafi verið yfir á þessu vaði á leið til kirkju á Hvanneyri eins og Kirkjuvað. Þeir sem bjuggu í utanverðum og sunnanverðum Skorradalshreppi og áttu kirkjusókn í Hvanneyrarkirkju hafa farið yfir Andakílsá á þessu vaði. Líklegt er að leiðir 651:005 eða 651:013 hafi verið farnar að vöðunum og svo inn á leið 651:001 norðan við ána á leið til kirkju.

Lúpínubreiða er vestan við ána en malareyrar austan við með lúpínu ofan við.

Andakílsá er um 6-7 m breið á vaðinu og 0,1-0,3 m djúp frá eystri bakka séð. Aflíðandi halli er að ánni báðum megin. Mikið set er í botni árinnar sem er mjög lygn. Engin leið sést að vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 4

BO-134:016 *Kirkjuvað* heimild um vað A 373969 N 451675



Kirkjuvað BO-134:016, horft til suðurs

"Vað, sem nefnt var Brot [015], var ofan við svonefndan Kirkjuvaðshyl, sem er út af neðri hluta Ósmóans. Kirkjuvað var neðan við hylinn," segir í örnefnaskrá. Kirkjuvað er á Andakílsá rétt neðan við Skorradalsveg um 1,2 km VSV af bæ 001. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: "Kirkjuvað er á leið til Hvanneyrarkirkju." Þeir sem bjuggu í utanverðum og sunnanverðum Skorradalshrepps og áttu kirkjusókn í Hvanneyrarkirkju hafa farið yfir Andakílsá á þessu vaði. Líklegt er að leiðir 651:005 eða 651:013 hafi verið farnar að vöðunum og svo inn á leið 651:001 norðan við ána á leið til kirkju.

Um 3 m há brekka er niður af veginum norðan við Andakílsá en þaðan um 5 m á jafnsléttu að árbakkanum. Aflíðandi halli er að ánni sunnanmegin. Lúpína vex báðum megin árinnar en við tekur lyngmói sunnan megin.

Áin er um 5 m breið á vaðinu og 5-10 cm djúp. Áin er lygn og smágrýtt í botn. Engin leið sést að vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 4; Ö-Grund, aths. og viðb., 1

BO-134:017 gata traðir A 375185 N 451987



Ummerki um traðir BO-134:017, horft til SSV

Traðir eru merktar inn á túnakort frá 1918 sem lágu í NNA frá bæ 001. Ummerki um traðirnar sjást í túni Grundar fast norðan við bæ 001.

Traðirnar eru í sléttuðu túni, í rækt. Aflíðandi halli er á túninu til suðurs.

Traðirnar sjást sem renna eða dæld í túninu, 1-1,5 m breið og 10-20 cm djúp. Traðirnar sjást í fyrst í túninu um 50 m NNA af norðvesturhorni útihúss sem stendur suðvestan við bæjarhól 001. Þaðan liggja þær um 70 m í NNA að túnjaðri. Botn dældarinnar er smáþýfður. Við enda traðanna í túnjaðri eru steypuleifar, en óvíst að þær tengist tröðunum beint. Þar kunna að hafa verið steyptir hliðstólpar. Til er mjög skemmtileg mynd í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, af Bjarna Péturssyni (1869-1928), bónda á Grund, á hestbaki í tröðunum.

Myndin var tekin af Sigfúsi Eymundssyni en ekki kemur fram hvaða ár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=876236

BO-134:018 *Grafarhringur* náma mógrafir A 374216 N 451595



Hluti af mógröfum BO-134:018, í Grafarhring, horft til austurs

"Að vestan við [þjóð]veginn, suðvestur af Norðlingasundi er Grafarhringur. Hann nær niður að á," segir í örnefnalýsingu. «Grafarhringur er engi, og voru þar mógrafir,» segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaslýsingu. Mógrafir eru á mörkum mýrar í Grafarhring og Ósmóa, í horni sem myndast þar sem Skorradalsvegur (508) og Dragavegur (520) skarast norðan við Andakílsá. Þær eru um 260 m norðan við Steinsvað 014 og 990 m vestan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í þýfðri og grösugri mýri. Hún er tiltölulega þurr og í henni eru farin að vaxa birkitré.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 120x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hitaveitulögn liggur í suðvesturjaðri svæðins og mögulega inn á það að litlum hluta. Grafirnar eru samelldar og brúnir þeirra eru nokkuð skýrar í norðausturjaðri svæðisins en einnig eru dýpri afmarkaðar grafir inn á milli. Stærstu og dýpstu grafirnar eru í norðvesturhluta svæðisins. Þær eru 0,5 m á dýpt og stendur vatn í þeim sem er u.þ.b. 0,3 m djúpt. Ein stök gröf er norðvestast á svæðinu. Hún er um 8x8 m að innanmáli og 0,3-0,5 m á dýpt. Gröfin er að mestu gróin og vatn stendur í henni í norðvesturhorni. Mjó og grunn rás liggur í gröfina frá Skorradalsvegi litlu norðar en ekki er ljóst hvaða tilgangi hún þjónar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 3; Ö-Grund, aths. og viðb., 1


BO-134:019 hleðsla þvottastaður A 375194 N 451991

Samkvæmt Davíð Péturssyni, heimildamanni, var þvottur þveginn og breiddur til þerris við Bæjarlæk norðaustur af bæ. Hlóðir eru í túnjaðri um 110 NNA af bæ 001. Ullin var þvegin í litlum fossi í læknum þar skammt ofan (norðan) við.

Norðausturjaðar túns markast af skarpri brún, 1-1,5 m á hæð. Þar neðan við er brekka niður að Bæjarlæknum sem rennur til suðurs niður hlíðina. Girðing liggur norður-suður meðfram túni og eru hlóðirnar rétt innan girðingarinnar.

Hlóðirnar eru grafnar inn í túnjaðarinn. Þær eru um 2 m langar og 0,6-0,7 m breiðar, snúa NNA-





Leifar af hlóðum við þvottastað BO-134:019, horft til SSA á ljósmynd

SSV. Dýpt hlóðanna er 0,4-0,6 m og eru þær dýpstar neðst (í NNA-enda). Grjót er í hliðum og botni en er nokkuð úr lagi gengið. Frá hlóðunum eru um 10 m að Bæjarlæk.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-134:020 varða landamerki A 376775 N 453068

"Á milli Grundar og Vatnsenda ræður girðing frá Skorradalsvatni í Merkjagil og úr gilinu í Smalaklett, beint í vörðu, sem er upp á hálsinum, þar sem vötnum hallar suður af og norður af, og svo frá þeirri vörðu á milli Grundar og Máfahlíðar vestan eftir hálsinum [...]," segir í landamerkjaskrá frá 1922. Hrunin varða er um 2 km norðaustur af bæ 001, fast norðan við horn merkjagirðingar.



Hrunin landamerkjavarða BO-134:020, horft til suð-austurs

Varðan er efst á Skorradalshálsi. Hálsinn er grýttur og gróðurlítill en svolítið lyng og mosagróður er á dreif um svæðið.

Varðan hefur staðið á klöpp sem nú stendur járnteinn upp úr til festingar hornstaurs. Varðan er alveg hrunin og er grjót á dreif vestur af klöppinni á um 1 x 1 m stóru svæði.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 128

BO-134:021 *Selhóll* tóftir sel A 375427 N 452609

"Ofan við Bæjarásinn, út við lækinn er skógarhóll, sem heitir Selhóll. Mun þar hafa verið sel frá Grímastöðum [BO-168], sem finna má í gömlum skjölum. Norður af Selhól, en vestur af Litlabergi er Stóraberg með klettum að framan," segir í örnefnaskrá. Er hér að framan vísað til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707 þar sem segir: "Munnmæli segja að jörðin [Grímastaðir BO-168] hafi brúkað selstöðu í Vatnsendalandi í Skoradal, en ábúandi á Vatnsenda aftur engispart þann, sem nú er kallaður Æluengi í Grímastaðalandi [...]." Grund var byggð úr landi Vatnsenda BO-135. Ofan við Selhól eru óljósar tóftir, um 760 m norður af bæ 001. Aðrar meintar seltóftir 006 eru neðan við Selhól, um 240 m suðvestar. Ekki er ljóst hvor





Horft til ANA yfir tóftir BO-134:021A-B á ljósmynd

seltóftin tilheyrði selstöðu frá Grímastöðum eða hvort þær hafi báðar tilheyrt henni.

Minjasvæðið er sunnan undir rótum Stórabergs. Hlíðin fyrir ofan er kjarri vaxinn með klettabeltum efst. Stórgrýti er á dreif um hlíðina. Neðan (sunnan) við minjasvæðið er þýfð grasflöt og Selhóll, kjarri vaxinn, þar neðan við. Bæjarlækur rennur til SSV, um 15 m austan við minjasvæðið.

Á minjasvæðinu sem er um 40 x 20 m að stærð (austur-vestur) eru þrjár tóftir. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Austast á svæðinu er lág hólmyndun, um 21 x 18 m að stærð (austur-vestur), og eru á honum tóftir A og B. Hóllinn er örlítið grænni en umhverfið en mikill mosi er í tóftum og þær töluvert gengnar í þúfur. Tóft A er nyrst á hólnum, um 15 x 7,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Í henni eru þrjú hólf, I-III. Grjót sést á stöku stað í veggjum að innan en tóftin er annars grasi og mosavaxin. Hólf I snýr austur-vestur og um 5,5 x 1,5 m að innanmáli. Hólf II er í framhaldi af hólfi II til austurs og er svipað að stærð en snýr nær ANA-VSV. Op eru á hólfum I og II til norðurs. Hólf III er sunnan við hólf I, um 2 x 1,5 m að innanmáli (austur-vestur). Op er ekki greinilegt á hólfinu. Veggur gengur hugsanlega í suður frá hólfi III og eru mögulega fleiri rými eða tóftir þar suðaustan við. Einnig getur verið að veggurinn marki innri brún rýmis beint sunnan við hólf III. Suðurvesturhluti hólsins er mjög stórþýfður en ekki er hægt að greina þar útlínur mannvirkja. Tóft B er um 2 m suðaustur af tóft A. Hún er einföld, um 7 x 7 m að stærð og u.þ.b. hringlaga. Breidd veggja er 2-3 m en hæð 0,3-0,4 m að innan. Ekkert op er sýnilegt á tóftinni og grjót sést ekki í veggjum.

Um 8 m vestur af tóft A er tóft C. Hún er einföld, um 9,5 x 6 m að stærð. Tóftin snýr NNA-SSV og er opin til SSV en grafin inn í hlíðina að NNA. Breidd veggja er 1,5-2 m og hæð 0,4-0,5 m að innan. Grjót sést í veggjum að innan, einnig er stórgrýti inni í tóft.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 2; JÁM IV, 184

BO-134:022 heimild um landamerki A 373292 N 451436

“Að sunnan ræður Sandengiskvísl (Kaldakvísl) [landamerkjum Grundarengis] vestur að skurð, sem svo ræður mörkum milli Vatnsenda og Grundarengis niður að Andakílsá,” segir í landamerkjaskrá frá 1922. Vélgrafinn skurður er nú á merkjum á milli engja Grundar og Vatnsenda sem eru sunnan við Andakílsá.

Engjarnar eru flatlendar og grasgefnar. Búið er að ræsa fram og rækta tún á engjum Vatnsenda en engi Grundar hafa ekki verið ræktuð í tún.

Vélgrafni skurðurinn er 1 km á lengd og liggur norður-suður, frá skurði á suðurmerkjum og út í Andakílsá. Engin ummerki sjást um eldri handgrafinn skurð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 128

BO-134:023 *Vörðusund* örnefni A 375162 N 453276

“Norður af Selhól [sjá 006 og 021], en vestur af Litlabergi er Stóraberg með klettum að framan. [...] Vestar í Stórabergi [en Tjarnarsund] heitir Vörðusund,» segir í örnefnalýsingu. Á örnefnakort eftir Sigurgeir Skúlason er Vörðusund merkt í efsta sundinu vestan í Stórabergi. Það sund er blautt og stendur vatn í tjörnum þar. Engin ummerki um vörður eru þar sýnleg og er ekki ólíklegt að Vörðusund sé litlu vestar og sunnar og að það sund sem merkt er Vörðusund á örnefnakorti sé Tjarnarsund. Tjarnarsund er ekki merkt inn á örnefnakort. Sé þessi tilgáta rétt er Vörðusund um 1,4 km norðan við bæ 001 og liggur leið BO-

651:010 eftir melhryggjum fast vestan við það.

Meint Vörðusund er grösugt og deiglent. Hátt er upp frá því til austurs upp á Stóraberg en lágur hryggur vestan við það. Úr því hallar til suðurs.

Ekki eru vörður sýnilegar í nágrenni við Vörðusund nema varða 009 sem er 200 m austan við það. Líklegt er að sundið dragi nafn sitt af vörðum sem hafa verið við leiðina sem áður er nefnd og lá á milli Grundar og Mávahlíðar og/eða á landamerkjum á milli þessara sömu jarða.


Heimildir:Ö-Grund, 2; Örnefnakort SS

BO-134:024 tóft beitarhús A 374481 N 452480

Fremur ungleg beitarhúsatóft er 70 m suðaustan við fjárhús 012 í Húsatúni og 900 m norðvestan við bæ 001.



Beitarhúsatóft BO-134:024, horft til norðvesturs. Fjær sjást fjárhús í Húsatúni BO-134:012




Umhverfis tóftina er þýfður og grasgefinn mói, fast suðaustan við Stórulágarlæk.

Tóftin skiptist í fjögur hólf og virðist torf- og grjóthlaðin en ekki sést í grjóthleðslur. Hún er um 17x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Syðst í tóftinni er hólf I sem er 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið þess. Óljóst framhald er af suðurvegg hólfsins sem sveigir til suðvesturs en þarna er mikið þýfi og gæti meint framhald verið náttúrumyndun. Norðan við hólf I er hólf IV. Það er 3x2 að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á því. Vestan við það er hólf II sem er 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst op er á því í suðausturhorni, til suðurs inn í hólf I og eins er óljóst op á því í vesturenda. Vestan við hólf II er mjög óljóst hólf III sem er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mögulega hefur þar verið heystæði. Veggir í tóftinni eru 1,5-2 m á breidd og hæstir eru þeir um 1 m. Tóftin er öll gróin og grösug. Veggir í hólfi IV, í norðausturhorni tóftar, eru mun signari en í hólfum I og II.

Hættumat: engin hætta

BO-134:025 *Torfamói* náma mógrafir A 373668 N 451642

"Austan við hann [Grafarhring 018] er Ósmóinn [...] en vestan við hann heitir Torfamói," segir í örnefnaskrá. Líkleg merki um mógröft eru um 1,5 km VSV af bæ 001, nærri merkum Grundar og Hálsa (BO-133).



Mógrafir í Torfamóa BO-134:025, horft til suðvesturs

Vestan við íbúðarhús í Birkimóa sem standa á kjarri vöxnum hól er deig mýri. Svæðið er stórþýft og vaxið fjalldrapa norðantil, nær Skorradalsvegi (508), en sunnar, næst Andakílsá er smáþýft og mólendara.

Á þessu svæði eru hugsanleg merki um mógröft, frekar en torfristu, á um 75 x 20 m stóru svæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Grafirnar eru á mörkum mýrar og mólendara svæðis og eru um 0,3-0,4 m djúpar. Suðaustast eru þrjú hólf, 4 x 4 m, 4 x 1,5 m og 3 x 2 m að stærð tengd með rennu. Hólfin eru gróin og þurr. Norðvestar eru þrjú aðskilin hólf með um 7-15 m millibili, um 6 x 4 m, 8 x 6 m og 9 x 8 m að stærð. Hólfin eru gróin í botn en blaut.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 3

BO-134:026 heimild um A 375086 N 451861

Á túnakort frá 1918 er merktur lítill kassi, sem gæti verið tákn fyrir brunn, um 80 m vestur af bæ 001. Þetta mannvirki var að líkindum þar sem núverandi íbúðarhús stendur. Þar er tilbúinn stallur í brekkunni og húsagarður með trjágróðri. Óljóst er hvers konar mannvirki þetta var og engin ummerki sjást lengur um það. Davíð Pétursson, heimildamaður, kannaðist ekki við

mannvirki á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-134:027 renna áveita A 374965 N 451835



Gamall skurður BO-134:027 í túni Grundar, horft til norðausturs

Inn á túnakort frá 1918 eru teiknaðir allmargir skurðir í kringum tún og inni á því. Ætla má að þeir hafi verið handgrafnir. Eru sumir þeirra enn á sama stað en þá vélgrafnir. Einn gamall skurður er í vesturhluta túns sunnan við traðir 033 og 180 m vestan við bæ 001. Ekki er að sjá að grafið hafi verið upp úr honum með vélgröfu.

Skurðurinn er í slakka í sléttuðu túni sem hallar til suðurs.

Skurðurinn er um 25 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er gróinn, víðast um 0,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Skurðurinn endar við vélgrafinn skurð til suðvesturs en við brún í túninu til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-134:028 frásögn huldufólksbústaður A 375024 N 451931

Að sögn Davíðs Péturssonar, heimildamanns, var steinn eða klettur norðvestur af yngra bæjarstæði 004 sem talið var að huldufólk byggi í. Kletturinn var um 140 m VNV af bæ 001. Hann var sprengdur vegna túnræktunar.

Þar sem kletturinn var er nú ætikálsgarður í aflíðandi halla til suðurs, rétt austan við útihús.

Ekki sjást nein merki um klettinn og hefur allt grjót verið hreinsað af svæðinu.

Hættumat: engin hætta

BO-134:029 frásögn túngarður A 375282 N 451834

Samkvæmt Davíð Péturssyni, heimildamanni, var hlaðinn garður meðfram austurhlið gamla heimatúnsins. Túngarðurinn var í túnjaðri um 130 m austan við bæ 001.

Túnið er sléttað og nokkuð flatlent þegar komið er þetta austarlega en vestar er það í halla til suðurs. Utan við túnið til austurs er bæjarlækurinn sem grefur sig talsvert niður.

Garðurinn var hlaðinn úr torfi og var um 1 m á hæð. Honum var ýtt út við vegagerð árið 1948.

Engin ummerki sjást lengur um túngarðinn.

Hættumat: engin hætta

BO-134:030 varða landamerki A 374529 N 453812



Hrunin landamerkjavarða BO-134:030, horft til norðurs

Hrunin landamerkjavarða er á nyrðri enda Kýrmúla, um 2 km norðvestur af bæ 001. Varðan er hornmark milli Grundar, Hálsa (BO-133), Hests (BO-158) og Mávahlíðar (BO-195).

Kýrmúli liggur NNA-SSV. Múlinn er stórgrýttur með klettabeltum í hliðum og er bratt niður af honum. Mosagróið er efst á múlanum. Mýrarsund eru austan og vestan Kýrmúla.

Grjótdreifin eftir vörðuna er á um 1,7 x 1,4 m stóru svæði og liggur u.þ.b. í U. Mest er einn steinn ofan á steini og hæst 0,2-0,3 m. Grjót er mjög skófum vaxið og gróið.

Hættumat: engin hætta

BO-134:031 varða landamerki A 374869 N 453783



Landamerkjavörður BO-134:031, horft til vesturs

Tvær landamerkjavörður eru milli Kýrmúla og Sandhóls, um 340 m austur af vörðu 030 og um 1,9 km NNV af bæ 001. Vörðurnar eru á merkjum Grundar og Mávahlíðar (BO-195).


Vörðurnar eru efst á grýttum hálsi með litlum mosa- og grasbreiðum á stöku stað.

Vörðurnar eru á 4,5 x 1,5 m stóru svæði sem snýr norður-suður og fá bókstafi til aðgreiningar. Varða A er norðar og stendur á litlum kletti, um 30 cm háum og 1,5 x 1,5 m að grunnfleti. Varðan er um 0,3 m há og um 1 m í þvermál. Hún er fallin að hluta og er hrunið grjót við norðausturhlið vörðunnar. Eftir eru 3-4 umför. Varðan er gróin í botn og er grjót í henni töluvert skófum vaxið, einkum á vesturhlið. Varða B er um 2,5 m sunnar. Hún er um 0,3 m á hæð og 0,6 m í þvermál. Í henni eru 2-4 umför og er grjót lítillega skófum vaxið.

Hættumat: engin hætta

BO-134:032 þúst fjárhús A 375109 N 451998





Þúst sést í túni þar sem fjárhús BO-134:032 voru, horft til norðausturs á ljósmynd

Að sögn Davíðs Pétursonar, heimildarmanns, voru fjárhús, eldri en hús 005, á miðjum Fjárhúsvelli. Húsin voru um 120 m norðvestur af bæ 001 og sjást þar dældir í túninu.

Þar sem fjárhúsin voru er nú sléttað tún, í rækt. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs.

Sléttað hefur verið yfir tóft húsanna en dældirnar marka þó vel fyrir grunnfleti þeirra. Húsin voru um 10,5 x 8,5 m að stærð og sneru austur-vestur. Dýpt dældanna er mest 15-20 cm. Fjárhúsin voru tvískipt og eru tvær dældir hlið við hlið (I og II), um 5 x 2 m að innanmáli sem snúa norður suður. Mögulega markar fyrir görðum í miðju hvorrar dældar. Milli dældanna eru um 1,5 m. Útveggir eru óljósir en virðast 2,5-3 m breiðir. Aftan (norðan) við dældirnar tvær mótar fyrir hlöðu (III) sem snýr austur-vestur og er um 5,5 x 1,5 m að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-134:033 garðlag traðir A 374976 N 451868



Leifar af tröðum BO-134:033, horft til austurs

Traðir lágu í vestur frá bæ 001 og eru sýndar á túnakorti frá 1918. Hlaðinn garður, neðri veggur traðanna, sést enn að hluta, um 150 m vestan við bæ 001 og um 80 m vestan við bæjarstæði 004. Traðirnar eru í túnjaðri neðan (sunnan) við heimreið að bænum.

Minjarnar eru í sléttuðu túni í halla til suðurs. Norðan við austurenda sýnlegra traða eru þrjú stór björg sem eru aðflutt.

Garðurinn er grjóthlaðinn og gróinn. Hann liggur frá skurðenda úr VSV á 32 m löngum kafla til ANA. Þá er nokkuð skýrt en gleitt horn á garðinum og heldur hann áfram til austurs á 13 m löngum kafla. Garðurinn er um 1 m á breidd neðst en mjókkar eftir því sem ofar dregur. Hann er 0,7-0,8 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hleðslur standa nokkuð vel en tekið er að hrynja úr þeim.Mest sjást 3 umför

hleðslu. Garðurinn breikkar og lækkar til beggja enda þar til hann hefur samlagast túninu. Nyrðri traðarveggurinn hefur verið rifinn en hann var samsíða syðri veggnum og lá frá horninu á honum og að bæ 004.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-134:034 frásögn brunnur A 375136 N 451908

Samkvæmt Davíð Péturssyni, heimildamanni, var brunnur norðvestan við steinsteypt fjós sem nú stendur en er ekki lengur í notkun (sjá 003). Vatn var sótt í brunninn fyrir bæinn en í seinni tíð til að vatna skepnum. Hann var aflagður 1947 og eftir það var mjólk kæld í brunninum. Brunnurinn var um 30 m norðvestan við bæ 001 í slakka í túninu.

Þar sem brunnurinn var er flatur stallur í sléttuðu túninu sem er í halla til suðurs.

Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði en miklar líkur eru til þess að hann sé heillegur undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-134:035 frásögn brunnur A 375010 N 452089


Að sögn Davíðs Péturssonar, heimildarmanns, var grjóthlaðinn brunnur, gerður 1915-1920, rétt ofan við steyptan brunn sem nú (2017) er í notkun. Leiðsla var frá brunninum að bæ. Brunnurinn var um 250 m norðvestur af bæ 001. Annar brunnur, fyrir fjárhús 005 var um 40 m austar en hann er talsvert yngri. Sá brunnur telst því ekki til fornleifa og fær ekki sérstakt númer.

Brunnurinn var í vesturjaðri túns og er þar smáþýfi. Nýlegur skurður hefur verið grafinn í sveig sunnan og austan við hann.

Yngri brunnurinn (sá steypti sem enn er í notkun) er kringlóttur, um 0,5 m í þvermál og 0,6 m á hæð; lokaður og afgirtur með gaddavírsgirðingu. Gamli brunnurinn var þar rétt ofan (norðan) við. Fast ofan við girðinguna er niðurgröftur, um 4 x 0.5 m að innanmáli, og stendur þar um 5 cm djúpt vatn. Ofan í dældinni er grjót og spýtnabrak en skýr merki um grjóthlaðinn brunn eru ekki sjáanleg. Við austurenda skurðarins sem grafinn hefur verið sunnan og austan við brunninn var brunnurinn sem notaður var fyrir fjárhús 005. Ekki sjást merki um þann brunn.

Hættumat: engin hætta

BO-135 Vatnsendi



Minjar í heimatúni Vatnsenda BO-135. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu, leiðir með svartri brotalínu og lækir með blárri línu.

40 hdr. 1707. JÁM IV, 169. Fyrst getið 1369 við jarðakaup. DI III, 250. Vatnsendi var 40 hdr jörð þar til Grund BO-134 var stofnuð um miðja 17. öld á þriðjungi af landi Vatnsenda. Í staðinn fékk Vatnsendi landsvæði í Indriðastaðaflóa/Mófellsstaðaflóa, sem síðan nefndist Vatnsendaengi.

1918: 51.227 m2 = 16 dagsl. 2/3 þýft. Garðar 954 m2. "Fyrir Vatnsendalandi má segja, að undirlendi sé allt þrotið, túnið liggur í brekku móti suðri. Hlíðin verður brattari eftir því sem austar dregur, og um merkin verða klettar í brúnum og gróðurlítið sem og hið efra. Annars er hér kjarrgróður víða, en valllendis og móagróður í rjóðrum. ... Silungsveiði er í Skorradalsvatni." BB II, 241

BO-135:001 *Vatnsendi* bæjarhóll bústaður A 376404 N 451570

Íbúðarhúsið á Vatnsenda stendur á svipuðum stað og gamli bærinn stóð áður. Hann var þó 20-30 m suðvestar en íbúðarhúsið. Á þessum slóðum er greinilegur bæjarhóll en hann hefur þó mikið verið skemmdur vegna byggingaframkvæmda en ekki síst þegar miklu efni var rutt ofan af honum og hann lækkaður um allt að tvo metra. Var það líklega gert þegar núverandi íbúðarhús var byggt árið 1967.

Bæjarhóll Vatnsenda er í sléttu túni, í halla til SSV. Litlu ofan (norðan) við hann er Skorradalsvegur 508 og þar fyrir ofan eru gömul tún og kjarri vaxin hlíð.

Á túnakorti frá 1918 eru sýnd fjögur hús og kálgarður á bæjarhólnum, eru öll þessi mannvirki



Bæjarhóll Vatnsenda BO-135:001, horft til norðurs

skráð sem hluti af bæjarhólnum. Kálgarðurinn var sunnan við bæinn í halla niður af bæjarhólnum mót suðri. Þegar rutt var ofan af bæjarhólnum komu í ljós miklar mannvistarleifar á stóru svæði undir núverandi íbúðarhúsi og fjósi. Mannvistarleifarnar náðu 40-50 m til vesturs frá núverandi íbúðarhúsi og í um 30 m til suðurs frá því. Niðurgrafinn kjallari er á núverandi íbúðarhúsi. Bæjarhóllinn er 80x60 m að stærð og er allt að 4 m að hæð. Hann snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-135:002 heimild um bænhús A 376448 N 451547



Stallur á bæjarhól Vatnsenda þar sem bænhús BO-135:002 hefur mögulega verið, horft til SSA

Bænhús var á Vatnsenda líkt og fram kemur í Íslensku fornbréfasafni 1.2.1369: “[Snorri Torfason kaupandi jarðarinnar skyldi] suara þvilikum spællum sæm a hæfdi vordit bænhusinu aa vatzænda oc þui sem þi til hæyrdi jnnan sigh.” Ekkert er vitað um staðsetningu bænhússins en líklegur staður er austast á bæjarhólnum, austan við slakka þar sem traðir 009 lágu upp á hólinn, og sunnan við uppstandandi skemmu.

Stæðilegur bæjarhóll sést enn á Vatnsenda þó að hann hafi verið skemmdur að nokkru. Hann er í sléttu túni sem hallar til SSV.

Flatur stallur er á bæjarhólnum í bröttu túninu þar sem mögulega er að finna leifar af bænhúsinu. Ekki er útilokað að stallurinn sé á þeim stað sem túnakort frá 1918 sýnir hús suðaustast á bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:DI III, 251

BO-135:003 heimild um útihús A 376201 N 451635

Um 210 m vestur af bæ 001 eru útihús merkt inn á túnakort frá 1918. Þar standa nú yngri fjárhús. Samkvæmt Hauki Engilbertssyni voru gömlu útihúsin einnig fjárhús, mun minni en þau hús sem nú (2017) standa.

Þar sem útihúsin voru standa bárujárnklædd fjárhús með túni sunnan og austan við en malarplani vestan við. Skorradalsvegur liggur um 15 m ofan (norðan) við húsin.

Gömlu fjárhúsin fóru undir þau yngri og sjást engar leifar af þeim á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918

BO-135:004 *Stekkur* heimild um stekk A 377499 N 451350



Sumarhús er á þeim stað sem líklegast er að Stekkur BO-135:004 hafi verið, horft til norðausturs

"Utan við Stekkjargilið eru miklar rústir, sem nefndar eru Stekkur," segir í örnefnalýsingu. Þar sem heitir Stekkur er þurrlendishæð sunnan við mýrlendi sem er á milli Stekkjar og Stekkjarflatar, um 1,1 km austan við bæ 001. Á þessu svæði er sumarhúsahverfi og er örnefnið innan sumarhúsalóðar.

Á sumarhúsalóðinni er sléttuð kúpt flöt á lágri hæð. Efst á henni stendur sumarhús og í kring er trjágróður. Mýrlent er norðan og austan við þessa lóð og hafa skurðir verið grafnir þar til framræslu. Fleiri sumarhús eru allt í kring.

Engin ummerki sjást um stekk á þessu svæði og er líklegt að sléttað hafi verið yfir þau þegar sumarhúsið á lóðinni var byggt en Haukur Engilbertsson, heimildamaður, kannaðist ekki við að rústir væru á þessu svæði eða hefðu verið áður en uppbygging sumarhúsahverfisins hófst.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Vatnsendi AG, 1

BO-135:005 *Húsagil* heimild um fjárhús A 375914 N 451854

"Næst fyrir utan túnið er gil, sem heitir Húsagil," segir í örnefnaskrá. "Húsagil að líkindum nefnt eftir fjárhúsum [...]," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar í endurskoðaðri örnefnaskrá. Húsagil er um 500 m norðvestur af bæ. Ekki sést til fornleifa.

Húsagil liggur norður-suður um kjarri vaxnar hlíðar. Um 70 m vestur af gilinu er bárujárnskofi - skjól fyrir sauðfé í kjarri ofan (norðan) við tún á Leiti.

Ekki sést til fornleifa við Húsagil. Mögulega voru eldri hús á svipuðum stað og bárujárnskofi stendur nú (2017).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Vatnsendi AG, 1; Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 4

BO-135:006 *Húsaháll* örnefni A 376759 N 452099



Gróin grjóthrúga á Húsahóli BO-135:006, horft til ASA

"Austan við [Bæjarklett] er grænleitur hóll, sem heitir Húsahóll," segir í örnefnalýsingu. Þessi hóll heitir Húsastapi að sögn Hauks Engilbertssonar, heimildamanns. Húsahóll eða Húsastapi er um 640 m norðaustan við bæ 001, langt uppi í skógi vöxnum hlíðum Skorradalsháls, austan við Bæjargil.

Húsahóll/-stapi er grænn fuglastapi eða hundaþúfa ofan á grjóthrúgu sem virðist náttúruleg. Allt í kring er nokkuð þéttur birkiskógur sem þynnist eftir því sem ofar dregur í hlíðina til norðurs.

Grjóthrúgan sem hundaþúfan er á er um 4 m í þvermál og um 1 m á hæð syðst þar sem hún er hæst. Ekki er útilokað að þarna í urðinni hafi verið hlaðið smalabyrgi þó að engin merki þess sjáist lengur. Ef hér er eingöngu um náttúrumundun að ræða er ekki ljóst af hverju hún dregur nafn sitt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vatnsendi AG, 2

BO-135:007 *Kolhóll* örnefni kolagröf A 376249 N 452083



Gróin grjótþúst á Kolhóli BO-135:007, horft til vesturs

"Upp og vestur af núverandi fjárhúsum er hóll, sem heitir Kolhóll. Efst á Kolhól er Kolhólsstapi ...," segir í örnefnalýsingu. Kolhóll er um 510 m vestan við Húsahól/Húsastapa 006 og 530 m norðan við bæ 001. Bendir nafn hans til þess að á honum eða í nágrenni hans hafi verið gert til kola. Hann er hátt uppi í hlíðum Skorradalsháls, á milli gilja í birkiskógi. Kolhólsstapi á hólnum virðist manngerð þúst. Ekki er ljóst hvort eða hvernig hún tengist kolagerð en líkindi með henni og Húsahóli/Húsastapa eru talsverð.

Þéttur birkiskógur er í kringum hólinn og á honum en þó er gróðurlítill melur á suðaustanverðum hólnum.


Engin ummerki um kolagrafir eru á hólnum eða þar sem gengið var í gegnum skóginn að honum. Í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2002 segir um Kolhól: “Ekki eru þar áberandi kolagrafaminjar, en þær finnast hér og þar í landareigninni.” Á háhólnum er grótþúst og hundaþúfa/fuglastapi á henni. Ekki útilokað að það sé hrunin og gróin varða. Þústin er 2,5x2 m að stærð og snýr norður-suður. Það sést mest í grjót syðst í þústinni en engar hleðslur. Hún er hæst um miðbikið þar sem hún er 0,5-0,6 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vatnsendi AG, 2; Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 4

BO-135:008 *Leiti* hleðsla óþekkt A 375933 N 451763





Hleðsla BO-135:008, horft til SSA á ljósmynd

“Leiti er (var) grasi vaxin hæð með rústum, sem ekki er vitað af hvaða byggingum voru, vestan við Húsagil (Mjógrundargil) [005] örskammt ofan við núverandi þjóðveg. Nú komið í tún, og rústir horfnar af yfirborði,” segir í örnefnaskrá. Um 510 m vestur af bæ 001 eru leifar hleðslna á Leiti.

Leiti er lág hæð, að mestu sléttað tún vestan til. Kjarr vex vestan, norðan og austan við en Skorradalsvegur liggur sunnan við, um 80 neðan við hleðslurnar. Skurður er vestan við hæðina.

Lág hólmyndun er á hæðinni, um 45 x 30 m að stærð og snýr NNA-SSV. Skörp brún er sunnan- og vestantil á hólnum en óljósari norðan- og austantil. Norðarlega á hólnum er grjótdreif á um 10 x 4 m stóru svæði (NNA-SSV) og markar þar fyrir L-laga hleðslu. Lengri hliðin er um 6 m (NNA-SSV), grafin inn í hæðina að ASA-verðu og er rof í hleðslunni. Styttri hliðin er um 4 m löng og um 1 m breið. Hæð hleðslunnar er mest um 0,25 m. Strjált grjót er sunnan við hleðsluna en mest af grjóti er fast norðan við hleðsluna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 2

BO-135:009 heimild um traðir A 376431 N 451535

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var vegur/traðir upp túnið úr suðvestri sem lá að bænum austan við kálgarð syðst á bæjarhólnum 001. Þar sem vegur/traðir enduðu lá gata í gegnum bæjarstæðið og frá því til austurs.

Leiðin lá um sléttað tún í halla til suðurs.

Ekki sjást greinileg ummerki um traðir eða veg en þó er slakki á milli bæjarhóls og hólhryggjar í túninu þar sem ætla má að leiðin hafi legið upp á bæjarhólinn. Gatan sem tók við af vegi/tröðum hefur að líkindum legið á svipuðum stað og Skorradalsvegur (508) en hann var færður örlítið ofar í hlíðina og lengra frá bænum á Vatnsenda, þegar hann var malbikaður á þessum kafla. Engin ummerki sjást lengur um götuna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-135:010 heimild um mógrafir A 377599 N 451204

"Mótekja var austan Stekkjargils [sjá 004], í blautri mýri. Tvær stungur niður á mó, en síðan 8-9 stungur mór. Þótti mjög góður. Tekinn fram á 6. áratug 20. aldar," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru um 1,3 km austan við bæ 001, innan sumarhúsahverfis (svæði 3).

Búið er að ræsa fram mýrina og slétta. Þar er sumarhúsahverfi með tilheyrandi raski vegna bygginga, trjáræktar og vegagerðar.

Engin ummerki sjást lengur um mógrafirnar. Á svæðinu er minna um náttúrulegan skóg en í kring þar sem land hefur verið þurrara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 4

BO-135:011 heimild um ristu A 372977 N 451488

"Torf til heyja og húsa í mýrinni heima, reiðingur í Vatnsendaengi," segir í örnefnalýsingu. Vatnsendaengi er sunnan við Andakílsá, austan við Grundarengi. 3,4 km vestan við bæ 001. Ekki er vitað hvar torfið var rist en búið er að ræsa fram flatlendar engjarnar og rækta tún á þeim.

Engin ummerki sjást um ristu vegna jarðræktar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 4

BO-135:012 *Vörðuhóll* örnefni óþekkt A 377236 N 451404

"Hólar, Vatnsendahólar er skógi vaxið svæði, allmishæðótt, vestur frá Stekkjargili og út undir tún, sem nú er sumarhúsasvæði. Þar eru þessir hólar áberandi: Vörðuhóll austast, nokkuð fyrir vestan Stekkinn [004], austast í Sumarhúsasvæði 5," segir í örnefnaskrá. Vörðuhóll er milli

sumarhúsasvæða 4 og 5, um 850 m austur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Hóllinn er þétt vaxinn birkikjarri. Sumarbústaður stendur á hólnum og annar neðan við hann til norðausturs.

Engin varða fannst á hólnum og er hún að öllum líkindum horfin í skóg eða undir sumarbústað. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en hugsanlega vísaði hún á stekk 004.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 3

BO-135:013 frásögn óþekkt A 376624 N 451547

Haukur Engilbertsson, heimildamaður, greindi frá því að ílöng hleðsla hafi verið austast í heimatúninu, um 220 m austan við bæ, sem fór undir ofaníburð þegar Skorradalsvegur 508 fram dalinn var lagður ofan við gamla veginn á þessu svæði fyrir um 10 árum.

Túnið er sléttað, nokkuð bratt til suðurs.

Óljóst er hvers konar mannvirki þarna var áður en vegaframkvæmdirnar fóru fram en það var líklega utan þess hluta túnsins sem er ræktaður. Mögulega hafa þarna verið kvíar en ómögulegt er að segja nokkuð um það með vissu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BO-135:014 þúst kálgarður A 376308 N 451481



Þúst í túni þar sem kálgarður BO-135:014 var, horft til norðurs

Að sögn Hauks Engilbertssonar, heimildamanns, var kálgarður með rabbarbara um 130 m suðvestur af bæ 001.

Þar sem garðurinn var er sléttað tún, í rækt. Túnið er í halla til suðurs en skurðir eru vestan og austan við.

Á þessum stað er áberandi hólmyndun í túninu, 40-45 m í þvermál og 1,5-2 m á hæð. Ekki sjást skýr ummerki um kálgarðinn og hefur verið sléttað yfir hann. Óvíst er að garðurinn tejist til fornleifa en líklegt er að eldri minjar leynist í hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-135:015 *Helgastekkseyri* örnefni stekkur A 375418 N 451230

“Helgastakkseyri (-stekkseyri) er graseyri við vatnið, á merkjum móti Grund. [...] Mun líklegra að Helgi hefði sett þarna saman heystakk - því þarna var heyskaparland, fremur en hann hafi byggt þar stekk, sem engar menjar sjást þá um,” segir í örnefnaskrá. Helgastekkseyri eða Helgastakkseyri er um 1 km vestur af bæ 001.

Á eyrinni er sléttað tún en lágur malarkambur er fremst (syðst) á eyrinni. Kjarr vex norðaustan við eyrina.

Ekki sést til fornleifa en hafi stekkur verið á eyrinni hefur hann að öllum líkindum verið sléttaður í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 3,4

BO-135:016 varða landamerki A 376964 N 452995



Landamerkjavarða BO-135:016, horft til austurs

Landamerkjavarða er á Skorradalshálsi, um 1,5 km NNA af bæ 001 og um 35 m austur af merkjagirðingu. Varðan er á merkjum milli Vatnsenda, Mávahlíðar (BO-195) og Grafar (BO-194).

Skorradalsháls er gróðurlítill og grýttur en með litlum mosabreiðum á stöku stað. Varðan er efst á lágum klettahrygg sem snýr norðaustur-suðvestur.

Varðan eða vörðubrotið er um 0,6-0,7 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Í henni eru 3 umför. Vörðubrotið er mosagróið í botn og er grjót mjög skófum vaxið.

Hættumat: engin hætta

BO-135:017 lind vatnsból A 375874 N 451800



Vatnsból BO-135:017, horft til NNA

“ Þarna við rústirnar [á Leiti 008] er kaldavermslisuppgangur, sem aldrei þrýtur og var þrautavatnsból,” segir í örnefnaskrá. Vatnsbólið er um 75 m norðvestur af Leiti og um 590 m vestur af bæ 001.

Vatnsbólið er vestarlega í sléttuðu túni. Birkikjarr vex vestan og norðan við.

Upptök vatnsbólsins eru um 10 m ofan við tvo stóra steina sem eru við vesturbrún túnsins. Lækur rennur þaðan um 70 m u.þ.b. til SSA en þaðan hefur skurður verið grafinn til vesturs. Grýtt er í kringum vatnsupptök. Lítið vatn er í læknum og er farvegur hans vaxinn dýjagróðri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 2

BO-135:018 heimild um ristu

“Torf til heyja og húsa í mýrum heima, reiðingur í Vatnsendaengi [sjá 011],” segir í örnefnalýsingu fyrir Vatnsenda. Engir þekktir torfristustaðir eru heima við bæ 001 eða í nágrenni hans en ætla má að torf hafi verið rist neðan við gamla heimatúnið á svæði sem búið er að rækta í tún. Ekki reyndist unnt að staðsetja torfristusvæðið með innan við 50 m skekkju út frá fyrirliggjandi upplýsingum.

Heimildir:Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002, 4

BO-135:019 *Kaldárbakki* heimild um býli A 372939 N 451328

“Ofarlega í [Vatnsendaengi] er rúst eftir Kaldárbakka, sem byggður var 1915. Sú byggð varaði ekki lengi. Annar Kaldárbakki [BO-128:015] var byggður í Mófellsstaðalandi 1892, og stóð sú byggð fram yfir aldamót. Hvor tveggja var byggður yfir Erlend Jóhannsson,” segir í örnefnalýsingu Indriðastaða. Býlið Kaldárbakki í landi Vatnsenda var 3,5 km vestan við bæ 001 en Vatnsendaengi er sunnan við Andakílsá og austan við Kaldá. Haukur Engilbertsson, heimildamaður, man eftir þessum rústum og tók faðir hans þátt í að reisa bæinn fyrir hreppsyfirvöld. Að sögn Hauks dó fólkið sem bjó í bænum þar um veturinn og var ekki búið í honum eftir það.

Á Vatnsendaengi er sléttað, flatlent tún. Þurr bakki er austan við Kaldá sem býlið Kaldárbakki dró nafn sitt af en austan við hann voru votlendar engjar sem hafa verið ræstar fram og ræktaðar í tún.

Engar minjar sjást lengur um býlið Kaldárbakka. Við túnrækt var sléttað var yfir tóftina í óþökk Hauks sem vildi láta varðveita hana. Ekkert grjót sást í rústunum þegar búið var að ýta þeim um.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Indriðastaðir, 2

BO-135:020 þúst óþekkt A 376363 N 451567



Þúst BO-135:020, horft til suðvesturs

Vestan undir bæjarhól 001, fast austan við grunnan og fremur mjóan skurð í túninu, er lítil og lág þúst þar sem Haukur Engilbertsson, heimildamaður, man eftir hleðslum en vissi ekki hvaða mannvirki þær tilheyrðu.


Þústin er í sléttuðu túni sem hallar til suðurs. Frá henni er nokkuð bratt upp á bæjarhólinn til austurs.

Þústin er um 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,2 m á hæð og í henni finnst fyrir grjóti í suðausturenda. Í þústinni miðri er hola sem er 0,1 m

í þvermál og 0,2 m djúp. Mikið grjót er í skurðinum vestan við þústina sem gæti verið úr mannvirki því sem þarna var. Ekkert er vitað um hlutverk þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-147 Stóra Drageyri



Minjar í heimatúni Stóru-Drageyrar BO-147. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu og leiðir með svartri brotalínu.

12 hdr. 1707. JÁM IV, 160. Einnig Eystri Eyri undir Draga. Var Helgafellsklausturjörð en seld Narfa Jónssyni 1352-79 - DI III, 138. Hvanneyrarkirkjueign frá 1420. Var í eyði 1583 - Kirknaregistur Skálholtsstiftis sbr. DI IV, 286 nmgr. 3. Oddsstaðir áttu skógarítak, Oddsstaðatungu, við austurmörkin, einnig átti Stafholtskirkja hér ítak. Stóru Drageyri fylgdi engjaítak í hólma í Andakílsá, Kistuhólma. Jörðin hefur verið í eyði frá 1966 en hluti túna hefur verið sleginn síðan. Skógræktin er eigandi og umsjáraðili jarðarinnar.

1918: 41.487 m2 = 13 dagsl. 1/2 þýft. Garðar 757 m2. “Dragafell er víða skriðurunnið og allbratt, undirlendi er lítið með vatninu austur frá bænum. Skógur var hér orðinn mjög eyddur um 1700. ... Mýrardrög eru á stöku stað, en annars valllendisbalar og móar og holt á milli. Silungsveiði er í Skorradalsvatni, ef eftir er leitað. BB II, 240.

BO-147:001 *Stóra Drageyri* bæjarhóll bústaður A 378651 N 448673


Bæjarhóll Stóru-Drageyrar er nærri austurjaðri gamla heimatúnsins sem er á miklu flatlendi á grónum áreyrum Dragár. Malarvegur um sunnanverðan dalinn liggur fast NNA við bæinn og hefur mögulega raskað bæjarhólnum í þeim enda. Bæjarlækur (sjá 012) rennur fáum metrum austan við bæjarhólinn til norðurs í Skorradalsvatn. Íbúðarhús byggt 1924 er um 38 m vestan við bæjarhólinn (sjá 002).

Bæjarhóllinn er í flatlendu túni sem hefur verið nytjað þrátt fyrir að búskap sé löngu hætt á jörðinni. Þegar aðskráning fornleifa fór fram á jörðinni (2016) var verið að grafa skurð fyrir

nýrri hitaveitulögn meðfram efri (syðri) brún vegarins og var skurðurinn kominn að vesturjaðri bæjarhólsins en ekki var búið að fara í gegnum hann. Það var gert skömmu síðar og efninu mokað



Bæjarhóll Stóru-Drageyrar BO-147:001, horft til VNV á vinstri mynd og ANA á hægri mynd



Minjar á bæjarhóli Stóru-Drageyrar BO-147:001

uppásyðriskurðbakkann, upp á hólinn.

Bæjarhóllinn er um 24x14 m að stærð og snýr NNA-SSV. Kálgarður vestan við hólinn er skráður með honum. Kálgarðurinn er sýndur sambyggður bæjarhúsum á túnakorti frá 1918 en hann er ekki á bæjarhólnum sjálfum. Bæjarhóllinn er hæstur á ASA-hlið þar sem hann er 1 m á hæð. Vestast á miðjum hólnum er hús úr bárujárni, líklega gamalt hesthús. Húsið er 7x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Lágir hlaðnir veggir úr torfi og grjóti eru meðfram vestur- og suðurhliðum hússins en austurhlið þess er grafin niður í hólinn, um 0,5 m niður fyrir yfirborð. Tvennar dyr eru á norðurhlið hússins. Fast austan við ANA-horn hússins er ógreinilegur veggur eða gróinn ruðningur vegna eldra rasks. Hann er 6,5 m á lengd og liggur ASA-VNV, er 0,2-0,4 m á hæð og 2 m á breidd. 3 m við SSA-horn hússins er stæðilegur veggur sem er torf- og grjóthlaðinn. Hann er 8 m á lengd og 2 m á breidd, liggur NNA-SSV. Veggurinn er hæstur um 1 m. Í lagnaskurði sem grafinn var í gegnum bæjarhólinn sáust uppsöfnuð mannvistarlög sem eru um 1 m á þykkt. Kálgarðurinn er vestan við bæjarhólinn og er 18x15 m að stærð, snýr austur-vestur. Hann er gróinn en er sýnilega torf- og grjóthlaðinn. Stór hluti kálgarðsins er horfinn og liggur vegurinn í gegnum hann miðjan og sá hluti hans sem var norðan við veg

hefur verið sléttaður í tún. Kálgarðsveggirnir eru 1,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð, hæstir á vesturhlið. Innan kálgarðs og sunnan við veg eru tvær gryfjur hlið við hlið. Vestari gryfjan er 1,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður en austari gryfjan er um 2x2 m að innanmáli. Báðar eru gryfjurnar 0,2-0,3 m á dýpt. Framkvæmdir vegna hitaveitulagnar í gegnum bæjarhólinn á Stóru-Drageyri voru stöðvaðar og þversnið í skurðinum rannsakað að fornleifafræðingum frá Fornleifastofnun Íslands. Sniðið sem var rannsakað og skráð var 200 m langt. Mannvistarleifar fundust nánast í því öllu en tvö greinileg mannvirki komu í ljós í norðurjaðri bæjarhólsins. Engin gjóskulög fundust sem gátu aðstoðað við að tímasetja minjarnar og flestir þeir gripir sem skráðir voru í samhengi við jarðlögin sem þeir fundust í voru brotakenndir eða höfðu hversdagslegt og tímalaust útlit. Ekki reyndist því heldur unnt að nota þá til að aldursgreina minjarnar. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslu um rannsóknina sem fram fór sumarið 2016.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918; Lísabet Guðmundsdóttir: FS620-16161

BO-147:002 þúst útihús A 378593 N 448673



Púst ofan við yngsta íbúðarhúsið á Stóru-Drageyri þar sem útihús BO-147:002 var, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 50 m suðvestan við bæ 001. Engin ummerki sjást um útihúsið lengur en allstór hóll er þar í túninu þar sem ætla má að mannvistarleifar sé að finna. Yngsta íbúðarhúsið á jörðinni, byggt 1924 er á sama hóli en litlu NNA við staðinn þar sem útihúsið var. Fjallað er um húsið í riti um Eyðibýli á Íslandi, 3. bindi.

Hóllinn er í flatlendu og sléttuðu túni en hann sjálfur er utan þess svæðis sem er slegið. Hann nær fast að malarvegi sem liggur um sunnanverðan Skorradalinn.

Hóllinn er um 50x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mörk hólsins sjást ekki til norðausturs vegna skurðar fyrir hitaveitulögn sem grafinn hefur verið sunnan við veginn (2016). Ekki er því ljóst hvort hann nær undir veginn eða endar við hann. Hóllinn er ekki hærri en 1 m og er gróinn og smáþýfður. 8 m suðvestan við íbúðarhúsið er ferköntuð lægð í hólinn sem er líklega eftir hús sem hefur verið rifið, þó ekki útihúsið sem sýnt er á túnakortinu. Lægðin er 10x5 m að innanmáli og snýr eins og hóllinn, norðaustur-

suðvestur. Hún er ekki dýpri en 0,2 m. Á hólnum er lítilsháttar brak úr þaki íbúðarhússins, timbur og bárujárnsplötur og annað smálegt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

BO-147:003 heimild um útihús A 378506 N 448607

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 160 m suðvestur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem útihúsið var er þýfður, óhirtur blettur í miðju ræktuðu túni.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Örlítil lægð er í miðjum þýfða blettinum sem bent gæti til mannvirkja undir sverði.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1918

BO-147:004 tóft mylla A 378373 N 449225



Myllutóft BO-147:004, horft til norðurs á ljósmynd



“Utar á Eyrunum [en Dragalækur - Eyrarnar ná heiman frá túni og út að á] er Mylnulækur og við hann er rúst eftir mylnuna,” segir í örnefnalýsingu. Myllutóft er við lækinn um 610 m norðvestan við bæ 001.

Myllan er við lítinn hlykk á læknum til vesturs. Austan og vestan við mylluna er skógrækt sem kemur til með að ógna varðveislu tóftarinnar í framtíðinni en meiri hætta stafa af landbroti vegna vatnsrennslis í læknum. Lækjarbakkinn er grösugur og þýfður.

Tóftin er einföld og virðist torfhlaðin. Hún er gróin og hvergi sést í grjót. Tóftin er hlaðin inn í lækjarbakkann en er ekki uppi á honum. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslur eru signar og er austurhliðin líklega grafin inn í bakkann. Tóftin mjókkar til suðurs og virðist op vera á henni í þeim enda. Einnig er mögulegt op í norðvesturhorni. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m í norðurenda. Vestan við mylluna er lækurinn um 3 m á breidd og breikkar norðan við hana þar sem hann liggur í sveig til austurs. Ekki er að sjá ummerki um að vatn hafi runnið í gegnum myllutóftina til að knýja kvörn í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 1

BO-147:005 *Móholt* náma mógrafir A 378712 N 448500



Mógrafir BO-147:005, horft til VNV

"Fyrir sunnan [Móholtið], nær Höfðanum eru mógrafirnar. Þar var töluvert mikill mór, líklega 7-8 skóflustungur ...," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru í lægð á milli hæðar í Fjárhústúni (sjá 011) og Móholtsins, um 180 m sunnan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í grasi gróinni og þýfðri mýri. Á milli mógrafa og Hálsalækjar til austurs er Fjárhústún. Sunnan og norðan við það eru skurðir sem liggja á milli mógrafa og Hálsalækjar og fleiri minni, styttri og grynnri skurðir liggja frá mógröfum til suðausturs.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 135x70 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær eru nokkuð samfelldar og víðast jafn djúpar en dýpstar eru þær 1-1,5 m í suðausturjaðri. Þar er bleyta í gröfunum en víðast eru þær vel grónar. Ógreinleg mörk eru í norðvesturjaðri mógrafanna.

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 2

BO-147:006 *Vörðuholt* varða óþekkt A 378866 N 448574

"Við endann á Móholtinu [005] er lægð og síðan tekur við Vörðuholtið," segir í örnefnaskrá. Vörðubrot A er syðst á Vörðuholti um 240 m austan við bæ 001. Malarvegur um sunnanverðan Skorradal liggur yfir holtið og er vörðubrotið ofan (sunnan) við veginn. Varðan er 29 m SSV við hitaveitulögn sem verið er að endurnýja (júní 2016) ef lögnin fer yfir holtið meðfram malarvegi og því utan áhrifasvæðis. Hins vegar er möguleiki á að lögnin fari suður fyrir holtið og lendir



Vörðubrot BO-147:006A á Vörðuholti, horft til NNA



Vörðubrot BO-147:006B, horft til austurs

varðan þá nálægt ytri mörkum áhrifasvæðis. Holtið er gróðurlítið en syðst er það nokkuð mosavaxið og beggja vegna við veginn og eftir öllu holtinu til norðurs er mikill lúpínugróður.

Varðan er gerð af einum stórum steini á holtinu og öðrum steini sem á honum er. Fleiri steinar

hafa verið þar sem sést af fari á stóra steininum. Stóri steinninn er um 0,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð en samanlagt er varðan 0,6 m á hæð. Hún er skófum vaxin. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Mögulega er önnur varða á holtinu, vörðubrot B, um 105 m norðaustar og er hún langt utan áhrifasvæðis vegna framkvæmda við hitaveitulögn. Þar eru aðeins nokkrir steinar saman í kös á holtinu sem er 1x0,4 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki eru steinarnir margir og hefur því ekki verið um stóra vörðu að ræða. Ekki stendur steinn yfir steini.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 3

BO-147:007 heimild um rétt A 379003 N 448703

Klifið er við endann á Vörðuholti 006, niður við Skorradalsvatn. “Í Klifinu var einu sinni fjárrétt,” segir í örnefnaskrá. Klifið er um 350 m austur af bæ. Ekki sést til fornleifa.

Klifið er um 5-6 m háir klettar með lúpínuvöxnum stalli framan við (til norðurs). Stallurinn nær 5-8 m fram og eru 1-1,5 m niður að vatnsyfirborði. Grjót og lynggróður eru ofan við kletta en einnig hefur verið plantað greni og furu á svæðinu.

Engin merki um fornleifar sjást á yfirborði. Mögulegt er að leifar réttarinnar séu huldar lúpínu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 2

BO-147:008 *Stekkhóll* heimild um stekk A 379018 N 448329

“Þegar komið er austur fyrir Vörðuholtið [006], sést móta fyrir stekk. Kristofer [Guðmundsson, f. 1937 á Stóru Drageyri] minnir, að foreldrar hans hafi notað hann eitthvað, eftir að þau komu að Stóru-Drageyri 1923,” segir í örnefnaskrá. Stekkhóll er merktur á örnefnakort sem Sigurgeir Skúlason gerði. Hóllinn er um 500 m suðaustur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Stekkhóll er í aflíðandi hlíð með þétt plöntuðum barrskógi. Skóglausir blettir eru á stöku stað. Mýrlent er neðar í hlíðinni . Nokkrir lækir renna um svæðið og hefur það einnig verið ræst fram með mörgum rásum.

Stórt svæði var gengið á Stekkhól og í kringum hann en engin merki fornleifa fundust á yfirborði og er stekkurinn að öllum líkindum horfinn í skóg.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 2; Örnefnakort SS

BO-147:009 *Lambarétt* heimild um rétt A 379540 N 448307

“Ofan við Stekkinn [008] er Stekkhóll. Þegar kemur A. fyrir Stekkhól, tekur við Skriða. Austan við hana, alveg við vatnið, hefur verið rétt, sem hét Lambarétt,” segir í örnefnalýsingu. Örnefnið Lambarétt er skráð á örnefnakort Sigurgeirs Skúlasonar þar sem lítil eyri gengur fram í Skorradalsvatn til norðurs, um 960 m austan við bæ 001. Eyrin er neðan við malarveg fram sunnanverðan Skorradal.

Eyrin er gróin og þar vex gras og lyng, lúpína og eitthvað af birki. Gróin rás liggur þvert yfir eyrina í sveig neðan við malarveg, mögulega eftir eldri vegagerð.

Engin ummerki um rétt sjást á eyrinni þar sem örnefnið Lambarétt er merkt inn á kortið. Ekki er ljóst hvers vegna öll ummerki um hana virðast horfin. Vatnsborð Skorradalsvatns hefur hækkað vegna Andakílsvirkjunar sem gerð var 1946-1947 en ólíklegt er að réttin hafi horfið undir vatn eða að hún hafi horfið vegna vatnsrofs. Ekki er útilokað að vegagerð hafi raskað réttinni og að hún hafi að hluta eða öllu lent undir vegi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 2; Örnefnakort SS

BO-147:010 gata leið A 378590 N 448699



Ummerki um leið BO-147:010 í túni, horft til NNV

Inn á túnakort frá 1918 er merkt gata sem legið hefur frá bæ 001 í austri, meðfram sunnanverðum kálgarði sem skráður er með bænum, fram hjá útihúsi 002 og svo til NNV út úr túninu. Ummerki um leiðina sjást í túninu á stuttum kafla, um 55 m vestan við bæ 001.

Leiðin liggur um sléttað flatlent tún.

Þar sem leiðin sést er renna í túninu, eða breið gata. Hún er um 20 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Gatan liggur NNV-SSA. Hún hverfur til NNV í lagnaskurð vegna endurnýjunar hitaveitulagnar og undir veg. Til SSA endar hún við þúst í túninu þar sem útihús 002 var.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1918

BO-147:011 *Fjárhústúnið* tóft fjárhús A 378734 N 448423


“Uppi á Brekkunni rétt upp við Höfðann eru fjárhúsin og Fjárhústúnið,” segir í örnefnaskrá. Fjárhústóft er um 260 m suður af bæ 001, á hól nærri rótum hlíðarinnar.

Fjárhústún er smáþýft tún, komið í órækt. Greni hefur verið plantað um allt túnið og er eru trén um 10-30 cm há.

Fjárhústóftin er um 19 m á lengd og 12 m á breidd að utanverðu, en um 17,5 m á lengd og 6,5 m á breidd að innan. Hún snýr norðvestur-suðaustur, að mestu hlaðin úr torfi og grjóti, grasi vaxin en á nokkrum stöðum sést í hleðslur. Bárujárnsbrak er á dreif um tóftina. Breidd veggja er 1,5-3 m og hæð þeirra að utanverðu er 1-1,5 m. Þil hefur verið á norðvesturhlið þar sem ekki er hlaðinn veggur. Tveir garðar eru í tóftinni, um 9,5 m langir, 1 m breiðir og 50 cm háir. Garði I, norðaustan megin í tóftinni, er grjóthlaðinn en garði II, suðvestan megin, er steyptur.



Fjárhústóft BO-147:011, horft til suðausturs



Í norðvesturenda garða II er fjárbað, um 2 m langt og um 1 m breitt. Milli garðanna er steyptur veggur og stendur garði II um 30 cm neðar en garði I. Suðaustan við garðana er niðurgrafið hólf (III). Það er um 4 m á lengd, 6,5 m á breidd og um 20 cm djúpt. Norðvesturbrún hólfsins er grjóthlaðin, en suðausturbrún er steypt. Í suðvestast í tóftinni er hlaða (IV), jafnstór niðurgrafna hólfinu. Rof er í austurenda norðausturveggjar og er mögulegt að þar hafi verið þil með dyrum inn í hlöðu. Lág hólmyndun er undir tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 2

BO-147:012 *Bæjarlækur* örnefni vatnsból A 378680 N 448640



Bæjarlækur BO-147:012, horft til suðvesturs

“Bæjarlækurinn kemur undan Dragahöllunum og rennur um túnið fyrir austan bæinn og fyrir austan túnið, þegar kemur nær vatninu,» segir í örnefnaskrá. Lækurinn rennur um 45 m suðaustur af bæ 001. Ætla má að vatn fyrir bæinn hafi verið sótt í Bæjarlækinn.

Við lækinn er smáþýfð grasflöt, á mörkum ræktaðs og óræktaðs túns þegar vestar dregur. Stöku víðihríslur eru við lækinn.

Lækurinn er u.þ.b. á jafnsléttu þar sem hann rennur framhjá bænum en hefur grafist niður um 0,5 m vestar. Mjög lítill vatnshraði er í læknum og myndar hann litla tjörn eða poll næst bænum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stóra Drageyri, 2

BO-147:013 náma mógrafir A 378367 N 449115



Mógrafir BO-147:013, horft til suðvesturs

Mógrafir eru um 525 m norðvestur af bæ 001, við Mylnulæk 004 á Drageyri.

Lækjargil Mylnulækjar liggur eftir eyrinni vestanverðri. Þýfður móa er umhverfis það og eru víðirunnar víða við lækjarbakkann. Grenilundur er norðar á eyrinni.

Mógrafirnar ná yfir svæði sem snýr norðaustur-suðvesturu og er 40-50 m langt og um 15 m breitt. Þær eru um 5-8 hólf grafin í lækjarbakkann, sem eru allt frá um 2 x 2 m að stærð upp í um 5 x 6 m. Hæð bakka grafanna er 2-2,5 m. Grafirnar eru beggja vegna við Mylnulækinn og eru þær hálfþurrar og grónar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-147:014 gerði nátthagi A 378282 N 448887



Gerði BO-147:014, horft til suðvesturs

Stórt hlaðið, unglegt gerði er á flatlendum eyrum sunnan við upptök Mylnulækjar (sjá 004) austan við Dragá, um 420 m norðvestan við bæ 001 og 330 m sunnan við myllu 004.

Gerðið er á flatlendum, grónum áreyrum. Trjám hefur verið plantað meðfram innanverðum veggjum gerðisins og ógna þau varðveislu minjanna.

Ekki er ljóst hvaða hlutverki gerðið gegndi en líklegt er að það hafi verið notað sem nátthagi. Það er hlaðið úr torfi og grjóti og er 65x45 m að stærð, snýr norður-suður. Mesta hæð veggja er 0,3-0,4 m. Líklegt er að girt hafi verið ofan á veggina með einum eða tveimur gaddavírsstrengjum. Gerðið er þríhyrningslaga, breiðast nyrst og mjókkar til suðurs. Innan gerðisins er einn þvergarður fremur norðarlega og skiptir hann því í tvo hluta. Þessi þvergarður virðist eingöngu hlaðinn úr torfi og sést pælan norðan við hann. Hleðslur í þvergarðinum eru signari en annarsstaðar í gerðinu. Nyrðri hluti gerðisins er 40x15 m að innanmáli og snýr austur-vestur en syðri hlutinn er 50x34 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir gerðisins eru rofnir á nokkrum stöðum, sér í lagi í norðvesturhorni og syðst.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

BO-147:015 heimild um landamerki A 378568 N 446315

“Úr læk þessum ræður bein sjóhending merkjum [milli Dragháls (BO-027) og Stóru-Drageyrar] upp og vestur mitt Dragafell í stóra greinilega vörðu [018] austan til á háfellinu. Frá vörðu

þessari ræður sjónhending aftur merkjum um svokallaða Merkjaþúfu sem er hlaðin torfvarða hjá Þjóðveginum á Geldingadraga [651:005],” segir í landamerkjaskrá frá 1922. Varðan var um 2,3 m suður af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Dragavegur liggur yfir Geldingadraga sem er hálfgróinn lyngi en víða sést í mel. Norðantil á Geldingadraga liggur gamli þjóðvegurinn 50-100 m vestar en núverandi vegur.

Ekki sést til vörðu. Um 20-30 m norðan við hreppamörk fer gamli þjóðvegurinn undir núverandi veg og er líklegt að varðan hafi einnig farið undir veginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 127

BO-147:016 varða A 379624 N 446990



Hrunin landmælingavarða BO-147:016, horft til vesturs

Hrunin mælingavarða frá Landmælingum Íslands er um 170 m norðan við landamerkjavörðu 018 uppi á Dragafelli.

Efst á Dragafelli er gróðurlítill melur. Uppi á fjallinu er mikið útsýni yfir í Skorradal og Hvalfjarðarsveit.

Varðan er frá 1959 og er hún hrunin sem fyrr segir og gróin. Grunnflötur hennar er þríhyrningslaga og er hún um 1 m á kant og 0,4 m á hæð. Stórt grjót er í henni neðst en einnig er talsvert af smáu grjóti í henni. Varðan er ekki nógu gömul til þess að teljast til fornminja en þar sem hún er til marks um gamlar aðferðir við landmælingar fékk hún að fljóta með á fornleifaskrá.

Hættumat: engin hætta

BO-147:017 varða óþekkt A 379804 N 446919



Varða BO-147:017 á Dragafelli, horft til vesturs

Hrunin varða eða grjóthrúga er á grýttum hól uppi á Dragafelli um 190 m austan við mælingavörðu 016, 225 m norðaustan við landamerkjavörðu 018 og rúmum 2 km suðaustan við bæ 001.

Uppi á fellinu er gróðurlítill melur og klappir inn á milli. Grjóthóllinn sem varðan stendur á er smágrýttur og er mosagróið inn á milli steina.

Varðan er mögulega gömul í grunninn en er hrunin og grjóti

virðist hafa veirð bætt í hana á síðustu árum eða hún kann að hafa verið endurhlaðin. Varðan er líkt og stór grjóthrúga, 1,2 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Grjótið í henni er lítt skófum vaxið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

BO-147:018 varða landamerki A 379602 N 446822



Landamerkjavarða BO-147:018 á Dragafelli, horft til vesturs

"Úr læk þessum ræður bein sjóhending merkjum [milli Dragháls og Stóru-Drageyrar] upp og vestur mitt Dragafell í stóra greinilega vörðu austan til á háfellinu," segir í landamerkjaskrá frá 1922. Varðan sést enn og er hún hlaðin á geysistórt Grettistak, um 170 m sunnan við mælingavörðu Landmælinga 016 og rúma 2 km suðaustan við bæ 001. Þess má geta að óvönduð og nýlega hlaðin varða er neðarlega í hlíðum Dragafells á milli landamerkjavarða 018. Er hún 825 m VSV við vörðu 018 og 335 m ANA við vörðu 015. Þar sem varðan var augljóslega nýlega hlaðin var hún ekki skráð.


Efst á Dragafelli er gróðurlítill melur. Frá vörðunni sést vítt um til Hvalfjarðarsveitar.

Varðan er sem fyrr segir hlaðin ofan á stórt bjarg sem er 1,5 m í þvermál og 1,3 m á hæð. Varðan sjálf er hlaðin efst í sunnanvert bjargið þar sem halli er á því. Hún er um 0,6 m í þvermál og 0,7 m á hæð að sunnanverðu en 0,4 m á hæð að norðanverðu. Að bjarginu meðtöldu er stendur varðan 1,7 m upp frá jörðu. Hleðslan í vörðunni er ekki mjög vönduð en í henni má greina 4-5 umför hleðslu. Steinar í vörðunni eru skófum vaxnir, sem og bjargið sem hún er hlaðin á en aldur vörðunnar er ekki þekktur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók I, nr. 127

BO-148 Litla Drageyri



Minjar í heimatúni Litlu-Drageyrar BO-148. Mörk túna og mannvirkja, eins og þau voru samkvæmt túnakorti frá árinu 1918, eru sýnd með svartri línu og leiðir með svartri brotalínu.

8 hdr. 1707. Litla Drageyri hefur líklega verið nýbýli í landi Drageyrar eftir 1420 og komist í hendur konungs eftir siðaskipti, en hún er meðal þeirra jarða sem konungur seldi Henrik Bjelke aðmírál 1675 og hann seldi síðan aftur. - JJ, 444; JÁM XIII, 501. 1675 og 1676 er jörðin seld ásamt með Kolbeinshúsum, sem þá hafa verið byggt ból. Búskap lauk 1977, en jörðin er aftur komin í ábúð.

1918: 30.809 m2 = 9 1/2 dagsl. 1/6 smáþýft. Garðar 709 m2. "Landið er allt mjög skógi vaxið, en mýrlendi er austur frá túni og holt og mólendi í norðausturhorni landsins. ... Sliungsveiði er í Skorradalsvatni." BB II, 234

BO-148:001 *Litla Drageyri* bæjarhóll bústaður A 376567 N 449482

Bæjarhús á Litlu-Drageyri standa í sléttu túni norðan við bæjarlæk, á sama stað og sýnt er á túnakorti 1918. Ekki er vitað til þess að bærinn hafi staðið annarstaðar.

Mjög slétt tún en víðast hvar harðlent og virðist skammt niður á möl. Heimreið að bænum liggur úr norðri.

Bæjarhúsin eru í gömlum stíl, tvær burstir og mun sú sem vestar stendur vera hluti gamla bæjarins en hin var reist af Haraldi Á. Sigurðssyni um miðbik 20. aldar. Sést að hún er í öðrum hlutföllum og með ólíkri gluggagerð. Vestan við eru leifar steinsteyptra útihúsa sem nú eru þaklaus að hluta. Þau eru ekki sambyggð bænum. Suðurendi þeirra er grafinn inn í hól sem virðist náttúrulegur að mestu þótt ekki sé hægt að fullyrða það. Hóllinn hefur áður náð lengra til



Bæjarhóll Litlu-Drageyrar BO-148:001, horft til NNA

austurs en var grafinn burt fyrir nokkrum árum þar næst bænum. Að sögn Haraldar Aikman voru engin augljós mannvistarlög í honum. Alls enginn hóll er undir húsunum sjálfum og vekur það upp grun um að bærinn gæti hafa staðið annarstaðar á 19. öld og fyrr. Enn sjást leifar grjóthlaðinna kálgarða suðvestan við bæinn. Þeir ná yfir L-laga svæði sem er alls um 20 x 20 m stórt og virðist þrískipt - er að öllu leyti vestan við heimreiðina.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-148:002 tóft fjárhús A 376503 N 449420



Fjárhústóft BO-147.002, horft til suðurs á ljósmynd



Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús um 60 m suðvestur af bæ. Þar er nú tóft, handan lækjar.

Hæðarhryggur sem liggur ANA-VSV og bæjarlækurinn rennur í krók við norðurendann. Svæðið er vel gróið en bitið af hrossum.

Tóftin er af fjárhúsum. Hún er mjög stæðileg, um 13 x 7 m stór og snýr hér um bil norður-suður. Hún skiptist í tvennt þversum með bálki um miðbikið sem er grjóthlaðinn á steyptri undirstöðu og með steyptri plötu ofan á. Í suðurhólfi er steypt þró sem tekur yfir um helming innra rýmis en væntanlega hafa verið grindur ofan á henni. Miklar bárujárnsleifar eru í tóftinni. Dyr snúa í norður en sömuleiðis virðist sem dyr hafi verið í austurátt á syðra hólfi, nú hrunið fyrir þær að hluta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-148:003 heimild um útihús A 376632 N 449399

Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús í túni rúma 100 m austur frá Litlu-Drageyrarbænum 001. Þar er nú óljós þúst í sléttuðu túni.

Slétt tún og bitið fast við háan lækjarbakka.

Á þessum stað örlar á útflöttu gerði, nokkurn veginn ferhyrndu og um 13 x 13 m stóru. Veggir eru vart greinilegir í sléttu túninu og sæjust sennilega ekki nema vegna þess að svæðið er bitið. Hugsanlega hefur annað gerði eða mannverki verið áfast að norðanverðu. Ekkert grjót sést í veggjum og ekkert op er sýnilegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-148:004 *Kolbeinsbakki* bæjarhóll bústaður A 378027 N 448676



Bæjarhóll Kolbeinsbakka BO-147:004, horft til norðurs

"Upp með Dragánni verður fyrir okkur kargaþýfður rústabakki, sem heitir Kolbeinsbakki. Þar er sagt, að eitt sinn hafi búið karlinn, er síðar bjó að Mófellsstaðakoti og gaf þeirri jörð nafnið Kolbeinsstaðir. Þarna hefur fundist smiðjusindur, svo sá sem hér hefur búið, hefur smíðað járn," segir í örnefnalýsingu. Líklega er þetta sami staður og Kolbeinshús, en það var byggt ból í landi Litlu-Drageyrar, getið í sölubréfum bæði 1675 og 1676 og hefur þá verið í byggð. Bæjarins er hins vegar ekki getið í jarðabók 1707 og hefur þá væntanlega verið kominn í eyði. Þess má geta að það ár var Páll nokkur Kolbeinsson búandi á Mófellsstaðakoti ytra, sem þá var einnig nefnt Kolbeinsstaðir. Hugsanlega hafa Kolbeinshús verið kennd við Kolbein föður hans. Þessi staður er ekki þekktur í seinni tíð en kemur vel heim og saman við svæði sem er fast vestan við Dragána, næstum nákvæmlega 100 m ofan eða sunnan við veg. Þetta er um 1,7 km austan við bæinn á Litlu-Drageyri 001.

Gríðarlega stórþýft svæði og grösugt, erfitt yfirferðar. Hár og gróskumikill birkiskógur er í kring en þónokkuð rjóður umhverfis rústahólinn.


Hér er nokkuð sannfærandi bæjarhóll en ekki hægt að greina einstakar rústir. Alls er hóllinn allt að 40 x 18 m stór og liggur frá SV-NA meðfram bakka Dragárinnar. Hæð hólsins er allt að 1,5 m en hann gæti verið náttúrulegur að hluta. Bakkinn er hár á þessum slóðum og brattur og sennilega hefur brotnað af hólnum að austanverðu. Rofabakkinn er að hluta gróinn lyngi en einnig er þar talsverð möl - ekki sást í augljósar mannvistarleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Litla Drageyri, 1; Jarðabréf, 32; JÁM IV, 157

BO-148:005 *Sellækur* tóft sel A 377402 N 448387





Seltóft BO-148:005, horft til suðurs á ljósmynd

Í örnefnalýsingu Litlu-Drageyrar segir: «Nokkuð ofan við [Stórhól] fellur Sellækur í Dragána. Þegar kemur yfir þann læk, er skógi vaxin spilda, sem heitir Selskógur." Í athugasemdum Guðmundar Guðmundssonar við skrána segir: "Ummerki sels nálægt Sellæk; Selrúst er þar á lækjarbakkanum." Rústin er enn sýnileg þótt ógreinileg sé en sést hins vegar vel á loftmynd. Hún er tæplega 1,4 km ASA af bænum á Litlu-

Drageyri, um 10 vestan við Sellækinn. Þetta er um 140-150 m austan við staðinn þar sem lækurinn rennur niður úr gili.

Mjög grösugar, skóglausar brekkur í smáhalla móti norðri. Nær engin sauðfjárbeit hefur verið á svæðinu árum saman og því er mikil gróska í lággróðri og erfitt að finna tóftina.

Tóftin er einföld, aflöng og niðurgrafin, alls um 9 x 2-3 m á stærð að innanmáli, breiðust syðst. Op snýr í norður. Ef staðið er inni í henni eru veggir mest um 0,4 m háir, stæðilegastir að austanverðu, en ytra byrði þeirra er ógreinilegt. Þeir eru algrónir og hvergi sést í grjót. Önnur bygging gæti hafa verið áföst tóftinni að vestanverðu en hún er mjög óljós, eins og þúst. Enginn hóll er undir rústunum og ekki virðist líklegt að hér séu miklar uppsafnaðar mannvistarleifar. Sýnilega tóftin er alls ekki dæmigerð selrúst en líkist frekar fjár- eða beitarhúsum (lögun, stærð og áttahorf). Hugsanlegt er að þau hafi verið reist á staðnum þar sem selið stóð áður en ekki er hægt að útiloka að selið hafi verið annarstaðar, ofar eða neðar við Sellækinn. Ekki sjást augljósar rústir annarstaðar við lækinn á loftmynd og ekki þar sem gengið var.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Litla Drageyri, 1; Ö-Litla Drageyri aths. GG, 1

BO-148:006 tóft útihús A 376568 N 449413

Tóft er um 80 metra austur af 002, við lækinn innan við 100 m beint suður af bæjarhól 001.

Lækjarbakki, gróið tún fyrir ofan.

Tóftin hefur verið grafin inn í lækjarbakkann til norðurs, en hann er 2-2,5 m hár á þessum stað. Dyr hafa snúið í suður, að læknum. Tóftin er nú hrunin saman að mestu og er því ólöguleg, þó




Útihústóft BO-148:006, horft til norðurs á ljósmynd

grillir í að bakkar hafi verið hlaðnir upp að innanverðu. Mikið járn og timbur sést innan tóftar auk þess sem ýmsu hefur verið kastað þar í, einkum girðingarefni. Alls hefur tóftin verið á að giska 4 x 3 m stór innanmáls. Húsið mun síðast hafa verið notað sem reykkofi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:007 tóft útihús A 376550 N 449388



Útihústóft BO-148:007, horft til austurs á ljósmynd

Tóft er gegnt tóft 006, um 30 m suðvestar en hún en sunnan við lækinn sem rennur sunnan við Litlu-Drageyri (bæinn). Þetta er í stefnu hér um bil beint suður af bænum.


Grösugt kargaþýfi, mikið bitið af hrossum.

Tóftin er greinileg, um 6 x 5 m stór frá norðri til suðurs, op í norðurátt. Hún er full af ýmsu rusli, einkum úr járni, og kann að hafa verið mokað og ýtt yfir það svo að upphaflegt form tóftarinnar virðist úr skorðum gengið. Hún er annars algróin og mest um 0,2 m háir veggir. Fast austan við tóftina er áberandi hóll, um 6 x 4 m stór N-S, líklega mannvirkjaleifar eða merki umróts - af beinum að dæma hafa skepnur líka verið urðaðar á þessum slóðum. Hóllinn er allt að 3 m hár ef staðið er við hann að austanverðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:008 tóft fjárhús A 376928 N 449262





Fjárhústóft BO-148:008, horft til norðvesturs á ljósmynd

Rúst af stórum margstæðuhúsum er í litlu túni um 400 m austur af bænum á Litlu-Drageyri (001).

Tóftin er á myndarlegum, grösugum hól. Hross ganga á svæðinu. Ekki er ósennilegt að eldri mannvistarleifar leynist í hólnum.

Stór og mikil hús sem voru í notkun langt frameftir 20. öld. Alls er tóftin 20 x 13 m stór að utanmáli frá austri til vesturs en gafl úr timbri, nú horfinn, hefur snúið í norður. Þrír garðar hafa verið í húsunum og hlaða aftan við, ekki niðurgrafin. Hún nær yfir alla breidd húsanna og er 3-4 m breið. Veggir eru stórkarlalega hlaðnir úr grófu grjóti en smærra grjót er í görðum. Kindabað er nyrst í vestasta garða en austasti garðinn er áberandi lægri og grónari en hinir. Miklar timburleifar eru innan veggja, að hluta innviðir, þakefni og grindur úr gólfi en einnig hefur rusl af ýmsu tagi verið sett í tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:009 gerði útihús A 376374 N 449578

Leifar af gerði eru vestast í Litlu-Drageyrartúni, rúma 200 m vestur frá bæ 001.

Í sléttu, harðlendu túni sem væntanlega hefur verið nýrækt.

Hér sjást greinilegar leifar af vel afmörkuðu gerði en ekki eru veggir umhverfis heldur líkt og renna eða "negatíf" ummerki. Alls er svæðið um 15 x 5 m stórt frá norðri til suðurs og bungar jarðvegur upp innan svæðis. Um 20-30 m vestur af er árbakki og þar sjást leifar af gömlum steypubrotum og



Leifar af gerði BO-148:009 í túni, horft til norðurs

smáu grjóti sem líklega hefur verið rutt fram af. Sennilega tengjast þær gerðinu og má giska á að hér séu leifar af loðdýrabúi sem stofnað var á Litlu-Drageyri fyrir miðja 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:010 garðlag túngarður A 376686 N 449472



Útflattur túngarður BO-148:010, horft til austurs

Leifar af garði, líklega túngarði, sjást á loftmynd í GoogleEarth í Litlu-Drageyrartúni, austan við heimkeyrsluna að bænum og um 35 m framan eða norðan við framhlið bæjarhúsanna.

Slétt og harðlent tún, bitið af hrossum.

Garður þessi er mjög ógreinilegur á jörðu niðri en má þó greina hann sem óljósa brún, um 0,3 m háa ef staðið er við hann að norðanverðu. Á loftmynd má rekja garðinn rúma 200 m til austurs en þá sveigir hann í SA og hverfur þegar nálgast tekur bæjarlækinn. Alls engar garðleifar sjást vestan við heimkeyrsluna. Sennilega er þetta gamall túngarður, þá sennilega eldri en mörk túns 1918, enda virðast þau hafa legið heldur norðar af túnakorti að dæma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:011 náma mógrafir A 376988 N 449172



Mógrafir BO-148:011, horft til suðausturs

Greinilegar mógrafir eru austan við Litlu-Drageyrartún, rúma 500 m austur af bæ 001.

Blaut og mjög grösug mýri.

Grafirnar eru mjög greinilegar, allt að rúmlega 1 má dýpt, kantaðar og reglulega skornar. Alls ná þær yfir svæði sem er um 30 x 15 m stórt en auk þess eru mögulega fleiri og smærri grafir suðaustar.

Hættumat: engin hætta

BO-148:012 þúst útihús A 376669 N 449449

Greinileg þúst er í Litlu-Drageyrartúni, um 100 m austur af bæ, innan eða sunnan við meintar túngarðsleifar, sjá 010.

Bitið og harðlent tún.

Þústin er rúmlega 10 m í þvermál og sker sig greinilega úr túninu. Hér gætu hafa staðið útihús en þó ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:013 þúst óþekkt A 376880 N 449253



Óþekkt þúst BO-148:013, horft til austurs

Óljósar mannvirkjaleifar eru um 380 m austan við bæinn á Litlu-Drageyri, utan í vestanverðum hólnum sem fjárhústóft 008 er á. Þetta er í krika fast norðan við girðingu.

Fremur slétt valllendi, bithagi hrossa.

Mjög óljósar leifar og erfitt að leggja mat á. Svæðið sker sig úr vegna kargaþýfis sem er of reglulegt til að geta verið náttúruverk, hátt í 5 m í þvermál og svo gengur líkt og óljós hleðsla frá því til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-148:014 vegur leið A 377881 N 449189

Á herforingjaráðskorti frá 1911 sést hvar gamli vegurinn meðfram Skorrdalsvatni hefur legið, alveg niður við vatnið.

Birkiskógur vex þar víðast hvar í landi Litlu-Drageyrar.

Leifar gamals vegar sjást enn meðfram vatninu og liggur hann væntanlega á sama stað og gamla leiðin sem sýnd er á kortinu. Þetta er sæmilegasti vegur, bílfær á kafla en að hluta notaður sem reiðvegur.

Hættumat: engin hætta

BO-148:015 heimild um leið

Á herforingjaráðskorti frá 1911 sést að gata hefur legið til vesturs frá Litlu Drageyri, fyrst til VSV uppundir fjall en þaðan í sveig til VNV að Indriðastöðum.

Slétt tún er næst bæ en skógi vaxið þegar dregur nær fjallsrótum.

Ekki var leitað gaumgæfilega að götu en hún sést ekki á loftmynd og talið að hún sé horfin í skóg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-148:016 heimild um leið

Á herforingjaráðskorti frá 1911 sést að gata hefur legið til suðaausturs frá Litlu-Drageyri, væntanlega að vaði á Dragánni. Þegar þangað er komið virðist hún sameinast öðrum götum yfir Geldingadraga.

Svæðið sem gatan hefur legið um er meira og minna komið á kaf í gróður. Ekki er vitað til þess að leifar götunnar sjáist.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-148:017 heimild um rétt

Í örnefnalýsingu segir: «Frá Bæjarlæk inn að næsta læk, sem heitir Rauðilækur, er nafnlaust skóglendi, en fjaran heitir þar Mjúkisandur. Innan við Rauðalæk er svo skóglaust svæði; það er Drageyrin. Það er stærðar svæði, sem tilheyrir báðum Drageyrunum, en um eyrina rennur svo Dragáin. Rétt við Rauðalæk er gömul fjárrétt." Í dag er Rauðilækur þekktur sem lækur sem rennur út í Skorradalsvatn um 800 m ANA af bæ. Annar lækur rennur nær Bæjarlæk ofan vegar en sá sameinast honum áður en komið er niður að Skorradalsvatni. Örnefnalýsingin virðist miðuð við sjónarhorn frá fjörunni við vatnið og því sennilegt að átt sé við fyrrnefnda lækinn.

Land er mikið til skógi vaxið við lækinn.

Ekki virðist réttin þekkt í seinni tíð og leifar hennar fundust ekki við vettvangskönnun.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Litla Drageyri, 1

BO-651 Fl. á fleiri en einni jörð

BO-651:001 vegur leið A 393944 N 441947

Alfaraleiðin um norðanverðan Skorradal lá niður með vatninu og er hún sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911. Hún liggur af leið 007 vestan við Hálsa BO-133 og til suðausturs að Eiríksfelli og áfram að Gilstreymi BO-186, efsta bæ í Lundarreykjadal. Í örnefnalýsingu Háafells segir: "Frá fornu hefir verið talað um þrjár götur út í gegnum skóginn, en skógurinn frá Blesagili út að næsta gili sem eitthvað markar, en það heitir Stekkjargil [139:007], skógurinn út að því heitir einu nafni Bót. Neðsta gatan sem lá um skóginn var nafnlaus en það var sú gata sem farin var með vatninu, alfaraleiðin." Gamla leiðin um dalinn að norðanverðu lá niður við vatnsborð þar sem greiðfærast var vegna skógar og bratta. Oft flæddi yfir hana um haust og vetur. Eftir að Andakílsvirkjun var gerð á árunum 1945-1947 og affall Skorradalsvatns í Andakílsá var stíflað, hefur vatnsborðið hækkað töluvert og fært gömlu leiðina í kaf þar sem hún lá næst vatninu. Hennar sér þó stað hér og hvar í Framdalnum þar sem fornleifaskráning fór fram árið 2016. Í seinni áfanga aðalskráningar Skorradalshrepps sem unninn var 2017 voru gerðar viðbætur við skráningu á leiðinni í landi Hálsa BO-133.

Meðfram vatninu eru víða allbrattar skógi vaxnar hlíðar en skóglaus svæði eru inn á milli. Austan við vatnið lá leiðin upp með Fitjaá, um mólendi þar sem kominn er talsverður skógur en austan við tún Efstabæjar er engin skógrækt.

Leiðin er í heild sinni um 31 km á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Meðfram vatninu er Skorradalsvegur (508) aðeins ofar í landinu en gamla leiðin en frá suðausturenda vatnsins liggur vegurinn á svipuðum slóðum og gamla leiðin allt að Hrísgili í landi Efstabæjar. Það sjást því í raun lítil ummerki um leiðina fyrr en kemur austur fyrir Hrísgil vegna hækkaðs vatnsborðs og vegagerðar. Í landi Fitja BO-140 sést slóði (B) á stuttum kafla á gömlu leiðinni frá Hvítablettseyri og upp á Skorradalsveg (508). Slóðinn er á lágum bakka niður við vatn, neðst í brattri brekku. Slóðinn er orðinn skógi vaxinn og illfær. Í honum vex einnig lúpína. Hann er 2-3 m á breidd og 230 m á lengd, liggur austur-vestur. Í Sarpi BO-142 sést ruddur vegur (C) á stuttum kafla á leiðinni á Skógareyri norðaustan við Skógarvað 142:010. Vegurinn liggur um lyngmóa ofan við lúpínubreiðu við árbakka. Hann sést á um 140 m löngum kafla og er 1,5-2 m breiður. Í Sarpi er Langavarða (D) sem var að öllum líkindum við leiðina. Um hana segir í örnefnalýsingu Sarps: "Réttin [142:006] sem fyrr var nefnd, var þar við ána. Þar upp af, ofan við götuna, var mjó og löng varða á klöpp, nefnd Langavarða." Varðan er um 825 m ASA af Sarpi 142:001 og sést vel af veginum. Klöppin sem varðan stendur á er mosa- og lyngvaxin og er í aflíðandi hlíð með lúpínubreiðu allt í kringum vörðuna. Skógur er einnig umhverfis svæðið, bæði náttúrulegt birki og plöntuð barrtré. Varðan er um 1,5 m há



Upphlaðin torfbrú F á leið BO-651:001 í landi Hálsa, horft til suðausturs

og um 1 m í þvermál. Í henni eru um 12 umför og er grjót í vörðunni skófum vaxið. Um 20 m suðaustar er önnur varða, um 0,6 m há og 1 m í þvermál. Þriðja varðan er um 20 m suður af Löngugvörðu og er um 0,5 m há og um 0,5 m í þvermál. Báðar minni vörðurnar eru óvandaðri en sú stærsta og líklega yngri. Í landi Efstabæjar BO-143 sést leiðin vel á löngum kafla frá Hrísgili að Eiríksfelli. Þar liggur hún neðarlega í aflíðandi brekku. Lækjargil eru víða í brekkunni. Næst Hrísgilinu virðist vera ruddur vegur sem er 1-2 m á breidd. Leiðin var einnig skoðuð sunnan við Eiríksfell þar sem hún sést aðeins sem troðin gata. Í landi Hálsa BO-133, vestarlega á þessari leið, er upphlaðin jarðvegsbrú F) niður við Andakílsá. Að brúnni úr norðvestri liggur slóði niður af lágu malarholti sem sést á 26 m löngum kafla. Þá tekur brúin við sem er 55 m að lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hún er 3 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Nærri norðvesturenda er um 1 m breitt rof vegna vatnsaga. Brúin er grasi gróin og farin að ganga í þúfur. Á henni eru þrjár götur eða hjólför. Hún endar við mel og er framhald leiðarinnar óljóst til austurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV; Ö-Háafell, 2; Ö-Sarpur, 3

BO-651:005 vegur leið A 374405 N 453764



Ruddur vegur á Hesthálsi í landi Grundar á leið BO-651:005, horft til suðvesturs



Upphlaðin torfbrú B á leið BO-651:005 í landi Grundar, horft til suðausturs

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um alfaraleiðir í Hvanneyrar- og Bæjarþingum 1840: «A<l>faravegur úr sóknunum og í þær liggur yfir Hvítá á Langholtsvaði [BO-173:013], upp með Flókadalsá og svo eftir Varmalækjarmelum, yfir um Grímsá að Hesthálsi, [BO-681:002] undir honum skiptast vegir á Mannamótsflöt, liggur annar til landsuðurs yfir hálsinn að Andakílsá þar sem hún fellur úr Skorradalsvatni, yfir hana, fram með vatninu að sunnanverðu að Stóru-Drageyri og þar upp á Dragann til Svínadals. Þetta er landvegur til Reykjavíkur. Hinn liggur neðar upp á Hestsháls og skiptist þar enn á ný, liggur önnur gatan [006] yfir Andakílsá, upp á Skarðsheiði, milli Efrahrepps og Horns, að Leirá. Hinn vegurinn [007] liggur neðar yfir ána og út með bæjum, fyrir framan hafnarfjall til Leirár- og Melasveitar.” Leiðin sem hér er skráð liggur frá Hesthálsi í landi Grundar í Skorradal BO-134, yfir Andakílsá við Skorradalsvatn og meðfram vatninu þar til leiðin beygir upp á Dragann í landi Stóru-Drageyri BO-147. Leiðin var skráð í landi Grundar og rakin af loftmynd þar sem hún sést á Draganum í landi Stóru-Drageyrar.

Leiðin liggur um fjölbreytt landslag. Þar sem hún byrjar og endar liggur hún yfir gróna hálsa þar sem eru klappir og ásar. Víða á leiðinni er birkiskógur, einkum meðfram Skorradalsvatni í landi

Indriðastaða og Litlu-Drageyrar en einnig í landi Grundar þar sem komið er niður af Hesthálsi. Í landi Indriðastaða er talsverð sumarhúsabyggð niður við vatnið.

Leiðin er um 10 km löng og liggur úr norðvestri af Hesthálsi til suðausturs að Draga. Lýsing leiðarinnar hefst í norðvesturenda þar sem hún liggur austan í Selás (sjá 133:004) og vestan við Kýrmúla og Vestra-Kýrmúlasund í landi Grundar. Þar sést greinilegur ruddur vegur á um 1250 m löngum kafla (Í landi Grundar sést hann á um 600 m löngum kafla). Hann liggur úr norðri til suðurs og hverfur undir Dragaveg 520 til beggja enda. Á þessum kafla er vegurinn 1-2 m á breidd. Möl er víða í veginum en sumsstaðar er mold í honum og grýtt en víða hefur grjóti verið rutt úr honum. Ummerki um leiðina sjást aftur 790 m SSA við rudda veginn þar sem torfbrú B) liggur yfir mýrlendi sem Húsalækur rennur um sunnan við Húsagirðingu (sjá 134:012). Torfbrúin er 138 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hún er um 4 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Yfir suðaustur-brúarendann liggur lág garðhleðsla sem girt var ofaná en hún er ekki fornleif. Frá brúnni virðist leiðin halda áfram til SSA á 500 m löngum kafla en erfitt er að fylgja henni því hún liggur í gegnum nokkuð þéttan birkiskóg. Ekki er útilokað að leiðin hafi legið vestar og utan við birkiskóginn á þessum kafla. Lengra var leiðinni ekki fylgt í landi Grundar. Á herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 er sýndur vegur á leiðinni á kaflanum sem hér hefur verið lýst að hluta, þ.e.a.s. frá Hesthálsi og að Andakílsá. Aðrir hlutar leiðarinnar voru þá reiðgötur. Á herforingjaráðskortinu er einnig sýndur vegur þar sem leiðin liggur yfir Draga yfir í Svínadal. Þar er núverandi vegur austan við gamla vegarstæðið og er hægt að rekja gamla veginn á 1,7 km löngum kafla en hann hverfur undir yngri veg í norðvestur- og suðausturendum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:SSMB, 257; Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:006 varða leið A 368484 N 448403

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um alfaraleiðir í Hvanneyrar- og Bæjarþingum 1840: «A<l>faravegur úr sóknunum og í þær liggur yfir Hvítá á Langholtsvaði [BO-173:013], upp með Flókadalsá og svo eftir Varmalækjarmelum, yfir um Grímsá að Hesthálsi, [BO-681:002] undir honum skiptast vegir á Mannamótsflöt, liggur annar til landsuðurs yfir hálsinn að Andakílsá þar sem hún fellur úr Skorradalsvatni, yfir hana, fram með vatninu að sunnanverðu að Stóru-Drageyri og þar upp á Dragann til Svínadals [005]. Þetta er landvegur til Reykjavíkur. Hinn liggur neðar upp á Hestsháls og skiptist þar enn á ný, liggur önnur gatan yfir Andakílsá, upp á Skarðsheiði, milli Efrahrepps og Horns, að Leirá. Hinn vegurinn [007] liggur neðar yfir ána og út með bæjum, fyrir framan hafnarfjall til Leirár- og Melasveitar.” Leiðin sem hér er skráð lá



Torfhlaðin brú B í landi Efri-Hrepps á leið BO-651:006 yfir Skarðsheiði, horft til norðausturs



Varða C í landi Efri-Hrepps á leið BO-651:006 yfir Skarðsheiði, horft til NNA

af leið 007 á Kolási (sjá 133:009) á merkjum milli Hálsa BO-133 og Syðri-Fossa BO-154, yfir Andakílsá þar sem uppistöðulón Andakílsvirkjunar er, suðaustan í Réttarási (sjá 131:004) og áfram upp á og yfir Skarðsheiði. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911. Hún var skoðuð í landi Efri-Hrepps BO-131 uppi á Skarðsheiði. Á leiðinni voru skráð varða (C) og torfhlaðin brú (B).

Leiðin liggur yfir fjölbreytt landslag; yfir heiðar og láglendi, hæðir og hryggi og mýlend sund.

Í Skorradalshreppi er leiðin um 8 km á lengd og liggur hún úr norðaustri til suðvesturs. Þegar komið er yfir í Leirár- og Melasveit greinist leiðin í tvær aðskildar leiðir. Sú austari 641:004 nefnist Skarðsheiðarvegur á Herforingjaráðskorti 26 NA og lá austan við Snóksfjall en sú vestari 641:005 lá eftir norðvestanverðum Leirárdal. Gamall línuvegur yfir heiðina er víða á sömu eða svipuðum slóðum og gamla reiðleiðin lá áður. Ekki sjást mikil ummerki um gömlu leiðina þar sem hún var skoðuð í landi Efri-Hrepps en mikil torfbrú B) er á leiðinni yfir Brúarsund. Í örnefnalýsingu Efrihrepps AG segir: “Við enda [Sauðahryggjarins], efst, er mýrarsund, sem heitir Brúarsund. Í gamla daga var sett hér brú, sem nú er að mestu sokkin. Var efnið í þessa brú borið á handbörum og ekið á hjólbörum.» Ennfremur segir í örnefnalýsingu Efrihrepps GÞ: “Þegar raflína var lögð yfir Skarðsheiði fyrir nokkrum árum var gamli þjóðvegurinn endurbættur og þá var grafið yfir Brúarsund fyrir væntanlegan vegarslóða á svipuðum slóðum og gamla brúin (vegurinn var).” Brúin er 570 m sunnan við sel 132:010 í Einiberjahvömmum í landi Neðrihrepps og 1,8 km norðaustan við landamerkjavörðu 132:030. Brúin er mikil um sig, hún er um 210 m á lengd, 9 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Brúin liggur norðaustur-suðvestur. Meðfram henni eru mjóar rásir sem eru 0,3 m á breidd og dýpt. Eftir miðri brúnni sjást bílför eða götur og liggur vegarslóði að henni úr norðaustri. Deiglent er á brúnni. Stór og stæðileg varða C) er á lágu klapparholti ofan (sunnan) við Mófellsstaðaveg 507. Varðan er 2,5 km norðaustan við torfbrúna. Klapparholtið sem varðan stendur á er mosavaxið.Varðan er ferköntuð, um 1,2x1,2 m að grunnfleti og er um 1 m á hæð þar sem hún er hæst, í miðju. Talsvert hefur hrunið úr henni af grjóti til NNA þar sem hún er úr lagi gengin en á SSV-hlið er hún heilleg og sjást þar 5-6 umför hleðslu. Skófum vaxið grjót er í vörðunni en hún virðist ekki ævaforn. Eiginlegar götur eða ruddur vegur sáust ekki þar sem leiðin var skoðuð. Litlu suðvestan við torfbrú B) er ógreinileg slóð A) en þar sjást hvorki götur né vegabætur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSMB, 257; Herforingjaráðskort 36 NV; Ö-Efrihreppur AG, 2; Ö-Efri-Hreppur GÞ, 3

BO-651:007 gata leið A 373684 N 453584

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um alfaraleiðir í Hvanneyrar- og Bæjarþingum 1840: «A<l>faravegur úr sóknunum og í þær liggur yfir Hvítá á Langholtsvaði [BO-173:013], upp með Flókadalsá og svo eftir Varmalækjarmelum, yfir um Grímsá að Hesthálsi, [BO-651:002] undir honum skiptast vegir á Mannamótsflöt, liggur annar til landsuðurs yfir hálsinn að Andakílsá þar sem hún fellur úr Skorradalsvatni, yfir hana, fram með vatninu að sunnanverðu að Stóru-Drageyri og þar upp á Dragann til Svínadals [005]. Þetta er landvegur til Reykjavíkur. Hinn [006] liggur neðar upp á Hestsháls og skiptist þar enn á ný, liggur önnur gatan yfir Andakílsá, upp á Skarðsheiði, milli Efrahrepps og Horns, að Leirá. Hinn vegurinn liggur neðar yfir ána og út með bæjum, fyrir framan hafnarfjall til Leirár- og Melasveitar.”

“Gamli vegurinn niður að Andakílsá lá þar milli [Stórahóls og Magnúsarhóls]. [...] “Við



Gata í landi Hálsa á leið BO-651:007, horft til suðvesturs

suðurenda Kinnarinnar er Folaldakriki, þar lá vegurinn [...]. Bjöllás [...] er norður af Landbrotinu milli Húsasunds og vegarins, sem áður var farinn. Niður þennan ás lá slóði, sem stundum var farinn," segir í örnefnaskrá Hálsa. Vegurinn liggur sunnan undir Magnúsarhól til suðvesturs.

Magnúsarhóll er rétt vestan við veginn, kjarri vaxinn. Suðaustan við hólinn er grasflöt. Lægra kjarr og lyngbreiður eru báðu megin vegar sunnar.

Vegurinn er ruddur malarvegur, um 1,5 m breiður, niðurgrafinn 10-15 cm og liggur norðaustur-suðvestur. Vegurinn er lítillega gróinn á köflum en sést víðast greinilega. Á loftmynd má rekja veginn um 2,8 km til suðvestur frá Dragavegi norðaustan við Magnúsarhól í landi Hests (BO-158), gegnum land Hálsa (BO-

133) að Fossamelum í landi Mið-Fossa (BO-155)

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SSMB, 257; Ö-Hálsar, 2

BO-651:010 *Máfahlíðarsneið* gata leið A 375382 N 453641

Leið lá á milli Mávahlíðar í Lundarreykjadal BO-195 og Grundar í Skorradal um Máfahlíðarsneið (Skorradalsmegin) eða Grundarsneið (Lundarreykjadalsmegin) og er hún sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NA frá 1911. Leiðin var skoðuð í landi Grundar og sáust götur á henni á tveimur stöðum, annars vegar á stuttum kafla ofan og norðan við Vindhól, sjá 134:011, og hins vegar í Eystri-Sandhólsmýri áður en komið er á Máfahlíðarsneið í landi Máfahlíðar.



Götur í landi Grundar á leið BO-651:010 um Máfahlíðarsneið á milli Skorradals og Lundarreykjadals, horft til suðvesturs

Leiðin lá yfir vestanverðan Skorradalsháls, um móa, klappir og mýrarsund.

Heildarlengd leiðarinnar er um 3,3 km en ummerki um leiðina sáust á svæði sem er um 1 km á lengd og 5 m breitt. Syðst á leiðinni en norðan við Vindhól sjást götur í birkikjarri á stuttum kafla eða 70 m löngum kafla. Þeim er haldið við af sauðfé en göturnar eru að hverfa í kjarrið. Um 400 m norðar sjást aftur götur á leiðinni og sjást nokkuð samfellt á um 600 m löngum kafla þar sem þær liggja norðaustur-suðvestur í Eystri-Sandhólsmýri, austan í Sandhóli. Á þessum kafla sést víðast aðeins ein fjárgata en nyrst eru allt að fjórar götur saman á 5 m breiðu svæði. Ekki er útilokað að varða 134:009 hafi verið við leiðina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:011 *Grafarsneið* heimild um leið A 376293 N 453104

"Grafarsneið var leiðin kölluð, þegar farið var upp milli Litla- og Stórabergs," segir í örnefnaskrá Grundar. Leiðin var milli Grundar (BO134) og Grafar (BO-191) í Lundarreykjadal. Ekki sést til leiðarinnar.

Sneiðin er lítið lækjargil með klettum í hlíðum, hvorki mjög háum né bröttum. Hlíðar gilsins eru gróðurlitlar en gras, mosi og lyng gróa við lækinn og er að hluta gróið yfir lækinn.

Ekki sjást merki um götur í Grafarsneið en leiðin með lækjargilinu er greiðfær. Neðar (sunnar), nær Grund eru kindagötur meðfram læknum.

Hættumat: engin hætta

BO-651:013 gata leið A 370935 N 450861

Margar en fremur ógreinilegar götur liggja til austurs frá Hreppsrétt BO-131:004 í landi Efrihrepps. Þær eru á leið sem sýnd er á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 og lá af leið 661:001 í Andakílshrepp og til austurs, yfir leið 006 og áfram í sveig að Skorradalsvatni þar sem Andakílsá rennur úr því. Hún lá svipuðum slóðum og Mófellsstaðavegur 507 þegar komið er austur fyrir Hornsá. Hún var aðeins skoðuð við Hreppsrétt.

Við Hreppsrétt liggur leiðin um flatlendan mel sem er að miklu leyti mosagróinn. Austan við Réttarás sem réttin er við er flatlent en talsvert raskað svæði vegna túnaræktunar og vegagerðar. Vestan við ásinn er talsverð skógrækt og svo taka við malarásar og mýrar.



Í móanum neðan við Réttarás í landi Efri-Hrepps sjást skýrar götur á leið BO-651:013, horft til norðausturs

Heildarlengd leiðarinnar samkvæmt korti og eins og hún er skilgeind hér var 6,6 km. Þar sem hún var skoðuð við Hreppsrétt sáust 15-20 grunnar og grónar götur norðvestan við Réttarás á svæði sem er 10-15 m á breidd og 150 m á lengd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:014 heimild um leið A 374335 N 452812

"Stórulágarsneið var farin, þegar riðið var eftir Stórulágarhrygg yfir í Lundarreykjadal, Þar sáust götuslóðar," segir í örnefnalýsingu Grundar. Stórulágarhryggur er um 300 m norðvestan við fjárhús BO-

134:012 og 1,2 km norðvestan við bæ BO-134:001 á Grund. Þar má greina götu af loftmynd en einnig var skráð gata á þessari leið á Stórulágarsneið sem reyndar er merkt Grænasneið á örnefnakorti eftir Sigurgeir Skúlason.

Leiðin liggur um mýrarsund og kjarri vaxin holt. Stórulágarsneið er gróinn en grýttur stallur vestast í Skorradalshálsi sem mjókkar til norðurs og ekki ljóst hvar farið var niður af honum til norðvesturs.

Götunni á Stórulágarsneið var aðeins fylgt á stuttum kafla og sást aðeins ein gata sem virðist enn farin af sauðfé.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Grund, 4; Örnefnakort SS

BO-651:022 heimild um leið A 368789 N 452287

Leið er sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 og lá af leið 006 til norðvesturs, yfir leiðir 013 og 007 að Andakílsá á móts við Ausu BO-161 í Andakílshreppi. Hún var víðast á sama stað og Mófellsstaðavegur 508 í landi Neðrihrepps og Efrihrepps.

Leiðin lá að mestu leyti um mýrlent láglendi.

Heildarlengd leiðarinnar var um 3,1 km. Engin ummerki sjást um þessa leið vegna vegagerðar, túnaræktunar og annars rasks. Heybandsleið BO-132:018 var á sömu eða svipuðum slóðum í landi Neðrihrepps.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:023 heimild um leið A 374589 N 450204

Á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 sést hvernig leið liggur af leið 013 austan við Horn BO-130, í sveig til suðurs heim að Mófellsstaðakoti BO-129, Mófellsstöðum BO-128 og Indriðastöðum BO-127. Frá Indriðastöðum lá leiðin svo meðfram norðvestan verðum Húsási BO-127:021 niður að Skorradalsvatni á leið 005.

Leiðin lá um móa, mýrlendi, áreyrar og mela á nokkuð jafnlendu svæði.

Engin ummerki sáust um leiðina þar sem hún var skoðuð á vettvangi.

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:024 frásögn leið A 372832 N 451451

Að sögn Pálma Ingólfssonar, heimildmanns, lá algeng reiðleið frá Hálsum BO-133, yfir Andakílsá á Hálsavaði BO-133:012 og upp með Kaldá í landi Mófellsstaða BO-128 að bæjum og á aðrar leiðir sem liggja um sunnanverðan Skorradal. Leið þessi er sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 og kom leiðin úr norðri úr Andakílshreppi, yfir leið 001, meðfram túninu á Hálsum og upp með Kaldá á leið 013.

Leiðin liggur um flatlendar engjar á vestanverðum bakka Kaldár í landi Mófellsstaða sem tekur sífelldum breytingum.

Ekki sáust skýr ummerki um leiðina í landi Mófellsstaða. Kaldá breytir sér stöðugt og mikill gróður er á bökkum hennar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

5. Samantekt og niðurstöður

Byggðasaga niðurdalsins

Undirlendi í niðurdal Skorradals er meira en í framdalnum og þar er því meira um ræktunarland og engjar. Í sunnanverðum dalnum þegar komið er vestur fyrir Dragafjall tekur við Mófell með Skessuhorni (Heiðarhorni) og eru fjöll í sunnanverðum dalnum hærri í niðurdalnum en í framdalnum. Í norðanverðum dalnum fer Skorradalsháls lækkandi til vesturs og af honum taka við lág fell og holt. Mestur hluti dalsins hefur verið skógi vaxinn við landnám og héldust allmiklir skógar lengi. Enn er talsverður birkiskógur meðfram Skorradalsvatni en lítill sem enginn birkiskógur er í sunnanverðum niðurdalnum vestan við Kaldá. Landslagið hefur ráðið miklu um það að jarðirnar í Skorradal eru flestar litlar eða meðalstórar. Byggðin í dalnum hefur verið nokkuð stöðug í gegnum aldirnar og lítið um hjáleigubyggð en helst hefur hún verið þar sem eitthvert undirlendi er að finna líkt og á Mófellsstöðum.


Þegar þróun byggðar er skoðuð er litið til margra þátta. Reynt að geta sér til um það hvaða jarðir byggðust fyrst út frá staðsetningu kumla, kirkna og annarra fornleifa, jarðarheita, dýrleika jarða, landgæða og landamerkja. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem þau eru yfirleitt talin reist skömmu eftir kristnitöku. Þá er það kannað hvernig greint er frá landnámi á svæðinu í Landnámabók. Aðrar ritaðar heimildir um elstu byggð eru í fornbréfum og í Íslendingasögum en atburðir í Laxdælu og Harðar sögu og Hólmverja eiga sér stað í Skorradal. Laxdæla er talin rituð um miðja 13. öld en Harðar saga er talin rituð snemma á 14. öld.

Það eina sem sagt er í Landnámu um landnám í Skorradal er að Skorri leysingi Ketils gufu (réttara líklega Gufu Ketilssonar)[1] hafi numið dalinn fyrir ‘ofan vatn’ og verið drepinn þar.[2] Ekki er ljóst hversu stórt landnám Skorra var og hvort það náði til niðurdalsins. Norðanverður niðurdalur var að líkindum innan landnáms Gríms háleyska en honum gaf Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson land fyrir sunnan Borgarfjörð á milli Andakílsár og Grímsár og bjó hann á Hvanneyri.[3] Haraldur Matthíasson telur að allur Skorradalur og Lundarreykjadalur hafi tilheyrt landnámi Gríms auk landsins neðan dalanna á milli Grímsár og Andakílsár.[4] Sé það rétt tilgáta hefur landnám Skorra verið úr upphaflegu landnámi Gríms háleyska. Þorbjörn svarti keypti land af Hafnar-Ormi frá Selaeyri og upp til Fossár (líklega Andakílsárfossar eða Fossar). Innan þess landnáms eru því Efri- og Neðri-Hreppur.[5]

Sé litið til landfræðilegrar afmörkunar er líklegt að í Skorradal hafi verið um tvo byggðakjarna að ræða og hafi þeir skipst um mitt Skorradalsvatn, mögulega á mörkum Svanga(Haga)/Stóru-Drageyrar eða Stóru-Drageyrar/Litlu-Drageyrar sunnanvert og

1 Sbr. Jón Jóhannesson. Gerðir Landnámabókar, 82-84.
2 Íslensk fornrit I, 71 (hér eftir ÍF).
3 ÍF I, 71.
4 Haraldur Matthíasson 1982, 99.
5 ÍF I, 71.

Dagverðarness/Hvamms eða Dagverðarness/Stálpastaða norðanvert. Landamerki Svanga/Stóru-Drageyrar í sunnanverðum dalnum og landamerki Dagverðarness/Stálpastaða í norðanverðum dalnum standast á um nákvæmlega mitt Skorradalsvatn. Þegar komið er að þessum merkjum breikkar vatnið og dalurinn opnast talsvert til vesturs, sjá mynd 1.



Mynd 1. Kort af Skorradalshreppi með hæðarlínum. Hreppnum hefur verið skipt upp í tvö svæði sem lagt er til að gætu hafa tilheyrt sitthvorum byggðakjarnanum, annar „fyrir ofan vatn" í framdalnum og hinn í niðurdalnum en ekki er gert ráð fyrir að Hreppur (*Efri- og Neðri-) hafi verið hluti af upphaflegri byggð í Skorradal. Í hvorum byggðakjarna eru tvær jarðir sem hafa hæst jarðarmat og þar sem heimildir eða vísbendingar eru um kirkjur. Sjá má að þessar jarðir eru mjög miðsvæðis á hvorum meintum byggðakjarna fyrir sig.*

Sé þetta rétt hafa Hvammur og Dagverðarnes upphaflega tilheyrt niðurdalnum en þessar jarðir hafa mjög lengi verið hluti af Fitjasókn og taldar með framdalnum og veikir það þessa tilgátu. Eins og Fitjar og Vatnshorn í austurhluta dalsins hafa Indriðastaðir og Vatnsendi verið stærstu jarðirnar í vesturhlutanum og eru heimildir um kirkjur á þeim báðum en ekki eru heimildir eða vísbendingar um kirkjur á öðrum jörðum í niðurdalnum (ef frá er talin kirkja á Grund á 17. öld). Jarðirnar Efri- og Neðri-Hreppur eiga landfræðilega heima með Andakíl því vestast í Skorradal er allskörp brún sem skilur hann frá Andakíl og neðan þessarar brúnar lækkar landið talsvert. Svæðið vestan við landfræðileg mörk Skorradals tilheyrir Andakílshreppi ef Hreppa-jarðirnar eru frátaldar. Jarðarinnar Hrepps er getið í fornum skjölum á 15. öld (sjá töflu 1) en

þá er ekki greint á milli Efri- og Neðri-Hrepps. Má því ætla að um eina jörð hafi verið að ræða á þeim tíma. Ekki er ljóst hvor bærinn byggðist fyrst.

Staðsetning kirkju eða bænhúss á Vatnsenda er ekki þekkt og þar eru ekki frásagnir um að bein hafi komið upp við framkvæmdir á bæjarhólnum. Á Indriðastöðum komu upp mannabein þegar grafið var fyrir súrheysturni norðaustanvert á bæjarhlaðinu. Gróf staðsetning kirkjunnar á Indriðastöðum er því þekkt. Ekki eru til aðrar frásagnir um mannabein sem gætu gefið til kynna fornar grafir. Ekki hafa fundist kuml á skráningarsvæðinu, gripir eða bein sem gætu verið vísbending um heiðna gröf og þannig vottað um byggð á svæðinu fyrir kristnitöku um árið 1000. Hins vegar geta heimildir um tvo legstaði í landi Indriðastaða, annars vegar Indriðaleiði þar sem Indriði Þorlákssson (sögupersóna í Harðar sögu) á að vera heygður og hins vegar smaladys við árgljúfur Kaldár á merkjum milli Mófellsstaða og Indriðastaða. Þá er álagablettur í túninu á Mófellsstöðum sem heitir Múshildarleiði. Fer engum sögum af Múshildi þeirri er leiðið dregur nafn sitt af.

Mjög merkur gripur fannst árið 1933 í mýri á Indriðastöðum. Það var tréreka með rúnaristu sem er ein sú elsta sem fundist hefur á Íslandi og er talin vera frá 12. öld. Þessi gripur styður það sem fram er komið að byggð hafi snemma hafist á Indriðastöðum.

Ofangreindar heimildir benda til þess að elsta byggð í niðurdal Skorradals sé á Indriðastöðum og mögulega einnig á Vatnsenda. Þó að þessar tvær jarðir séu líkar að mörgu leyti (jafnhátt jarðarmat (40 hdr) og kirkjur á báðum jörðum) er líklegra að Indriðastaðir hafi byggst fyrr ef litið er til landshátta umfram aðra eiginleika. Mun meira flatlendi og engjar tilheyra Indriðastöðum en Vatnsenda og skilur þar á milli jarðanna. Indriðastaðir eru eina jörðin í niðurdalnum sem nefnd er í Íslendingasögunum en þeir koma við sögu í Harðar sögu. Kirkjan á Indriðastöðum var hálfkirkja og var skör hærra en bænhúsið á Vatnsenda. Í máldaga Hvanneyrarkirkju frá 1257 er það tekið skýrt fram að til hennar liggi tíundir neðan við Fossabrekkur (vestan Skorradals).[6] Í næsta máldaga frá 1358 eru 28 jarðir sem greiða kirkjunni tíund og tilheyrðu þær sókninni lengi.[7] Fyrir miðja 14. öld virðast bæirnir í niðurdal Skorradals greiða tíund sína eitthvert annað en til Hvanneyrar og má ætla að það hafi verið til Indriðastaða. Gefur það kirkjunni á Indriðastöðum enn meira vægi og styður það að í Skorradal hafi verið tveir byggðakjarnar, annars vegar í framdalnum með sóknarkirkju á Fitjum, hins vegar í niðurdalnum með hálfkirkju (sem fékk greiddar tíundir á 13.-14. öld) á Indriðastöðum.

Það er ekki mikið undirlendi meðfram Skorradalsvatni í niðurdalnum (en þó mun meira en í framdalnum) og má ætla að menn hafi fyrst sest að þar sem undirlendi var og ekki farið að ryðja skóg meðfram vatninu fyrr en seinna. Þær vísbendingar sem eru fyrir hendi gefa sterklega til kynna að byggð í niðurdal Skorradals hafi fyrst hafist við vesturenda Skorradalsvatns þar sem er undirlendi og engjar (einkum þó sunnan við vatnið og Andakílsá) en aðrir hlutar niðurdalsins hafi byggst snemma og byggð haldist nokkuð stöðug. Líklegt er að dalurinn hafi verið fullnuminn

6 DI I, 592.
7 DI III, 125.

Bæjarheiti	Elsta heimld	Dýrleiki 1707	Stærð túna um 1918 í m2	Fór í eyði
Indriðastaðir	Getið í máldaga Hvanneyrarkirkju frá 1257[8]	40 hdr	58.250	
Mófellsstaðir	Arfskiptabréf Brynjólfs Sveinssonar biskups 1662[9]	30 hdr[10]	58.624	
Mófellsstaðakot (Kolbeinsstaðir)	Jarðabók 1707[11]	5 hdr	34.498	
Horn	Nefnd sem eign Hvanneyrarkirkju í skjali frá 1420[12]	12 hdr	23.843	
Efrihreppur	Hrepps er getið í skjölum frá 1470[13] og 1489[14]	24 hdr	36.967	
Neðrihreppur	Hrepps er getið í skjölum frá 1470[15] og 1489[16]	16 hdr	63.535	
Hálsar	Getið í skjali um jarðakaup frá 1369[17]	16 hdr	41.518	
Grund	Arfskiptabréf Brynjólfs Sveinssonar biskups 1662[18]	(13) hdr[19]	83.646	
Vatnsendi	Getið í skjali um jarðakaup frá 1369[20]	40 (27) hdr[21]	51.227	
Stóra Drageyri	Getið í skjali um jarðakaup frá um 1360[22]	12 hdr	41.487	Jörðin fór í eyði 1966 og er í eigu Skógræktarinnar
Litla Drageyri	Nefnd sem eign Hvanneyrar- kirkju í skjali frá 1420[23]	8 hdr	30.809	

Tafla 1. Lögbýli í niðurdal Skorradals

8 DI I, 592.
9 AM 274 fol nr. 49 úr Safni fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga XII.
10 Mófellsstaðir voru metnir á 30 hdr með hjáleigunum Mófellsstaðakoti ytra (seinna lögbýlið Mófellsstaðakot) og Mófellsstaðakoti eystra sem fór í eyði á 18. öld. Hvor hjáleigan var metin á 5 hdr og heimajörðin á 20 hdr.
11 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV (hér eftir JÁM IV), 157-158.
12 DI IV, 286.
13 DI V, 563.
14 DI VI, 688.
15 DI V, 563.
16 DI VI, 688.
17 DI III, 250.
18 AM 274 fol nr. 49 úr Safni fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga XII.
19 Jörðin var 1/3 af jarðarmati Vatnsenda (40 hdr).
20 DI III, 250.
21 Jörðin var metin á 27 hdr eftir að Grund var byggð úr landi hennar.
22 DI III, 138.
23 DI IV, 286.

þegar á 10. öld en Grund byggðist ekki fyrr en um miðja 17. öld og líklegt er að Mófellsstaðakot hafi einnig byggst á 17. öld, fyrst sem hjáleiga Mófellsstaða en verður síðar sjálfstætt lögbýli. Frekari rannsókna er þörf til að fá nákvæmari mynd af byggðaþróuninni á svæðinu.

Sjá má fyrir sér að þróunin hafi verið sú að fyrst hafi verið sett niður bú á Indriðastöðum og að úr þeirri jörð hafi Mófellsstaðir, Horn, Litla-Drageyri og Stóra-Drageyri byggst. Vatnsendi er líklega einnig með fyrstu jörðunum sem byggðust í niðurdalnum og úr henni gætu Hálsar og mögulega Hvammur og Dagverðareyri hafa byggst. Ekki eru þekkt dæmi um það í niðurdalnum að lögbýli hafi byggst upp á fornu selstæði eins og dæmi eru um í framdalnum (Grafardalur, Sarpur).

Nokkur hjáleigubyggð var í niðurdal Skorradals en heimildir geta um níu býli. Fjögur þeirra byggjast líklega upp á 17. öld og var búseta á þeim öllum skammvinn. Tvö býli byggjast upp seint á 19. öld og var aðeins búið á þeim í fá ár. Eitt býli reis snemma á 20. öld en var aðeins einn vetur í byggð. Örnefni benda á tvö býli til viðbótar en ekki er vitað hvenær þau byggðust eða fóru í eyði, sjá töflu 2.

Samtala	Sérheiti	tegund	hlutverk	í byggð
BO-128:008	Vindheimar/-ur/ Mófellsstaðakot eystra	bæjarhóll	bústaður	Byggðist 1657 og fór í eyði á 18. öld
BO-128:010	Móakot	heimild	býli	?
BO-128:015	Kaldárbakki	tóft+garðlag	býli	1891-99/1902-05
BO-129:020	Réttarbakki/Rústir	tóftir	býli	Var í byggð í tvö ár fyrir 1660
BO-131:003	Hreppskot/Kotið/ Bælið	tóftir	býli	komið í eyði fyrir 1687
BO-132:004	Hreppskot	þúst	býli	1867-1886
BO-133:015	Magnúsarhóll	heimild	býli	?
BO-135:019	Kaldárbakki	heimild	býli	1915
BO-148:004	Kolbeinsbakki/ Kolbeinshús	bæjarhóll	bústaður	? Getið í jarðabréfi 1675 og 1676 en ekki getið í Jarðabók 1707 og mögulega farið í eyði þá

Tafla 2. Hjáleigur í niðurdal Skorradals.

Minjaflokkar

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en þó að einhverjar skemmdir hafi orðið á bæjarhólum geta þeir verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mest virði eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski.

Sumarið 2017 voru bæjarhólar skráðir á öllum jörðunum í niðurdalnum ef frá er talinn bæjarhóll Litlu-Drageyrar sem skráður var 2014. Ekki sáust skýr ummerki um bæjarhól á Litlu-Drageyri sem gæti bent til þess að bærinn hafi áður verið á öðrum stað í túninu. Í Efri-Hreppi, á Hálsum og Grund var bærinn fluttur af bæjarhólnum í byrjun 20. aldar og hefur þeim því ekkert verið raskað vegna húsbygginga á 20. öld. Bæjarhóll Hálsa BO-133:001 er við farveg Andakílsár og hefur áin brotið af honum í gegnum tíðina. Má ætla að það hafi verið helsta ástæðan fyrir því að bærinn var fluttur. Eftir að áin var virkjuð 1945-1947 hefur rennsli í henni minnkað og brýtur hún ekki lengur af hólnum. Bæjarhóllinn á Grund er greinanlegur en ekki afgerandi. Búið var á honum í um 250 ár en bærinn er sagður byggður á stekkjarstæði frá Vatnsenda. Mjög vel varðveittur og afgerandi bæjarhóll er í Efri-Hreppi BO-131:001, er hann 60 m í þvermál og 2-3 m á hæð.

Íbúðarhús í Neðri-Hreppi, Horni, Mófellsstaðakoti og Stóru-Drageyri hafa verið færð af bæjarhólunum á 20. öld og eru þeir nokkuð heillegir. Þó eru útihúsabyggingar á bæjarhól Mófellsstaðakots BO-129:001 sem hafa raskað honum að hluta. Bæjarhóll Horns BO-130:001 er vel varðveittur en hætta steðjar að honum vegna landbrots af völdum Hornsár sem rennur fast austan við hann. Bæjarhóllinn í Neðri-Hreppi virðist heillegur, en kann að hafa raskast að litlu leyti þegar heimreið var lögð fast norðvestan við hólinn að núverandi íbúðarhúsi.

Á Stóru-Drageyri var mjög heillegur bæjarhóll BO-147:001 en sumarið 2016 var hitaveituskurður grafinn í gegnum norðurenda hans. Framkvæmdin var stöðvuð og gerð var rannsókn á þeim minjum sem sáust í sniðum í skurðinum. Í bæjarhólnum var grafið í gegnum a.m.k. tvö mannvirki sem hægt var að greina. Ekki sáust gjóskulög í skurðinum sem hægt var að nota til aldursgreiningar en flest bendir til þess að minjarnar séu frá 18.-19. öld. Mannvistarlög í hólnum voru 1,6 m á þykkt.[24] Þess má geta að 10 m vestan við mannvirkin í bæjarhólnum sást

24 Lísabet Guðmundsdóttir 2016.

torf með landnámslaginu í norðursniði skurðarins. Það hefur að líkindum tilheyrt mannvirki sem liggur undir malarveg meðfram skurðinum.[25]

Íbúðarhús standa enn á bæjarhólum Indriðastaða, Mófellsstaða og Vatnsenda. Á Indriðastöðum virðist bæjarhóllinn BO-127:001 ekki mikið raskaður en mikið af jarðvegi hefur verið bætt ofan á austurjaðar hólsins til að byggja undir malarplan og bílskúr. Á bæjarhóli Mófellsstaða BO-128:001 er gamalt hús sem byggt var 1926 og verið var að gera upp þegar skráning fór fram. Kjallari er undir húsinu sem grafinn var ofan í bæjarhólinn á sínum tíma með tilheyrandi raski. Þegar aðalskráning fór fram var búið að grafa drenskurð meðfram húsinu og í honum sáust talsverðar torfhleðslur. Yngra íbúðarhús er byggt norðan í og neðan við bæjarhólinn og hefur sennilega raskað honum að einhverju leyti. Á bæjarhóli Vatnsenda BO-135:001 hefur orðið mikið rask vegna bygginga. Miklu efni var rutt fram ofan af honum þegar nýtt íbúðarhús var byggt 1967 og var hann þá lækkaður um 2 m.

Níu býli, önnur en lögbýli, voru skráð í niðurdalnum og eru bæjarhólar á tveimur þeirra. Í landi Mófellsstaða eru skráð þrjú býli; Móakot BO-128:010, Vindheimar (Mófellsstaðakot eystra) BO-128:008 og Kaldárbakki BO-128:015. Engar minjar sjást um Móakot sem hefur að öllum líkindum verið sléttað í tún og var miðja vegu milli Mófellsstaða og Mófellsstaðakots, en litlu norðar. Ekkert er vitað um það hvenær býlið var í byggð eða hvenær það fór í eyði. Nokkuð afgerandi bæjarhóll Vindheima sést í túni Mófellsstaða sem hefur verið fært út til suðurs eftir að byggð þar lagðist af á 18. öld. Heimildir herma að býlið hafi fyrst byggst 1657 þannig að ef marka má það hefur búseta varað tiltölulega stutt á þessum stað. Ekki er ólíklegt að hús sem tilheyrðu býlinu hafi verið notuð áfram eftir að það fór í eyði og að útihús hafi verið byggð á hólnum á seinni öldum og stuðlað að áframhaldandi upphleðslu hans. Minjar um býlið Kaldárbakka eru enn heillegar en þar var byggð í fá ár fyrir og eftir aldamótin 1900. Á bæjarstæðinu eru þrjár tóftir sem eru sambyggðar gerði.

Réttarbakki BO-129:020 er býli í landi Mófellsstaðakots en hefur verið hjáleiga Mófellsstaða. Samkvæmt heimildum varði byggð þar aðeins í tvö ár fyrir 1660 en umfang minja á bæjarstæðinu er talsvert. Þar er þrískipt tóft á lágum rústahól sem ætla má að séu leifar af býlinu en hafa ber í huga að það kann að hafa verið byggt aftur á bæjarstæðinu, t.d. beitarhús. Í rústunum fannst annar helmingurinn af klofinni fiskasleggju. Skammt frá þeim er tvískipt fjárhústóft sem skráð var með býlinu en er að öllum líkindum talsvert yngri en það.

Hreppskot var bæði í landi Efri-Hrepps og Neðri-Hrepps. Í landi Efri-Hrepps sjást enn tóftir þar sem býlið Hreppskot BO-131:003 var. Ekki er vitað hvenær byggð þar hófst en býlið var farið í eyði fyrir 1687. Á bæjarstæðinu eru tveir rústahólar og þrjár tóftir á þeim og við þá. Í Neðri-Hrepp var Hreppskot BO-132:004 í heimatúninu en sléttað hefur verið yfir minjarnar og sést aðeins þúst þar sem býlið var. Það var í byggð í tæpa tvo áratugi, frá 1867 til 1886.

Í landi Hálsa er Magnúsarhóll BO-133:015 en við hann er talið að Magnús nokkur hafi

25 Lísabet Guðmundsdóttir 2016, 20, 39.

búið. Engin ummerki um mannavist sjást við hólinn. Annað býli með nafnið Kaldárbakki BO-135:019 var í engi Vatnsenda sunnan við Andakílsá, á austurbakka Kaldár. Þar var aðeins búið í einn vetur árið 1915. Sléttað var yfir minjarnar við túnræktun og sjást engin ummerki um þær á yfirborði.

Að lokum er býlið Kolbeinsbakki/Kolbeinshús BO-148:004 í landi Litlu-Drageyrar á vesturbakka Dragár. Fjallað er um minjar í landi Litlu-Drageyrar í skýrslu FS546-14061. Nokkuð sannfærandi bæjarhóll sést á Kolbeinsbakka en ekki er hægt að greina rústir á honum. Mögulega hefur brotnað af austanverðum hólnum vegna landbrots við árbakkann. Býlið er nefnt í heimildum á síðari hluta 17. aldar en er ekki nefnt 1707 í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og hefur líklega verið komið í eyði þá þegar. Kolbeinn sá sem býlið var nefnt eftir bjó síðar á Mófellsstaðakoti BO-129 sem var um tíma nefnt Kolbeinsstaðir.

Kirkjur og legstaðir

Engin kirkja er lengur í niðurdal Skorradals og bæir þar eiga kirkjusókn á Hvanneyri. Útkirkja eða hálfkirkja BO-127:002 var hins vegar á Indriðastöðum fram yfir miðja 17. öld. Er líklegt að kirkjan hafi verið lögð niður þegar Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup byggði nýbýlið Grund úr landi Vatnsenda um svipað leyti og reisti þar hálfkirkju BO-134:002. Engin ummerki sjást um kirkjuna á Indriðastöðum en þegar grafið var fyrir súrheysturni á norðaustanverðu hlaðinu komu þar upp mannabein. Í túninu á Grund er lítil tóft sem heitir Bænhústóft og talin er vera leifar af hálfkirkju Brynjólfs biskups frá miðri 17. öld. Það er einföld tóft sem er að mestu leyti torfhlaðin. Ekki er hlaðinn veggur á suðurgafli. Tóftin snýr norður-suður, ólíkt því sem almennt tíðkaðist um kirkjur. Hún er talsvert langt frá bæjarhól Grundar eða 80 m suðaustan við hann en kirkjur og bænhús stóðu yfirleitt framan við bæjarhlað öðru hvoru megin við bæjarhúsin. Messuhald í Grundarkirkju lagðist niður árið 1695.

Heimild frá 14. öld getur um bænhús á Vatnsenda en ekki er vitað hvar það var nákvæmlega og engar sagnir eru um beinafundi sem gætu vísað á kirkju og kirkjugarð. Ekki eru heimildir um fleiri kirkjur í niðurdalnum og engar sagnir um beinafundi gefa til kynna að kirkjur hafi verið á öðrum bæjum á svæðinu.

Engin þekkt kuml eru á skráningarsvæðinu í niðurdal Skorradals en sagnir eru um fornmannahauga og heiðnar grafir á nokkrum stöðum. Í landi Indriðastaða er annars vegar Indriðaleiði BO-127:022 þar sem Indriði Þorláksson á að vera heygður og hins vegar smaladys BO-127:018 við árgljúfur Kaldár á merkjum milli Mófellsstaða og Indriðastaða. Smaladysin er horfin og hvorki fannst tangur né tetur af Indriðaleiði sem kann að hafa verið raskað við gerð golfvallar á jörðinni. Þá er ótalinn álagablettur í túninu á Mófellsstöðum sem heitir Múshildarleiði BO-128:013. Þar er þríhyrndur þýfður blettur á svæði sem heitir Múshildargerði en engin ummerki sjást um gerði í sléttuðu túninu.

Útihús, kálgarðar og túngarðar

Túnin á jörðum í niðurdal Skorradals hafa verið sléttuð að mestu leyti og víðast færð talsvert út frá því sem var skömmu eftir aldamótin 1900 þegar túnakort voru gerð fyrir þetta svæði. Almennt má því segja að búið sé að útmá ummerki um útihús í heimatúnunum að miklu leyti. Alls eru skráð 53 útihús og 11 kálgarðar í niðurdalnum en í einu tilviki var útihús skráð með kálgarði og í tveimur tilvikum var kálgarður skráður með útihúsi. Í töflu 3 má sjá fjölda útihúsa eftir hlutverki en í rúmlega helmingi tilvika var ekki hægt að segja til um nákvæmt hlutverk útihúsa. Af þeim 53 útihúsum sem skráð voru sáust tóftir eða einhver ummerki um 27 útihús sem er nokkuð hátt hlutfall.

hlutverk	fjöldi
fjárhús	18
fjós	2
hesthús	1
hrútakofi	2
lambhús	1
útihús	29
Alls	**53**

Tafla 3. Skipting útihúsa á skráningarsvæðinu eftir hlutverki.

Fjárhúsin sem skráð voru eru ekki öll fjárhús innan túna eða í jaðri þeirra. Um helmingur þeirra er utan heimatúna og af þeim eru mörg hver talsverðan spöl frá bænum. Tóftir sjö af níu fjárhúsum sem eru fjarri bæ hafa varðveist. Þær eru fjölbreyttar að gerð en flestar þeirra (4 fjárhús) eru tvístæð garðahús og ekki mjög fornar að sjá. Í túnum hafa varðveist tóftir af þrennum fjárhúsum. Tvö þeirra eru tvístæð garðahús með hlöðu (BO-130:008 og BO-132:005) og eru það fremur ungar tóftir. Í túni Litlu-Drageyrar er ung, einföld fjárhústóft BO-148:002 en þó er henni skipt í tvennt af steyptum bálki sem liggur þvert í tóftinni miðri. Útflött fjárhústóft BO-134:032 er í túni Grundar en hún sést sem þúst í túninu og má í henni greina tvö hólf í fjárhúsum og hlöðu aftan við þau.

Fjósin tvö sem skráð voru eru heimildir um fjós BO-133:006 og BO-131:002 á nýjum bæjarstæðum Hálsa BO-133:016 og Efri-Hrepps BO-131:009 en þau voru færð af bæjarhólunum í byrjun 20. aldar. Engin ummerki sjást lengur um fjósin vegna sléttunar og bygginga. Víðast háttaði þannig til að fjós stóðu á bæjarhólum og eru þá skráð með þeim enda oft tengd bæjarhúsum eða hluti af þeim. Á Indriðastöðum er getið um það í heimildum að fjós hafi verið á bæjarhólnum BO-127:001. Fjósin hafa því verið fleiri en taflan gefur til kynna og

má ætla að þau hafi verið á flestum ef ekki öllum bæjum.

Þar sem hesthús BO-129:018 var skráð í Mófellsstaðakoti sést aðeins grunn lægð í túni en að öðru leyti sjást engin ummerki um húsið á yfirborði. Tveir hrútakofar voru skráðir, annarsvegar tóft BO-128:003 á rústahól á Mófellsstöðum og hins vegar var heimild um hrútakofa BO-131:017 í landi Efri-Hrepps. Hrútakofinn á Mófellsstöðum gegndi einnig hlutverki hænsnakofa og reykkofa áður en hætt var að nota húsið. Tóftin sem sést er einföld og ungleg, að mestu torfhlaðin. Í rústahólnum undir tóftinni eru uppsafnaðar leifar af eldri mannvirkjum. Hrútakofinn í Efri-Hrepp hvarf við vegaframkvæmdir en hann var utan við heimatún. Eitt lambhús var skráð í landi Efri-Hrepps og þar sést einföld tóft inni í skógrækt. Lambhúsið er utan við heimatúnið eins og hrútakofinn.

Kálgarðar voru víða við bæi á túnakortum í upphafi 20. aldar. Ummerki um kálgarða sjást aðeins á þremur stöðum og þar sést kantur á tveimur stöðum BO-129:022 og BO-130:003 en á einum stað sést þúst þar sem kálgarður var í túni Vatnsenda BO-135:014. Í þústinni kunna að vera eldri minjar um útihús í heimatúninu. Kálgarðar voru einnig á bæjarhólum í sumum tilvikum og eru þá skráðir með þeim. Hvergi sáust skýr ummerki um kálgarða á bæjarhólum á skráningarsvæðinu ef frá eru taldir grjóthlaðnir kálgarðar á bæjarstæði Litlu-Drageyrar BO-148:001.

Ætla má að túngarðar hafi girt af heimatún flestra ef ekki allra jarðanna á skráningarsvæðinu en aðeins voru skráðir þrír túngarðar. Ekki voru heimildir um túngarða eða sýnilegar leifar þeirra á fleiri stöðum. Túngarður BO-134:029 sem var austan við túnið á Grund hvarf við vegagerð. Útflattir túngarðar á Mófellsstöðum og Litlu-Drageyri sjást á kafla í túnum jarðanna og gefa vísbendingu um stærð túnanna á öldum áður. Af staðsetningu garðanna má sjá að tún þessara jarða hafa verið færð út og þeim breytt áður en túnakortin voru gerð árið 1918. Á Mófellsstöðum má ætla að túnið hafi verið fært út eftir að Vindheimar/Mófellsstaðakot eystra fer í eyði á 18. öld því bæjarhóll þess var rétt utan við útflatta túngarðinn en var innan heimatúnsins á túnakorti frá 1918.

Kvíar og stekkir

Stekkir voru mjög algengir í sveitum landsins og voru notaðir á meðan fráfærur voru enn stundaðar en þær lögðust víðast af í upphafi 20. aldar. Stekkir voru litlar réttir sem oft skiptust í tvö hólf, annað minna en hitt. Minna hólfið var lambakró sem stundum virðist hafa verið undir þaki og voru lömbin byrgð þar yfir nóttina.

Stekkir eru nokkuð algengar minjar í niðurdal Skorradals. Þar voru skráðir 10 stekkir en ekki voru skráðir stekkir á öllum jörðunum. Á tveimur stöðum til viðbótar er heimild um að stekkur hafi verið þar sem minjar höfðu einnig annað hlutverk. Umfjöllunin um stekkina hefst á þeim. Nýbýlið Grund var stofnað á stekkjarstæði í landi Vatnsenda en engin ummerki sjást um

stekk á eða við bæjarhól Grundar. Í Efri-Hrepp er kvíatóft BO-131:010 þar sem heitir Kvíalág. Annað heiti á þeim stað er Stekkjarlaut sem gefur til kynna að þar hafi einnig verið stekkur sem ekki sést lengur eða að kvíatóftin hafi einnig gegnt hlutverki stekkjar. Mögulega breyttist hlutverk tóftarinnar þegar bærinn í Efri-Hreppi var fluttur eða þegar hætt var að mjólka í kvíum.

Stekkjartóftir sjást á sjö stöðum í niðurdalnum. Þrjár stekkjartóftir eru í landi Mófellsstaða. Stekkjartóft BO-128:017 er á brún Kaldárgils. Hún er einföld tóft sem er að mestu grjóthlaðin og liggur leiðigarður frá suðausturhorni hennar fram á gilbrún. Nær bæ er Stekkurinn BO-128:028 sem einnig er að mestu grjóthlaðinn en líka úr torfi og er vel gróinn. Tóftin er einföld en mögulega var lítið hólf (lambakró) í norðurhluta tóftarinnar en það er óljóst vegna rasks. Þriðji stekkurinn á Mófellsstöðum BO-128:030 hefur mögulega haft annað hlutverk. Tóft hans er torfhlaðin og sigin og skiptist í þrjú hólf.

Tveir stekkir eru í landi Horns og eru aðeins örfáir metrar á milli þeirra. Annar þeirra er neðan undir Stekkjarási, rústir sem heita Stekkur BO-130:009 og hinn er uppi á Stekkjarási BO-130:019. Báðar eru tóftirnar signar en sýnu fornlegri er stekkurinn uppi á Stekkjarási. Hann er tvískiptur og með leiðigarði en nokkurt rask hefur orðið á honum vegna rafmagnsstaurs sem grafinn er niður fast utan við norðurhorn tóftarinnar. Hinn stekkurinn sem er neðan undir ásnum er einföld tóft.

Gömul og gróin tóft BO-132:025 er í Stekkjarbörðum í landi Neðri-Hrepps. Ekki er víst að tóftin hafi gegnt hlutverki stekkjar. Hún er einföld og er röskuð í norðurhluta vegna rofs. Í landi Grundar er sigin og ógreinileg tvískipt stekkjartóft BO-134:008 undir Stekkjarási. Í landi Vatnsenda er heimild um stekk BO-134:004 þar sem heitir Stekkur. Staðurinn er á sumarhúsalóð innan sumarhúsahverfis og hafa minjar um stekkinn líklega horfið vegna byggingaframkvæmda. Í landi Vatnsenda er einnig örnefnið Helgastekkseyri BO-135:015 eða Helgastakkseyri en óvíst er hvort örnefnið er réttara. Engar minjar um stekk sjást á eyrinni og óvíst að þar hafi nokkurn tímann verið stekkur. Að lokum er svo heimild um stekk við Stekkhól BO-147:008 í landi Stóru-Drageyrar. Hann er innan skógræktarsvæðis og fannst ekki þrátt fyrir ítarlega leit.

Kvíar voru yfirleitt nær bæ en stekkirnir og oft í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færikvíar notaðar. Kvíar voru skráðar á 4 stöðum á þremur jörðum í niðurdalnum og sáust aðeins skýr ummerki um kvíar á einum stað. Heimild er um færikvíar BO-127:036 í landi Indriðastaða. Staðurinn er kominn í tún en lítilla eða engra minja er að vænta þar sem færikvíar voru. Í landi Mófellsstaða eru örnefni vísbendingar um kvíar á tveimur stöðum, Kvíaból BO-128:014 og Stöðull BO-128:023. Engar minjar um kvíar fundust á þessum stöðum og er óvíst að þar hafi verið mannvirki. Þegar hefur verið getið um kvíatóft BO-131:010 í Kvíalág í Efri-Hreppi. Hún er einföld og ílöng, önnur langhliðin er litlu lengri en hin. Í landi Horns er Kvíahóll en það er á reiki hvort átt er við þúst í túni þar sem úthús BO-130:005 var eða náttúrulegan stóran hól sem einnig er nefndur Álfhóll BO-130:011 og er í túnjaðri. Þar eru mjög ógreinilegar minjar af

mannvirki sem virðist að mestu grafið inn í halla og koma helst til greina sem leifar af kvíum.

Beitarhús og sel

Beitarhús eru fjárhús í úthaga þar sem fé var hýst á veturna. Dæmi eru um að beitarhús hafi verið notuð sem sel á sumrin. Aðeins voru ein beitarhús á skráningarsvæðinu en það er ungleg torfhlaðin tóft BO-134:024 í landi Grundar sem skiptist í fjögur hólf. Líklegt er að tóftir BO-127:010 í landi Indriðastaða séu af beitarhúsum en þó var ekki hægt að slá því föstu. Stærri tóftinni þar svipar til beitarhúsatóftar sem byggð hefur verið ofan í sel BO-133:004 sunnan undir Selási í landi Hálsa.

Skráð voru 10 sel í niðurdalnum og sjást ummerki um þau öll. Í lýsingu Hvanneyrar- og Bæjarþings sem rituð var 1840 er ekki kunnugt um að jarðir í niðurdal Skorradals eigi selstöður en Hvanneyri átti þá selstöðu í Kaldárdal í landi Indriðastaða BO-127:028 sem ekki var lengur hægt að nota vegna skriðufalla og snjóþyngsla og í Kirkjutungum BO-130:010 sem skilgreindar eru hér sem hluti af landi Horns. Þá selstöðu var hægt að nota en hún var eingöngu leigð til beitar og slægna.[26] Ein einföld tóft er í selinu í Kaldárdal en aðeins sést þúst í seli í Kirkjutungum. Í landi Indriðastaða er einnig sel austast á jörðinni þar sem heitir Sellág BO-127:011. Þar eru tvær greinilegar einfaldar tóftir en undir stærri tóftinni glittir í eldri minjar. Mikil skógrækt er allt í kringum selstæðið og stafar minjunum hætta af trjágróðrinum.

Í landi Mófellsstaðakots er Gljúfrasel BO-129:004 sem Mófellsstaðir áttu og tilheyrðu þeim áður en Mófellsstaðakot varð lögbýli. Í Gljúfraseli eru þrjár signar tóftir, tvær þeirra eru einfaldar en ein er tvískipt. Í seljum sem eru í Selskarði BO-131:007 í landi Efri-Hrepps og í Einiberjahvammi BO-132:010 í landi Neðri-Hrepps eru tvær signar tóftir, önnur þeirra einföld en hin tvískipt.

Sunnan undir Selási í landi Hálsa eru minjar um sel BO-133:004 en ofan í þær hafa beitarhús verið byggð og sjást því minjar um selið ekki skýrt. Beitarhúsatóftin virðist vera einföld og er sigin og nokkuð fornleg. Mögulega var brunnur í grennd við selið en skammt suðaustan við það má sjá grjót sem raðast í hálfhring og kemur undan mosagróðri.

Í landi Grundar (sem tilheyrði áður Vatnsenda) eru tvö selstæði skráð ofan og neðan við Selhól. Ofan við hólinn eru tvær signar tóftir á stórum rústahól í seli BO-134:006. Neðan við hólinn eru greinilegri minjar í seli BO-134:021 en þar eru þrjár tóftir og tvær þeirra eru á rústahól. Önnur tóftanna sem er á rústahólnum er þrískipt en hinar tvær eru einfaldar. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín eru höfð eftir munnmæli um að jörðin Grímastaðir BO-168 í Andakílshreppi hafi notað selstöðu í landi Vatnsenda á móti engjaslægjum Vatnsendabónda í landi Grímastaða.[27] Líklegt verður að teljast að selið sem er ofan við Selhól (BO-134:006)

26 Sýslu- og sóknalýsingar. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, 256.
27 JÁM IV, 184.

sé það sel sem nýtt var af Grímastöðum. Selið sem er neðan við Selhól og virðist yngra (BO-134:021) hefur að líkindum verið nýtt af Vatnsenda en ekki er útilokað að það hafi verið notað frá Grund eftir að byggð hófst á því býli.

Að lokum var skráð sel BO-148:005 við Sellæk í landi Litlu-Drageyrar. Þar er sigin, einföld og aflöng tóft sem líkist frekar beitarhúsum en seltóft og er ekki ólíklegt að beitarhús hafi verið byggð ofan í seltóftirnar eins og á Hálsum. Þúst er fast vestan við tóftina þar sem kunna að leynast frekari minjar um selið.

Sel voru á skráð á öllum jörðum í niðurdal Skorradals ef frá er talin Stóra-Drageyri. Selin sem skráð eru innan landamerkja Grundar eru að öllum líkindum frá því áður en sú jörð byggist út úr landi Vatnsenda og tilheyrðu þeirri jörð. Selið sem er skráð innan landamerkja Mófellsstaðakots tilheyrði sömuleiðis heimajörðinni Mófellsstöðum sem kotið var byggt úr, líklega ekki fyrr en á 17. öld. Á tveimur jörðum eru skráð tvö selstæði, á Indriðastöðum og Grund (áður Vatnsenda) og í báðum þeim tilvikum nýttu jarðir í Andakílshreppi (Hvanneyri og Grímsstaðir) annað selið.

Minjar um eldsneytisöflun

Nokkur örnefni benda til kolagerðar í Skorradal og þar var nægur efniviður í birkiskóginum. Örnefni benda til kolagerðar á tveimur stöðum í niðurdalnum, annars vegar við Kolás BO-133:009 í landi Hálsa og hins vegar við Kolhól BO-135:007 í landi Vatnsenda. Ekki fundust nein ummerki um kolagrafir í nágrenni þeirra. Nokkur birkiskógur er í kringum Kolhól en lágt og gisið birkikjarr er hér og hvar í hlíðum Koláss. Þar sem skógurinn er hvað þéttastur í niðurdalnum er nær ómögulegt að komast um hann og því að sama skapi erfitt að leita að kolagröfum innan hans. Þar sem heimildir bentu til kolagerðar var leitað í skóginum en ekki þar fyrir utan og því er stærstur hluti skógarins enn ókannaður í þessu tilliti.

Talsverð ummerki eru um mógrafir í niðurdalnum og voru slíkar minjar skráðar á 22 stöðum á öllum jörðunum. Engin ummerki sáust á fjórum stöðum en annarsstaðar voru þær allgreinilegar þó að allsstaðar séu þær samansignar. Benda mógrafirnar líklega til þess að þar sem þær voru hafi skógurinn farið þverrandi en mögulega tíðkaðist að brenna mó samhliða viði. Beitarálag í skógum niðurdalsins hefur minnkað gríðarlega mikið á síðustu áratugum og er birkiskógurinn að færast í aukana. Enginn skógur eða kjarr er á jörðunum vestan Kaldár og sunnan Andakílsár og var ekki heldur um aldamótin við upphaf 18. aldar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Annarsstaðar var skógur bjarglegur og víðast nægur ef Stóra-Drageyri er undanskilin en þar var skógurinn mjög eyddur og varla nýtilegur.

Samgönguminjar

Fjöldi leiða var skráður í niðurdalnum en flestar þeirra liggja á milli Skorradals og Lundarreykjadals til norðurs og milli Skorradals og Andakílshrepps til vesturs eða Leirár- og Melasveitar til suðurs. Lengsta leiðin BO-651:005 lá frá hreppamörkum móti Lundarreykjadal á Hesthálsi, yfir Andakílsá sunnan við Skorradalsvatn og svo á sömu slóðum og alfaraleið BO-651:002 (skráð 2016) þar til komið er að Dragá en þar liggur hún upp á Draghálsinn inn í Svínadal. Þessi leið sést sem ruddur vegur á sunnanverðum Hesthálsi í landi Grundar. Á leiðinni er upphlaðin torfbrú yfir mýri vestan við fjárhús BO-134:012 og beitarhús BO-134:024. Leiðin var ekki skráð annarsstaðar en á loftmyndum sést gamall vegur á leiðinni þar sem hún liggur upp á Draghálsinn á mörkum milli Litlu- og Stóru-Drageyrar. Af þessari leið lá leið BO-651:007 frá Hesthálsi til suðvesturs, yfir Andakílsá, að Efri- og Neðri-Hrepp og áfram í átt að Innri-Skeljastöðum í Andakíl. Henni var fylgt á kafla af Hesthálsi þar sem enn sést greinileg breið gata. Einnig lá leið BO-651:006 frá Hesthálsi yfir Andakílsá og yfir Skarðsheiði. Á þeirri leið er upphlaðin torfbrú og ein varða en leiðin var ekki gengin í heild sinni.

Alls voru skráðar 23 leiðir, þar af 11 leiðir sem liggja yfir fleiri en eina jörð og eru því skráðar sem fornleifar á fleiri en einni jörð. Á þeim leiðum sem skráðar voru mátti víða aðeins sjá eina til tvær götur og sumsstaðar sáust engin merki um umferð.

Aðrar samgönguminjar eru vöð, brýr og samgöngubætur. Skráðar voru tvær samgöngubætur, ein varða og ein hleðsla. Þegar hefur verið nefnt að samgöngubætur voru skráðar með leiðum BO-651:005 og BO-651:006. Að auki var skráð upphlaðin torfbrú á leið BO-651:001 í landi Hálsa en leiðin var að öðru leyti skráð í framdalnum 2016. Heimild er um upphlaðnar torfbrýr í Indriðastaðaflóa BO-127:032 en engin ummerki um þær sjást vegna framræslu og ræktunar.

Fjöldamörg vöð voru skráð eða 14 slík og bera þau öll nöfn nema tvö þeirra. Vöðin eru langflest á Andakílsá og var í nánast öllum tilvikum hægt að tengja vöðin við skráðar leiðir. Lítil sem engin ummerki sjást um þessi vöð.

Laugar og heitar uppsprettur

Víða í Borgarfirði eru að finna heita hveri og uppsprettur. Ekki er mikill jarðhiti í Skorradal en þó eru þar volgar uppsprettur og dæmi um að þær hafi verið nýttar. Í niðurdalnum er aðeins heimild um eina laug BO-131:025 þar sem er heit uppspretta en hún var í landi Efri-Hrepps. Heitt vatnið úr uppsprettunni hefur án efa verið nýtt í hvers kyns þvotta og böð í gegnum aldirnar en engin merki um mannvirki í tengslum við þá nýtingu sjást lengur. Sundlaug BO-131:027 var hlaðin úr torfi á suðurbakka Andakílsár og var heitu vatni úr uppsprettunni veitt í hana. Engin ummerki sjást lengur um torflaugina vegna landbrots á bökkum árinnar en hún

var forveri steinsteyptrar sundlaugar, Hreppslaugar, sem byggð var 1928 af ungmennafélaginu Íslendingi. Laugin er friðlýst og er enn nýtt en opið er í hana á sumrin.

Landamerki

Mikill fjöldi landamerkja var skráður í niðurdalnum og ekki hjá því komist að fjalla lítillega um þann flokk. Landamerkjabréf jarða í Skorradal eru til í Landamerkjabókum frá 1921 og er núorðið hægt að fá rafrænan aðgang að þeim. Þegar aðalskráning hófst í Skorradal árið 2016 var farið í gegnum þessi bréf og upplýsingum um landamerki bætt inn í svæðisskráninguna sem unnin var 1996. Við það fjölgaði heimildum um landamerki í dalnum allverulega, þó að vísbendingar um sum þeirra hefðu verið skráð úr öðrum heimildum.

Alls voru skráð 31 landamerki og í langflestum tilvikum voru vörður á landamerkjum. Landamerkjavörður sjást enn á 16 stöðum, af þeim voru tvær úr torfi og grjóti en hinar voru grjóthlaðnar.

Fyrir utan þá minjaflokka sem hér hefur verið fjallað sérstaklega um eru margir aðrir minjaflokkar á svæðinu og í töflu 4 má sjá hlutverk og fjölda allra minja.

Hlutverk	fjöldi	Hlutverk	fjöldi	Hlutverk	fjöldi
óskilgreint	9	huldufólksbústaður	4	samgöngubót	2
áveita	4	kálgarður	11	sel	10
bænhús	1	kolagröf	2	skemma	1
beitarhús	1	kvíar	4	stekkur	10
brú	1	lambhús	1	sundlaug	1
brunnur	3	landamerki	32	þingstaður	1
bústaður	14	legstaður	3	þvottastaður	2
býli	9	leið	23	traðir	4
eyktamark	1	leikvöllur	1	tún	1
fjárhús	18	lögn	1	túngarður	3
fjós	2	mógrafir	22	útihús	29
hesthús	1	mylla	1	útkirkja	2
heygarður	6	náttþagi	1	vað	14
heystæði	2	óþekkt	26	vatnsból	4
hjallur	1	rétt	9	vörslugarður	1
hrútakofi	2	rista	3	**Alls**	**304**

Tafla 4. Hlutverk skráðra minja

6. Verndun og kynning minja

Um dreifingu minjastaða í niðurdalnum gildir sú meginregla að flestar fornleifarnar eru í heimatúnum og við bæi. Því fækkar fornleifum að jafnaði eftir því sem fjær dregur bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar, ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að lítið sem ekkert eimi eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heima við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að hátt hlutfall fornminja á hverri jörð sé horfið af yfirborði. Þær minjar sem skráðar voru í niðurdal Skorradals voru í mjög mismunandi ástandi. Ástand fornleifa var metið á hverjum minjastað og skiptist það í sex mismunandi flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.

b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í púfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.

c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.

d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +

e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.

f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Ástand minja á skráningarsvæðinu í framdal Skorradals var yfir meðallagi. Ummerki sjást um 179 minjar af þeim 304 sem skráðar voru eða 59% þeirra. Ekki sést til 38% minja og ekki reyndist unnt að staðsetja 3% minjanna. Ástand minja í niðurdalnum er almennt nokkuð gott og mikið af minjum sem enn sjást á yfirborði, þrátt fyrir talsverða jarðrækt og túnasléttun á svæðinu, sumarhúsabyggð og ýmsar aðrar framkvæmdir. Miklu skiptir fyrir varðveislu minja í niðurdalnum að þar er skógrækt ekki stunduð með skipulögðum hætti annarsstaðar en á Stóru-Drageyri.

Hættumat var gert fyrir allar minjar sem hægt var að staðsetja á vettvangi. Hættustigin eru þrjú: *engin hætta, hætta og stórhætta*. Af þeim fornleifum sem hættumat var gert fyrir voru 45% í hættu eða stórhættu. Engin hætta steðjar að 50% minjanna. Þar sem fornleifar voru taldar

í hættu var það í langflestum tilvikum vegna ábúðar en 92 fornleifar teljast í hættu eða stórhættu af þeim sökum. Það eru 30% allra skráðra minja á svæðinu og 67% fornleifa sem skilgreindar eru í hættu. Þessar tölur koma ekki á óvart því yfirleitt eru flestar minjar í hættu vegna ábúðar. Á eftir ábúð stendur fornminjum mest ógn af trjárækt (11% af minjum í hættu) og landbroti (8% af minjum í hættu).

Allar minjar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og eru því jafn hátt settar í lögunum. Hins vegar eru minjarnar eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir.

Skorradalur hefur lítið verið rannsakaður í fornleifafræðilegu tilliti en rannsóknarefnin eru margvísleg. Fornleifaskráning er allsstaðar nauðsynleg grunnrannsókn sem þarf að fara fram áður en ráðist er í frekari rannsóknir ef vel á að vera. Í stærra samhengi hafa fornleifarannsóknir í Skorradal mikið gildi fyrir skilning okkar á því hvernig landnám þróast út frá „bestu“ svæðunum inn í afdali og hversu langan tíma það tók að fullnema svæði eins og Skorradal.

Engar friðlýstar fornminjar eru í Skorradal en í niðurdalnum eru margir áhugaverðir en lítt þekktir minjastaðir og er hér vakin athygli á nokkrum þeirra sem taldir eru hafa mikið varðveislu og/eða rannsóknargildi eða henta vel til kynningar fyrir almenning.

1) **Hreppsrétt BO-131:004** í landi Efri-Hrepps hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Þar er grjóthlaðin heilleg skilarétt sem gott aðgengi er að. Einnig eru meintar leifar af eldri **rétt BO-131:018** undir klettunum í Réttarhamri skammt frá. Á þessum stað gefst því fágætt tækifæri til þess að sjá þróun í gerð skilarétta.

2) **Seljarústir BO-127:011** í landi Indriðastaða á milli Sellækjar og Drageyrargils. Minjarnar eru vel greinilegar og hafa mikið varðveislu- og kynningargildi. Auðvelt væri að nýta þær til kynningar fyrir gesti á tjaldsvæði Skógræktarinnar í Selskógi sem er austan við Drageyrargil. Selið er í stórhættu vegna skógræktar og mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að trjáræktin skemmi rústirnar.

3) **Túngarður BO-128:026** á Mófellsstöðum er útflattur og nokkuð fornlegur. Hann hefur mikið rannsóknargildi en rannsókn á honum getur gefið vísbendingar um aldur byggðar á jörðinni og þróun túnræktar.

4) **Tóftir býlisins Kaldárbakka BO-128:015** eru við Kaldá í landi Mófellsstaða og eru

mjög heillegar. Minjarnar hafa varðveislu- og kynningargildi og eru skemmtilegt dæmi um kotbýli frá aldamótunum 1900.

5) Minjar um 17. aldar **býlið Réttarbakka BO-129:020** í landi Mófellsstaðkots hafa mikið rannsóknargildi. Á bæjarstæðinu eru þónokkrar rústir og þar er mjög gott aðgengi að minjum frá tímabili sem hefur verið rannsakað að takmörkuðu leyti á Íslandi en er mikilvægt fyrir skilning á aukinni hjáleigubyggð sem virðist hafa orðið í Skorradal og víðar.

6) **Kvíatóft BO-131:010** í Efri-Hreppi hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Ekki er algengt að kvíatóftir sjáist enn greinilega og hafa þær víða horfið við túnræktun þar sem þær voru yfirleitt í túnjaðri. Er þetta eina kvíatóftin sem enn er heilleg í Skorradal.

7) Nyrst í Hestaréttarmóa í landi Indriðastaða er **tóft og garðlag BO-127:012** sem hafa rannsóknargildi. Engar upplýsingar fengust um hlutverk minjanna en svo virðist sem að hringlaga gerði hafi verið umhverfis allstóra tóft á þessum stað. Búið er að raska svæðinu með skurði sem grafinn er í gegnum gerðið og norðurenda tóftarinnar. Lítil hjáleigubyggð virðist hafa verið á Indriðastöðum en ekki er útilokað að þessar minjar séu eftir býli sem var stutt í byggð.

8) **Traðir BO-134:033** í túninu á Grund hafa mikið varðveislugildi en hluti þeirra sést enn vel. Eru það einu ummerkin um upphlaðnar traðir í Skorradal sem hafa varðveist.

9) **Bæjarhóll Efri-Hrepps BO-131:001** er mjög heillegur og hefur ekki verið raskað af húsbyggingum eða öðrum framkvæmdum á 20. öld. Hann hefur mjög mikið varðveislugildi en ekki síður rannsóknargildi. Rannsókn á bæjarhólnum getur varpað ljósi á upphaf byggðar á jörðinni og þróun hennar, breytingar á húsakosti, lífsviðurværi, eldsneytisnotkun og þannig mætti áfram telja.

Líkt og í framdal Skorradals eru margir staðir í niðurdalnum sem gætu hentað vel til kynningar og rannsókna. Nú þegar aðalskráningu fornminja í Skorradalshreppi er lokið hefur fengist ítarlegt yfirlit um minjar í sveitarfélaginu. Þetta yfirlit er mikilvægt fyrir alla skipulagsvinnu en það er einnig mikilvægt og nauðsynlegt til þess að hægt sé að móta hugmyndir um framtíðarnýtingu á menningarminjum í dalnum í samvinnu við heimamenn og fagfólk.

Heimildir

Árb. 1923: Hannes Þorsteinsson. 1923. ‘Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi.’ Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1923: 1-96.

BFE Sultartangalína 3: Bjarni F. Einarsson. 2001. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sultartangalínu 3*. Fornleifafræðistofan, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir. 2014. *Fornleifaskráning á Litlu-Drageyri. Aðalskráning og deiliskráning vegna sumarbústaðarbyggðar.* FS546-14061. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

BB II: *Byggðir Borgarfjarðar* II: *Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. 1989. [án útgáfustaðar].

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1976. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning á Dagverðarnesi*. FS224-03131. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri). 2010. *Í túninu heima: skráning fornleifa í heimatúnum á Háafelli, Bakkakoti, Sarpi, Efstabæ, Vatnshorni og Haga í Skorradal.* FS483-10021. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Eyðibýli á Íslandi. 2012. 3. bindi. Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Dalasýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sumarið 2012. Eyðibýli – áhugamannafélag, [án staðar].

Gerðir Landnámab: Jón Jóhannesson. 1941. *Gerðir Landnámabókar*. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík.

Haraldur Matthíasson 1985. *Landið og Landnáma*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

ÍF: *Íslenzk fornrit* I-, Reykjavík 1933 - .

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld.* Útdrættir. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IV. 1925-27. 1990. Kaupmannahöfn. Reykjavík. **JJ:** *Jarðatal á Íslandi, eð brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Jón Jóhannesson. 1941. *Gerðir Landnámabókar*. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík.

KE 1994: Kristján Eldjárn 1994. *Hundrað ár á Þjóðminjasafni*. 5. útgáfa.Mál og menning, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). 2017. *Aðalskráning fornminja í Skorradal. Framdalur*. FS6551-16011. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Lísabet Guðmundsdóttir. 2016. *Fornleifarannsókn á mannvistarlögum í hitaveituskurði í landi Stóru-Drageyrar.* FS620-16161. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1996. *Menningarminjar í Borgarfirði, norðan Skarðsheiðar.* FS016-95033. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Safn fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga XII. Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar. 1942. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Saga sveitarstjórnar II: Lýður Björnsson. 1979. *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. 2. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

SSMB: *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873.* 2005. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Reykjavík.

Kortagögn

Herforingjaráðskort 36 NV: *Botnsheiði – Skarðsheiði* 1:50000. Útgáfuár 1911.

Óprentaðar heimildir

JS 143 4to= Handrit JS 143 4to úr handritasafni Jóns Sigurðssonar í vörslu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Reykjavík.

Landamerkjabók I: *Landamerkjabók I. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur.* Sótt á Jarðavef Þjóðskjalasafns Íslands: https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Landamerkjab%F3k+I.+M%FDra-+og+Borgafjar%F0ars%FDslur&style=&navpanes=0&view=Fit

Landamerkjabók II: *Landamerkjabók II. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur.* Sótt á Jarðavef Þjóðskjalasafns Íslands:

https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Landamerkjab%F3k+II.+M%FDra-+og+Borgafjar%F0ars%FDslur&style=&navpanes=0&view=Fit

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn. www.sarpur.is

Túnakort frá 1918 í Skorradalshreppi. Kortin eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Örnefnakort SS: Örnefnakort af Skorradal unnin af Sigurgeir Skúlasyni.

Örnefnakort EEG & GME: Örnefnakort af Mófellsstöðum unnið af Einari E. Guðlaugssyni og Guðlaugi M. Einarssyni.

Gögn frá Örnefnasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ö-Efrihreppur AG: Örnefnaskrá Efri-Hrepps. Upplýsingar gaf Þorsteinn Jónsson. Ari Gíslason skráði.

Ö-Efri-Hreppur GÞ: Örnefnaskrá Efri-Hrepps. Guðmundur Þorsteinsson skráði.

Ö-Efri-Hreppur Viðb: Örnefnaskrá Efri-Hrepps, viðbætur og athugasemdir. Guðmundur Þorsteinsson skráði.

Ö-Efri-Hreppur, GÞ fylgiblað: Örnefnaskrá Efri-Hrepps. Guðmundur Þorsteinsson skráði viðbótarupplýsingar.

Ö-Grund: Örnefnaskrá Grundar. Ólafur Hansson gaf upplýsingar. Ari Gíslason skráði upphaflega en lagfæringar voru gerðar á henni eftir yfirferð Ólafs 1966.

Ö-Grund, aths. og viðb.: Örnefnaskrá Grundar. Upplýsingar gaf Ólafur Hansson. Sigríður Jóhannsdóttir skráði.

Ö-Hálsar: Örnefnaskrá Hálsa. Upplýsingar gaf Ingólfur Rúnarsson. Ari Gíslason skráði.

Ö-Horn: Örnefnaskrá Horns. Upplýsingar gaf Haukur Eyjólfsson sem hann aflaði sér hjá Eiríki Sigurðssyni. Ari Gíslason skráði.

Ö-Indriðastaðir AG: Örnefnaskrá Indriðastaða. Upplýsingar gáfu Kristján og Björn Guðmundssynir. Ari Gíslason skráði en leiðréttingar og viðbætur frá Guðmundi Guðmundssyni voru felldar inn í skrána af Sigríði Jóhannsdóttur 1979.

Ö-Indriðastaðir KGG: Örnefnaskrá Indriðastaða. K. Guðmundur Guðmundsson skráði.

Ö-Litla Drageyri aths. GG: Örnefnaskrá Litlu-Drageyrar, athugasemdir. Upplýsingar gaf Guðmundur Guðmundsson. Jónína Hafsteinsdóttir skráði.

Ö-Litla Drageyri: Örnefnaskrá Litlu-Drageyrar. Upplýsingar gaf Kristján Guðmundsson. Ari Gíslason skráði.

Ö-Mófellsstaðakot: Örnefnaská Mófellsstaðakots. Upplýsingar gaf Eiríkur Sigurðsson. Ari Gíslason skráði.

Ö-Mófellsstaðir: Örnefnaskrá Mófellsstaða. Upplýsingar gáfu Vilmundur og Þórður Jónssynir. Ari Gíslason skráði.

Ö-Mófellsstaðir Aths: Örnefnaskrá Mófellsstaða, athugasemdir. Upplýsingar gáfu Bjarni og Þórður Vilmundarsynir. Steinar Matthíasson skráði.

Ö-Mófellsstaðir, svör við spurningum: Örnefnaskrá Mófellsstaða, svör við spurningum. Magnús Sigurðsson skráði.

Ö-Neðri-Hreppur, aths. og viðb.: Örnefnaskrá Neðri-Hrepps, athugasemdir og viðbætur. Upplýsingar gaf Einar Jónsson. Steinar Matthíasson skráði.

Ö-Neðri-Hreppur: Örnefnaskrá Neðri-Hrepps. Upplýsingar gaf Jón Jónsson. Ari Gíslason skráði.

Ö-Stóra Drageyri: Örnefnaskrá Stóru-Drageyrar. Upplýsingar veittu Guðmundur Guðbrandsson og Þórður Runólfsson. Ari Gíslason skráði upphaflega en Sigríður Jóhannsdóttir felldi inn í skrána viðbætur og athugasemdir frá Kristófer, syni Guðmundar, árið 1980.

Ö-Vatnsendi AG: Örnefnaskrá Vatnsenda. Upplýsingar veittu Engilbert Runólfsson, Steinunn Ólafsdóttir og Ólafur Hansson. Ari Gíslason skráði.

Ö-Vatnsendi, endurskoðuð skrá 2002: Örnefnaskrá Vatnsenda. Félag aldraða í Borgarfjarðardölum stóð fyrir endurskoðun skrárinnar 2002 með Hauki Engilbertssyni.

Ö-Háafell: Örnefnaskrá Háafells. Upplýsingar veittu Benóný Helgason og Eggert Benónýson. Ari Gíslason skáði.

Ö-Sarpur: Örnefnaskrá Sarps. Byggð á upplýsingum frá Guðmundi Ólafssyni og Hannesi Vilhjálmssyni með viðbótum frá Jóhanni Ólafssyni. Sigríður Jóhannsdóttir tók saman.

Heimildamenn

Björn Haukur Einarsson f. 23.1. 1973 um Efri-Hrepp.

Davíð Pétursson f. 2.4. 1936 um Grund.

Guðrún Eiríksdóttir f. 28.11.1930 um Horn.

Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir f. 22.4. 1953 um Efri-Hrepp.

Haraldur Aikman f. 23.2. 1967 um Litlu-Drageyri.

Haukur Engilbertsson f. 10.4. 1938 um Vatnsenda.

Ingibjörg Ingólfsdóttir f. 18.8. 1949 um Hálsa.

Jón Eiríkur Einarsson f. 2.10. 1968 um Mófellsstaðakot.

Karólína Sif Ísleifsdóttir 13.5. 1959 um Mófellsstaði.

Ottó Hreiðarsson f. 5.10. 1956 um Mófellsstaði.

Pálmi Ingólfsson f. 9.12. 1956 um Hálsa.

Sveinn Sigurðsson f. 20.12. 1946 um Indriðastaði.

Viðauki I – Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

Samtala	Austur	Norður	Samtala	Austur	Norður
BO-127:001	373991	450015	BO-127:034	374009	449980
BO-127:002	374004	450023	BO-127:036	373747	450029
BO-127:003	374033	449873	BO-127:037	374674	450731
BO-127:004	373995	449868	BO-127:038	374688	450758
BO-127:005	373942	449923	BO-127:040	373798	450014
BO-127:006	374027	449913	BO-127:041	374014	450041
BO-127:007	374151	449857	BO-127:042	374050	449978
BO-127:008	374424	449787	BO-127:045	373444	449654
BO-127:009A	374096	449592	BO-127:046	374392	449851
BO-127:009B	374113	449547	BO-127:047	373602	450528
BO-127:010	375351	449625	BO-127:048	373877	450062
BO-127:011A	376055	449627	BO-128:001	373073	449819
BO-127:011B	376059	449616	BO-128:002	373090	449800
BO-127:012A	373628	450589	BO-128:003	373106	449707
BO-127:012B	373625	450606	BO-128:004	373122	449641
BO-127:013	373627	450556	BO-128:005	372959	450007
BO-127:014	374054	450022	BO-128:006	372977	450032
BO-127:015	373840	450024	BO-128:007	373001	450012
BO-127:016	373483	450247	BO-128:008	373146	449643
BO-127:017	373428	449396	BO-128:009	372148	451173
BO-127:018	373424	449417	BO-128:010	372823	449945
BO-127:019	373704	451393	BO-128:011	373214	450091
BO-127:020	373968	451179	BO-128:012	373073	449998
BO-127:021A	374591	450019	BO-128:013	373045	449996
BO-127:021B	374598	450030	BO-128:014	373265	449621
BO-127:021C	374627	450043	BO-128:015	372951	450534
BO-127:023A	374218	450378	BO-128:016	373490	447616
BO-127:023B	374214	450370	BO-128:017	373430	449305
BO-127:023C	374218	450417	BO-128:018	372903	448777
BO-127:024	374496	449943	BO-128:019	373114	449782
BO-127:025	374572	450669	BO-128:020	373090	449806
BO-127:026	373500	447889	BO-128:021	373053	449817
BO-127:027	373578	451506	BO-128:022	373278	449538
BO-127:028	373632	448141	BO-128:023	373232	449563
BO-127:029	374082	449931	BO-128:024	372998	449885
BO-127:030	374442	450055	BO-128:025	373120	449666
BO-127:031	374045	450027	BO-128:026A	373208	449753
BO-127:032	374275	450226	BO-128:026B	373176	449717
BO-127:033	375160	449879	BO-128:027	373097	449613

Samtala	Austur	Norður	Samtala	Austur	Norður
BO-128:028	373266	449364	BO-130:012	371456	450099
BO-128:029	372169	451409	BO-130:013	371847	449973
BO-128:030	372954	449683	BO-130:014	371773	449928
BO-128:031	372444	451271	BO-130:015	371856	449858
BO-128:032	372262	451473	BO-130:016A	371400	449974
BO-129:001	372542	449706	BO-130:016B	371496	450023
BO-129:002	372583	449629	BO-130:016C	371264	449842
BO-129:003	372617	449609	BO-130:016D	371446	449881
BO-129:004A	371334	448745	BO-130:017	371513	450129
BO-129:004B	371331	448755	BO-130:019	371460	450105
BO-129:004C	371342	448761	BO-130:020	371844	449865
BO-129:005	371367	448742	BO-130:022	371894	449871
BO-129:006	372500	450800	BO-131:001	370080	450986
BO-129:007	372432	450883	BO-131:002	370165	451162
BO-129:008	372000	450913	BO-131:003A	369735	451039
BO-129:009	371900	449700	BO-131:003B	369725	450992
BO-129:010	371951	449901	BO-131:003C	369718	450986
BO-129:013	371834	450685	BO-131:004	370862	450842
BO-129:014	372553	449714	BO-131:005A	370538	450585
BO-129:015	372517	449725	BO-131:005B	370553	450579
BO-129:016	372546	449734	BO-131:006	370535	450072
BO-129:017	372158	449110	BO-131:007A	369830	450075
BO-129:018	372555	449628	BO-131:007B	369823	450071
BO-129:019	372671	449410	BO-131:008	370693	450166
BO-129:020A	372106	450826	BO-131:009	370170	451169
BO-129:020B	372121	450810	BO-131:010	370149	450896
BO-129:021	372378	450421	BO-131:011	370098	451012
BO-129:022	372521	449694	BO-131:012	367032	445740
BO-130:001	371814	450013	BO-131:013	370361	451345
BO-130:002	371738	450027	BO-131:014	370384	449612
BO-130:003	371817	450043	BO-131:015	371235	450906
BO-130:004	371629	449547	BO-131:016	370753	450492
BO-130:005	371758	450116	BO-131:017	370615	450483
BO-130:006	371842	449918	BO-131:018	370899	450822
BO-130:007	371866	449876	BO-131:019	370774	450338
BO-130:008	371851	449874	BO-131:020	370047	451000
BO-130:009	371415	450121	BO-131:021	370139	451251
BO-130:010	370454	449072	BO-131:022	370214	451198
BO-130:011	371702	450065	BO-131:023	370229	451135


Samtala	Austur	Norður	Samtala	Austur	Norður
BO-131:024	366979	445666	BO-133:005	373035	452028
BO-131:025A	370361	451194	BO-133:006	372591	451921
BO-131:025B	370399	451220	BO-133:007	373777	452178
BO-131:026	369857	450503	BO-133:008	373356	454048
BO-131:027	370376	451343	BO-133:009	372712	452439
BO-131:028	370275	451454	BO-133:010	372652	452365
BO-132:001	369718	451626	BO-133:011	372488	452241
BO-132:002	369764	451670	BO-133:012	372711	451680
BO-132:003	369766	451679	BO-133:013A	374391	453443
BO-132:004	369625	451796	BO-133:013B	374392	453428
BO-132:005	369605	451854	BO-133:014	373623	451615
BO-132:006	369613	451886	BO-133:015	373855	453626
BO-132:007	369508	452089	BO-133:016	372574	451913
BO-132:008	369658	451729	BO-133:017A	372751	451941
BO-132:009	369544	452079	BO-133:017B	372630	451787
BO-132:010A	368824	449211	BO-133:017C	372791	451892
BO-132:010B	368835	449204	BO-133:018	372657	451963
BO-132:012	368040	449030	BO-133:019	372804	451861
BO-132:014	369144	451176	BO-133:020	372656	451755
BO-132:016	369742	451687	BO-133:021	373667	452623
BO-132:017	370043	451777	BO-133:022	372769	451836
BO-132:018	369248	451859	BO-134:001	375158	451890
BO-132:019A	369568	452093	BO-134:002	375223	451836
BO-132:019B	369332	451976	BO-134:003	375146	451882
BO-132:020	369760	451557	BO-134:004	375087	451879
BO-132:021	368659	452578	BO-134:005	375119	452099
BO-132:023	369072	451609	BO-134:006A	375294	452382
BO-132:024	369607	451922	BO-134:006B	375294	452391
BO-132:025	369601	452131	BO-134:007	375216	452432
BO-132:026	368792	452690	BO-134:008	374860	452275
BO-132:027	368726	452429	BO-134:009	374904	453070
BO-132:028	369521	451373	BO-134:010	374772	451985
BO-132:029	368255	449072	BO-134:011	374947	452500
BO-132:030	367100	447465	BO-134:012	374449	452546
BO-133:001	372775	451787	BO-134:013	374439	451346
BO-133:002	373195	452565	BO-134:014	374305	451345
BO-133:003	373366	451789	BO-134:015	374103	451561
BO-133:004A	373891	452958	BO-134:016	373969	451675
BO-133:004B	373902	452926	BO-134:017	375185	451987


Samtala	Austur	Norður	Samtala	Austur	Norður
BO-134:018	374216	451595	BO-135:020	376363	451567
BO-134:019	375194	451991	BO-147:001A	378651	448673
BO-134:020	376775	453068	BO-147:001B	378640	448683
BO-134:021A	375427	452609	BO-147:002	378593	448673
BO-134:021B	375431	452600	BO-147:003	378506	448607
BO-134:021C	375405	452607	BO-147:004	378373	449225
BO-134:022	373292	451436	BO-147:005	378712	448500
BO-134:023	375162	453276	BO-147:006A	378866	448574
BO-134:024	374481	452480	BO-147:006B	378932	448661
BO-134:025A	373668	451642	BO-147:007	379003	448703
BO-134:025B	373676	451618	BO-147:008	379018	448329
BO-134:026	375086	451861	BO-147:009	379540	448307
BO-134:027	374965	451835	BO-147:010	378590	448699
BO-134:028	375024	451931	BO-147:011	378734	448423
BO-134:029	375282	451834	BO-147:012	378680	448640
BO-134:030	374529	453812	BO-147:013	378367	449115
BO-134:031	374869	453783	BO-147:014	378282	448887
BO-134:032	375109	451998	BO-147:015	378568	446315
BO-134:033	374976	451868	BO-147:016	379624	446990
BO-134:034	375136	451908	BO-147:017	379804	446919
BO-134:035	375010	452089	BO-147:018	379602	446822
BO-135:001	376404	451570	BO-148:001	376567	449482
BO-135:002	376448	451547	BO-148:002	376503	449420
BO-135:003	376201	451635	BO-148:003	376632	449399
BO-135:004	377499	451350	BO-148:004	378027	448676
BO-135:005	375914	451854	BO-148:005	377402	448387
BO-135:006	376759	452099	BO-148:006	376568	449413
BO-135:007	376249	452083	BO-148:007	376550	449388
BO-135:008	375933	451763	BO-148:008	376928	449262
BO-135:009	376431	451535	BO-148:009	376374	449578
BO-135:010	377599	451204	BO-148:010	376686	449472
BO-135:011	372977	451488	BO-148:011	376988	449172
BO-135:012	377236	451404	BO-148:012	376669	449449
BO-135:013	376624	451547	BO-148:013	376880	449253
BO-135:014	376308	451481	BO-148:014	377881	449189
BO-135:015	375418	451230	BO-651:001F	373416	451798
BO-135:016	376964	452995	BO-651:001F	373448	451752
BO-135:017	375874	451800	BO-651:005A	374405	453764
BO-135:019	372939	451328	BO-651:005B	374372	452524


Samtala	Austur	Norður
BO-651:005C	378077	447123
BO-651:006A	368484	448403
BO-651:006B	368759	448636
BO-651:006B	368608	448496
BO-651:006C	370619	450353
BO-651:007	373684	453584
BO-651:010A	374965	452774
BO-651:010B	375382	453641
BO-651:011	376293	453104
BO-651:013	370935	450861
BO-651:014A	374335	452812
BO-651:014B	374665	453634
BO-651:022	368789	452287
BO-651:023	374589	450204
BO-651:024	372832	451451


Viðauki II – Minjakort unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf

Yfirlitskort





BO-127 Indriðastaðir
BO-127:027
BO-127:019
BO-127:020
BO-127:037
BO-127:038
BO-127:025
BO-127 012A
BO-127:012B
BO-127:047
BO-127:013
BO-127:023C
BO-127:023A
BO-127:023B
BO-127:016
BO-127:032
BO-127:048
BO-127:041
BO-127:030
BO-127:021C
BO-127:036
BO-127:001
BO-127:034
BO-127:021A
BO-127:021B
BO-127:006
BO-127:029
BO-127:024
BO-127:033
BO-127:003
BO-127:007
BO-127:046
BO-127:008
BO-127:045
BO-127:010
BO-127:011A
BO-127:011B
BO-127:009A
BO-127:009B
BO-127:018
BO-127:017
0
250
500
750
1000 m



Yfirlitskort
BO-128 Mófellsstaðir
BO-129 Mófellsstaðakot
BO-128:032
BO-128:029
BO-128:031
BO-128:009
BO-129:008
BO-129:007
BO-129:020A
BO-129:020B
BO-129:006
BO-129:013
BO-128:015
BO-129:021
Kort 1
BO-128:011
BO-128:006
BO-128:012
BO-128:007
BO-129:010
BO-128:010
BO-128:024
BO-128:001
BO-128:019
BO-129:015
BO-129:014
BO-128:026A
BO-129:009
BO-129:022
BO-129:002
BO-128:014
BO-129:018
BO-129:003
BO-128:023
BO-128:022
BO-129:019
BO-128:028
BO-128:017
BO-129:017
BO-128:018
BO-129:004B
BO-129:004C
BO-129:005
BO-128:016
0
250
500
750
1000 m



Kort 1
BO-128 Mófellsstaðir
BO-129 Mófellsstaðakot
BO-128:011
BO-128:006
BO-128:005
BO-128:007
BO-128:013
BO-128:012
BO-128:010
BO-128:024
BO-128:021
BO-128:001
BO-128:002
BO-128:019
BO-128:026A
BO-128:026B
BO-128:003
BO-128:030
BO-128:025
BO-128:004
BO-128:008
BO-128:027
BO-128:014
BO-128:023
BO-128:022
BO-129:015
BO-129:016
BO-129:014
BO-129:022
BO-129:001
BO-129:018
BO-129:002
BO-129:003
0
75
150
225
300 m


BO-130 Horn
BO-130:009
BO-130:017
BO-130:005
BO-130:012
BO-130:019
BO-130:011
BO-130:16B
BO-130:002
BO-130:003
BO-130:001
BO-130:16A
BO-130:013
BO-130:014
BO-130:006
BO-130:16D
BO-130:008
BO-130:018
BO-130:16C
BO-130:020
BO-130:015
BO-130:004
BO-130:010
0
100
200
300
400 m


Kort 1
BO-131 Efri-Hreppur
BO-132 Neðri-Hreppur
BO-132:025
BO-132:007
BO-132:019A
BO-132:009
BO-132:019B
BO-132:024
BO-132:006
BO-132:018
BO-132:005
BO-132:004
BO-132:017
BO-132:008
BO-132:016
BO-132:003
BO-132:002
BO-132:001
BO-132:020
BO-131:028
BO-132:028
BO-131:013
BO-131:027
BO-131:021
BO-131:025B
BO-131:022
BO-131:025A
BO-131:002
BO-131:009
BO-131:023
BO-131:003A
BO-131:020
BO-131:011
BO-131:003C
BO-131:003B
BO-131:001
BO-131:010
0
150
300
450
600 m



BO-133 Hálsar
BO-133:008
BO-133:015
BO-133:013A
BO-133:013B
BO-133:004A
BO-133:004B
BO-133:021
BO-133:002
BO-133:009
BO-133:010
BO-133:011
BO-133:007
BO-133:005
BO-133:018
BO-133:017A
BO-133:006
BO-133:019
BO-133:022
BO-133:017B
BO-133:001
BO-133:020
BO-133:012
BO-133:003
BO-133:014
0
250
500
750
1000 m


BO-134 Grund
BO-134:030
BO-134:031
BO-134:023
BO-134:009
BO-134:020
BO-134:021C
BO-134:021A
BO-134:012
BO-134:024
BO-134:011
BO-134:007
BO-134:006A
BO-134:006B
BO-134:008
BO-134:035
BO-134:005
BO-134:010
BO-134:032
BO-134:019
BO-134:028
BO-134:033
BO-134:001
BO-134:002
BO-134:029
BO-134:025A
BO-134:025B
BO-134:016
BO-134:018
BO-134:015
BO-134:022
BO-134:014
BO-134:013
0
250
500
750
1000 m


BO-135 Vatnsendi
BO-135:016
BO-135:007
BO-135:006
BO-135:005
BO-135:017
BO-135:008
BO-135:003
BO-135:020
BO-135:001
BO-135:013
BO-135:002
BO-135:014
BO-135:012
BO-135:004
BO-135:015
BO-135:010
0
250
500
750
1000 m


BO-147 Stóra-Drageyri
BO-147:004
BO-147:013
BO-147:014
BO-147:010
BO-147:001A
BO-147:001B
BO-147:007
BO-147:012
BO-147:006B
BO-147:003
BO-147:006A
BO-147:005
BO-147:011
BO-147:008
BO-147:009
BO-147:016
BO-147:017
BO-147:018
BO-147:015
0
200
400
600
800 m


BO-148 Litla-Drageyri
BO-148:009
BO-148:001
BO-148:010
BO-148:002
BO-148:006
BO-148:007
BO-148:003
BO-148:013
BO-148:008
BO-148:011
BO-148:014
BO-148:004
0
200
400
600
800 m


BO-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð
BO-651:005A
BO-651:007
BO-651:014B
BO-651:010B
BO-651:011
BO-651:014A
BO-651:010A
BO-651:005B
BO-651:022
BO-651:001F
BO-651:001F
BO-651:024
BO-651:013
BO-651:006C
BO-651:023
BO-651:006B
BO-651:006B
BO-651:006A
BO-651:005C
0
1
2
3
4 km